*Í menntamálaráðuneytinu, 11. janúar 1973.*

Magnús T. Ólafsson.

*Árni Gunnarsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1973

Nr. 3.

6

31. janúar 1973.

## L Ö G

um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Aðsetur embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum skal fyrst um sinn vera í Reykjavík, og er bæjarfógeta heimilt að framkvæma þar allar embættisathafnir, sem undir embættið heyra.

Nú á aðili varnarþing í Vestmannaeyjum, og má þá sækja hann fyrir dómi á aðsetursstað embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum í Reykjavík.

#### 2. gr.

Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum skal afsegja víxla með greiðslustað í Vestmannaeyjum með fullu gildi á aðsetursstað embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum í Reykjavík.

#### 3. gr.

Nú fellur krafa eða önnur fjárskuldbinding með greiðslustað í Vestmannaeyjum, eða krafa á hendur aðila með varnarþing í Vestmannaeyjum, í gjalddaga á tímabilinu frá 23. janúar 1973 til 22. febrúar 1973, og er þá gjalddaga þeirrar skuldbindingar frestað til 23. febrúar 1973.

Réttaráhrifum vegna vanefnda á fjárskuldbindingum með efndastað í Vestmannaeyjum eða fjárskuldbindingum aðila með varnarþing í Vestmannaeyjum, sem fallið hafa í gjalddaga fyrir 23. janúar 1973, er frestað til 23. febrúar 1973.

#### 4. gr.

Fullnægjandi er, að tilkynning, sem hafa skal réttaráhrif og á að berast viðtakanda í Vestmannaeyjum á tímabilinu frá 23. janúar 1973 til 22. febrúar 1973, berist 23. febrúar 1973.

#### 5. gr.

Vextir af skuldum, sem greiðslu er frestað á samkvæmt 3. gr., skulu á því tímabili vera þeir sömu og krafan bar.

#### 6. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður með auglýsingu, hvenær sá háttur mála, sem um ræðir í 1. og 2. gr., fellur niður.

#### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

Stjórnartíðindi A 2, nr. 3. Útgáfudagur 31. janúar 1973.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

## L Ö G

### um neyðarráðstafanir vegna jarðelda á Heimaey.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í lögum þessum er mælt fyrir um sameiginlegt átak íslenzku þjóðarinnar til þess að veita Vestmanneyingum stuðning vegna eldgossins á Heimaey og draga úr þeim búsigjum, sem jarðeldarnir valda þeim og þjóðinni í heild.

#### 2. gr.

Stofna skal Viðlagasjóð vegna náttúruhamfaranna í Vestmannaeyjum.

#### 3. gr.

Hlutverk Viðlagasjóðs er:

1. Að tryggja hag Vestmanneyinga og stuðla að vernd og endurreisn byggðar þeirra.
2. Að greiða kostnað vegna björgunarstarfs, flutninga og röskunar á högum vegna eldsumbrotanna í Vestmannaeyjum.
3. Að bæta tekjumissi og eignatjón af völdum eldgossins á Heimaey.
4. Að draga úr áhrifum náttúruhamfara í Vestmannaeyjum á afkomu og atvinnulíf Vestmanneyinga og þjóðarheildarinnar og gera hvers konar fjárhagsráðstafanir í þessu skyni.

#### 4. gr.

Í Viðlagasjóð renna allar tekjur samkvæmt lögum þessum. Heimilt er Viðlagasjóði að taka bráðabirgðalán í því skyni að standa undir nauðsynlegum greiðslum, þar til tekjur berast sjóðnum.

Til Viðlagasjóðs skulu og renna óafturkræf framlög, sem berast kunna frá innlendum og erlendum aðilum og eigi er beint til Rauða kross Íslands, Hjálparstofnunar þjóðkirkjunnar, bæjarstjórnar Vestmannaeyja eða annarra tilgreindra aðila. Sama máli gegnir um aðstoð, sem boðin kann að vera fram í öðru formi.

#### 5. gr.

Stjórn Viðlagasjóðs skipa sjö menn, sem kosnir skulu til eins árs með hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi ásamt jafnmörgum til vara. Forsætisráðherra skipar formann og varaformann.

Stjórn sjóðsins getur ráðið honum sérstakan framkvæmdastjóra ásamt því starfsliði, sem nauðsynlegt er.

Stjórn sjóðsins skal í öllu starfi sínu hafa náðið samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja og aðra opinbera aðila, sem um málefni Vestmanneyinga fjalla.

Stjórn Viðlagasjóðs skal, eftir því sem unnt er og við getur átt, setja fastar reglur um bætur þær, styrki og lán, sem veitt eru úr sjóðnum, og skulu reglurnar birtar almenningi.

**6. gr.**

Skylt er öllum opinberum aðilum að veita stjórn Viðlagasjóðs hvers konar aðstoð og upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna starfsemi hans.

**7. gr.**

Seðlabanki Íslands varðveitir Viðlagasjóð og annast bókhald hans. Um endurskoðun reikninga sjóðsins fer eftir ákvæðum laga um endurskoðun ríkisreiknings og reikninga ríkisstofnana.

**8. gr.**

- Fjár til Viðlagasjóðs skal afla með sértöku gjaldi, viðlagagjaldi, sem hér segir:
- 1) Á tímabilinu 1. marz 1973 til 28. febrúar 1974 skal leggja 2% viðlagagjald á söluskattsstofn allra sömu aðila og lög nr. 10/1960, um söluskatt, taka til, og gilda ákvæði þeirra og reglugerða settra samkvæmt þeim að fullu um álagningu og innheimtu þessa gjalds, svo og um aðra framkvæmd. Hækkun sú á útsöluverði vöru og þjónustu, sem hlýzt af 2% viðlagagjaldi á söluskattsstofn, skv. þessum tölulíð, skal ekki valda hækkun á kaupgreiðsluvísitölu. Kauplagnefnd skal meta hverju sinni, hve miklu þessi hækkun nemur.
  - 2) Á gjaldárinu 1973 skal leggja 30% viðlagagjald á álagðan eignarskatt skv. 26. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 12. gr. laga nr. 7/1972, um breyting á þeim lögum, og skulu sömu reglur gilda um álagningu og innheimtu þessa gjalds og eignarskatts.
  - 3) Á gjaldárinu 1973 skal leggja viðlagagjald í hverju sveitarfélagi á gjaldstofn aðstöðugjalds, sbr. V. kafla laga nr. 8/1972, sem nemur 35% þess hundraðshluta, sem þar var á lagður sem aðstöðugjald á árinu 1971. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um aðstöðugjöld, og skulu sveitarstjórnir skila gjaldinu til Viðlagasjóðs á gjalddögum, sem félagsmálaráðuneytið ákveður.
  - 4) Á gjaldárinu 1973 skal leggja 1% viðlagagjald á útsvarsskyldar tekjur, sbr. 23. gr. laga nr. 8/1972. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um útsvör, og skulu sveitarstjórnir skila gjaldinu til Viðlagasjóðs á gjalddögum, sem félagsmálaráðuneytið ákveður.
  - 5) Á gjaldárinu 1973 skal leggja 10% viðlagagjald á álagt landsútsvar, sbr. III. kafla laga nr. 8/1972, þeirra landsútsvarsskyldu aðila, sem bera ekki aðstöðugjald. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og um landsútvör.

Ríkissjóður skal leggja til Viðlagasjóðs 160 milljónir króna, og er ríkisstjórninni heimilt að draga úr útgjöldum ríkisins sem þessari fjárhæð nemur.

Heimilt er stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs að leggja til Viðlagasjóðs 160 milljón króna óafturkræft framlag.

**9. gr.**

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, og skal þar m. a. kveða nánar á um mat eigna og greiðslu bóta fyrir eignatjón. Þá er heimilt að veita með reglugerð þessari Viðlagasjóði forkaupsrétt að fasteignum í Vestmannaeyjum.

**10. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 7. febrúar 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 4 — 1973

---

21. febrúar 1973.

9

Nr. 5.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 3 31. janúar 1973 um bráðabirgðabreyting  
á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í stað „22. febrúar 1973“ í 1. málsg. 3. gr. og 4. gr. komi: 22. marz 1973.

Í stað „23. febrúar 1973“ í 1. og 2. málsg. 3. gr. og 4. gr. komi: 23. marz 1973.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. febrúar 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 5 — 1973

---

Nr. 6.

10

22. marz 1973.

## L Ö G

um kaup og kjör yfirmanna á botnvörpuskipum, sem eru stærri en 500 rúmlestir brúttó.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Lög þessi taka til þeirra, sem samningar frá 1. marz 1971 á milli Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda og annarra eigenda slíkra skipa, annars vegar, og Vélstjórafélags Íslands, Félags íslenskra loftskeytamanna, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Aldan, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára og Skipstjórafélags Norðlendinga, hins vegar, gilda fyrir.

### 2. gr.

Samningar þeir, sem um ræðir í 1. gr., ásamt breytingum þeim, sem um getur á fylgiskjölum I—III, sem prentuð eru með lögum þessum, skulu gilda sem samningar á milli aðila frá gildistöku laga þessara til 31. desember 1973.

### 3. gr.

Verkbönn og verkföll, þar á meðal samúðarverkföll eða aðrar aðgerðir, í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, sbr. 17. gr. laga nr. 80 frá 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

### 4. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála og varða brot sektum.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 22. marz 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

Fylgiskjal I.

## SAMNINGUR

milli Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda og Vélstjórafélags Íslands, dags. 1. marz 1971, framlengist með eftirfarandi breytingum:

1. gr. Í stað „kr. 11 192.00“ komi: kr. 17 344.00.
2. gr. Í stað „1.63%, 1.25%, 1.05%“ í 1. mgr. komi: 1.83%, 1.45%, 1.25%, og 1.05% fyrir 4. vélstjóra.

Aftan við 1. mgr. 2. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

„Fækki áhöfn úr 24 á skuttogurum eða 26 á síðutogurum, hækka aflaverðlaun um 0.075% fyrir hvern, sem fækkar.“

6. gr. Í stað „7%“ í 1. mgr. komi: 8 $\frac{1}{3}$ %.
7. gr. Greinin hljóði þannig:

## Dagpeningar í höfn.

Eftir að skip hefur legið tvo sólarhringa í innlendri eða erlendri höfn, og vélstjórar vinna við skipið, skulu laun (grunnlaun) vélstjóranna vera sem hér segir:

1. vélstjóra	kr. 1 795.00
2. vélstjóra	— 1 505.00
3. vélstjóra	— 1 269.00
4. vélstjóra	— 1 269.00

dag hvern, sem skipið liggur í höfn miðað við 40 stunda vinnuviku á dagvinnutímabili, að viðbættum fæðispeningum.

Tímakaup í dagvinnu finnst með því að margfalda dagkaupið með 7 og deila í þá tölu með 40. Eftirvinna greiðist með 50% álagi og nætur- og helgidagavinna með 100% álagi.

Þurfi vélstjóri að vinna um borð einhvern tíma fyrstu tvo sólarhringana, ber að greiða honum auk hins fasta mánaðarkausps, grunnlaun:

1. vélstjóra	kr. 333.00
2. vélstjóra	— 333.00
3. vélstjóra	— 270.00
4. vélstjóra	— 270.00

fyrir hverja klukkustund.

8. gr. Greinin hljóði þannig:

## Tryggingar á skipverjum.

## A. Líf- og örorkutrygging.

Um líf- og örorkutryggingu fer eftir lögum eins og þau verða á hverjum tíma.

## B. Ábyrgðartrygging.

Útgerðarfélagin skuldbinda sig til að taka ábyrgðartryggingu samkvæmt hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu allt að kr. 4 000 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 1 500 000.00.

11. gr. Í stað „kr. 135.00“ komi: kr. 250.00.
19. gr. Í stað „kr. 110.00“ í 1. mgr. komi: kr. 150.00.  
Í stað „kr. 27.50“ í 2. mgr. komi: kr. 50.00.
21. gr. Greinin hljóði þannig:



## Um kaupgreiðsluvisitölu.

Greiða skal verðlagsuppbót á mánaðarkaup og dagpeninga samkvæmt samningi þessum eftir almennum reglum um verðlagsuppbót á laun.

22. gr. Í stað „1. marz 1971 til 1. júní 1972“ komi: undirskriftardegi til 31. desember 1973.

Fylgiskjal II.

## SAMNINGUR

milli annars vegar Félags íslenzkra loftskeytamanna og hins vegar Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda um kaup og kjör loftskeytamanna á botnvörpuskipum.

1. gr. Í stað „kr. 11 192.00“ komi: kr. 17 344.00.

2. gr. Í stað „1.2%“ í 1. mgr. komi: 1.4%.

Aftan við 1. mgr. 2. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

„Fækki áhöfn úr 24 á skuttogurum eða 26 á síðutogurum, hækki aflaverðlaun um 0.075% fyrir hvern, sem fækkar.“

3. gr. Í stað „1.2%“ komi: 1.4%.

4. gr. Í stað „1.2%“ komi: 1.4%.

6. gr. Í stað „7%“ komi: 8.33%.

7. gr. Í stað „kr. 885.00“ í 1. mgr. komi: kr. 1 371.00.

Tímakaup í dagvinnu finnst með því að margfalda dagkaupið með 7 og deila í þá tölu með 40. Eftirvinna greiðist með 50% álagi og nætur- og helgidagavinna með 100% álagi.

Í stað „kr. 174.00“ í 4. mgr. komi: kr. 270.00.

8. gr. Greinin hljóði þannig:

## Tryggingar á skipverjum.

## A. Líf- og örorkutrygging.

Um líf- og örorkutryggingu fer eftir lögum eins og þau verða á hverjum tíma.

## B. Ábyrgðartrygging.

Útgerðarfélagin skuldbinda sig til að taka ábyrgðartryggingu samkvæmt hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu allt að kr. 4 000 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 1 500 000.00.

11. gr. Við bætist: eða eftir samkomulagi aðilja.

19. gr. Í stað „kr. 135.00“ komi: kr. 250.00.

22. gr. Í stað „kr. 174.00“ komi: kr. 270.00.

23. gr. Í stað „kr. 110.00“ í 1. mgr. komi: kr. 150.00.

Í stað „kr. 27.50“ í 2. mgr. komi: kr. 50.00.

26. gr. Falli niður.

27. gr. Greinin hljóði þannig:

## Um kaupgreiðsluvisitölu.

Greiða skal verðlagsuppbót á mánaðarkaup og dagpeninga samkvæmt samningi þessum eftir almennum reglum um verðlagsuppbót á laun.

28. gr. Í stað „1. marz 1971 til 1. júní 1972“ komi: undirskriftardegi til 31. desember 1973.

F. h. Félags íslenzkra loftskeytamanna,

F. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,

Fylgiskjal III.

## SAMNINGUR

milli Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda annars vegar og Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Aldan, Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára og Skipstjórafélags Norðlendinga.

1. gr. Í stað „kr. 11 192.00“ komi: kr. 17 344.00.

2. gr. Í stað „1.2%“ í 1. mgr. komi: 1.4%.

Aftan við 1. mgr. 2. gr. bætist ný málsgrein svo hljóðandi:

„Fækki áhöfn úr 24 á skuttogurum eða 26 á síðutogurum, hækki aflaverðlaun um 0.075% fyrir hvern, sem fækkar.“

3. gr. Í stað „1.2%“ komi: 1.4%.

4. gr. Í stað „1.2%“ komi: 1.4%.

6. gr. Í stað „7%“ komi: 8 $\frac{1}{3}$ %.

7. gr. 1. mgr. í stað „kr. 885.00“ komi: kr. 1 371.00.

Tímakaup í dagvinnu finnst með því að margfalda dagkaupið með 7 og deila í þá tölu með 40. Eftirvinna greiðist með 50% álagi og nætur- og helgidagavinna með 100% álagi.

Í 2. mgr. í stað „kr. 174.00“ komi: kr. 270.00.

8. gr. Greinin hljóði þannig:

Tryggingar á skipverjum.

A. Líf- og örorkutrygging.

Um líf- og örorkutryggingu fer eftir lögum eins og þau verða á hverjum tíma.

B. Ábyrgðartrygging.

Útgerðarfélagin skuldbinda sig til að taka ábyrgðartryggingu samkvæmt hinum almennu skilmálum fyrir ábyrgðartryggingu allt að kr. 4 000 000.00 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu til hvers einstaklings allt að kr. 1 500 000.00.

11. gr. Á eftir „í erlendri höfn“ komi: þer að greiða afleysingarmanni eftir samkomulagi aðila.

13. gr. Í stað „kr. 135.00“ komi: kr. 250.00.

18. gr. Í 1. mgr. „kr. 110.00“ komi: kr. 150.00.

Í 2. mgr. „kr. 27.50“ komi: kr. 50.00.

20. gr. Falli niður.

21. gr. Greinin hljóði þannig:

Um kaupgreiðsluvísitölu.

Greiða skal verðlagsuppbót á mánaðarkaup og dagpeninga samkvæmt samningi þessum eftir almennum reglum um verðlagsuppbót á laun.

22. gr. Í stað „1. marz 1971 til 1. júní 1972“ komi: undirskriftardegi til 31. desember 1973.

F. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar,

F. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Kára,

F. h. Skipstjórafélags Norðlendinga,

F. h. Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,

# STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1973

Nr. 7.

14

29. marz 1973.

## LÖG

um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum. Skulu gjöldin vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi tollskrá, þannig, að dálkur nr. 1 gildir fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákvæðið í dálki nr. 2. Dálkur nr. 2 gildir fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum sammings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE). Dálkur nr. 2 gildir þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum, sem innfluttar eru til landsins frá Efnahagsbandalagi Evrópu í upprunalegri mynd þess, þ. e. frá Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Luxembourg og Vestur-Þýzkalandi, svo og frá Írlandi:

03.03.09	16.03.00
05.04.00	16.04.00
05.06.00	16.05.00
05.15.00	20.02.01
14.02.00	21.03.00
14.03.00	21.05.03
14.04.00	22.01.01
14.05.00	22.08.00
15.04.00	23.01.00
15.05.00	24.02.32
15.06.00	

### 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1973.

*Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1973.*

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

Stjórnartíðindi A 6, nr. 7. — Útgáfudagur 29. marz 1973.

# STJORNARTÍÐINDI A 7 — 1973

Nr. 8.

15

25. apríl 1973.

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1973.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskirteini að fjárhæð allt að 350 millj. kr., en jafnframt falla niður 140 millj. kr. af heimild í 1. gr. laga nr. 26/1972.

#### 2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

#### 3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskirteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 68/1971. Skuldabréfin og spariskirteinin skulu skráð á nafn eigenda.

#### 4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskirteini skv. ákvæðum 2. gr., eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum 1. gr., að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

#### 5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands happdrættisskuldabréf samtals að fjárhæð 80 millj. kr. til greiðslu kostnaðar af veg- og brúagerð á Skeiðarársandi, er opni hringveg um landið. Skulu ákvæði laga nr. 99/1971 gilda um skuldabréfaútgáfu þessa, eftir því sem við á.

#### 6. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að 600 þús. bandarískum dollurum.

#### 7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent eða innlent lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. Af þeirri fjárhæð verði varið 100 millj. kr.

vegna kostnaðarauka við framkvæmdir á vegum Rafmagnsveitna ríkisins samkvæmt þessari áætlun, eftir því sem þörf gerist, og 50 millj. kr. vegna væntanlegrar samtengingar raforku milli Norður- og Suðurlands, ef fé skortir til nauðsynlegra rannsókna eða nauðsynlegt reynist að kaupa efni, þannig að framkvæmanlegt verði að hefja byggingu línunnar árið 1974.

#### 8. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast innlend eða erlend lán að jafnvirði allt að 172 millj. kr. til framkvæmda ríkisins í vega- og raforkumálum.

#### 9. gr.

Í tilefni af því, að nú er unnið að athugun á hafnargerðum á suðurströndinni vegna eldgossins í Vestmannaeyjum á vegum Alþjóðabankans í samráði við Seðlabanka Íslands og ljóst er, að niðurstaða þeirrar athugunar mun ekki liggja fyrir, áður en Alþingi lýkur störfum, er ríkisstjórninni heimilt að taka innlent eða erlent lán að jafnvirði allt að 150 millj. kr. til þeirrar hafnargerðar, ef ákveðin yrði.

#### 10. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að taka tækjakaupalán fyrir hönd ríkissjóðs að fjárhæð allt að 16 millj. kr. vegna radióvita til vita- og hafnamálastjórnar og vegna fjarskiptaútbúnaðar til embættis lögreglustjórans í Reykjavík.

#### 11. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskirteina skv. 1. gr., með endurgreiðslu af áður útgefnum spariskirteinalánum, með sölu happdrættis-skuldabréfa skv. 5. gr. og fyrri heimild, með P.L. 480 láni skv. 6. gr., með erlendri lántöku skv. 8. gr. og með tækjakaupalánum skv. 10. gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Rafmagnsveitur ríkisins, framkvæmdir .....	240
Rafmagnsveitur ríkisins, lenging lána .....	10
Laxárvirkjun .....	80
Stofnlína Norður — Suðurland .....	13
Sveitarafvæðing .....	110
Orkustofnun, vatnsorkurannsóknir .....	20
Orkustofnun, jarðhitarannsóknir .....	23
Orkustofnun, jarðhitaleitarlán .....	4
Orkustofnun, jarðboranir .....	6
Skeiðarársandsvegur .....	230
Aðrir vegir á vegáætlun .....	75
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi .....	65
Landshafnir .....	19
Radíó-vitar, tækjakaupalán .....	8
Norðurlandsáætlun, hafnir og flugvellir .....	42
Flugöryggismál .....	11
Lögreglustöðin í Reykjavík .....	19
Rannsóknastofnanir á Keldnaholti .....	9
Blævardalsárvirkjun .....	4
Halli á framkvæmdaáætlun 1972 .....	30
	1018
Til Framkvæmdasjóðs Íslands .....	150
	1168

25. apríl 1973.

17

Nr. 8.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

12. gr.

*Gjört í Reykjavík, 25. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Halldór E. Sigurðsson.*

29. marz 1973.

Nr. 9.

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka leigunámi  
tvö hvalveiðiskip hf. Hvals.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma 1 eða 2 hvalveiði-  
skip hf. Hvals á Miðsandi til notkunar fyrir Landhelgisgæzluna, enda komi fullt  
endurgjald fyrir afnotin eftir mati dómkvaddra manna, samkvæmt ákvæðum laga nr.  
67 1917, um framkvæmd eignarnáms.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 29. marz 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Ólafur Jóhannesson.*

6. apríl 1973.

Nr. 10.

## L Ö G

um Fósturskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu.

I. KAFLI

1. gr.

Fósturskóli Íslands er ríkisskóli með aðsetri í Reykjavík.  
Skólinn er jafnt fyrir karla sem konur.

**2. gr.**

Hlutverk skólans er að mennta fólk til uppeldisstarfa á hvers konar uppeldisstofnunum fyrir börn frá fæðingu til 7 ára aldurs, svo sem vöggustofum, dagheimilum, vistheimilum, leikskólum, forskólabekkjum barnaskóla og leikvöllum. Heimilt er að fela Fósturskóla Íslands að mennta fólk til starfa á skóladagheimilum.

**3. gr.**

Í starfsemi Fósturskólans skal að því stefnt að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda uppeldisstörf á þeim sviðum, sem skólanagerð er ætlað að fást við, sbr. 2. gr.

Leggja skal áherzlu á uppeldisleg markmið og starfshætti þeirra stofnana, sem skólinn menntar starfslið til, og á þann hagnýta grundvöll, sem starfsemi þeirra er reist á. Námið á að veita innsýn í almenna uppeldis- og sálarfræði og þó sérstaklega þróunarsálfræði barna. Stefnt skal að því að efla alhliða þroska nemenda, þjálfa sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, jafnframt því sem lögð skal áherzla á samvinnu í hópstarfi, hugkvæmni, alúð og skyldurækni í starfi.

**4. gr.**

Skólinn skal leitast við að fylgjast sem gerst með nýjungum í uppeldis- og sálarfræði, einkum varðandi barnasálfræði og uppeldisleg markmið, starfshætti og fyrirkomulag þeirra stofnana, sem skólinn menntar starfslið til.

**5. gr.**

Skólinn skal annast endurmenntun og viðbótarmenntun starfsfólks á þeim uppeldissviðum, sem starfsemi skólans tekur til, með skipulegri fræðslu, námskeiðum og kynningu á markverðum nýjungum í uppeldismálum. Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að skólinn haldi námskeið fyrir aðstoðarfólk, sem ráða þarf að dagvistunarheimilum, meðan skortur er á fóstrum.

Um námstíma og starfssvið skal kveða nánar á í reglugerð.

**6. gr.**

Fósturskólinn skal hafa náð samband við Kennaraháskóla Íslands, m. a. um framhaldsmenntun fóstura. Skal kveða nánar á um það og tengsl milli skólanna í reglugerð.

**II. KAFLI****Stjórn skólans.****7. gr.**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Fósturskóla Íslands.

Við skólann skal vera skólanefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar til 4 ára í senn, og starfar hún samkv. erindisbréfi, er ráðuneytið setur. Formaður er skipaður án tilnefningar, einn nefndarmaður er skipaður samkvæmt tilnefningu Fósturfélags Íslands og annar samkvæmt tilnefningu Barnavinafélagsins Sumargjafar, meðan það fer með stjórn barnaheimila í Reykjavík í umboði borgarstjórnar. Ef rekstur barnaheimila í Reykjavík verður falinn borgarstofnunum, skal einn skólanefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu borgarráðs Reykjavíkur.

Við Fósturskóla Íslands skal vera skólaráð skólastjóra til aðstoðar um stjórn skólans og rekstur. Skólastjóri skal vera formaður þess, en auk hans sitja í ráðinu tveir kennarar skólans og tveir fulltrúar nemenda, kosnir til eins árs í senn.

Ákveða skal nánar í reglugerð um starfssvið skólanefndar og skólaráðs.

**8. gr.**

Við Fósturskólann skal starfa nemendaráð, sem sé skólastjóra til aðstoðar í málefnum nemenda. Nemendaráð kýs fulltrúa í skólaráð, sbr. 7. gr., með þeim réttindum, sem tiltekin eru í ákvæðum reglugerðar. Nemendur setja reglur um skipan, starfssvið og starfshætti nemendaráðs, og skulu þær háðar samþykki skólaráðs og staðfestingu yfirstjórnar skólans.

**III. KAFLI****Inntaka nemenda í Fósturskólann.****9. gr.**

Inntaka nemenda í skólann er í höndum skólanefndar. Skólastjóri gerir tillögur til hennar um það efni.

**10. gr.**

Inntökuskilyrði í Fósturskólann eru þessi:

1. Stúdentspróf, kennarapróf frá Kennaraskóla Íslands eða gagnfræðapróf að viðbættu tveggja ára námi í framhaldsdeild gagnfræðaskóla eða að viðbættu tveggja ára námi í öðrum skólum, t. d. verzlunarskóla, lýðháskóla eða húsmæðraskóla.
  2. Heimilt er að veita umsækjendum skólavist, þótt þeir fullnægi ekki menntunarkröfum 1. töluliðar, með hliðsjón af hæfniprófum eða öðrum tiltækum matsaðferðum og að nokkru með tilliti til starfsreynslu á þeim stofnunum, sem skólinn menntar starfslið til.
  3. Nemandi skal eigi vera yngri en 18 ára.
  4. Nemandi skal eigi vera haldinn neinum andlegum eða líkamlegum kvilla eða annmarka, er hamli honum í námi eða starfi að dómi skólanefndar.
- Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku eða fleiri greinum í sambandi við inntöku nemenda í skólann.
- Enn fremur má ákveða í reglugerð að láta alla nemendur ganga undir hæfnipróf.

**IV. KAFLI****Um nám, námstíma og námstilhögun.****11. gr.**

Námstími í skólanum er þrjú ár, og skal nám vera bóklegt og verklegt. Um skiptingu náms í bóklegar og verklegar annir skal mælt fyrir í reglugerð.

**12. gr.**

Grunnmenntun sú, sem Fósturskólinn veitir, sbr. 2. gr., skiptist í ýmsar uppeldisgreinar, félagsgreinar, list- og verkgreinar, móðurmálsgreinar og heilsufræðigreinar. Auk þess fer verklegt nám fram í stofnunum, sem skólanefnd viðurkennir og menntamálaráðuneytið samþykkir.

Um nám samkvæmt 1. málsgrein skal nánar ákveðið í reglugerð.

**13. gr.**

Skólanefnd getur undanþegið nemanda, sem áður hefur aflað sér þekkingar í einstökum námsgreinum, samkv. 12. gr., tímasókn í þeim að nokkru leyti eða öllu.

**14. gr.**

Stefnt skal að því að starfrækja í tengslum við Fósturskólann og undir yfirstjórn hans æfinga- og tilraunastofnun fyrir börn fram til 7 ára aldurs, þar sem nemendum Fósturskólans sé búin sérstök aðstaða til athugana á atferli og leikjum barna og á uppeldislegum starfsháttum.



Menntamálaráðuneytið leitar samninga við Reykjavíkurborg um skiptingu stofn- og rekstrarkostnaðar við æfinga- og tilraunastofnunina.

## V. KAFLI

### Um námsáfanga og próf.

#### 15. gr.

Í lok hvers námsáfanga (annar) skal úrskurða um hæfni nemanda til að hefja nám á næsta áfanga.

Kveðið skal á um námsmat í bóklegum og verklegum greinum í reglugerð.

Menntamálaráðuneytið skipar, að fengnum tillögum skólustjóra, prófdómendur í uppeldis- og félagsgreinum og í öðrum greinum eftir því, sem ákveðið er í reglugerð.

## VI. KAFLI

### Um starfslið Fósturskólans.

#### 16. gr.

Fósturskóli Íslands skal svo vel búinn starfsliði, að hann geti rækt þær skyldur, er lög mæla fyrir um, þ. á m. við umsjónar- og ráðgjafastörf, störf á skrifstofu og við önnur verkefni.

Skólanefnd gerir, að fengnum tillögum skólustjóra, ár hvert tillögur til menntamálaráðuneytisins um framlög til skólans í þessu skyni, sbr. 21. gr.

#### 17. gr.

Fastir starfsmenn Fósturskólans eru opinberir starfsmenn.

Forseti Íslands skipar skólustjóra. Fasta kennara og aðra fasta starfsmenn skipar menntamálaráðherra að fengnum tillögum skólanefndar. Skólustjóri gerir tillögur til skólanefndar um skipun kennara. Greini skólustjóra og skólanefnd á, skulu tillögur skólustjóra lagðar fyrir menntamálaráðuneytið jafnframt tillögum skólanefndar.

Skólustjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar eftir því, sem fé er veitt til á fjárlögum. Skólustjóri ræður annað starfsfólk skólans með sama fyrirvara.

#### 18. gr.

Skólustjóri Fósturskólans skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði. Í reglugerð skal kveða á um menntunarkröfur kennara.

#### 19. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 5 ár og óskar að hverfa frá störfum um skeið til að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Skal hann þá senda menntamálaráðuneytinu beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofstímanum, sem skal notaður til a) reglulegs náms í viðurkenndri menntastofnun, eða b) a. m. k. tveggja mánaða námsferðar, sem skipulögð er eða boðið til af aðila eða stofnun, sem menntamálaráðuneytið viðurkennir. Ef menntamálaráðuneytið telur umsókn og greinargerð kennara fullnægjandi, getur það veitt honum orlof, allt að einu ári, á föstum embættislaunum.

Menntamálaráðuneytið getur veitt kennara, er orlof hlýtur, styrk til að standa straum af kostnaði við ferðalög og námsdvöl í sambandi við orlofið, ef hann ver því til að stunda reglulegt nám við viðurkennda menntastofnun eða til námsferðar, sem hann nýtur ekki sambærilegs styrks til frá öðrum aðilum. Þá getur menntamálaráðuneytið auglýst eftir umsækjendum til að leggja fyrir sig tiltekið nám, gegn veitingu orlofs eða sérstakra styrkja, nema hvort tveggja sé. Styrki til viðbótar

orlofi má veita af fé því, sem í fjárlögum er hverju sinni ætlað til að kosta orlof kennara. Þá getur menntamálaráðuneytið eða aðrir aðilar í samstarfi við það efnt til allt að þriggja vikna námsferða með hópum kennara á þeim árstíma, sem skólar hérlendis starfa ekki. Slíkar ferðir skulu að jafnaði farnar í júní eða ágúst, þegar kennurum gefst kostur á að kynnst skólum erlendis í starfi. Þeir aðilar, sem fyrir slíkum ferðum standa, skulu skipuleggja þær fyrir fram og birta væntanlegum þátttakendum fyrirhugaða starfs- og ferðaáætlun. Menntamálaráðuneytið getur veitt af orlofsveitingu styrk, sem nemur allt að  $\frac{2}{3}$  af áætluðum ferða- og dvalarkostnaði þeirra kennara, sem þátt taka í slíkum hópferðum. Enginn kennari getur fengið á starfsævi sinni hærri fjárhæð í orlof og orlofsstyrki samanlagt en nemur  $1\frac{1}{2}$  árs embættislaunum hans.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt eftir föngum, að það trufli ekki störf skóla eða torveldi þau. Að orlofi loknu skulu kennarar skila til ráðuneytisins skýrslu um störf sín og nám á orlofstímanum. Skilyrði má setja þeim, sem hljóta orlof eða styrk til reglulegs náms, að þeir starfi að námi loknu við skólann í minnst þrjú ár. Ákvæði þessi taka einnig til skólastjóra. Heimilt er ráðuneytinu að veita kennurum orlof með launum að nokkru eða öllu leyti til þess að vinna að samningu eða útgáfu kennslubóka eða kennslugagna. Enn fremur er heimilt að veita kennara launalaust leyfi, þegar sérstakar ástæður mæla með því. Nýtur staðgengill eða staðgenglar hans þá þeirra launa.

Kennarar skólans skulu eiga þess kost, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, að sækja námskeið í kennslugreinum sínum sér að kostnaðarlausu til að auka og endurnýja þekkingu sína. Skal þeim skylt að sækja slík námskeið, ef eigi koma til lögleg forföll að dómi skólastjórnar.

#### 20. gr.

Um laun og vinnutíma starfsmanna skólans fer eftir kjarasamningum opinberra starfsmanna.

Menntamálaráðuneytið ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

### VII. KAFLI

#### Um húsrými og tæki.

#### 21. gr.

Að fengnum tillögum skólanefndar sér menntamálaráðuneytið skólanum fyrir húsrými, er nægi til allrar starfsemi hans, svo sem kennslustofum af viðeigandi gerð, bókasafni og lesstofum, félagsherbergjum nemenda, skrifstofu og húsnæði fyrir kennara o. fl.

Í reglugerð skal kveða nánar á um þessi efni, þ. á m. um lágmarkskröfur um hlutfall milli húsrýmis og nemendafjölda.

Fósturskólanum skal séð fyrir safni bóka og annarra kennslugagna, er nemendur eigi aðgang að, svo og þeim kosti kennslutækja, sem þörf er á.

Skólastjóri gerir árlega áætlun um rekstur skólans og kostnað við skólahlald næsta skólaár, sem hann leggur fyrir skólanefnd. Skólanefnd gerir síðan tillögur til menntamálaráðuneytisins um fjárveitingu til skólans, sem liggja skulu fyrir við undirbúning fjárlagafrumvarps.

### VIII. KAFLI

#### Um heilsuvernd.

#### 22. gr.

Í reglugerð skulu sett ákvæði um heilsuvernd í Fósturskóla Íslands, þ. á m. ákvæði um skólalækni og skólahjúkrunarkonu og eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum.

IX. KAFLI  
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, að höfðu samráði við skólastjóra og skólanefnd, skal m. a. kveðið á um skólatíma og leyfi, reglu og aga og vinnudag nemenda og kennara í skólanum, en auk þess skal mæla þar fyrir um framkvæmd laganna að öðru leyti eftir því, sem efni er til.

X. KAFLI  
Ákvæði til bráðabirgða.

24. gr.

Þeir nemendur Fóstruskóla Sumargjafar, sem nám stunda í þeim skóla við gildistöku laga þessara, eiga rétt á að halda áfram námi sínu við Fósturskóla Íslands, eftir að hann er stofnaður, í samræmi við námstílhögun, sem gildi í skólanum, er þeir hófu nám sitt þar.

Skólastjóri Fóstruskóla Sumargjafar á forgangsrétt á starfi skólastjóra við Fósturskóla Íslands, þegar hann verður stofnaður.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fósturskóli Íslands skal taka við störfum Fóstruskóla Sumargjafar, þegar er samningum er lokið við Barnavinafélagið Sumargjöf í Reykjavík um eigur og skuldbindingar skólans.

*Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

L Ö G

um framkvæmd eignarnáms.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvörðun bóta vegna eignarnáms, sem heimilað er í lögum, skal gætt ákvæða laga þessara. Sama á við bætur og annað endurgjald, sem lögum samkvæmt skal ákvarða í samræmi við lög um framkvæmd eignarnáms. Í engu skal þó haggð ákvæðum laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, né vatnalaga, nr. 15/1923. Um eignarnám til öflunar vatnsréttinda og aðstöðu til nýtingar þeirra samkvæmt öðrum lögum skal og fara eftir ákvæðum vatnalaga. Þá skulu einnig haldast ákvæði loftferðalaga, skipulagslaga, náttúruverndarlaga og vegalaga um fresti til að lýsa kröfum vegna tiltekinna eignarskerðinga samkvæmt þeim lögum.

Í lögnum er merking eftirtalinna orða þessi:

**Eignarnemi:** Aðili, sem neytir eða hyggst neyta eignarnámsheimildar.

**Eignarnámsþoli:** Eigandi verðmætis, sem eignarnám heinist að, eða annar rétt-hafi, sem getur átt rétt til eignarnámsbóta.

**Heimildarlög:** Lög, sem heimila eða fyrirskipa eignarnám.

#### 2. gr.

Matsnefnd eignarnámsbóta sker úr ágreiningi um eignarnámsbætur og annað endurgjald, sem ákveða á samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Ráðherra skipar formann matsnefndar til fimm ára í senn og annan til vara. Þeir skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði. Til meðferðar hvers máls kveður formaður tvo eða fjóra hæfa og óvilhalla menn. Um hæfi matsmanns til meðferðar einstaks máls skal fara eftir ákvæðum 36. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt. Afl atkvæða ræður matsniðurstöðu.

#### 3. gr.

Ef eigi leiðir annað af heimildarlögum, má með eignarnámi afla eignarréttar að landi og mannvirkjum ásamt því, sem þeim fylgir, skerða um ákveðinn tíma eða fyrir fullt og allt eignarrétt eða takmörkuð eignarréttindi yfir fasteign og stofna eða fella niður afnotaréttindi, ítaksréttindi og önnur takmörkuð eignarréttindi yfir fasteignum.

Þegar eignarréttar er aflað með eignarnámi, skulu öll takmörkuð eignarréttindi jafnframt afnumin, nema annað sé sérstaklega ákveðið.

#### 4. gr.

Eignarnemi skal, þegar hann neytir eignarnámsheimildar sinnar, senda matsnefnd eignarnámsbóta beiðni um, að mat fari fram. Beiðninni skal fylgja greinargerð fyrir eignarnámsheimild þeirri, sem beiðnin styðst við, og þeim framkvæmdum, sem eru tilefni eignarnámsins. Einnig skal tilgreina þær eignir, sem eignarnám lýtur að, og þeim eignarskerðingum lýst, sem eignarnámið hefur í för með sér. Þá skal eignarnemi, að svo miklu leyti sem auðið er, láta fylgja beiðninni skrá yfir eigendur og aðra réttihafa, sem eignarnámið snertir.

#### 5. gr.

Fallist matsnefnd á, að lagaheimild sé til eignarnámsins, ákveður hún dag til fyrirtöku málsins með a. m. k. viku fyrirvara. Skal það gert með skriflegri tilkynningu til eignarnema og eignarnámsþola, í ábyrgðarbréfi, símskeyti eða með öðrum tryggum hætti.

Ef ekki þykir nægilega ljóst, hverjir eigi rétt til eignarnámsbóta, skal birta opinbera tilkynningu í Lögbirtingablaði eða með öðrum tryggilegum hætti. Matsnefnd skal taka mál fyrir, áður en liðnir eru tveir mánuðir frá því að hún fékk það til meðferðar.

#### 6. gr.

Nú hefur aðili, sem heimild hefur til eignarnáms, tekið umráð eignar, og geta þá eigandi og aðrir réttihafar krafizt fyrirtöku máls, sbr. 5. gr.

#### 7. gr.

Við fyrirtöku máls skal matsnefnd leita sátta með aðilum um eignarnámsbætur. Takist sáttir, er matsmáli þar með lokið. Færa skal sátt til bókar og skal greina bótafjárhæð, greiðsluskilmála og önnur skilyrði, sem eignarnemi skal uppfylla, áður en hann fær umráð verðmætis þess, sem eignarnámi er tekið.

**8. gr.**

Eigendur og aðrir réttihafar eignar, sem eignarnámi er tekin, skulu eiga þess kost að kynna sér öll gögn, er eignarnámið varða og máli skipta við ákvörðun bótafjárhæðar. Krefja má og eignarnema nánari skýringa á einstökum atriðum fyrirhugaðra framkvæmda, sem eignarskerðingu hafa í för með sér, svo og upplýsinga um ráðstafanir til að firra eignarnámsþola tjóni.

Veita skal aðilum hæfilegan frest til gagnaöflunar og málatilbúnaðar að öðru leyti.

**9. gr.**

Eignarnemi og eignarnámsþoli skulu lýsa sjónarmiðum sínum og rökstyðja þau í skriflegum greinargerðum. Einnig má ákveða, að mál skuli auk þess munnlega flutt.

Þegar nauðsyn krefur, framkvæmir matsnefnd veltvangsgöngu að tilkvöddum málсаaðilum.

**10. gr.**

Matsnefnd skal kveða upp úrskurð um fjárhæð eignarnámsbóta til eignarnámsþola. Í úrskurðinum skal gerð grein fyrir þeim atvikum og réttarreglum, sem liggja til grundvallar niðurstöðum mats. Bótafjárhæð skal vera sundurliðuð og lýst grundvelli útreikninga. Jafnan skal taka afstöðu til ágreiningsatriða. Tiltaka skal sérstaklega, hvern matskostnað eignarnemi eigi að greiða, sbr. 11. gr.

Eigi aðrir réttihafar en eigandi eignarnumins verðmætis rétt til eignarnámsbóta, skal meta og tilgreina sérstaklega þær bætur, sem hverjum þeirra ber.

**11. gr.**

Kostnað af starfi matsnefndar skal greiða úr ríkissjóði, en matsnefnd ákveður hverju sinni í úrskurði sínum, þegar ríkið er ekki eignarnemi, hverja greiðslu eignarnemi skuli inna af hendi til ríkissjóðs vegna slíks kostnaðar. Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um greiðslu þessa kostnaðar, og svo um þóknun til nefndarmanna. Eignarnemi skal greiða eignarnámsþola endurgjald vegna þess kostnaðar, sem eignarnámsþoli hefur haft af rekstri matsmáls og hæfilegur verður talinn.

**12. gr.**

Skerðist fasteign með þeim hætti við eignarnám, að sá hluti hennar, sem eftir er, verður ekki nýttur á eðlilegan hátt sem sjálfstæð eign, getur matsnefnd ákveðið að kröfu eiganda, að eignarnámið skuli ná til eignarinnar allrar.

Ef bersýnilegt ósamræmi reynist milli bóta vegna skerðingar eignar og verðmætis þess hluta hennar, sem eftir er, getur eignarnemi krafizt þess, að eignarnámið taki til eignarinnar allrar.

Þegar fasteign eða hluti fasteignar er tekinn eignarnámi, getur matsnefnd ákveðið, að eignarnámsþola verði bætt tjón hans að einhverju eða öllu leyti með fasteign eða hluta fasteignar, sem eignarnemi getur ráðstafað.

**13. gr.**

Þegar mat liggur fyrir, getur eignarnemi tekið umráð eignarnumins verðmætis gegn greiðslu matsfjárhæðar og kostnaðar af mati. Er eignarnema rétt að leita aðstoðar fógeta í þessu skyni. Sama gildir, þegar sátt hefur orðið um eignarnámsbætur, sbr. 7. gr., eða umráðataka verið heimiluð gegn tryggingu, ef tryggingar hefur verið krafizt, sbr. 14. gr.

**14. gr.**

Þótt mati sé ekki lokið, getur matsnefnd heimilað eignarnema að taka umráð verðmætis, sem taka á eignarnámi, og ráðast í þær framkvæmdir, sem eru tilefni

eignarnámsins. Ef krafa kemur fram um það af hálfu eignarnámsþola, skal eignarnemi setja tryggingu fyrir væntanlegum bótum. Ákveður matsnefnd trygginguna.

Matsnefnd er og heimilt að hafa þann hátt á, sem segir í 1. mgr. þessarar greinar, ef vandkvæði eru á að ákveða bætur fyrirfram eða mat er að öðru leyti vandasamt.

#### 15. gr.

Eignarnemi getur horfið frá fyrirhuguðu eignarnámi, ef hann segir til þess innan mánaðar frá því að mat á eignarnámsbótum lá fyrir, en bæta skal hann allt tjón, sem rakið verður til aðgerða hans. Að kröfu eignarnámsþola er eignarnema þó skylt að greiða eignarnámsbætur, ef eignarnemi hefur tekið umráð eða hafið hagnýtingu verðmætis, eftir atvikum gegn tryggingu, sbr. 14. gr.

#### 16. gr.

Heimilt er matsnefnd, þótt eignarnámsmati sé lokið, að taka til úrlausnar kröfur um eignarnámsbætur, sem ekki hefur verið fjallað um í matinu, ef krafa kemur fram um það, áður en ár er liðið frá því að þeim framkvæmdum lauk, sem voru til efni eignarnámsins. Sama gildir um bótakröfur eignarnámsþola, er stafa af því, að veruleg breyting hefur orðið á bótagrundvelli þeim, sem matsniðurstaða byggist á.

#### 17. gr.

Leita má úrlausnar dómstóla um ágreining út af lögmæti eignarnáms, þar á meðal ágreining um fjárhæð eignarnámsbóta, en um síðastgreint atriði þó ekki fyrir en úrlausn matsnefndar liggur fyrir.

#### 18. gr.

Formaður matsnefndar varðveitir matsúrskurði og sér um útgáfu þeirra eða úrdrátta úr þeim. Jafnan skal senda fasteignamati ríkisins afrit matsúrskurða.

#### 19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 61 14. nóvember 1917, um framkvæmd eignarnáms, og svo önnur lög, að því leyti sem þau fara í bága við ákvæði laga þessara, sbr. þó 1. gr. Nú hefur dómkvaðning matsmanna farið fram fyrir gildistöku laga þessara, og skal þá það mat fara eftir eldri reglum.

*Gjört í Reykjavík, 6. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildu úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Nesjahreppi í Austur-Skaftafellssýslu landspildu, allt að 8 ha. að stærð, úr prestssetursjörðinni Bjarnanesi í Nesjahreppi.

Söluverðið fer eftir samkomulagi, ef það næst. Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það ákveðið að mati dómkvaddra manna.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 11. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

## um Happraætti Háskóla Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar happraættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

- a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 60000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út 4 flokka hlutamiða, sem greinist að með bókstöfunum E, F, G og H.
- b) Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum happraættisráðs og happraættisstjórnar Háskólans.
- c) Vinningar skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal vinningsfjárhæð nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum.
- d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, er ráðherra skipar til þess. Skulu í henni sitja fimm menn og tveir til vara. Skulu að minnsta kosti tveir nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnaðinn af þessu ber happraættið.
- e) Einkaleyfi til að reka happraættið má veita til 1. janúar 1989. Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettó-ársarði í einkaleyfisgjald.

## 2. gr.

Á meðan happraættið starfar, er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappraætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra

happdrættis, auglýsa þá í innlendum blöðum eða hvetja menn til að kaupa þá. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happdrættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir eitt sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

### 3. gr.

Enginn má selja hlutamiða happdrættisins nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happdrættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð. Ráðherra er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

### 4. gr.

Vinningar í happdrættinu er undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla.

### 5. gr.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins.

### 6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi.

### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happdrættis fyrir Ísland, og lög nr. 95 23. des. 1969, um breyting á þeim lögum.

*Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

### um heimild til að stofna fjölbrautaskóla.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg að stofna til tilraunaskóla, er nefnist fjölbrautaskóli. Skólinn skal vera fyrir nemendur, er lokið hafa skyldunámi, og veita þeim tiltekin réttindi til sérnáms í framhaldsskólum eða háskóla, svo og menntun og þjálfun í ýmsum starfsgreinum.

### 2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans, sem er hluti af skólakerfi Reykjavíkurborgar.



## 3. gr.

Menntamálaráðuneytið setur skólanum námsskrá og reglugerð að fengnum til-  
lögum fræðsluráðs Reykjavíkur. Skal reglugerðin m. a. kveða á um kennslu- og  
námsskipan skólans, kennslumagn, námsmat, námsstig nemenda og réttindi þeirra  
til framhaldsnáms, þ. á m. til háskólanáms.

## 4. gr.

Ríkissjóður greiðir 60% af stofnkostnaði skólans, en 40% greiðast af Reykja-  
víkurborg.

Laun skólustjóra og kennslulaun greiðir ríkissjóður að fullu í samræmi við  
starfsáætlun, sem ráðuneytið og fræðsluráð samþykkja. Annar rekstrarkostnaður  
skiptist að jöfnu milli aðila.

## 5. gr.

Menntamálaráðuneytið og Reykjavíkurborg gera með sér sérstakan samning,  
þar sem m. a. skulu sett nánari ákvæði um stjórn skólans og skiptingu kostnaðar  
samkvæmt 4. gr.

## 6. gr.

Heimilt er menntamálaráðuneytinu að stofna til fjölbrautaskóla í samvinnu við  
önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri, með því fyrirkomulagi og þeirri kostnaðarskipt-  
ingu, sem lög þessi gera ráð fyrir.

Nú gerir fræðsluráð tillögu um, að stofnað verði til starfsemi fjölbrautaskóla  
með sameiningu tveggja eða fleiri skóla í umdæmi þess, og er þá menntamálaráðu-  
neytinu það heimilt, hafi samningar tekizt um það með eignaraðilum skólanna.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lagaákvæði, er brjóta  
kunna í hága við þau.

*Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

## L Ö G

um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

## 1. gr.

Í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu skal vera lögreglustjóri. Umdæmi hans  
er Hafnarhreppur.

Forseti Íslands veitir embætti þetta lögfræðingi, sem fullnægir lögmæltum skil-  
yrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

**2. gr.**

Lögreglustjórinn hefur á hendi dómsvald, lögreglustjórn, tollgæzlu og innheimtu á tollum og gjöldum þeim, sem innheimtumönnum ríkissjóðs er ætlað að innheimta, notarialgerðir, yfirfjárráð svo og önnur málefni, er ákveðin verða í reglugerð.

Í Hafnarhreppi skal eigi vera hreppstjóri og skal lögreglustjóri annast störf þau, sem heyrt hafa undir hann.

Nánari reglur um starfssvið lögreglustjórans skulu settar í reglugerð.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

*Gjört í Reykjavík, 13. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

**L Ö G****um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Heimilt skal Dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

Sekta skal kæranda fyrir tilefnislausu kærui. Sekt rennur í ríkissjóð.

## 20. gr.

Í stað „5 000.00“ í 2. og 4. tölul. 2. mgr. 175. gr. komi: 50 000.00.

## 21. gr.

Við 2. mgr. 179. gr. bætist: Nú verður dómi eigi áfrýjað, og sendir saksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dómsins með áritun þar um. Nú verður dómi áfrýjað að því er varðar einn aðila eða fleiri, en eigi alla, og sendir saksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dóms á sama hátt.

## 22. gr.

Við 1. mgr. 181. gr. bætist: Saksóknari getur falið skipuðum fulltrúa sínum sókn máls fyrir hæstarétti, enda fullnægi hann lagaskilyrðum til skipunar í embætti saksóknara, og ber fulltrúinn þá allar skyldur saksóknara.

## 23. gr.

1. másl. 186. gr. orðist svo: Í dómi opinbers máls getur hæstiréttur dæmt héraðs-dómara í sekt, er renni til ríkissjóðs, fyrir drátt á opinberum málum og önnur glöp í rannsókn þeirra og meðferð, endi þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans virðist ljós.

## 24. gr.

187. gr. orðist svo:

Nú þykir verjandi hafa gerzt sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir hæstarétti, og getur dómurinn þá gert honum sekt, er renni til ríkissjóðs.

## 25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## 26. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skal fella ákvæði þeirra, svo og ákvæði laga nr. 29 28. apríl 1966 og laga nr. 75 27. apríl 1972, um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, inn í meginmál laga nr. 82 21. ágúst 1961 og gefa þau út svo breytt.

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Réttarfarsnefnd skal falið að endurskoða réttarstöðu fulltrúa saksóknara ríkisins með hliðsjón af réttarstöðu og lögkjörum hliðstæðra ríkisstarfsmanna og ljúka endurskoðuninni það tímanlega, að unnt verði að leggja fram frumvarp um það efni í byrjun næsta þings.

*Gjört að Bessastöðum, 17. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

Nr. 24.

17. apríl 1973.

**N Á M U L Ö G****FÖRSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Landareign hverri, sem háð er einkaeignarrétti, fylgir réttur til hagnýtingar hvers konar jarðefna, sem þar finnast í jörðu eða á, þó með þeim takmörkunum, sem lög þessi tilgreina.

Nú er jörð í ábúð, og fer þá um rétt ábúanda til jarðefna eftir ábúðarlögum.

**2. gr.**

Á öðrum landssvæðum en í 1. gr. segir, sem ekki eru í einkaeign, eign félaga, sveitarfélaga eða landshluta, hefur ríkið eitt rétt til jarðefna.

Um námuréttindi á landgrunninu umhverfis Ísland fer eftir sérlögum og að öðru eftir þessum lögum.

**3. gr.**

Landeiganda samkvæmt 1. gr. er innan þeirra marka, sem síðar segir, rétt að vinna án leyfis á eða í landareign sinni jarðefni, svo sem grjót, mól, mó, surtarbrand, leir og önnur slík jarðefni.

Við nám jarðefna skal gæta þess vandlega, að framkvæmdin valdi eigi hættu mönnum, munum né búpeningi. Sama gildir um frágang námu að verki loknu.

Sveitarstjórn sú, sem í hlut á, skal hafa eftirlit með því, að fyrir mælum þessum sé hlítt, og er henni rétt að kippa því, sem ábótavant er í þessu efni af hendi námueiganda, í lag á hans kostnað.

**4. gr.**

Nú vill landeigandi vinna málma eða málmblendinga úr jörðu, framkvæma jarðboranir eftir jarðefnum, grafa námubrunn, 10 m eða dýpri, eða gera námugöng, og skal hann senda ráðherra frumdrætti að fyrirhuguðum framkvæmdum, námu-

teigum og mannvirkjagerð og gera grein fyrir fjárhagslegri og tæknilegri aðstöðu sinni til framkvæmdanna. Landeigandi skal, ef ráðuneytið óskar þess, leggja fram sérfræðilegt álit um mengunarhættu, sem kynni að vera samfara leit og vinnslu jarðefna, svo og jarðfræðilega álitsgerð um áhrif borana eftir jarðefnum á verðmæti hagnýtingar, sem hafin er á jarðhita í nágrenninu. Ráðherra er rétt að setja landeiganda þau skilyrði, sem hann telur nauðsynleg frá öryggislegu og tæknilegu sjónarmiði.

Námueiganda ber að kaupa tryggingu hjá váttryggingarfélagi, sem ráðherra metur gilt, til greiðslu á hvers konar fébótum vegna skaðabótaverka, sem unnin eru á vegum námueiganda í sambandi við námureksturinn og málmleitina.

#### 5. gr.

Námueiganda er skylt að hlíta á sinn kostnað því eftirliti með leit og vinnslu jarðefna, sem mælt er fyrir um í lögum, reglugerðum eða sérstökum ákvörðunum ráðherra.

Ráðherra fer með eftirlit með málmleit og námurekstri og fylgist með því, að sveitarfélög vanræki ekki skyldur sínar samkvæmt 3. málsg. 3. gr.

#### 6. gr.

Nú vill landeigandi selja eða leigja námuréttindi í landi sínu, þau er í 1. mgr. 4. gr. segir, í hendur félagsskap, þar sem hann er þátttakandi, og þarf til þess leyfi ráðherra.

Nú vill landeigandi í öðrum tilvikum en þeim, er í 1. mgr. segir, selja eða leigja námuréttindi ásamt afmörkuðum námuteigi, hvort sem er frá jörð eða sér í lagi með öðrum hætti, og skal sveitarfélag það, þar sem námuréttindi eru, hafa forkaupsrétt eða forleigurétt, en að því frágengnu ríkið.

Að öðru leyti skal beita ákvæðum laga um kauprétt á jörðum.

Eigi er heimilt að selja eða leigja námuréttindi í landareignum kaupstaða, sveitarfélaga, sjóða né almannastofnana, nema að fengnu samþykki ráðherra.

#### 7. gr.

Rétt er ráðherra að láta leita jarðefna hvar sem er á landi hér. Er landeiganda eða umráðaaðilja lands skylt að veita þeim mönnum, sem ráðherra gerir út í því skyni, óhindraðan aðgang að landareign þeirri, sem í hlut á, og ber honum að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkunum á umráðarétti og óþægindum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdar verksins, gegn fullu endurgjaldi, sem ákveða skal með eignarnámsmati, ef samkomulag næst ekki.

#### 8. gr.

Ráðherra er rétt, þá er almannahagur krefst þess, að taka eignarnámi námuréttindi til eignar eða afnota ásamt nauðsynlegum landssvæðum og mannvirkjum til athafna vegna námurekstrarins.

Ef eignarnám á hluta af eign hefur í för með sér verulega rýrnun á notagildi hins hluta eignarinnar, er skylt, ef eigandi krefst þess, að láta eignarnámið taka til allrar eignarinnar.

Við ákvörðun eignarnámsbóta skal taka sérstakt tillit til óvissu um jarðefni og kostnaðar af leit og vinnslu.

Rétt er, ef námueigandi krefst þess og ráðherra samþykkir, að meta endurgjald fyrir vinnsluréttinn:

- a) tiltekinn hluta óskírs (brúttó) verðmætis þess, sem unnið er.
- b) tiltekinn hluta skírs (nettó) verðmætis þess, sem unnið er.



Er ráðherra hefur tekið landareign eignarnámi, skal þó fyrri eigandi eiga forgangsrétt að sérleyfi næst á eftir ríkinu.

Sveitarstjórn er heimilt með samþykki ráðherra að taka eignarnámi til eignar eða afnota malar- og grjótnámur ásamt nauðsynlegu landi, ef brýna nauðsyn ber til vegna almannahagsmuna í sveitarfélaginu.

#### 9. gr.

Nú stundar aðili, hvort heldur er almannaaðili eða einkaaðili, löglega leit og vinnslu jarðefna, og eru þá landeigendur og leiguliðar á þeim svæðum, sem nauðsynleg eru til vinnslu og hagnýtingar jarðefnanna, skyldir eftir úrskurði ráðherra að þola mannvirki, lagningu vega, vatnstöku og vatnsleiðslur og svo önnur afnot af löndum sínum, sem nauðsynleg eru vegna framkvæmdanna.

Nú næst ekki samkomulag um fullt endurgjald, og skal ákveða það með eignarnámsmati.

#### 10. gr.

Rétt er ráðherra að veita íslenskum aðiljum sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi, enda sé fullnægt ákvæðum 7., 8. og 9. laga þessara, ef um einkaeign er að tefla.

Íslenskir aðiljar teljast:

- a) Stofnanir, sem hlíta stjórn íslenskra ríkisins.
- b) Íslensk sveitarfélög.
- c) Íslenskir ríkisborgarar.
- d) Samtök, sem hlíta fyrirsvari íslenskra ríkisborgara einna, er hafa aðsetur á Íslandi, enda séu a. m. k. þrjú fimmtu samtakamanna íslenskir ríkisborgarar.
- e) Hlutfélög, sem hlíta stjórn íslenskra ríkisborgara einna, er aðsetur hafa á Íslandi, enda eigi íslenskir ríkisborgarar eða aðrir, sem verða samkvæmt grein þessari settir á bekk með þeim hlutabréf, er samsvara þremur fimmtu hlutafjár, og fari á aðalfundum hlutafélaga með a. m. k. þrjú fimmtu allra atkvæða.
- f) Önnur félög með takmarkaða ábyrgð, enda séu þrjú fimmtu hlutar félaga íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim, leggi fram þrjú fimmtu hluta stofnfjár, félagið eigi heimilisfang á Íslandi og hlíti stjórn íslenskra ríkisborgara, búsettra þar.
- g) Félag með ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu félagar allir íslenskir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim.

Rétt er ráðherra, að fengnu samþykki Alþingis, að veita erlendum aðilja sérleyfi til leitar og vinnslu jarðefna hér á landi undir því skilorði, er í 1. mgr. segir.

#### 11. gr.

Sérleyfi má eigi veita, fyrr en ráðherra hefur fengið í hendur fullkomna frumdrætti að fyrirhuguðum framkvæmdum og sannað hefur verið fyrir honum, að tryggð hafi verið öflun fjár, sem að mati hans nægir til framkvæmdanna, og að væntanlegur sérleyfishafi njóti aðstoðar manna með nægilega sérþekkingu til framkvæmdanna.

Rétt er ráðherra að setja það skilyrði, að sérleyfishafi undirgangist að hlíta varnarþingi á Íslandi og setji tryggingu, sem ráðherra metur gilda, fyrir fjárskuldbindingum sínum við íslenska aðilja.

Ákvæði 2. mgr. 4. gr. eiga hér við.

#### 12. gr.

Í sérleyfi skal tilgreina:

- a) Að samþykktir sérleyfishafa, ef um félag er að tefla, séu viðurkenndar af ráðherra.

- b) Tímalengd sérleyfis, sem má vera allt að 40 árum.
- c) Staðarmörk leitar- og vinnslusvæðis.
- d) Hvort sérleyfi tekur til allra jarðefna eða tiltekinna tegunda og þá hverra.
- e) Að ráðherra samþykki frumdrætti að fyrirhuguðum mannvirkjum.
- f) Að sérleyfishafi noti íslenzkt vinnuafll, nema ráðherra veiti leyfi til annars.
- g) Hvenær leitarstarfsemi skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær henni skal vera lokið.
- h) Að vinnslustarfsemi skuli hefjast fyrir lok leitartímabils og að sérleyfi skuli vera fyrirgert, ef hún stöðvast samfleytt í þrjú ár, nema ráðherra veiti undanþágu.
- i) Að sérleyfishafi sendi ráðherra tilkynningu um jarðboranir, sem hann lætur framkvæma, um þykkt og gerð berglaga og svo um fundin jarðefni, enda fylgi sýnishorn af jarðefnum og berglögum.
- j) Að sérleyfishafa beri að hlíta því eftirliti, sem ráðherra ákveður, og greiða kostnað af því.
- k) Að sérleyfi verði eigi framselt, nema að fengnu samþykki ráðherra.
- l) Um greiðslur til ríkisins fyrir námurekstur á ríkislendum, sbr. 8. gr.
- m) Um opinber gjöld.
- n) Hvernig skuli ráðstafa vinnslumannvirkjum og vinnslutækjum að sérleyfistíma loknum.
- o) Um frágang á starfstöðvum að vinnslutíma loknum.

### 13. gr.

Leyfishafi hefur fyrirgert leyfi sínu, ef einhverju skilyrði, sem greinir í lögum þessum, er eigi fullnægt. Sama er og, ef sérstakir skilmálar í sérleyfi eða samningum í sambandi við leyfið eru eigi haldnir eða bú sérleyfishafa er tekið til skuldaskila eða gjaldþrotameðferðar.

Rétt er ráðherra að veita undanþágu frá ákvæðum greinar þessarar, ef sérstakar ástæður mæla með því.

### 14. gr.

Ráðherra er rétt að banna útflutning óunninna jarðefna, ef hann telur, að útflutningur þeirra efna skaði íslenzka framleiðsluhagsmuni eða vinnsla efnanna sé æskileg í landinu.

Ráðherra er rétt að setja reglugerð um þau efni, sem greinir í lögum þessum.

### 15. gr.

Brot gegn lögum þessum varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing liggja við eftir öðrum lögum. Við framkvæmd 3. mgr. 3. gr. má beita dagsektum.

### 16. gr.

Námulög nr. 50 30. júlí 1909, lög nr. 8 31. maí 1927 og lög nr. 20 12. júní 1939, um breyting á þeim lögum, svo og önnur lög, er fara í bága við þessi lög, eru úr gildi felld.

### 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 17. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

## um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1970.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1970 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum í þús. kr.:

Gjöld :	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins .....	68 194	79 585
01 Forsætisráðuneytið .....	17 446	20 816
02 Menntamálaráðuneytið .....	1 440 075	1 656 151
03 Utanríkisráðuneytið .....	128 762	206 485
04 Landbúnaðarráðuneytið .....	603 309	676 265
05 Sjávarútvegsráðuneytið .....	202 722	221 860
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið .....	429 348	515 702
07 Félagsmálaráðuneytið .....	447 980	507 860
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið .....	2 591 525	2 807 208
09 Fjármálaráðuneytið .....	421 980	575 905
10 Samgönguráðuneytið .....	1 016 778	1 226 130
11 Iðnaðarráðuneytið .....	199 784	243 888
12 Viðskiptaráðuneytið .....	598 658	590 129
13 Hagstofa Íslands .....	10 696	10 539
14 Ríkisendurskoðun .....	10 127	12 974
Mismunur .....	209 589	448 017
	Samtals 8 396 973	9 799 514
Tekjur :	Áætlun:	Reikningur:
11 Skattar .....	8 305 098	9 560 662
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í rikiseign fluttar úr B-hluta ríkisreiknings .....	55 858	62 831
13 Ýmsar tekjur .....	36 017	176 021
	Samtals 8 396 973	9 799 514

*Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

# L Ö G

## um váttryggingarstarfsemi.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Gildissvið o. fl.

##### 1. gr.

Lög þessi gilda um hvers konar váttryggingarstarfsemi, sem rekin er á viðskipta-  
grundvelli, nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum þessum.

##### 2. gr.

Lögin gilda ekki um eftirlaunasjóði, lífeyrissjóði og sjúkrasjóði einstakra at-  
vinnustétta, starfshópa eða fyrirtækja.

Þá gilda lögin ekki um Tryggingastofnun ríkisins, Atvinnuleysistryggingasjóð  
og hliðstæðar stofnanir, sem reknar eru samkvæmt sérstökum lögum, nema að því  
leyti, er þær kunna að hafa með höndum váttryggingarstarfsemi, sem rekin er á við-  
skiptalegum grundvelli.

Lögin gilda um þau váttryggingarfélög, sem stofnuð eru og rekin samkvæmt sér-  
lögum, nema að því leyti, sem á annan hátt er fyrir mælt í sérlögum.

Rísi deilur um, hvort starfsemi falli undir ákvæði laga þessara, skal trygginga-  
málaráðherra skera úr.

##### 3. gr.

Eftirtaldir aðiljar mega einir reka váttryggingarstarfsemi hér á landi:

1. Innland félög og stofnanir, sem starfa samkvæmt sérlögum.
2. Innland hlutafélög og gagnkvæm váttryggingarfélög, sem leyfi hafa fengið til  
slíkrar starfsemi, sbr. 33. gr.
3. Erlend félög, sem fengið hafa leyfi til slíkrar starfsemi, sbr. 14. gr.

##### 4. gr.

Váttryggingarfélag má ekki hafa á hendi aðra starfsemi en váttryggingar, váttrygg-  
ingarumboð og tjónauppgjör. Váttryggingarfélagi er þó heimilt að reka fasteignir, sem  
það á.

Líftryggingar (frumtryggingar) má ekki reka með öðrum tegundum váttrygging-  
arstarfsemi. Þó má tryggingamálaráðherra heimila líftryggingarfélagi að hafa með  
höndum sjúkra- og slysatryggingar.

Váttryggingarfélag má ekki taka á sig ábyrgðir né skuldbindingar, sem ekki eru  
váttryggingar, nema í sambandi við eðlilegan rekstur félags.

##### 5. gr.

Váttryggingarfélag má ekki hefja starfsemi fyrr en það hefur fengið leyfi til  
hennar, sbr. 14. og 33. gr., og verið skráð í váttryggingarfélagaskrá og í hlutafélagaskrá  
eða aðra opinbera félagaskrá.

## II. KAFLI Vátryggingarfélag.

### *Hlutfélag.*

#### 6. gr.

Stofnendur hlutfélags, sem ætlað er að reka vátryggingarstarfsemi, skulu hið fæsta vera fimm, íslenzkir ríkisborgarar búsettir á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- eða sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutfélag, samvinnufélög eða samvinnufélagasambönd, skráð á Íslandi.

Innborgað hlutfélag skal nema minnst kr. 20 000 000.00. Þó skal hlutfélag líftryggingarhlutfélaga vera minnst kr. 10 000 000.00.

Stjórn slíks hlutfélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Reki félagið ekki einvörðungu endurtryggingarstarfsemi, skal a. m. k. einn valinn með það fyrir augum að gæta hagsmuna vátryggingartaka og hinna tryggðu. Í samþykktum félagsins skal skýrt fram tekið, hvernig sá stjórnarmaður skuli valinn.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal kjörinn eða ráðinn til að endurskoða reikninga félagsins. Ekki má hann vera í stjórn þess né fastur starfsmaður þess að öðru leyti.

#### 7. gr.

Hlutfélag, sem hefur vátryggingar að starfsemi, má aldrei eiga meira en 10% af eigin hlutfélagi. Atkvæðisréttur fylgir ekki hlutabréfum, sem vátryggingarhlutfélag á sjálft.

#### 8. gr.

Vátryggingarhlutfélag má aldrei greiða arð til hluthafa, nema hagnaður hafi orðið á rekstri félagsins, sem meiru fé nemi en arðgreiðslum, eða nægilegt fé sé fyrir hendi í arðjöfnunarsjóði, enda hafi þess verið gætt að leggja til hliðar hæfilegt fé fyrir áföllnum ógreiddum tjónum, í áhættusjóð, í iðgjaldavarasjóð, svo og eignir fyndar á venjulegan hátt.

#### 9. gr.

Um vátryggingarhlutfélag gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutfélag, nema annað leiði af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

### *Gagnkvæm vátryggingarfélag.*

#### 10. gr.

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu hið fæsta vera fimm, íslenzkir ríkisborgarar með búsetu á Íslandi, ríkissjóður, bæjar- og sveitarfélög, stofnanir, sem þessir aðiljar bera ótakmarkaða ábyrgð á, hlutfélag, samvinnufélög og samvinnufélagasambönd, sem skráð eru á Íslandi.

Stofnendur gagnkvæms vátryggingarfélags skulu leggja fram stofnfé, sem nema skal hið minnsta kr. 10 000 000.00. Þó skal stofnfé gagnkvæms líftryggingarfélags vera minnst kr. 5 000 000.00. Fé þetta má ekki endurgreiða nema að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra.

Heimilt er tryggingamálaráðherra, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, að leyfa, að stofnfé sé minna en um ræðir í 2. mgr.

Stjórn gagnkvæms vátryggingarfélags skulu skipa 3 menn hið fæsta. Í samþykktum slíks félags skal skýrt fram tekið, hvernig háttáð skuli aðild vátryggingartaka að stjórn þess og hvernig kjöri stjórnar skuli hagað.

Að minnsta kosti einn endurskoðandi, löggiltur, skal ráðinn eða kjörinn til að endurskoða reikninga félagsins. Ekki má hann vera í stjórn þess né fastur starfsmaður þess að öðru leyti.

**11. gr.**

Hver sá, sem tryggir hjá gagnkvæmu váttryggingarfélagi, er sameigandi þess. Um ábyrgð váttryggingartaka á skuldbindingum félagsins skulu settar reglur í samþykktum þess. Ábyrgð hvers váttryggingartaka má eigi nema lægri fjárhæð en kr. 500.00. Þó er heimilt að undanþiggja endurtryggingartaka slíkri ábyrgð, enda nemi endurtryggingariðgjöld, sem undanþegin eru, eigi meiru en 20% af heildar-  
iðgjaldatekjum félagsins.

Ábyrgð váttryggingartaka skal miða við almanaksár og fellur niður miðað við hver áramót, ef eigi er krafa gerð á hendur váttryggingartaka innan tveggja ára frá lokum þess almanaksárs, er váttrygging féll úr gildi.

Einungis þrotabú, skilanefnd eða skilastjórn gagnkvæms váttryggingarfélags geta krafist váttryggingartaka um greiðslu samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum þeirra, en ekki einstakir kröfuhafar félagsins. Þó er tryggingamálaráðherra heimilt að leyfa stjórn gagnkvæms váttryggingarfélags að krefja váttryggingartaka um slíka greiðslu, enda sé slíks þörf, til þess að félagið geti staðið við skuldbindingar sínar. Slíkt leyfi má þó einungis veita til eins árs í einu.

Ákvæði laga um einstök váttryggingarfélög varðandi ábyrgð félagsmanna og váttryggingartaka halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði þessara laga.

Á hverju váttryggingarskírteini, sem gagnkvæmt váttryggingarfélag gefur út, skal koma skýrt fram, hvernig ábyrgð váttryggingartaka er háttáð. Ákvæði þetta gildir einnig um þau váttryggingarfélög, sem starfa samkvæmt sérlögum.

**12. gr.**

Heimilt er að greiða stofnendum arð af stofnfé gagnkvæms váttryggingarfélags. Arður þessi má þó eigi vera hærri á ári en 10% af innborguðu stofnfé. Aldrei má greiða slíkan arð, nema hagnaður hafi orðið á rekstri félagsins meiri en arðgreiðslu nemur, enda hafi þess verið gætt að leggja til hliðar hæfilegt fé fyrir áföllnum ógreiddum tjónum, í áhættusjóð, í iðgjaldavarasjóð, svo og eignir fyrndar á venju-  
legan hátt.

**13. gr.**

Í samþykktum gagnkvæms váttryggingarfélags skal skýrt fram tekið, hvernig félagsslitum skuli háttáð, sérstaklega hversu fara skuli um hreina eign félagsins við félagslit.

*Erlend váttryggingarfélög.***14. gr.**

Erlend váttryggingarfélög geta fengið leyfi tryggingamálaráðherra til starfsemi hér á landi.

Slíkt leyfi má því aðeins veita, að félagið hafi heimild til að reka váttryggingarstarfsemi í heimalandi sínu og hafi starfað þar á því tryggingarviði í a. m. k. 5 ár.

**15. gr.**

Erlent váttryggingarfélag, sem hér hyggst starfa, skal sanna, að eignir þess hér á landi nemi eigi minna fé en kr. 10 000 000.00. Félagið skal árlega sanna, að eignir þess hér á landi nemi framangreindri upphæð.

**16. gr.**

Erlent váttryggingarfélag, sem hér rekur váttryggingarstarfsemi, skal skráð hér á landi, hafa hér fasta atvinnustöð og aðalumboðsaðilja, sem hefur heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess hér á landi. Aðalumboðsmaður skal vera

einn hér á landi. Íslenzku váttryggingarfélagi er heimilt að hafa á hendi aðalumboð fyrir erlent váttryggingarfélag.

Félagið skal hafa varnarþing hér á landi, að því er varðar starfsemi þess hér, og má lögsækja það fyrir dómstólum á Íslandi til fullnustu á kröfum, sem stofnast hafa vegna starfsemi þess hér.

Í reglugerð skal ráðherra ákveða, hvaða skýrslum og gögnum slíkt félag skuli árlega skila tryggingaæftirlitinu um starfsemi sína hérlendis.

### *Almenn ákvæði.*

#### **17. gr.**

Ársreikningar váttryggingarfélags skulu gerðir í því formi, sem tryggingamálaráðherra ákveður.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af að minnsta kosti einum löggiltum endurskoðanda. Vottorð löggilts endurskoðanda eða skýrsla skal fylgja reikningunum og skýrsla um starfsemi og rekstur félagsins á árinu.

Ársreikninga skal birta í Lögbirtingablaði.

Í reglugerð skal tryggingamálaráðherra setja nánari ákvæði um endurskoðun hjá váttryggingarfélögum.

#### **18. gr.**

Erlend váttryggingarfélög, sem hér starfa, skulu gera reikninga og skýrslur um starfsemi sína hér á landi eftir þeim reglum, sem greinir í 17. gr.

#### **19. gr.**

Váttryggingarfélag skal leggja hluta af hagnaði sínum ár hvert í áhættusjóð. Framlag í áhættusjóð ár hvert skal að lágmarki nema 10%, en að hámarki 25% af hreinum hagnaði ársins. Verði áhættusjóður hærri en nemur 25% af iðgjaldstekjum einhvers árs, mega framlög lækka eða falla niður það ár.

Áhættusjóði má einungis verja til að mæta tapi vegna óvenjulegra tjónagreiðslna eitthvert ár. Áhættusjóð má þó einungis skerða að fengnu leyfi tryggingamálaráðherra, eftir meðmælum tryggingaæftirlits.

#### **20. gr.**

Óski váttryggingarfélag eftir að flytja tryggingarstofn sinn að nokkru eða öllu leyti til annars félags, skulu bæði félögin senda tryggingamálaráðherra umsókn um færsluna ásamt þeim gögnum, sem ráðherra óskar.

Tryggingaæftirlitið skal kanna umsóknina með hliðsjón af hag beggja félaganna og hvort ástæða sé til að ætla, að færslan geti á nokkurn hátt skaðað váttryggingartaka og váttryggða hjá félögunum.

Tryggingaæftirlitið skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum váttryggingartaka og váttryggðra vegna yfirfærslubeiðinnar.

Mæli tryggingaæftirlitið með umsókninni, veitir ráðherra leyfi til færslunnar.

#### **21. gr.**

Óski tvö eða fleiri váttryggingarfélög eftir því að sameinast og mynda eitt váttryggingarfélag, sem taki við öllum skuldbindingum félaganna gagnvart váttryggingartökum þeirra, skulu þau senda um það umsókn til tryggingamálaráðherra ásamt þeim gögnum, sem ráðherra óskar.

Tryggingaæftirlitið skal kanna umsóknina og gæta þess, hvort hið nýja félag fullnægir skilyrðum laga þessara og hvort samruninn geti á nokkurn hátt skaðað hagsmuni váttryggingartaka og váttryggðra. Mæli tryggingaæftirlitið með umsókninni,

veitir tryggingamálaráðherra hinu nýja félagi starfsleyfi og heimild til yfirfærslu tryggingastofnanna, enda sé gætt reglna 2. og 3. mgr. 20. gr.

#### 22. gr.

Enginn má í atvinnuskyni stuðla að því, að aðiljar hér á landi, íslensk skip eða eignir á Íslandi séu vátryggð annars staðar en hjá íslenskum vátryggingarfélögum eða erlendum vátryggingarfélögum, sem hér hafa leyfi til að reka vátryggingarstarfsemi.

#### *Um líftryggingarfélög.*

#### 23. gr.

Vátryggingarfélag, sem hyggst reka líftryggingarstarfsemi, skal auk gagna þeirra, sem um ræðir í 33. gr., senda tryggingaeftirlitinu þessi gögn:

1. Almenna tryggingaskilmála, er félagið hyggst nota.
2. Skýrslur um reiknigrundvöll iðgjalda og iðgjaldasjóðs, svo og reglur um ákvörðun endurkaupsverðs og verð gjaldfrjálsra trygginga.
3. Skýrslu um reikningsgrundvöll ágóðaúthlutunar (bónus) til tryggingartaka.
4. Gögn um endurtryggingu og hámark eigin áhættu í hverri einstakri áhættu.
5. Tilkyningar um, hver sé tryggingastærðfræðingur (aktúar) félagsins, sbr. 24. gr.

#### 24. gr.

Líftryggingarfélag skal tryggja sér þjónustu tryggingastærðfræðings (aktúars), sem hefur á hendi nauðsynlega tryggingatæknilega reikninga og athuganir fyrir félagið.

Sá einn má taka að sér slíkt starf fyrir líftryggingarfélag, sem fengið hefur til þess sérstakt starfsleyfi tryggingamálaráðherra.

#### 25. gr.

Tryggingastærðfræðingur líftryggingarfélags ber ábyrgð á því, að félag það, er hann veitir þjónustu sína, fari eftir tilkynntum reiknigrundvelli iðgjalda, iðgjaldasjóðs og ágóðaúthlutunar og fylgi tilkynntum reglum um ákvörðun endurkaupsverðs og fjárhæða gjaldfrjálsra trygginga. Hann skal fylgjast með starfsemi félagsins að þessu leyti og getur krafizt allra gagna og upplýsinga af félaginu til að geta innt starf sitt af hendi.

Komist tryggingastærðfræðingur að því í starfi sínu, að félagið fari ekki eftir settum reglum varðandi framangreind atriði, skal hann tilkynna það tryggingaeftirliti án óeðlilegrar tafar.

#### 26. gr.

Eigi er líftryggingarfélagi heimilt að breyta reiknigrundvelli iðgjaldasjóðs nema með leyfi tryggingamálaráðherra að fengnum meðmælum tryggingaeftirlitsins.

Hafi breyting í för með sér lækkun iðgjaldasjóðs, skal leggja þann hluta sjóðsins, sem fram yfir er, í ágóðasjóð.

Hafi breyting í för með sér hækkun iðgjaldasjóðs fyrir eldri líftryggingar, skal félagið færa af óbundnum höfuðstól í iðgjaldasjóð það fé, er hækkuninni nemur. Tryggingamálaráðherra getur þó, að fengnum meðmælum tryggingaeftirlits, veitt félaginu leyfi til að fresta fjárfærslu í sjóðinn, þannig að um ákveðið árabíl verði færð í sjóðinn tiltekin fjárhæð á ári hverju, unz jöfnuði er náð. Skal þetta gert samkvæmt fyrirframgerðri áætlun, og ekki má frestur þessi vera lengri en 10 ár.



**27. gr.**

Í ársreikningum líftryggingarfélags skal færa sérstaklega líftryggingasjóð. Líftryggingasjóður skiptist í tvennt:

1. Bótasjóð, en þar skal færa allar gjaldfallnar en ógreiddar tryggingafjárhæðir og ágóðafjárhæðir.
2. Iðgjaldasjóð, en hann nær til heildarverðmætis allra gildandi trygginga reiknað samkvæmt samþykktum reiknigrundvelli, sbr. 2. tl. 23. gr.

**28. gr.**

Líftryggingasjóður, sbr. 27. gr., skal ávaxtaður þannig:

1. Í bönkum og sparisjóðum, sem fullnægja ákvæðum laga nr. 69/1941.
2. Í rikisskuldabréfum.
3. Í skuldabréfum, tryggðum með ábyrgð rikissjóðs.
4. Í bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum útgefnum af þeim bönkum, sem eru eign rikissjóðs.
5. Í lánum, tryggðum með veði í líftryggingum hjá félaginu allt að endurkaupsverðmæti þeirra.
6. Í veðskuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum allt að 60% af fasteignamatsverði húseigna og mannvirkja, eignarlanda og lóða, svo og eign leigutaka í leigulóð, enda sé leigutími lóðar eigi skemmri en lánstími.
7. Í fasteignum, sem líftryggingarfélagið á. Aldrei má þó eign að þessu leyti teljast líftryggingasjóði frekar en um ræðir í 6. tl.

Líftryggingarfélagi er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að ávaxta fé líftryggingasjóðs á annan hátt, að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra hverju sinni, þó ekki í hlutabréfum.

Eigi má selja né veðsetja eignir líftryggingasjóðs nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

Erlend líftryggingarfélag, sem fengið hafa leyfi til starfsemi hér á landi, skulu ávaxta líftryggingasjóð á Íslandi í samræmi við reglur þessarar greinar.

**29. gr.**

Verðbréf líftryggingasjóðs skulu árituð um, að þau séu eign líftryggingasjóðs félagsins og þau megi ekki veðsetja né selja, nema að fengnu samþykki tryggingamálaráðherra.

Óheimilt er að gera aðför í verðbréfum, sem eru eign líftryggingasjóðs, nema til tryggingar eða fullnustu líftryggingakröfum.

Ávaxti líftryggingarfélag fé í eigin fasteign, sbr. 7. tl. 1. mgr. 28. gr., skal þinglýsa á eignina yfirlýsingu um rétt líftryggingasjóðs og að eigi megi veðsetja hana, svo að réttur líftryggingasjóðs skerðist, og eigi selja hana nema með leyfi tryggingamálaráðherra.

**30. gr.**

Ef skipuð er skilastjórn í líftryggingarfélagi samkvæmt 43. gr., skal hún þegar í stað taka í sínar vörslur eignir líftryggingasjóðs.

Verði ákveðið að beiðast gjaldþrotaskipta á búi líftryggingarfélagsins, skal ekki telja eignir líftryggingasjóðs með eignum þrotabúsins og heldur eigi skuldbindingar hans með skuldum þess.

Skilastjórn skal hafa á hendi rekstur líftryggingastofnsins og láta endurreikna skuldbindingar líftryggingasjóðs.

**31. gr.**

Innan sex mánaða frá því, að skilastjórn hefur tekið við rekstri líftryggingasjóðs samkvæmt 30. gr., skal tryggingaeftirlitið leita til annarra íslenskra líftryggingarféлага um yfirtöku líftryggingastofns og líftryggingasjóðs. Tryggingaeftirlitið skal meta framkomin tilboð og velja það, er hún telur hagkvæmast fyrir váttryggða. Síðan skal skilastjórn auglýsa í Lögbirtingablaðinu eftir athugasemdum frá váttryggingartökum og váttryggðum.

Að fengnum athugasemdum getur tryggingamálaráðherra framselt líftryggingarfélagi því, er tryggingaeftirlitið valdi, líftryggingastofninn og eignir líftryggingasjóðs, enda tekur þá viðtakandi við öllum skuldbindingum hins gjaldþrota félags, að því er líftryggingar varðar.

Þeir váttryggingartakar eða váttryggðir, sem athugasemdir hafa gert og eigi vilja samþykkja yfirfærsluna, eiga þó rétt á því að fá endurgreitt verðmæti líftrygginga sinna, að svo miklu leyti sem hlutfallsleg eign í líftryggingasjóðnum hrekkur til.

Berist ekki tilboð í líftryggingastofn eða ekki koma fram þau tilboð, er tryggingaeftirlitið vill mæla með, skal líftryggingasjóðurinn greiddur váttryggðum í réttu hlutfalli við verðmæti líftrygginga þeirra í sjóðnum.

**III. KAFLI****Um skráningu og tilkynningarskyldu váttryggingarféлага.****32. gr.**

Tryggingamálaráðherra skal halda skrá um öll þau félög og stofnanir, sem heimild hafa til að selja váttryggingar hér á landi.

**33. gr.**

Hvert það félag eða stofnun, sem hyggst reka váttryggingarstarfsemi, skal senda tryggingaeftirlitinu gögn í því formi, sem eftirlitið ákveður, um væntanlega starfsemi, samþykktir sínar, stofnfundargerð og svo tilkynningu um, hverjir séu í stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda það, og vottorð löggilts endurskoðanda um innborgað hlutafé eða stofnfé. Tryggingaeftirlitið kannar síðan, hvort félagið fullnægi skilyrðum laga þessara, reglugerða settra samkvæmt þeim og sé að öðru leyti hæft til að reka váttryggingarstarfsemi.

Ráðherra veitir félagi starfsleyfi, og að því fengnu má skrá félagið í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

Telji tryggingaeftirlitið ekki, að þörf sé fyrir þá starfsemi, sem félagið hyggst reka, né að starfsemi þess sé til eflingar heilbrigðri þróun váttryggingarstarfsemi í landinu eða til hagsbóta fyrir váttryggingartaka og váttryggða, getur tryggingamálaráðherra neitað að skrá félagið í váttryggingarfélagaskrá og veita því starfsleyfi.

Aldrei má félag hefja starfsemi fyrr en það hefur verið skráð í bæði váttryggingarfélagaskrá og hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá.

Hvert það félag eða stofnun, sem leyfi hefur til að reka váttryggingarstarfsemi og hyggst taka upp nýja grein váttrygginga eða hyggst breyta starfsemi sinni í verulegum atriðum, skal sækja um leyfi fyrir hinni nýju starfsemi og senda tryggingaeftirlitinu þau gögn, sem nauðsynleg eru, til þess að tryggingaeftirlitið geti metið umsóknina.

**34. gr.**

Allar breytingar á samþykktum, hlutafé, stofnfé, stjórn, endurskoðendum og þeim, er skuldbinda mega váttryggingarfélag, skal strax tilkynna til váttryggingarfélagaskrár, og má eigi skrá þær í hlutafélagaskrá eða aðra opinbera félagaskrá fyrr en slíkt hefur verið gert.

**35. gr.**

Missi félag rétt til að reka váttryggingarstarfsemi hér á landi, verði gjaldþrota eða því slitið, skal þegar í stað má nafn þess úr váttryggingarfélagaskrá.

**36. gr.**

Birta skal árlega í Lögbirtingablaðinu skrá um félög þau, sem heimild hafa til að reka váttryggingarstarfsemi.

**IV. KAFLI****Eftirlit með váttryggingarfélögum.****37. gr.**

Setja skal á stofn tryggingaeftirlit, sem hefur eftirlit með starfsemi váttryggingarfélaga og rekstri þeirra samkvæmt ákvæðum laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um verksvið og skyldur tryggingaeftirlitsins.

**38. gr.**

Tryggingamálaráðherra skipar tryggingaeftirlitið til fjögurra ára í senn. Tryggingaeftirlitið skal skipað þrem mönnum og sé einn embættisgengur lögfræðingur og annar tryggingastærðfræðingur. Einn skal skipaður formaður.

Meðlimir eða starfsmenn tryggingaeftirlitsins mega ekki vera stjórnarmenn, starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar váttryggingarfélags.

**39. gr.**

Tryggingaeftirlitið skal láta fara fram reglulega endurskoðun á reikningum váttryggingarfélaga og staðfesta þá. Í reglugerð skal tekið fram, í hverju slík endurskoðun skuli fólgin.

Váttryggingarfélög, stofnanir þær, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr., að því er varðar þann hluta starfsemi þeirra, sem rekinn er á viðskiptalegum grundvelli, svo og váttryggingarfélög þau, er um ræðir í 3. mgr. 2. gr., skulu senda tryggingaeftirliti ársreikninga sína innan mánaðar frá því, að þeir voru samþykktir á félagsfundi, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningar skulu undirritaðir af stjórn félags, og þeim skal fylgja skýrsla endurskoðanda og endurrit úr fundargerðarbók félags um samþykktir þeirra, svo og skýrsla um starf og rekstur, sbr. 17. gr.

Ársreikningunum skal fylgja nákvæm skýrsla um fasteignir félagsins, bifreiðar, skip og verðbréfaeign. Enn fremur skrá um inneignir hjá viðskiptamönnum eða umboðsmönnum og skal nafngreina þá aðilja, er skulda yfir kr. 100 000.00. Þá skal fylgja skrá um skuldheimtumenn, aðra en þá, sem eiga váttryggingarkröfur á félagið, og skulu skuldheimtumenn, sem eiga inni yfir kr. 100 000.00, nafngreindir. Að lokum skal fylgja skýrsla um, á hvern hátt áfallnar en ógreiddar váttryggingarkröfur séu áætlaðar og hvernig iðgjaldsyfirfærslur til næsta árs eru ákveðnar.

Ársreikningum líftryggingarfélags skal einnig fylgja skýrsla tryggingastærðfræðings um uppgjör líftryggingasjóðs og skýrsla endurskoðanda um ávöxtun líftryggingasjóðs.

**40. gr.**

Aðiljar þeir, sem um ræðir í 3. gr. og reka váttryggingarstarfsemi við gildistöku laga þessara, skulu þegar í stað senda tryggingaeftirlitinu endurrit allra þeirra tryggingaskilmála, er þeir nota. Sama gildir um þau félög, sem fá leyfi til váttryggingarstarfsemi eftir gildistöku laga þessara.

Breyti þessir aðiljar eða aðrir þeir, er fengið hafa leyfi til að reka váttrygging-

arstarfsemi, váttryggingarskilmálum sínum, eða láti semja nýja skilmála, skulu þeir senda tryggingaæftirlitinu endurrit breytinganna eða hina nýju skilmála.

Tryggingaæftirlitið skal kanna almenna skilmála váttryggingarféлага og gæta þess, að þeir séu í samræmi við lög og góða viðskiptaháttu í váttryggingarviðskiptum. Reynist svo ekki vera, skal nema brott það, sem tryggingaæftirlitið telur sig ekki geta samþykkt.

Það, sem hér segir um tryggingaskilmála, gildir einnig um iðgjöld og iðgjaldagrundvöl eftir nánari fyrirmælum tryggingaæftirlitsins. Tryggingaæftirlitinu ber að athuga, hvort iðgjöld váttrygginga séu í samræmi við þá áhættu, sem váttryggingarfélagið tekur á sig, og í samræmi við eðlilegan kostnað við rekstur félagsins.

Váttryggingarfélag, sem starfar hér á landi, skal sjá um, að starfsemi sölumanna félagsins sé í anda góðra viðskiptahátta í váttryggingum og að öflun váttrygginga fari fram með hag váttryggingartaka og váttryggðra fyrir augum. Félagið skal sérstaklega sjá um, að réttar upplýsingar séu gefnar um þær váttryggingar, sem á boðstólum eru hjá félaginu. Tryggingamálaráðherra hefur heimild til að fela tryggingaæftirlitinu könnun á þessum þætti starfseminnar og að setja sérstaka reglugerð um það efni.

#### 41. gr.

Tryggingaæftirlitið skal kanna gjaldhæfi og greiðsluhæfi váttryggingarfélags. Við mat á þessu skal litið til áhættu þeirrar, sem váttryggingarstarfsemi hefur í för með sér. Í reglugerð skal nánar kveðið á um, með hvaða hætti slík könnun fari fram.

#### 42. gr.

Tryggingaæftirlitið getur krafðið þá, er váttryggingarstarfsemi reka, um hvers konar gögn og upplýsingar, sem því þykir þurfa. Þá getur það rannsakað eða látið rannsaka alla starfsemi þessara aðilja og á rétt á að fá óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi og skjölum þeirra.

#### 43. gr.

Sinni váttryggingarfélag ekki tilmælum tryggingaæftirlits um breytingar á skilmálum eða iðgjöldum, sbr. 40 gr., sé ekki gjaldhæft eða greiðsluhæft að mati tryggingaæftirlitsins, sbr. 41. gr., eða brjóti lög eða reglugerðir um váttryggingarstarfsemi, skal tryggingaæftirlit þegar í stað tilkynna tryggingamálaráðherra um málið og gera tillögur um, hvað gera skuli. Ráðherra skal þegar setja félaginu frest til að bæta úr því, sem úrskæiðis hefur farið, og má sá frestur aldrei vera lengri en sex mánuðir.

Hafi félagið ekki gert nauðsynlegar úrbætur innan tilskilins frests, getur ráðherra afturkallað starfsleyfi félagsins. Afturkalli ráðherra starfsleyfi, skal hann skipa þriggja manna skilastjórn í félagið. Skilastjórn tekur við öllum heimildum félagsstjórnar, og jafnframt falla niður heimildir hennar.

Skilastjórn skal þegar kalla saman félagsfund og kynna félagsmönnum, hvernig komið er.

Skilastjórn skal taka ákvörðun um, hvort óska skuli gjaldþrotaskipta á félaginu eða hvort það skuli rekið áfram um skeið og viðskiptum lokið án gjaldþrotaskipta. Skal við mat á því, hvað gera skuli, aðallega litið til hagsmuna váttryggðra.

Ef um er að ræða váttryggingarfélag eða líftryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, skal ráðherra, áður en hann sviptir félagið starfsleyfi, skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag og rekstur félagsins og gera tillögur um, hvað gera skuli.

**44. gr.**

Laun skilastjórnar og kostnaður hennar skal greiðast af eignum hlutaðeigandi váttryggingarfélags sem krafa utan skuldaraðar og af eignum liftryggingasjóðs, ef um það tilvik er að ræða, sbr. 30. gr.

**45. gr.**

Tryggingaeftirliti og starfsmönnum þess er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi aðiljum frá því, er þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur váttryggingarfélags. Þagnarskylda þessi og ábyrgð hennar helzt, þótt starfsmenn þessir hafi látið af störfum.

Tryggingaeftirlitið skal árlega láta birta opinberlega skýrslu um starfsemi sína og tölfræðilegt yfirlit yfir afkomu hinna ýmsu váttryggingagreina.

**46. gr.**

Fyrir 1. desember ár hvert skal tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár. Kostnaðinum skal jafna á váttryggingarfélag þau, sem um ræðir í lögum þessum, í hlutfalli við iðgjöld þeirra næstliðið reikningsár. Gera má váttryggingarfélagum að greiða allt að 2.5% af frumtryggingariðgjöldum og 0.6% af fengnum endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu váttryggingarfélag greiða ársfjórðungslega fyrirfram. Tryggingamálaráðherra skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi tryggingaeftirlitsins, skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði.

**V. KAFLI****Um váttryggingarfélag, er starfa við gildistöku laga þessara.****47. gr.**

Váttryggingarfélag þau, er eigi starfa samkvæmt sérlögum og hyggjast halda áfram starfsemi sinni eftir gildistöku laga þessara, skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku þeirra senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi og skráningu í váttryggingarfélagaskrá. Umsókn skulu fylgja samþykktir félagsins, vottorð úr hlutafélagaskrá eða annarri opinberri félagaskrá um það, hvert sé innbargað hlutafé eða stofnfé, hverjir skipi stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda það með undirskrift sinni. Þá skulu einnig fylgja síðustu 5 ársreikningar félagsins undirritaðir af stjórn þess með áritun og skýrslu löggilts endurskoðanda. Einnig skal senda gögn þau, er um ræðir í 23. gr., 33. gr. og 40. gr.

Hafi váttryggingarfélag eigi sent umsókn þá, er um ræðir í 1. mgr., innan þess tíma, er þar greinir, falla þann dag niður heimildir þess til að taka á sig váttryggingarskuldbindingar og selja váttryggingar. Um váttryggingar þær, er félagið hefur áður selt, fer samkvæmt ákvæðum 43. gr.

**48. gr.**

Váttryggingarfélag þau, er starfa samkvæmt sérlögum, skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku laga þessara senda tryggingamálaráðherra umsókn um starfsleyfi og skráningu í váttryggingarfélagaskrá. Umsókn skulu fylgja gögn um, hverjir skipi stjórn félagsins og hverjir hafi heimild til að skuldbinda félagið með undirskrift sinni. Þá skulu einnig fylgja síðustu 5 ársreikningar félagsins undirritaðir af stjórn og áritaðir af endurskoðendum, ásamt gögnum skv. 33. og 40. gr.

**49. gr.**

Umsóknir þær og gögn, sem um ræðir í 47. og 48. gr., skal tryggingamálaráðherra þegar í stað senda tryggingaæftirliti til umsagnar. Tryggingaæftirlitið skal hafa kynnt sér umsóknir og skilað álitinu sínu um þær til tryggingamálaráðherra eigi síðar en átta mánuðum eftir gildistöku laga þessara.

**50. gr.**

Vátryggingarfélag þau, er tryggingaæftirlit mælir með, skulu fá starfsleyfi þegar í stað og vera tekin á vátryggingarfélagaskrá.

**51. gr.**

Telji tryggingaæftirlitið, að í samþykktum vátryggingarfélags séu ákvæði, er brjótí í bága við ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim, en mælir að öðru leyti með því, að félaginu sé veitt starfsleyfi, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita félaginu starfsleyfi til bráðabirgða í allt að eitt ár til að koma málum þessum í lag. Sama gildir, telji tryggingaæftirlitið, að breyta verði vissum rekstrarlegum eða öðrum atriðum í starfsemi vátryggingarfélags eða gera þurfi sérstaka könnun á vissum þáttum starfseminnar, áður en ákvörðun um starfsleyfi verði tekin, og má starfsleyfi til bráðabirgða vera til allt að tveggja ára í slíkum tilvikum.

**52. gr.**

Nú kemur í ljós, að hlutfé vátryggingarfélags eða stofnfé gagnkvæms vátryggingarfélags er lægra en gert er ráð fyrir í 6. og 10. gr., en tryggingaæftirlitið mælir samt með því, að félagið fái starfsleyfi, enda sýni fjárhagur félagsins og rekstur, að það sé gjaldhæft og greiðsluhæft, og er þá heimilt að veita félaginu starfsleyfi. Sé þessi leið eigi valin, er tryggingamálaráðherra rétt að veita félaginu bráðabirgðaleyfi og setja það skilyrði, að hlutfé eða stofnfé verði aukið að lögboðnu marki innan ákveðins tíma, sem má vera allt að þremur árum.

**53. gr.**

Telji tryggingaæftirlitið, að vátryggingarfélag, er ekki starfar samkvæmt sérlögum, sé ekki gjaldhæft, er tryggingamálaráðherra heimilt að veita því sex mánaða frest til að rétta hag sinn. Fái félagið ekki þennan frest eða hafi ekki getað bætt hag sinn á þessum tíma, skal þegar í stað skipa félaginu skilastjórn, sbr. 43. gr.

**54. gr.**

Sæki vátryggingarfélag, sem rekið hefur bæði skaðatryggingar og líftryggingar, um starfsleyfi, er heimilt að fengnum meðmælum tryggingaæftirlits að veita því tveggja ára frest til að breyta starfsemi sinni þannig, að samræmist ákvæðum laga þessara.

**55. gr.**

Sæki vátryggingarfélag, sem starfar samkvæmt sérlögum, eigi um starfsleyfi eða teljist eigi gjaldhæft að mati tryggingaæftirlits, skal tryggingamálaráðherra þegar í stað skipa rannsóknarnefnd til að kanna hag félagsins og gera tillögur um ráð til úrbóta.

**56. gr.**

Tryggingamálaráðherra skal setja reglugerð um þau efni, sem í lögum þessum greinir.

**57. gr.**

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða fésektum eða varðhaldi, nema þyngrri refsing liggja við eftir öðrum lögum.

**58. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 62 22. nóvember 1913, um ábyrgðarfélag, lög nr. 20 9. október 1903, um viðauka við lög 8. nóvember 1895, um hagfræðiskýrslur, 2. og 3. laga nr. 17 23. maí 1964, um ávöxtun fjár tryggingafélaga og 77. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968.

**59. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Til undirbúnings framkvæmd laganna skipar tryggingamálaráðherra þrjá menn í nefnd, og skulu þeir fullnægja sömu skilyrðum og í 2. málsl. 38. gr. laganna greinir.

*Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 85 31. des. 1968, um eiturefni og hættuleg efni.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

1. grein laganna orðist svo:

**Eiturefni** (sterkt eitur; eitur) eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum I og II yfir eiturefni, svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sbr. 2. gr.) og landlæknis.

**Hættuleg efni** eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum III, IV A, IV B og V yfir hættuleg efni, svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sbr. 2. gr.) og landlæknis.

**2. gr.**

2. grein 2. málsgr. laganna orðist svo:

Eiturefnanefnd gerir tillögur um röðun efna á lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. Nefndin gerir einnig tillögur um gerð nýrra lista, ef þörf gerist. Ráðherra staðfestir listana með reglugerð. Nefndin skal gera lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 14. gr. Eiturefnanefnd má kveðja til ráðuneytis um framkvæmd annarra laga, ef þörf gerist (sbr. einnig 15. gr. 1. málsgr.).

## 3. gr.

2. grein 3. málsg. laganna orðist svo:

Þegar nefndin fjallar um eiturefni og hættuleg efni, sem notuð eru í garðyrkju, landbúnaði eða við grasrækt, tekur sæti í nefndinni maður, sem landbúnaðarráðu-neytið tilnefnir, og er hann sérfróður um slík málefni.

## 4. gr.

Viðaukar I og II við löginn falli niður.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

## um dvalarheimili aldraðra.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Dvalarheimili aldraðra eru ætluð öldruðu fólki, sem ekki þarfnast vistunar á sjúkrahúsi. Dvalarheimili aldraðra getur jöfnum höndum verið ætlað til dagvistunar sem fullrar vistunar. Íbúðir fyrir aldraða geta verið hluti dvalarheimilis.

## 2. gr.

Enginn má setja á stofn eða reka dvalarheimili fyrir aldraða nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

## 3. gr.

Beiðni til ráðherra til rekstrarleyfis samkvæmt 2. gr. skulu fylgja upplýsingar um verksvið stofnunar, staðsetningu, uppdrætti af byggingum og lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis ásamt lýsingu af húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástandur og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag og hve mörgum vistmönnum stofnuninni er ætlað að sinna og með hvaða kjörum.

Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis og sveitarfélags á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

## 4. gr.

Heilbrigðisyfirvöld annast eftirlit með rekstri og fyrirkomulagi dvalarheimilis og skulu í því sambandi ætíð eiga greiðan aðgang að stofnunum, sem um getur í þessum lögum.



**5. gr.**

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um búnað húsa, aðbúnað og þjónustu við vistmenn, svo og um starfslið dvalarheimilis.

**6. gr.**

Rekstur dvalarheimilis skal lúta stjórn 3 eða 5 manna, skulu þeir tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða eigendum til 4 ára í senn. Vistmönnum skal heimilt að tilnefna einn mann af sinni hálfu til setu á fundum stjórnarinnar, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt. Sama á við um starfslið stofnunar, hafi ekki verið gerður samningur um samstarfsnefnd. Stjórnin ræður forstöðumann heimilisins og heimilislækni, og skal þeim heimil seta á stjórnarfundum með tillögurétti og málfrelsi.

**7. gr.**

Nú byggir sveitarfélag dvalarheimili eða hefur rekstur þess samkvæmt lögum þessum, og skal þá ríkissjóður greiða  $\frac{1}{3}$  hluta kostnaðar við bygginguna og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar. Ef aðrir aðilar en sveitarfélög byggja eða hefja rekstur dvalarheimilis, er ríkissjóði heimilt að greiða allt að  $\frac{1}{3}$  hluta kostnaðar við byggingu og kaup nauðsynlegra tækja og búnaðar.

**8. gr.**

Daggjaldanefnd, sbr. l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, ákveður upphæð vistgjalda á dvalarheimilum aldraðra.

Ársreikningar dvalarheimila skulu ætíð sendir ráðuneytinu.

**9. gr.**

Stjórn dvalarheimilis ákvarðar vistun fólks á heimilinu að fengnum tillögum forstöðumanns.

**10. gr.**

Þau dvalarheimili, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna háð ákvæðum þeirra.

**11. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

## um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

## 1. gr.

Markmið með starfsemi dagvistunarheimila er að gefa börnum kost á að njóta handleiðslu sérmenntaðs fólks í uppeldismálum og búa þeim þau uppeldisskilyrði, er eflí persónulegan og félagslegan þroska þeirra.

## 2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn mála, er varða dagvistunarheimili.

Ríkið skal leggja fram fé til byggingar og rekstrar dagvistunarheimila fyrir börn, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

## 3. gr.

Aðilar, er njóta ríkisframlags til byggingar og rekstrar dagvistunarheimila, eru: sveitarfélög og áhugafélög, svo og húsfélög fjölbýlishúsa, starfsmannafélög og aðrir þeir aðilar, sem reka vilja dagvistunarheimili í samræmi við markmið þessara laga.

## 4. gr.

Eftirtalin dagvistunarheimili njóta styrks úr ríkissjóði skv. lögum þessum:

1. Dagheimili fyrir börn frá 3ja mán. til skólaskyldualdurs, þar sem börnin geta dvalizt a. m. k. 5 st. á dag.
2. Skóladagheimili fyrir börn á skólaskyldualdri.
3. Leikskólar fyrir börn frá 2ja ára til skólaskyldualdurs, þar sem börnin geta dvalizt a. m. k. 3 st. á dag.

Ákvæða skal nánar um starfstíma ofangreindra dagvistunarheimila í reglugerð.

## 5. gr.

Ríkisframlags njóta þau dagvistunarheimili, sem reka starfsemi sína a. m. k. 4 mánuði ársins samfellt.

Heimilt er ráðuneytinu að veita dagvistunarheimili styrk, enda þótt það starfi skemur en fjóra mánuði, ef sérstakar aðstæður krefjast.

## II. KAFLI

## 6. gr.

Sveitarfélag, sem óskar að reisa dagvistunarheimili eftir lögum þessum, skal njóta styrks úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis í samræmi við ákvæði í reglugerð um stofnkostnað skóla nr. 159/1969.
2. Til leikskóla 50% áætlaðs stofnkostnaðar fullbúins húsnæðis.

Þeir aðilar aðrir en sveitarfélög, sem taldir eru upp í 3. gr., skulu njóta sama ríkisframlags, ef viðkomandi sveitarfélag mælir með því.

Nú hefur aðili fengið styrk úr ríkissjóði til stofnunar dagvistunarheimilis, en

hætt rekstri þess, og er þá styrkurinn endurkræfur til ríkissjóðs samkvæmt reglum þar um, sem ákveðnar verða í reglugerð.

#### 7. gr.

Heimilt er með samþykki menntamálaráðuneytisins að festa kaup á eldra húsnæði til rekstrar dagvistunarheimilis, og skal framlag ríkisins til þess vera samþæfilegt við framlag til nýbyggingar.

Umsóknir aðila um ríkisframlag í þessu skyni skulu hlíta sömu skilyrðum sem um nýbyggingar væri að ræða.

### III. KAFLI

#### 8. gr.

Af rekstrarkostnaði greiðir ríkið sem hér segir:

1. Til dagheimila og skóladagheimila allt að 30%.
2. Til leikskóla allt að 20%.

Rekstrarstyrkir þessir skulu greiddast að loknu ársuppgjöri dagvistunarheimilis og skal meðalrekstrarkostnaður samsvarandi dagvistunarheimila um land allt lagður til grundvallar við greiðslu.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um, hvað falla skuli undir þann rekstrarkostnað, sem ríkið tekur þátt í. Heimilt er að greiða 50% af rekstrarstyrk fyrir fram samkvæmt áætluðum rekstrarkostnaði.

#### 9. gr.

Ríkisframlag til stofn- og rekstrarkostnaðar er bundið því skilyrði, að viðkomandi sveitarfélag greiði eigi minna af rekstrarkostnaði dagvistunarheimila en nemur rekstrarframlagi ríkisins. Þó getur ráðherra veitt undanþágu frá þessu skilyrði, þegar um er að ræða þá aðila aðra en sveitarfélög, sem nefndir eru í 3. gr.

### IV. KAFLI

#### 10. gr.

Þegar aðili skv. 3. gr. óskar styrks úr ríkissjóði til að reisa og/eða reka dagvistunarheimili fyrir börn, skal hann senda beiðni þar um til menntamálaráðuneytisins.

Umsókn um leyfi til að reisa og/eða reka dagvistunarheimili skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. Áætlanir um starfsemi stofnunarinnar, upplýsingar um rekstraraðila og starfsfólk.
2. Rekstraráætlun.

Þegar annar aðili en sveitarfélag sækir um styrk, skal auk framangreindra gagna fylgja umsögn viðkomandi sveitarstjórnar um, hvort dagvistunarheimili sé í samræmi við þarfir sveitarfélagsins og á þeim stað, er hagkvæmast má telja fyrir íbúana.

Óski aðili að reka dagvistunarheimili í leiguhúsnæði, er heimilt að veita styrk til rekstrarins samkvæmt 8. gr.

#### 11. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur rannsaka umsókn og þau gögn, sem henni fylgja. Að rannsókn lokinni tilkynnir ráðuneytið, hvort það hafi fallizt á umsókn.

Ef ráðuneytið getur ekki á umsókn fallizt, skal það tilkynnt aðila, og skal í synjun ráðuneytis tekið fram, hvort hafnað sé í heild hugmyndum um téð heimili eða

hvort synjun stafi af því, að frumathugun sé áfátt, þannig að bæta megi úr, og skal þá bent á, hverju áfátt er að dómi ráðuneytisins.

### 12. gr.

Ráðuneytið setur með reglugerð ákvæði um húsakost dagvistunarheimila, stærð-areiningar, húsrými á barn, barnafjölda á deild, fjölda starfslíðs hverrar deildar, svo og ákvæði um útivistarsvæði og innri gerð.

Ráðuneytið skal láta gera staðlaðar teikningar af dagvistunarheimilum, sem byggjendur dagvistunarheimila eiga kost á að fá gegn sanngjörnu gjaldi.

### 13. gr.

Eftir að ráðuneytið hefur fallizt á umsókn samkvæmt 3. og 10. gr., skal umsóknaraðili leggja fram uppdretti og gögn varðandi alla undirbúningsvinnu til samþykktar.

Til undirbúningsvinnu telst m. a.:

1. Uppdráttur að lóð.
2. Uppdrættir að fyrirhuguðu mannvirki.
3. Séruppdrættir af því, sem menntamálaráðuneytið kann að áskilja sérstaklega.
4. Vottorð byggingafulltrúa eða oddvita um, að byggingarnefnd (hreppsnefnd) hafi fallizt á uppdretti, svo og vottorð annarra (byggingar-) yfirvalda um, að uppdrættir séu í samræmi við lög og reglugerðir.
5. Tíma- og greiðsluáætlun um framkvæmd verksins og yfirlýsing hlutaðeigandi umsóknaraðila um, að tryggð verði þau fjárframlög, sem um er að ræða frá öðrum en ríkissjóði.

Ef ráðuneytið telur framangreind gögn ekki fullnægjandi, skal það tilkynna, hvað á skorti.

### 14. gr.

Þegar ráðuneytið hefur gengið úr skugga um, að undirbúningur sé fullnægjandi samkvæmt framansögðu og fjárframlög tryggð, sér það um, að gerður verði samningur milli þess og hlutaðeigandi um greiðslur samkvæmt 6. gr. þessara laga, og heimilar, að hafinn verði tæknilegur undirbúningur.

### 15. gr.

Alþingi ákveður hverju sinni framlag til byggingarframkvæmda.

Eigi er heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fé hefur verið veitt í fjárlögum og fyrir liggur skriflegt samþykki menntamálaráðuneytisins.

Ef hafnar eru framkvæmdir án samþykkis ráðuneytisins, verður stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

Ríkissjóður skal að jafnaði greiða sinn hluta af áætluðum byggingarkostnaði dagvistunarheimila á næstu fjórum árum, eftir að fyrsta fjárveiting til framkvæmdarinnar hefur verið samþykkt.

Ef framkvæmdaraðili getur útvegað lánsfé til byggingar dagvistunarstofnana með sölu skuldabréfa eða á annan hátt, er heimilt, að ríkissjóður ábyrgist slík lán allt að hluta ríkissjóðs samkv. 6. gr.

Áætlaður stofnkostnaður dagvistunarheimila skiptist í áætlaðan byggingarkostnað og áætlaðan kostnað stofnbúnaðar. Skal í áætlun þessari miða við þá staðla, sem reglugerð kveður á um varðandi gerð og búnað hvers heimilis. Í áætlun þessari skal miða við byggingarkostnað og verðlag á þeim tíma, þegar áætlun er gerð, og miðast ríkisframlag við áætlaða fjárhæð að viðbætti vísitölu byggingarkostnaðar á bygg-ingartíma.

**16. gr.**

Ráðuneytið skal hafa í þjónustu sinni starfsmann, sem lokið hefur námi í Fósturskóla Íslands eða í sambærilegum skóla og hlotið framhaldsmenntun. Auk þess skal hann hafa reynslu í uppeldisstarfi. Þessi starfsmaður skal athuga allar umsóknir um húsaskipan og rekstur dagvistunarheimila, áður en leyfi er veitt. Ber honum að hlutast til um, að fullnægt sé öllum ákvæðum, sem lög þessi og reglugerðir mæla fyrir um varðandi byggingu og rekstur dagvistunarheimila. Hann skal vera stjórnendum dagvistunarheimila til ráðuneytis um starfsemi heimilanna og annast eftirlit með þeim.

**V. KAFLI****17. gr.**

Forstöðumaður dagvistunarheimilis og starfslið, er annast fósturstörf, skal hafa hlotið fósturmenntun, svo og þeir, sem annast umsjón með dagvistunarheimilum á vegum rekstraraðila.

Heimilt er þó með samþykki ráðuneytisins að víkja frá þessu ákvæði, sé þess enginn kostur að fá fólk með framangreinda menntun til starfs.

**18. gr.**

Læknar skulu hafa eftirlit með heilsufari barna á dagvistunarheimilum. Skal kveða nánar á um það í reglugerð, svo og reglur um heilbrigðiseftirlit með starfsfólki.

Stefnt skal að því, að dagvistunarheimili eigi kost á sálfræði- og ráðgjafarþjónustu. Tengja skal þá þjónustu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu skóla eða félagsmálastofnana, eftir því sem við á í hverju sveitarfélagi.

**19. gr.**

Forstöðumaður dagvistunarheimilis skal halda reglulega fundi með starfsliði um stjórn heimilisins og velferð hvers einstaks barns.

Skýlt er rekstraraðila dagvistunarheimilis að skipuleggja tengsl milli foreldra barnanna og dagvistunarheimilis í því skyni að efla samstarf milli þessara aðila um velferð barnsins.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ríkisframlag til stofnkostnaðar skv. 6. gr. nær eigi til þeirra dagvistunarstofnana, sem þegar eru fullbyggðar. Þeir aðilar, sem hafa dagvistunarstofnanir í byggingu, þegar lög þessi taka gildi, geta sótt til menntamálaráðuneytisins um ríkisframlag til bygginganna. Fullnægi byggingarnar þeim kröfum, sem lög þessi og reglugerðir samkvæmt þeim gera til slíkra stofnana, er heimilt að veita ríkisframlag allt að óskertum þeim styrk, sem gert er ráð fyrir í 6. gr., eftir mati ráðuneytisins og með hliðsjón af því, á hvaða stigi framkvæmdir eru.

**20. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 49/1967, um skólakostnað.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Við síðustu málsgr. 6. gr. laganna bætist:

Nú næst ekki samkomulag um kaup á nauðsynlegu landi undir skólamannvirki, og er þá heimilt að taka það eignarnámi. Fer um slíkt eignarnám eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

**2. gr.**

Upphaf 14. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað, orðist þannig:

Fjárveitingar ríkisins til skólamannvirkja, aðrar en til undirbúnings framkvæmdum, skiptast á tvö til fjögur ár vegna hvernar framkvæmdar. Heildarframlag ríkissjóðs til hvernar framkvæmdar skal vera til reiðu innan fjögurra ára frá því að fyrsta fjárveiting er veitt, önnur en fjárveiting til undirbúnings, sbr. þó 8. gr., og greiðist með sex greiðslum, eftir því sem verkinu þokar áfram, þannig:

**3. gr.**

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Fjárveitingum til þeirra skólamannvirkja, sem samkvæmt gildandi lögum áttu að fá lokaframlag í fjárlögum 1973, má skipta á árin 1973 og 1974.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

**B Ú F J Á R R Æ K T A R L Ö G**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**I. KAFLI**

**Um stjórn búfjárræktarmála, félagskerfi og ráðunautapjónustu.**

**1. gr.**

Landbúnaðarráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefur á hendi æðstu stjórn búfjárræktarmála.

Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með búfjárrækt í landinu og fer með framkvæmd laga þessara fyrir hönd landbúnaðarráðuneytisins.

Búnaðarfélag Íslands annast ráðunautaþjónustu í búfjárrækt og mótar heildarstefnu í ræktun hvernar búfjártegundar. Það hefur umsjón með annarri leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt. Það skal taka við og vinna úr skýrslum búfjárræktarféлага; skipuleggja afkvæmarannsóknir á búfé; reka kynbótastöðvar, sem ná til alls landsins og byggja á notkun djúpfrysts sædis; hafa yfirumsjón með forðagæzlu og sjá um greiðslur á öllum framlögum úr ríkissjóði skv. lögum þessum og hafa eftirlit með notkun fjármunanna.

## 2. gr.

Búnaðarsambönd skulu setja sér samþykkt um tilhögun búfjárræktarmála á sambandssvæðinu. Þar skal, eftir því sem líklegast þykir til árangurs, taka fram:

- a) að búfjárrækt heyri beint undir stjórn búnaðarsambands, eða
- b) að með málefni einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, fari sérstök stjórn kosin af aðalfundi búnaðarsambands og er ábyrg gagnvart honum eða
- c) að verkefni búnaðarsambands á sviði einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, séu falin sérstökum búfjárræktarsamböndum — nautgripa-, sauðfjár- eða hrossaræktarsamböndum, sem starfandi eru eða stofnuð kunna að verða og mynduð eru af búfjárræktar- og búnaðarfélögum og hafa eigin stjórn og sérstök fjármál. Slík sambönd skulu þó jafnan gera hlutaðeigandi búnaðarsamböndum grein fyrir starfsemi sinni og fjárreiðum.

## 3. gr.

Rétt er hreppabúnaðarfélögum að setja sér samþykktir um að vinna að búfjárrækt í hreppnum. Þar skal taka fram:

- a) að búfjárræktarstarfsemi heyri beint undir stjórn búnaðarfélags, eða
- b) að kosnar skuli sérstakar nefndir á aðalfundi búnaðarfélags til að vinna að málafnum einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, eða
- c) að verkefni félagsins á sviði einstakra búfjárræktargreina, einnar eða fleiri, sé falið búfjárræktarfélögum, sem starfandi eru eða stofnuð verða. Eigi verður búfjárræktarfélag — hrossa-, sauðfjár- og nautgriparæktarfélag — löglega stofnað með færri en sex bændum.

Allar búfjárræktarsamþykktir búnaðarsambanda og búnaðarféлага, svo og samþykktir búfjárræktarsambanda, skulu gerðar eftir fyrirmyndum frá Búnaðarfélagi Íslands og öðlast gildi, er staðfestar hafa verið af stjórn þess. Búfjárræktarsamband getur náð yfir fleiri en eitt búnaðarsambandssvæði. Á sama hátt getur búfjárræktarfélag tekið yfir fleiri hreppa en einn. Nú hefur verið staðfest samþykkt búfjárræktarsambands eða búfjárræktarfélags, og renna þá til þeirra framlög þau, er lög þessi mæla fyrir um.

## 4. gr.

Ráðunautaþjónusta í búfjárrækt skal vera sem hér segir:

1. Búnaðarfélag Íslands ræður til sín búfjárræktarráðunauta, einn eða fleiri, á sviði hvernar búfjártegundar, eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til. Þeir skulu hafa lokið kandidatsprófi í búfræði og að auki vera sérmenntaðir í búfjárrækt. Stjórn Búnaðarfélags Íslands setur þeim erindisbréf. Helztu verkefni þeirra eru:
  - a) Að vera stjórn Búnaðarfélags Íslands til ráðuneytis, hver á sínu starfssviði, og vinna fyrir hennar hönd að framkvæmd laga.
  - b) Að móta ræktunarstefnu, hver í sinni grein, í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, og semja þær reglur, er að því lúta.

- c) Að veita forustu leiðbeiningaþjónustu, m. a. með því að fylgjast með hagnýtum nýjungum og niðurstöðum rannsókna og skýrsluhalds og kynna þær héraðsráðunautum og bændum.
- d) Að sækja fundi búfjárræktarsamtaka.
- e) Að gegna störfum aðaldómara á búfjársýningum.
2. Búnaðarsambönd ráða til sín ráðunauta — héraðsráðunauta —, er vinna að eftirliti og leiðbeiningum í búfjárrækt. Þeir skulu hafa lokið kandidatsprófi í búfræði. Búnaðarfélag Íslands samþykkir ráðningu þeirra svo og fjölda þeirra, að áskildu samþykki landbúnaðarráðuneytisins. Heimilt er stjórn búnaðarsambands að haga verkaskiptingu þannig, að sami ráðunautur sinni samhliða verkefnum í búfjárrækt og öðrum búgreinum, s. s. jarðrækt, fiskrækt o. s. frv., enda samþykki Búnaðarfélag Íslands það. Þar sem sérsambönd í búfjárrækt starfa með sjálfstæðum fjarhag, sbr. 2. gr. staflíð c, geta þau ráðið héraðsráðunaut að tilskildum ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar. Tvö eða fleiri búnaðarsambönd geta ráðið til sín ráðunaut sameiginlega, ef henta þykir. Helztu verkefni héraðsráðunauta í búfjárrækt eru þessi:
- a) Að vinna að því, að ákvæðum búfjárræktarlaga sé framfylgt; að búnaðarfélag framfylgi búfjárræktarsamþykktum sínum eða stofnuð séu sérstök búfjárræktarfélag, ef vænlegra þykir til árangurs; aðstoða félagin við starfsemi þeirra, gagnasöfnun og skýrsluhald; sjá um úrvinnslu skýrslna, þar sem þess er þörf, og túlka niðurstöður þeirra.
- b) Að fara um meðal bænda, svo sem við verður komið, skoða búfé þeirra og leiðbeina um kynbætur, fóður og hirðingu, val ásetningsgripa, kaup og sölu kynbótagripa o. s. frv.
- c) Að hafa yfirumsjón með forðagæzlu (sbr. 54. gr.).
- d) Að hafa umsjón með rekstri sæðingarstöðva, uppeldi og afkvæmaprófum kynbótagripa í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands.
- e) Að sækja fundi búnaðar- og búfjárræktarféлага til erindaflutnings og viðræðna við bændur.
- f) Að undirbúa búfjársýningar í samráði við ráðunauta Búnaðarfélags Íslands og gegna aðaldómarastörfum á sýningum, sem haldnar eru á vegum búnaðarsambandsins eða féлага innan þess.

Ríkissjóður greiðir 65% af launum héraðsráðunauta og allt að 65% af ferðakostnaði þeirra, eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Laun þeirra, sem hundraðshluti ríkisins miðast við, skulu samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

## II. KAFLI

### Um nautgriparækt.

#### 5. gr.

Á vegum Búnaðarfélags Íslands skal starfa kynbótanefnd á sviði nautgripa-ræktar. Búnaðarþing kys 4 nefndarmenn úr hópi starfandi héraðsráðunauta í búfjárrækt til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara, en stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir oddamann, og skal hann vera nautgriparæktarráðunautur hjá félaginu.

Verkefni nefndarinnar er að velja þau nauð, sem notuð eru á nautastöðvum, sbr. 8. gr., skipuleggja uppeldi þeirra og notkun og afkvæmarannsóknir á þeim, í því skyni að nýta sem best framfaragetu nautgripastofnsins í landinu í heild.



## 6. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal reka stöð til að framleiða djúpfrost nautasæði til geymslu og sölu. Stöðin aflar nauta til sæðistöku, annast töku sæðis, djúpfrostingu þess, dreifingu á því og nauðsynlegu geymsluafni til þeirra búnaðarsambanda, sem gerast viðskiptaaðilar við stöðina.

Búnaðarþing setur stöðinni samþykktir.

## 7. gr.

- a) Búnaðarsamböndum er skylt að sjá um, að bændur á félagssvæði þeirra eigi ávallt kost á sæði úr kyngóðum nautum, þar sem því verður við komið, og reka þau í því skyni dreifingarstöðvar.
- b) Búnaðarsambönd fá stofnframlag úr ríkissjóði, er nemur  $\frac{1}{3}$  hluta stofnkostnaðar við hverja dreifingarstöð, enda samþykki stjórn Búnaðarfélags Íslands stofnun stöðvarinnar. Framlag þetta má því aðeins veita á fleiri en eina stöð í hverri sýslu, að samþykki landbúnaðarráðherra komi til.  
Stjórn Búnaðarfélags Íslands samþykkir starfssvæði og starfstilhögun hverrar stöðvar. Þar sem fjarlægðir eru miklar eða samgöngur sérlega erfiðar frá dreifingarstöð í einstök einangruð byggðarlög, er stjórn Búnaðarfélags Íslands heimilt að viðurkenna stofnun útibús frá dreifingarstöð, telji hún brýna nauðsyn bera til. Stofnframlag til útibús telst með stofnframlagi dreifingarstöðvar, eins og um eina stöð væri að ræða.
- c) Verði sæðingum ekki komið við, sökum torleiðis eða mikils kostnaðar, skal búnaðarsamband sjá um nautahald í samráði við bændur þá, er hlut eiga að máli, á þann hátt, er hagkvæmast þykir, enda samþykki stjórn Búnaðarfélags Íslands þær ráðstafanir hverju sinni.
- d) Kostnaður við sæðingar kúa og nautahald, þar sem sæðingum verður eigi komið við, greiðist þannig:

## 1. Ríkissjóður leggur árlega fram:

- a) 65% af launum eins sæðingarmanns á dreifistöð og afleysingamanna í orlofum og veikindaförföllum. Skulu laun þeirra, er sá hundraðshluti miðast við, samþykkt af landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Reiknist sæðingargjöld af færri en 300 kúm á dreifistöð á ári, miðast framlagið til launagreiðslu úr ríkissjóði við kr. 500.00 á kú. Sama gildir um útibú.
- b) Kr. 65.00 á hverja sædda kú, svo og þær kýr, sem leiddar eru undir naut, sem notuð eru á vegum búnaðarsambanda, þar sem sæðingum verður eigi við komið.

## 2. Búnaðarsambönd innheimta hjá kúaeigendum:

- a) Gjald af allri innveginni mjólk í mjólkurbúum, er nemi allt að 0.7% af grundvallarverði hennar, eftir ákvörðun stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands. Mjólkurbúum er skylt að halda gjaldi þessu eftir af mjólkurverði og standa búnaðarsambandi mánaðarlega skil á því, enda hafi stjórn búnaðarsambands tilkynnt fyrir 1. des. næsta ár á undan, að hve miklu leyti hún óski að nota þessa heimild.
- b) Gjald á hverja sædda kú, eftir ákvörðun búnaðarsambandsstjórnar. Heimilt er að hafa sæðingargjöld allt að þriðjungum lægri hjá þeim bændum, er halda fullnægjandi skýrslur um kúabú sín, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

## 8. gr.

Ríkissjóður greiðir framlag til rekstrar nautastöðva sem hér segir:

1. 65 hundraðshluta af launum forstöðumanns stöðvar, miðað við sömu laun og ráðherra samþykkir til héraðsráðunauta, og 65 hundraðshluta af launum aðstoðarmanns, miðað við sömu laun og ráðherra samþykkir vegna sæðingarmanna, sbr. 7. gr.
2. Allan aukakostnað, er leiðir af einangrun nauta utan djúpfrystistöðvar, er sauðfjárveikivarnir kunna að ákveða hverju sinni.

## 9. gr.

Búnaðarsambönd og búnaðarfélög, sem fengið hafa búfjárræktarsamþykkir sínar staðfestar af Búnaðarfélagi Íslands, fá árlegt framlag frá ríkissjóði til starfsemi sinnar, er nemur kr. 80.00 á hverja árskú, sem skýrslum er skilað um til Búnaðarfélags Íslands. Framlag þetta skiptist að jöfnu milli þessara aðila.

Séu fitumælingar framkvæmdar sjaldnar en 6 sinnum á ári, lækkar framlagið um 25%.

## 10. gr.

Ríkissjóður greiðir eftirtalin framlög til afkvæmarannsókna á nautum, sem Búnaðarfélag Íslands hlutast til um, sbr. 5. gr.

1. Fari afkvæmarannsóknir fram á afkvæmarannsóknarstöð, greiðast árlega kr. 4 300.00 á hvern grip, sem skráður er í rannsóknina.
2. Fari afkvæmarannsóknir fram á búum einstakra bænda, greiðast allt að kr. 2 000.00 á hvern grip, sem skráður er í rannsóknina.
3. Fari afkvæmarannsóknir fram eftir öðrum leiðum, þ. e. á grundvelli skýrsluhalds nautgriparæktarfélaga, greiðast kr. 20 000.00 á hvert naut, sem afkvæmaþrófað er, enda séu rannsakaðar nægilega margar dætur undan hverju nauti, að dómi kynbótanefndar. Framlag þetta greiðist þó ekki á fleiri en 20 naut árlega.

## 11. gr.

Að tilhlutan Búnaðarfélags Íslands skal halda nautgripasýningar fjórða hvert ár á hverju félagssvæði, enda fullnægi sýnendur skilyrðum um skýrsluhald, sem kveðið er á um í 9. gr. Skal landinu skipt í 4 sýningarsvæði eftir ákvörðun Búnaðarfélags Íslands. Það setur reglur um tilhögun og framkvæmd sýninganna, er haldnar skulu að loknu úrvali á gripum, er héraðsráðunautur innir af hendi. Í reglum þessum skal m. a. kveðið á um skilyrði fyrir mismunandi viðurkenningu gripa, dómstiga og form sýninga. Geti ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt eigi komið því við að gegna dómaraströfum á sýningu, skipar stjórn þess mann í hans stað. Stjórn þess félags, er að sýningunni stendur, tilnefnir tvo meðdómendur. Vegna kostnaðar við sveitasýningar leggur ríkissjóður fram allt að kr. 3.00 á hvern framtalinn nautgrip á sýningarsvæði þess árs gegn jöfnu framlagi úr sveitarsjóðum. Búnaðarsamböndum og nautgriparæktarsamböndum er heimilt, að loknum sveitarsýningum, að halda héraðssýningu á þeim kúm, sem hæstu viðurkenningu hlutu, svo og á dætrahópum einstakra nauta og kúa. Mæli sérstakar ástæður gegn flutningi sýningargripa á einn stað á sama sambandsvæði, má skipta sýningunni á fleiri staði, að fengnu samþykki Búnaðarfélags Íslands. Ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í nautgriparækt er formaður dómnefndar á héraðssýningu, ef við verður komið, ella tilnefnir stjórn félagsins mann í hans stað. Heimahérað leggur til tvo meðdómendur. Hvert búnaðarfélag hefur rétt til að sýna 1 kú fyrir hverjar 100 kýr, sem skýrslum er skilað um, en þó hefur hvert félag rétt til að sýna 2 kýr hið fæsta. Verðlauna má kýr á héraðssýningu, sem hér segir:

## Fyrir afkvæmi:

I. verðlaun (heiðursverðlaun) .....	kr. 15 000.00
II. verðlaun .....	— 7 500.00

## Einstaklingar:

I. verðlaun A .....	— 6 000.00
I. verðlaun B .....	— 5 000.00
I. verðlaun C .....	— 4 000.00

Auk þess sérstök verðlaun fyrir bestu kúna á hverri sýningu kr. 12 000.00. Verðlaun þessi greiðast úr ríkissjóði. Ríkissjóður greiðir helming annars kostnaðar við héraðssýningar, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands þá reikninga.

## 12. gr.

Telji nautgriparræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands ástæðu til að hafa sérstakt eftirlit með einstökum kúabúum, m. a. í þeim tilgangi að sannprófa, hvort þar finnist álitlegar nautsmæður, er heimilt að taka upp slíkt eftirlit. Kemur þá eftirlitsmaður að minnsta kosti 6 sinnum á ári á viðkomandi bú, er viðstaddur mjaltir kvölds og morguns, vegur mjólk úr hverri kú, mælir mjöltun, júgur og spena og tekur sýnishorn til fiturannsókna, allt eftir reglum, er Búnaðarfélag Íslands setur.

Ríkissjóður greiðir framlag til slíks eftirlits á allt að 50 búum á ári, með kr. 2 000.00 á hvert bú.

## 13. gr.

Öll naut, 6 mánaða eða eldri, ber að gelda, gefa inni eða hafa í öruggri vörzlu. Nú sleppur naut og tjón hlýzt af, og ber þá sá ábyrgð á, er vörzluna skyldi annast, og er hann skaðabótaskyldur. Taka má slík naut utan öruggrar vörzlu og fara með sem óskilafænað.

## III. KAFLI

## Um sauðfjárrækt.

## 14. gr.

Í búfjárræktarsamþykkt búnaðarfélags eða samþykkt fjárræktarfélags skal m. a. taka fram:

1. Að hver félagsmaður skuli eiga og halda skýrslur um minnst 12 ær til að teljast virkur félagsmaður.
2. Hvaða upplýsingum skuli safnað um félagsféð, þannig að sem öruggust vitneskja fáiast um erfðaeðli hvers einstaklings.
3. Önnur atriði varðandi félagsstarfið.

## 15. gr.

Búnaðar- eða fjárræktarfélag, sem fengið hefur samþykkt sína staðfesta af Búnaðarfélagi Íslands, fær árlegt framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Kr. 10.00 á hverja skýrslufærða á og kr. 700.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur I. verðlaun, og kr. 3 000.00 á hvern hrút, sem hlotið hefur góðan dóm við afkvæmaprófun eða I. verðlaun á afkvæmasýningu.
2. Séu 80% af ám félagsmanna eða þar yfir á skýrslu, skulu framlögin hækka um 50%. Annist hlutaðeigandi búnaðarsamband uppgjör á skýrslum sauðfjárræktarféлага, skulu 30% af framlögunum samkv. 1. og 2. tölulíð þessarar greinar renna til búnaðarsambandsins, en ella 20%.

## 16. gr.

- a) Heimilt er búnaðarsamböndum, einu eða fleiri, í samvinnu að koma upp sæðingaráræðingum fyrir sauðfé. Stofnun slíkra stöðva er háð samþykki landbúnaðarráðuneytisins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, bæði hvað snertir staðarval og starfssvæði.
- b) Sé stofnun slíkra stöðva samþykkt, greiðir ríkissjóður stofnframlag til þeirra, er nemur  $\frac{1}{3}$  hluta byggingarkostnaðar, þar með talin verkfæri og allur búnaður.
- c) Ríkissjóður greiðir rekstrarframlög til slíkra stöðva, er nemi kr. 25.00 á hverja á, sem sædd er frá stöðinni. Framlög ríkisins til sauðfjársæðingastöðva eru háð því, að Búnaðarfélag Íslands samþykki hrútaval stöðvanna.

## 17. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að taka upp djúpfrystingu á hrútasæði til geymslu og sölu. Búnaðarþing setur reglur um starfsemi þessa og kýs þá jafnframt kynbótanefnd í sauðfjarrækt á sama hátt og í nautgriparrækt, sbr. 5. gr., og með hliðstæðu verksviði og þar er kveðið á um. Framlög úr ríkissjóði vegna dreifingar á því sæði fara eftir ákvæðum 16. gr. þessara laga.

## 18. gr.

Veita má framlag til stofnræktar sauðfjár hjá einstökum bændum eða á ríkisbúum, er nemur kr. 115.00 fyrir hverja á, skýrslufærða í stofnræktun. Aldrei má þó greiða framlag til stofnræktar á fleiri en einu húi í sýslu eða fjárskiptahólfi, nema fleiri sýslur en ein séu í sama hólfi.

Framlag skal því aðeins greitt, að sauðfjarræktarráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands leggi það til og stjórn búnaðarsambands í viðkomandi héraði svo og héraðsráðunautur mæli með, enda greiðist 20% af framlaginu af búnaðarsambandi, en 80% úr ríkissjóði.

Skýlt er þeim, er framlags njóta, að fara að ráðum og hlíta umsjá sauðfjarræktarráðunautar hjá Búnaðarfélagi Íslands um ræktunarstarfið, svo og að skila skýrslum til Búnaðarfélags Íslands samkvæmt fyrirmælum þess.

## 19. gr.

Eigi má láta hrúta ganga lausa frá 5. nóv. til 20. apríl ár hvert. Finnist gæzlaus hrútur á þessu tímabili, er skýlt að taka hann í vörzlu. Tilkynna skal eiganda um hrútinn, svo fljótt sem við verður komið. Skal þá eigandi vitja brútsins eða ráðstafa honum og greiða áfallinn kostnað innan viku frá því, að hann fékk tilkynninguna. Geri hann það ekki, skal fara með hrúfinn sem óskilafé.

## 20. gr.

Búnaðarfélagi Íslands ber að halda hrútasýningar í hverjum hreppi fjórða hvert ár. Landinu skal skipta í fjögur sýningarsvæði og halda sýningar í þeim til skiptis.

Geti sauðfjarræktarráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands ekki mætt á öllum sýningum, tilnefnir stjórn Búnaðarfélags Íslands mann í hans stað.

Stjórn búnaðarfélags tilnefnir tvo meðdómendur og annast undirbúning sýningar.

Þegar liðin eru tvö ár frá reglubundinni sýningu, skal hlutaðeigandi búnaðarsamband boða til sýningar í hverjum hreppi á fjögurra vetra hrútum og yngri. Héraðsráðunautur er oddamaður dómnefndar á þeim sýningum. Tveir meðdómendur skulu tilnefndir af viðkomandi búnaðarfélagi.

Búnaðarfélag eða sauðfjarræktarfélag geta óskað eftir, að árlega sé haldin sýning á veturgömlum hrútum. Ber þá hlutaðeigandi héraðsráðunaut að annast dómaraströf á þeim sýningum, en það félag, sem óskar eftir sýningunni, útvegar sýningarstað.

## 21. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að láta halda afkvæmasýningar fyrir sauðfé annað hvert ár. Á sýningum þessum má aðeins sýna ær og hrúta frá þeim bændum, sem að dómi sauðfjárræktarráðunautar halda fullkomnar ættartölubækur og afurðaskýrslur. Veita skal 1., 2. og 3. verðlaun á hrúta og ær, svo og heiðursverðlaun á hrúta fyrir afkvæmi.

## 22. gr.

Að loknum aðalsýningum fjórða hvert ár samkv. 20. gr. er heimilt að halda héraðssýningar á einstökum hrútum og beztu afkvæmahópum í hverri sýslu eða fjárskiptahólfi.

## 23. gr.

Ríkissjóður leggur fram tvo þriðju hluta verðlauna á sýningum þeim, er um getur í 21. og 22. gr., en búnaðarsamband einn þriðja. Skal framlag ríkissjóðs vera sem hér segir:

Afkvæmaverðlaun á afkvæmasýningum:

a. hrútar:	I. verðlaun	.....	kr. 3 000
	II. verðlaun	.....	— 1 500
	III. verðlaun	.....	— 600
b. ær:	I. verðlaun	.....	— 900
	II. verðlaun	.....	— 400

Enn fremur má veita heiðursverðlaun á hrúta allt að — 8 000

Verðlaun á héraðssýningum á sauðfé:

I. heiðursverðlaun á hrúta	.....	kr. 1 600
I. verðlaun A	.....	— 1 000
I. verðlaun B	.....	— 600
Bezti afkvæmahópur	.....	— 2 500
Bezti hrútur á sýningunni	.....	— 1 600
Sveitaverðlaun fyrir þrjá beztu hrúta- hópa á sýningunni	.....	— 2 000, kr. 1 500 og kr. 1 000.

## 24. gr.

Búnaðarsambönd, sauðfjárræktarsambönd og/eða fjárræktarfélag skulu, í samráði við sauðfjárræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, vinna að afkvæmarannsóknum á hrútum.

Framlag til afkvæmarannsókna greiðist úr ríkissjóði, kr. 150 fyrir hverja á, sem skýrslufærð er í rannsóknum þessum. Eigi mega vera færri en 10 gimbrar í hverjum dætrahóp, er rannsaka skal. Eigi er þó skylt að greiða framlag vegna fleiri hrúta en svo, að hafin sé rannsókn ár hvert á einum hrút fyrir hverjar 3000 framtaldir kindur. Annar kostnaður við rannsóknir þessar greiðist af viðkomandi búnaðarsambandi, sauðfjárræktarfélagi eða eigendum hrútanna, eftir ákvörðun stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands setur, að fengnum tillögum kynbótanefndar, ef stofnuð verður, reglur um fyrirkomulag og framkvæmd þessara afkvæmarannsókna.

Framlag ríkissjóðs greiðist, er skýrslur um starfsemina hafa horizt Búnaðarfélagi Íslands og sauðfjárræktarráðunautur viðurkennt þær.

## 25. gr.

Skylt er sláturleyfishöfum, sem taka á móti dilkum úr afkvæmarannsókn til slátrunar, að láta í té aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar athuganir á föll-

um dilkanna, enda sé þeim gert aðvart um það við gerð áætlana um slátrun í viðkomandi húsi það haust.

#### 26. gr.

Búnaðarfélag Íslands hlutast til um, að geitfjárstofni þeim, er til er í landinu, verði haldið við. Ríkissjóður greiðir þeim bændum, sem eiga geitfé, árlegt framlag, allt að kr. 800.00 á hverja geit, sem þeir hafa á fóðrum, þó ekki fleiri en 200 geitur yfir landið sem heild. Fjölgi geitum umfram það, lækkar framlagið hlutfallslega eftir fjölguninni. Skytt er þeim, er geitfé eiga og framlags njóta, að senda Búnaðarfélagi Íslands árlega skýrslur um geitfjárstofninn, eftir þeim reglum, sem sauðfjarræktarráðunautur hjá félaginu setur.

### IV. KAFLI

#### Um hrossarækt.

#### 27. gr.

Stofna má í hverjum hreppi hrossaræktarfélag með sex bændum eða fleiri, sbr. 3. gr. Samþykkt félagsins er bindandi fyrir alla hrossaeigendur í þeim hreppi, ef í því er meiri hluti þeirra bændna, er hross eiga.

Stjórn félagsins sér um, að árlega séu til afnota fyrir hrossaeigendur nægilega margir stóðhestar, viðurkenndir af hrossaræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands. Hún útvegar girðingar fyrir þá, kemur þeim í fóður, ef með þarf, og sér um annan kostnað, er af starfseminni leiðir, og innheimtir folatolla fyrir því, er á vantar, að opinber framlög nægi fyrir kostnaði.

Starfi ekki hrossaræktarfélag í hreppi vegna lítillar þátttöku eða af öðrum ástæðum, fer búnaðarfélag hreppsins með þessi mál skv. húfjarræktarsamþykkt sinni, annaðhvort stjórn þess eða hrossakynbótanefnd, er aðalfundur félagsins kýs, sbr. 3. gr. Heimilt er þó, að tveir eða fleiri hreppar sameinist um stofnun hrossaræktarfélags, enda geri það árlega stjórnnum búnaðarfélaga þeirra hreppa grein fyrir starfi sínu og fjármálum.

#### 28. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram kr. 15.00 á hvert framtalið hross, gegn jöfnu framlagi frá viðkomandi sveitarsjóði. 20% af þessu fé rennur til hlutaðeigandi hrossaræktarsambands, — búnaðarsambands —, en 80% til hrossaræktarfélags — búnaðarfélags — til að standa straum af kostnaði við framkvæmd 27. gr.

#### 29. gr.

Hrossaræktarfélag fá auk þeirra framlaga, sem um getur í 28. gr., framlag frá ríkissjóði, kr. 200.00 á hverja tamda hryssu, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun sem einstaklingur á svæða-, fjórðungs- eða landssýningum, og leidd er til stóðhests, sem hlotið hefur I. eða II. verðlaun á sömu sýningum.

Framlag þetta hækkar um 50%, ef notaðir eru stóðhestar, sem hlotið hafa I. eða II. verðlaun fyrir afkvæmi, og 100%, ef stóðhesturinn hefur hlotið heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.

#### 30. gr.

Hrossaræktarfélag og búnaðarfélag, sem að hrossarækt vinna, geta myndað með sér samband, er vinnur að kynbótum hrossa á svæði eins eða fleiri búnaðarsambanda og fyrir þeirra hönd, sbr. 2. gr., enda nái sambandið yfir minnst 5 hreppa með 300 hryssum, 4 vetra og eldri.

Búnaðarsamband — hrossaræktarsamband — fær framlög úr ríkissjóði sem hér segir:

1. Kr. 5 000.00 á hvern stóðhest, sem notaður er á vegum sambandsins. Framlag þetta greiðist því aðeins, að hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hafi samþykkt notkun hestsins og sett hafi verið á 6 folöld undan honum það ár, sem framlagið er greitt. Framlagið hækkar um:
  - 20%, þegar notaðir eru stóðhestar, sem hlotið hafa II. verðlaun á sýningum,
  - 40%, ef þeir hafa hlotið I. verðlaun,
  - 60%, ef þeir hafa hlotið II. verðlaun fyrir afkvæmi,
  - 80%, ef þeir hafa hlotið I. verðlaun fyrir afkvæmi og
  - 100%, ef þeir hafa hlotið heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.
 Framlag þetta renni í sérstakan sjóð, er sambandið notar til kaupa, uppeldis og tanningar á stóðhestum.
2. Framlag, er nemur efniskostnaði til girðinga fyrir úrvalsstóðhesta og valdar hryssur og til geymslu á fullorðnum stóðhestum og hestum í uppeldi. Eðlileg þörf hvers sambands fyrir slíkar girðingar skal metin af hrossaræktarráðunaut hjá Búnaðarfélagi Íslands og viðkomandi héraðsráðunaut.
3. 20% af framlagi því, sem greiðist til hrossaræktar, sbr. 29. gr.

### 31. gr.

Óheimilt er að láta stóðhesta, þar með talda hesta, sem ekki hefur verið hægt að vana sökum skapnaðargalla, ganga lausa í heimahögum og afrétti. Verði vart við slíkan hest, ber að handsama hann, ef unnt er, og flytja til hreppstjóra. Takist það ekki, skal það tafarlaust tilkynnt hreppstjóra, sem þegar hlutast til um, að hestinum verði náð. Nú er kært yfir því, að stóðhestur gangi laus, en leit, er hreppstjóri fyrirskipar, ber eigi árangur, og greiðist þá kostnaður við hana af löggæzlufé viðkomandi lögsagnarumdæmis.

Hreppstjóri tekur í sína vörzlu þá stóðhesta, sem til hans eru færðir eða hann lætur handsama, og stendur skil á sanngjarnri greiðslu vegna fyrirhafnar og kostnaðar við töku þeirra. Verði ágreiningur um greiðslu, geta aðilar skotið honum til dómkvaddra manna. Hreppstjóra ber að selja þá stóðhesta, sem þannig eru teknir, á opinberu uppboði, með þeim innlausnarfresti, sem ákveðinn er í viðkomandi fjallskilareglugerð.

### 32. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er heimilt, í samráði við stjórnir hlutaðeigandi búnaðar- og hrossaræktarsambanda, að veita á tilteknum svæðum undanþágu frá ákvæðum um vörzlu stóðhesta, þó aðeins í heimahögum, á tímabilinu frá 1. júní til 30. júní ár hvert, ef hross eru þar svo mörg, að stóðhestahald verður naumast leynt á félagslegum grundvelli, að dómi hessara aðila. Þó verður slík undanþága ekki veitt, nema fyrir liggi umsókn frá hlutaðeigandi hreppsnefnd eða hreppsnefndum og samþykki  $\frac{2}{3}$  hluta bænda, er hross eiga á svæðinu. Undanþága þessi skal endurskoðuð á briggja ára fresti. Verði uppvíst um misnotkun hennar, getur Búnaðarfélag Íslands fellt hana niður fyrirvaralaust. Stóðhestar þessir eru réttláusir utan marka þess svæðis, er undanþágan nær til.

Eigi skulu veitt framlög vegna stóðhesta, sem notaðir eru á þennan hátt, né hryssna, sem hjá þeim eiga að vera.

### 33. gr.

Valdi stóðhestur, sem gengur laus eða sleppur úr vörzlu, tjóni á búfé eða öðrum eigum annarra (en eiganda), er eigandi skaðabótaskyldur, eftir mati dómkvaddra manna, ef ekki næst samkomulag um bætur. Er viðkomandi sveitarsjóður skyldur að inna af hendi bótagreiðslur, ef krafizt er.

## 34. gr.

Halda skal sýningar á kynbótahrossum, einstaklingum og afkvæmahópum, sem hér segir:

- a) Árlegar sýningar hjá búnaðar- eða hrossaræktarfélagum á ungum kynbótahrossum og eldri hrossum, sem ekki hafa fengið I. verðlaun. Ósk um sýningar skal hafa borizt búnaðarsambandi fyrir 1. maí. Búnaðarfélag Íslands tilnefnir oddamann dómnefndar, en búnaðarsamband meðdómendur. Félagið útvegar sýningarstað og ber allan kostnað nema af dómstörfum.
- b) Fjórðungssýningar í hverjum landsfjórðungi þriðja eða fjórða hvert ár.
- c) Landssýningar þriðja eða fjórða hvert ár.

Heimilt er að sameina fjórðungs- og landssýningar fjórðungs- og landsmótum Landssambands hestamannafélaga. Eigi slík samvinna sér stað, bera aðilar kostnað af störfum dómnefndar í hlutfalli við tilnefningu í hana, sem kveðið verður á um í sýningarreglum. Kostnaður við verðlaun á kynbótahross á landssýningum greiðist úr ríkissjóði. Á fjórðungsmótum greiða viðkomandi búnaðarsambönd helming einstaklingsverðlauna á allar hryssur. Að öðru leyti greiðast verðlaun úr ríkissjóði. Búnaðarfélag Íslands ræður og kostar framkvæmdastjóra landsmóts, þegar áður nefnd samvinna á sér stað.

Á vegum Búnaðarfélags Íslands starfar 5 manna sýningarnefnd. Búnaðarþing kýs 2 nefndarmenn úr hópi starfandi héraðsráðunauta. Landssamband hestamannafélaga tilnefnir tvo menn í nefndina, en oddamann skipar Búnaðarfélag Íslands, og skal hann vera hrossaræktarráðunautur hjá félaginu.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands setur, að fengnum tillögum sýningarnefndar, reglur um fyrirkomulag og framkvæmd sýninga, svo sem skipan dómnefnda og forsendur dóma.

## 35. gr.

Verðlaun á sýningum, sem haldnar eru skv. b- og c-lið 34. gr., skulu vera sem hér segir:

## I. Stóðhestar:

## Afkvæmaverðlaun:

Heiðursverðlaun .....	kr. 50	þús.
I. verðlaun .....	— 30	—
II. verðlaun .....	— 20	—
III. verðlaun .....	— 10	—

## Einstaklingsverðlaun:

## 1. aldursflokkur 6 vetra og eldri:

I. verðlaun .....	— 10	—
II. verðlaun .....	— 6	—

## 2. aldursflokkur 4—5 vetra:

I. verðlaun .....	— 8	—
II. verðlaun .....	— 5	—

## 3. aldursflokkur 2—3 vetra:

I. verðlaun .....	— 5	—
II. verðlaun .....	— 3	—

## II. Hryssur:

Heiðursverðlaun .....	— 15	—
I. verðlaun .....	— 10	—
II. verðlaun .....	— 7.5	—
III. verðlaun .....	— 5	—



## Einstaklingsverðlaun:

## 1. aldursflokkur 6 vetra og eldri:

I. verðlaun ..... — 5 —

II. verðlaun ..... — 3 —

## 2. aldursflokkur 4—5 vetra:

I. verðlaun ..... — 4 —

II. verðlaun ..... — 2 —

Eigi má greiða peningaverðlaun á sama verðlaunastigi oftar en tvisvar út á neitt hross, einu sinni á fjórðungssýningu og einu sinni á landssýningu. Lækki hross í verðlaunastiga við endursýningu, greiðast ekki peningaverðlaun.

## 36. gr.

Heimilt er að reka á kostnað ríkissjóðs tvö hrossaræktarþú, sitt í hverjum landsfjórðungi, þar sem fara fram stofnræktun, afkvæmaprófanir, tamning, fódurtilraunir, vaxtarhraðarannsóknir og þ. u. l. Búnaðarfélag Íslands hefur umsjón með búunum, og skulu þau starfa samkvæmt reglum, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess.

Veita má hrossaræktarfélagum, stofnræktarfélagum og einstaklingum framlög til stofnræktar hrossa, ef stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórnir viðkomandi búnaðar- og hrossaræktarsambanda mæla með. Árlegt framlag ríkissjóðs í þessu skyni skal vera kr. 1 000.00 á hverja tamda viðurkennda hryssu, enda hliti sá, er framlags nýtur, ráðum og umsjá hrossaræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands. Aldrei má greiða framlag til ræktunar fleiri en átta stofna samtímis.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að ákveða hámarks- og lágmarkstölu þeirra hryssna, er framlag er greitt á, til einstakra stofnræktaraðila.

Ríkissjóður greiðir árlegt framlag til tamningar á afkvæmahópum undan einstökum stóðhestum, er nemur kr. 3 300.00 á hross á mánuði, ef hesturinn er í eigu hrossaræktarsambands, en kr. 1 650.00, ef hesturinn er í einstaklingseign. Búnaðarfélag Íslands setur að öðru leyti reglur um fyrirkomulag og framkvæmd tamningar og ákveður hámarksfjölda hesta, sem framlag greiðist á árlega.

## 37. gr.

Mynda skal hjá Búnaðarfélagi Íslands sérstakan sjóð, „Stofnverndarsjóð“, í þeim tilgangi að styrkja og lána hrossaræktarsamböndum fé til kaupa á kynbótahrossum, sem annars kynnu að verða seld úr landi.

Til sjóðsins skulu útflytjendur hrossa greiða gjald, er nemi 20% af útflutningsverði ógeltra hesta og 10% af útflutningsverði hryssna.

Búnaðarfélag Íslands setur reglur um starfsemi sjóðsins og fer með stjórn hans.

## 38. gr.

Heimilt er sýslunefndum eða sveitarstjórnnum að ákveða, að öllum hrossaeigendum í þeirra umdæma sé skylt að hafa hross sín í vörzlu allt árið eða tiltekinn hluta þess, nema að því leyti sem leyfilegt er að hafa stóðhross í sameiginlegum afrétti.

## V. KAFLI

## Um svína- og alifuglarækt.

## 39. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðuneytinu að efna til kynbótabús í þessum greinum á bændaskólabúi eða öðru ríkisbúi, eftir því sem bezt þykir henta, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Á kynbótabúinu skal hreinrækta þau hænsna- og svínakyn, sem ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í svína- og alifuglarækt telur rétt að rækta hér á landi. Á búinu skal vera aðstaða til framleiðslu á kynbótahænsnum til sölu.

Færa skal ættar- og afurðaskýrslur yfir svín og alifugla á kynbótabúinu undir eftirliti ráðunautar. Þá skal og gera samanburðartilraunir um fóðurþörf og afurðagetu hinnar ýmsu kynja.

#### 40. gr.

Kynbótabúið hefur rétt til að flytja inn útungunaregg til kynbóta eða tilrauna, enda sjái ráðunauturinn um, að búið fullnægi óskum alifuglaeigenda um að hafa til sölu fugla af þeim kynjum, sem óskað er eftir og reynsla hefur sýnt, að hentug séu til ræktunar hér á landi.

#### 41. gr.

Halda má einstaklings- og afkvæmasýningar fyrir svín og alifugla. Verðlaun á sýningum greiðast úr ríkissjóði eftir nánari fyrirmælum, sem ráðherra setur í reglugerð eftir tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

### VI. KAFLI

#### Um hundarækt.

#### 42. gr.

Búnaðarfélag Íslands sér um, að í landinu sé ræktað fjárhundakyn, eitt eða fleiri. Sauðfjárræktarráðunautur félagsins annast þetta verkefni fyrir hönd þess.

#### 43. gr.

Heimilt er Búnaðarfélagi Íslands að semja við einstaklinga um að rækta, ala upp og venja hreinkynja fjárhunda, eftir fyrirmælum félagsins og undir eftirliti þess, nema hentara þyki að stofna hundabú í eigu félagsins í þessu skyni. Enn fremur skal í tengslum við starfsemi þessa leiðbeina um tamningu og notkun fjárhunda, eftir því sem við verður komið.

### VII. KAFLI

#### Um loðdýrarækt.

#### 44. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast leiðbeiningar í loðdýrarækt varðandi fóðrun, kynbætur og önnur atriði, er loðdýrarækt varða og ekki er kveðið á um í lögum um loðdýrarækt, nr. 68 1969.

#### 45. gr.

Til að annast þau störf, er um getur í 44. gr., ræður Búnaðarfélag Íslands til sín ráðunaut í loðdýrarækt, þegar fé er veitt til. Hann skal jafnframt vera félagslegur ráðunautur samtaka loðdýraræktenda, sbr. 24. gr. reglugerðar um loðdýrarækt frá 16. nóv. 1969.

### VIII. KAFLI

#### Um æðarrækt.

#### 46. gr.

Búnaðarfélag Íslands annast leiðbeiningastörf um ræktun og hirðingu æðarvarps. Skal eftir föngum leiðbeina um umhirðu varps, myndun nýrra varpstöðva, meðferð dúns, eyðingu vargs og önnur þau atriði, er að gagni mega koma við nýtingu þessara hlunninda.

## 47. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er heimilt að koma upp í tilraunaskyni útungunar- og uppeldisstöð fyrir æðarunga.

## IX. KAFLI

## Um ræktun erlendra búfjarkynja og blöndun þeirra við innlent búfé.

## 48. gr.

Búfé af erlendum kynjum, sem flutt hefur verið til landsins samkvæmt lögum um innflutning búfjár, nr. 74 23. apríl 1962, sbr. lög nr. 19 19. apríl 1972, og einangrað hefur verið á sóttvarnarstöð ríkisins nægilega lengi samkvæmt ákvæðum sömu laga, skal hagnýtt sem hér segir:

1. Landbúnaðarráðuneytið sér um, að aðstaða verði á einu eða fleiri ríkisbúum eða tilraunabúum til að mynda búfjarkyn eða kynbæta þau, sem fyrir eru í landinu, með endurtekinni notkun búfjarsæðis frá sóttvarnarstöðinni, eða semur við eitt eða fleiri búnaðarsambönd eða búfjarræktarsambönd um að taka að sér viðfangsefni þetta. Leita skal umsagnar og tillagna Búnaðarfélags Íslands um staðarval og alla tilhögun.
2. Heimilt er bændum að vinna að myndun búfjarkynja með endurtekinni notkun búfjarsæðis frá sóttvarnarstöðinni, enda hliti þeir fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands um allt, er varðar framkvæmd ræktunarinnar.
3. Heimilt er, að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, að láta bændum í té búfjarsæði frá sóttvarnarstöðinni til einblendingsræktunar og framleiðslu sláturgripa, svo og til ásetnings.

## 49. gr.

Skýlt er sóttvarnarstöðinni að hafa samráð við búfjarræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands um dreifingu búfjarsæðis frá stöðinni, svo og að safna skýrslum um sædda gripi samkvæmt fyrirmælum þeirra. Þeir skera úr um það, hver í sinni grein, úr hvaða karldýrum á sóttvarnarstöðinni nota skuli sæði til frjóvgunar tiltekinnar kvendýra á búum þeim, sem vinna að kynbótum og myndun kynja samkv. 1. og 2. tölulið 48. gr.

Á búum þessum ber að hlíta fyrirmælum búfjarræktarráðunauta Búnaðarfélags Íslands um, hvernig vinna skuli að myndun hins nýja kyns eða kynja, merkingu gripanna og ættbókarfærslu. Búin senda árlega Búnaðarfélagi Íslands skýrslu um starfsemina á eyðublöðum, sem félagið lætur þeim í té.

Ráðunautum eða fulltrúum þeirra ber að hafa nákvæmt eftirlit með ræktunarsstarfinu, skoða árlega kynblendingsgripi á kynbótabúunum, fylgjast með merkingu þeirra, ættbókarfærslu og skýrsluhaldi. Þeir skulu dæma gripina, lýsa ræktun þeirra og skrá athugasemdir sínar í gerðabók.

## 50. gr.

Þegar ráðunautur telur ræktun gripa af nýju kyni svo langt á veg komna, að ávinningur sé að nota þá til einblendingsræktunar, viðurkennir hann gripina hæfa til slíkrar notkunar utan kynbótabúsins. Aðra gripi af erlendum kynjum á kynbótabúinu má eigi selja til lífs eða nota utan þess, nema samþykki ráðunautar komi til, og þá aðeins til búa, er starfa samkvæmt ákvæðum 1. og 2. töluliðs 48. gr.

Noti sæðingarstöðvar eða búfjarræktarfélag kynblendingsgripi, sem ekki hafa hlotið viðurkenningu ráðunautar, til einblendingsræktunar, skulu framlög ríkissjóðs, samkvæmt lögum þessum, eigi greidd vegna notkunar slíkra gripa.

Heimilt er búnaðarsamböndum, búfjarræktar- og nautgriparæktarsamböndum að setja sér samþykktir, er kveði nánar á um blöndun erlendra búfjarkynja við hina

innlendu stofna. Samþykktir þessar ber að senda Búnaðarfélagi Íslands, og öðlast þær gildi, er stjórn þess hefur samþykkt þær.

#### 51. gr.

Telji ráðunautur, að innlent búfjárkyn sé blandað erlendu á þann hátt, að hætta sé á, að spillt sé kostum hins innlenda kyns, leggur hann málið fyrir stjórn Búnaðarfélags Íslands. Fallist stjórnin á rökstuðning ráðunautarins, felur hún honum að loka ættbók hins innlenda búfjárkyns til að halda því hreinu.

#### 52. gr.

Meðan lög nr. 74 frá 28. apríl 1962, sbr. lög nr. 19 19. apríl 1972, koma ekki til framkvæmda, er heimilt að nota til einblendingsræktunar gripi af holdanautastofni þeim, sem til er í landinu, að fengnu leyfi Búnaðarfélags Íslands hverju sinni.

Þá skal landbúnaðarráðherra hlutast til um, að komið verði á fót sérstöku búi, þar sem ræktað sé úrval af þessum stofni. Búið standi undir umsjá og eftirliti Búnaðarfélags Íslands.

### X. KAFLI

#### Um forðagæzlu.

#### 53. gr.

Í hverjum hreppi skal vera forðagæzlumaður, einn eða fleiri, er hafi eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu. Hreppsnefnd kýs eða ræður þá að loknum hreppsnefndarkosningum hverju sinni til næstu fjögurra ára og jafnmarga til vara. Skal þess jafnan gætt að velja til þess menn, sem þekktir eru að gætilegum ásetningi og góðri meðferð búfjár.

Starfi fóðurbirgðafélag í hreppnum, er hreppsnefnd heimilt að fela því framkvæmd forðagæzlumála, enda ráði stjórn þess forðagæzlumann.

Bæjarstjórnir geta, í samræmi við ákvæði 1. málsgr., ráðið forðagæzlumann til þess að annast störf forðagæzlumanna samkvæmt þessum lögum, en bæjarstjórn er þetta aðeins skylt, ef Búnaðarfélag Íslands mælir svo fyrir. Bæjarstjórn, sem eigi ræður forðagæzlumann, skal á hverju hausti láta í té skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, í því formi, sem Búnaðarfélag Íslands ákveður. Ákvæði þessarar málsgr. taka einnig til borgarstjórnar Reykjavíkur.

#### 54. gr.

Búnaðarsambönd hafa á hendi eftirlit með forðagæzlu og fóðrun, hvert á sínu sambandssvæði, og annast ráðunautar sambandsins það, svo sem við verður komið.

Nú annar ekki ráðunautur starfsemi að fullu vegna annarra verkefna, og ræður þá stjórn sambandsins hæfan mann honum til aðstoðar. Stjórnin semur við aðstoðarmenn um þóknun, og greiðist hún að 65 hundraðshlutum úr ríkissjóði og 35 hundraðshlutum af búnaðarsamböndum.

#### 55. gr.

Skylt er forðagæzlumanni að fara minnst tvær ferðir um umdæmi sitt til eftirlits vetur hvern. Skal fyrri ferðinni lokið fyrir 1. nóvember og hinni síðari fyrir lok aprílmánaðar. Skal hann athuga vandlega um tölu búfjár á hverjum stað, húsakost þess, fóðurbirgðir, hirðingu, fóðrun og ganga úr skugga um, að fóðurbirgðir þær séu fyrir hendi, sem búfjáreigandi telur sig hafa.

Þegar að lokinni skoðun ber forðagæzlumaður niðurstöður sínar undir trúnaðarmann búnaðarsambandsins. Komi í ljós, að búfjáreiganda skorti hús eða fóður fyrir fénað sinn, vanfóðri hann eða vanhírði, skal forðagæzlumaður tilkynna það

sveitarstjórn þegar í stað. Er þá sveitarstjórn skylt að aðvara þegar þann, er hlut á að máli, og gefa honum einnar viku frest til úrbóta. Hafi hann að þeim tíma liðnum ekki gert þær ráðstafanir, sem sveitarstjórn eða trúnaðarmaður búnaðarsambandsins telur fullnægjandi, ber sveitarstjórn að útvega honum fóður, ráðstafa fénaði hans til fóðrunar eða lóga, ef ekki er annars úrkosta.

Búfjáreigandi sá, er hlut á að máli, ber allan kostnað af þessum ráðstöfunum. Skylt er sýslumanni að veita sveitarstjórn stuðning við þessar framkvæmdir, ef með þarf.

#### 56. gr.

Þegar eftir að forðagæzlumaður hefur lokið skoðun að hausti, gerir hann skýrslu um tölu búfjár, fóðurforða, fyrningar og fóðurþörf, svo og um uppskerumagn garðávaxta, á eyðublaði, er Búnaðarfélag Íslands lætur í té. Skal eyðublað þetta gert í samráði við Hagstofu Íslands, er séu heimil afnot forðagæzluskýrslna til úrvinnslu. Forðagæzluskýrsla skal gerð í þríriti, og heldur forðagæzlumaður einu eintaki hennar til eigin nota og varðveizlu, eitt eintak gengur til viðkomandi búnaðarsambands og varðveitist þar, en hið þriðja skal sent Búnaðarfélagi Íslands þegar að lokinni haustskoðun með undirskriftum bæði forðagæzlumanns og trúnaðarmanns viðkomandi búnaðarsambands. Hinn síðarnefndi skal hlutast til um, að skýrslur séu rétt gerðar og að þeim sé skilað fullnum á tilskildum tíma.

Þegar forðagæzlumaður fer um umdæmi sitt til skoðunar síðari hluta vetrar, sbr. 1. málsg. 55. gr., skal hann rita athugasemdir um fóðurbirgðir og ástand búpenings á skýrslu sína frá s. l. hausti og tilkynna Búnaðarfélagi Íslands niðurstöður skoðunarinnar, hvort tveggja samkvæmt nánari fyrirmælum félagsins.

Sveitarstjórn semur um þóknun fyrir forðagæzlu, og greiðist hún úr sveitar-sjóði.

#### 57. gr.

Búnaðarfélag Íslands og/eða landbúnaðarráðherra geta krafist sveitarstjórnir, hvenær sem er, um skýrslur varðandi fóðuröflun og fóðurbirgðir.

#### 58. gr.

Vilji búfjáreigandi eigi hlíta ráðstöfunum forðagæzlumanns eða sveitarstjórnar eða hefur þær að engu, en fénaður hans liður eða fellur sakir fóðurskorts, hirðuleysis eða harðýðgi, að álitu forðagæzlumanns eða trúnaðarmanns búnaðarsambandsins, er þessum aðilum skylt að tilkynna það sýslumanni tafarlaust, ásamt öllum málavöxtum.

#### 59. gr.

Sá, er sekur verður um illa meðferð á skepnum, samkvæmt 58. gr., skal sæta sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 100 000.00 eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Vanræki forðagæzlumaður eða sveitarstjórn að gera sýslumanni aðvart um ómannúðlega meðferð á skepnum, sem þessir aðilar verða áskynja um, varðar það sektum.

### XI. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 60. gr.

Verði teknar upp sæðingar fleiri búfjártægunda en sauðfjár og nautgripa, greiðir ríkissjóður til þess framlag, sem landbúnaðarráðherra ákveður, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

#### 61. gr.

Búnaðarfélag Íslands lætur gefa út prentaðar allar reglur, er það setur og móta stefnu þess í ræktun einstakra búfjártægunda, sbr. 1. gr., svo og reglur um tilhögun sýninga og búfjárdóma.

Ráðunautar félagsins færa ættbækur um íslenzk búfjáarkyn, eftir þeim reglum, er um það verða settar.

## 62. gr.

Á framlög þau, er ákveðin eru í lögum þessum, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1970. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands, og reiknar hún hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs.

## 63. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, reglugerð, er kveður nánara á um framkvæmd þessara laga.

## 64. gr.

Verði ágreiningur um skilning á ákvæðum þessara laga, sker landbúnaðarráðherra úr, og er það fullnaðarúrskurður. Ákvæði laga þessara varðandi hreppa og hreppsnefndir taka og til bæjarfélaga og bæjarstjórna að breyttu breytanda.

## 65. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum, kr. 10 000.00 til kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum. Sektarfé rennur í sjóð þess búnaðarfélags, þar sem brot var framið.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

## 66. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 21 frá 24. apríl 1965.

## Ákvæði til bráðabirgða:

Búnaðarsamböndum er heimilt að innheimta á árinu 1973 gjald af innveginni mjólk samkv. a-lið 2. tölul. d-liðar 7. gr., enda tilkynni stjórn búnaðarsambands það með mánaðar fyrirvara.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 54 20. apríl 1954, um orkuver Vestfjarða.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laga nr. 54 20. apríl 1954 orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að fela Rafmagnsveitum ríkisins að virkja Dynjandisá eða Mjólká í Arnarfirði til raforkuvinnslu í orkuverum með allt að 10 000 kíló-

watta framleiðslugetu og gera nauðsynlegar ráðstafanir á vatnasvæði áнна til að tryggja rekstur þeirra. Enn fremur að leggja aðalorkuveitur frá raforkuverunum um Vestfirði.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Magnús Kjartansson.*

## L Ö G

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Grýtubakkahreppi jörðina Grenivík, eyðibýlið Svæði og nýbýlið Höfðabrekku og Borgarneshreppi hluta af landi Borgar.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grýtubakkahreppi í Suður-Dingeyjarsýslu jarðirnar Grenivík (að undanteknum 7 ha., sem eru eign hafnarsjóðs), Svæði og Höfðabrekku í sama hreppi.

Ríkisstjórninni er enn fremur heimilt að selja Borgarneshreppi þann hluta lands Borgar í Borgarhreppi, sem er sunnan Þjóðvegarsins vestur á Snæfellsnes.

Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það metið af dómkvöddum mönnum. Jarðirnar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

---

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 44 1971, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Hafnarfjarðarkaupstað hluta af landi jarðarinnar Dysja í Garðahreppi og Dalvíkurhreppi jörðina Háagerði í Dalvíkurhreppi.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarkaupstað ca. 16.5 ha. af landi jarðanna Dysja og Pálshúsa í Garðahreppi, þ. e. þann hluta jarðanna, sem fellur undir skipulag nýs byggðahverfis í Hafnarfirði.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður leggur árlega fram 10 millj. króna á árunum 1974—1983, sem ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupstöðum og kauptúnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*



## L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 22. marz 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað „ársfjórðungslega“ í a-lið 9. gr. komi: mánaðarlega.

## 2. gr.

Á eftir 1. mgr. 14. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi, en 2. mgr. verði 3. mgr.:

Nú eru ekki gerð skil á ársreikningum sveitarfélags, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 29. marz 1961, og greiðist því sveitarfélagi þá ekki framlag samkv. 1. mgr., fyrr en skil hafa verið gerð.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

## L Ö G

um Jafnlaunaráð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf.

## 2. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Gildir þetta ekki aðeins um launagreiðslur, heldur um hvers konar greinarmun, útilokun eða forréttindi vegna kynferðis. Óheimilt er að skerða jafnrétti kynjanna til atvinnuráðningar og skipunar í starf, hlunninda, vinnuskilyrða og hækkunar í starfi.

## 3. gr.

Setja skal á stofn Jafnlaunaráð. Hefur það aðsetur í Reykjavík, og er starfs svið þess landið allt.

Jafnlaunaráð skal skipað 5 mönnum til þriggja ára í senn, og skulu þeir ásamt varamönnum skipaðir þannig: einn skipaður af Hæstarétti og er hann formaður ráðsins og skal hafa lokið embættisprófi í lögum, einn skipaður af félagsmálaráðherra að fengnum tillögum Námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum við Háskóla

Íslands, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands og einn skipaður af Vinnuveitendasambandi Íslands.

Kostnaður við Jafnlaunaráð greiðist úr ríkissjóði.

#### 4. gr.

Verkefni Jafnlaunaráðs er að:

1. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum, er varða jafnrétti með konum og körlum í kjaramálum og við ráðningu eða skipun til starfs.
2. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang þessara laga.
3. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks svo og aðra þá aðila, sem kjaramál snerta, svo að stefnu og markmiði laga þessara verði náð með sem eðlilegustum hætti.
4. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum, hver brögð kunna að vera að misrétti í kjaramálum að því leyti, er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum svo og félagssamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnlaunaráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
5. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum laga þessara og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni málsskjöl til þeirra aðila, sem málið snertir.

#### 5. gr.

Nú telur Jafnlaunaráð, að starfskjör tiltekins starfsmanns fari í bága við fyrir-mæli 1. og 2. gr., og heinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar breytingar á starfskjörum til viðkomandi atvinnurekanda.

Fallist atvinnurekandinn ekki á tilmæli ráðsins, er ráðinu heimilt, í samráði við starfsmanninn, að höfða mál í umboði hans til viðurkenningar á rétti hans.

#### 6. gr.

Þegar héraðsdómari fer með mál út af brotum á lögum þessum, kveður hann til tvo meðdómendur úr hópi 24 manna, sem félagsmálaráðherra tilnefna. Skulu þeir tilnefndir til fjögurra ára.

Meðdómendur skulu vera lögráða.

Tilnefna skal öðrum fremur menn, sem hafa viðtæka þekkingu á kjaramálum launþega og jafnréttismálum. Taka skal tillit til húsetu þannig, að nægilega margir meðdómendur séu tiltækir í hverjum landshluta.

Þegar sérstaklega stendur á, getur dómari nefnt í dóm aðra en þá, sem ráðherra hefur tilnefnt.

#### 7. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð, að fengnum tillögum Jafnlaunaráðs.

#### 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

## L Ö G

## um fangelsi og vinnuhæli.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkið skal eiga og reka öll fangelsi hér á landi.  
Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn fangelsamála.

## 2. gr.

Fangelsi skiptast í eftirtalda flokka:

1. Ríkisfangelsi.
2. Vinnuhæli.
3. Unglingavinnuhæli.
4. Fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga.

## 3. gr.

Dómsmálaráðherra skal ákvarða, hvar byggja skal ríkisfangelsi. Því skal eftir nánari ákvörðun dómsmálaráðherra m. a. skipt í eftirtaldar deildir: einangrunarfangelsi, öryggisgæzludeild, geðveilladeild, varðhald, gæzluvarðhald og móttökudeild. Í reglugerð skal kveðið á um skiptingu ríkisfangelsis í sjálfstæðar rekstrar-einingar.

Í einangrunarfangelsið skal setja þá refsifanga, sem sekir gerast um stórfelld eða ítrekuð brot gegn reglum annarra fangelsa eða fangelsisdeilda.

## 4. gr.

Vinnuhæli skulu rekin fyrst um sinn að Litla-Hrauni í Árnessýslu og Kvíabryggju á Snæfellsnesi. Í vinnuhælunum skal fullnægja fangelsisrefsingum að því leyti, sem ekki er nauðsynlegt að vista refsifanga í deildum ríkisfangelsisins eða þeir aldurs vegna skulu dvelja í unglíngavinnuhæli.

## 5. gr.

Unglingavinnuhæli skal reka fyrir allt að tuttugu og fimm fanga, og skal þar fullnægja fangelsisrefsingum þeirra, sem við dómsuppsögn hafa eigi náð tuttugu og tveggja ára aldri. Dómsmálaráðherra getur þó ákveðið, að einstakir fangar, sem fangelsisdóm hafa hlotið á ofangreindum aldri, skuli vistaðir í öðrum fangelsum. Skal um vinnuhæli þetta fara svo sem ákveðið er í 43. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

## 6. gr.

Fangelsi til geymslu handtekinna manna og gæzluvarðhaldsfanga skulu að jafnaði rekin í tengslum við lögreglustöðvar, og skal þar vista menn, sem lögreglan handtekur, svo og gæzluvarðhaldsfanga.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvar slík fangelsi skuli byggð, og ber sveitarfélagi þá að leggja til lóð undir bygginguna, ríkissjóði að kostnaðarlausu.

Dómsmálaráðherra ákveður og, um hversu langan tíma heimilt er að geyma í slíkum fangelsum gæzluvarðhaldsfanga, og sömuleiðis getur hann ákveðið, að fenginni umsögn viðkomandi héraðslæknis, að heimilt sé að láta afplána varðhaldsrefsingu í slíkum fangelsum, og þá um hve langan tíma.

## 7. gr.

Þeir, sem úrskurðaðir eru samkvæmt framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947, og lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 6. apríl 1971, til að vinna af sér meðlag eða barnalífeyri, skulu vistaðir á vinnuhæli eða unglíngavinnuhæli, eftir því sem aldur þeirra segir til um.

## 8. gr.

Í vinnuhælum er vinnuskvlda fyrir fanga, og skal þar séð fyrir nægu húsrými til vinnuáðstöðu fyrir fanga. Þar skal vera aðstaða og tæki til fjölbreyttrar vinnu og til kennslu, bæði bóklegrar og verklegrar.

Fangar skulu fá greidd laun fyrir vinnu sína í hælunum, og setur dómsmálaráðherra reglur um vinnuna og launagreiðslur, og skal taka tillit til arðsemi vinnunnar og launa á almennum vinnumarkaði við ákvörðun launa. Heimilt er dómsmálaráðherra að ákvarða með reglugerð, að ákveðinn hundraðshluti af launum fanga fari í skyldusparnað, og skal sú upphæð, sem þannig sparast, annaðhvort renna til fjölskyldu fangans eða afhendast honum að lokinni afplánun refsingar. Setja skal nánari reglur um framkvæmd þessa í reglugerð.

Föngum í vinnuhælum skal séð fyrir aðstöðu til tómstundaiðkana, eftir því sem við verður komið á hverjum stað.

## 9. gr.

Í unglíngavinnuhælum skal skapa aðstöðu á svinaðan hátt og í öðrum vinnuhælum, en þar skal leggja sérstaka áberzlu á aðstöðu til bóklegrar og verklegrar kennslu.

## 10. gr.

Afplánun fangelsisrefsingar skal jafnan hefjast í ríkisfangelsi, þar sem fram skal fara lækni skoðun á fanganum og aðstaður að öðru leyti metnar, og síðan tekur dómsmálaráðherra ákvörðun um, í hvaða stofnun fangi skuli vistaður.

## 11. gr.

Við hverja stofnun samkvæmt 1.—3. tl. 2. gr. skal vera sérstakur forstöðumaður, sem ráðherra skipar. Skipa skal öðrum fremur lögfræðing eða félagsráðgjafa, og skulu þeir sérstaklega hafa kynnt sér fangelsismál. Skal hann sjá um daglegan rekstur stofnunarinnar undir yfirstjórn dómsmálaráðherra. Ráðherra er heimilt að skipa þriggja manna stjórnarnefnd við hverja stofnun sér til aðstoðar við yfirstjórn stofnunarinnar. Stjórnarnefndir skulu skipaðar til þriggja ára í senn.

## 12. gr.

Við hverja stofnun, þar sem afplánun fangelsisrefsingar fer fram, skal veitt almenn lækniþjónusta, og þar skal starfa, eftir því sem tæk eru á hverju sinni, sérlært starfslíð, svo sem geðlæknir, sálfræðingur, félagsráðgjafi og prestur.

## 13. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður nánar staðsetningu fangelsa og gerð þeirra og setur reglugerð um rekstur þeirra.

## 14. gr.

Starfrækja skal sérstaka stofnun til þess að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða leystir úr fangelsi með skilyrðum. Skal stofnunin í starfi sínu hafa samvinnu við félagsmálastofnanir, eftir því sem við á.

**15. gr.**

Veita skal úr ríkissjóði 15 milljónir króna á ári hverju hið minnsta til byggingar fangelsa og vinnuhæla. Þar til lokið er við að koma upp og fullgera þær stofnanir, sem falla undir 1.—3. tölulið 2. greinar.

**16. gr.**

Meðan ríkisfangelsi er ekki fullbyggt, skal vista þá, sem vista ætti í hinum ýmsu deildum þess, í þeim fangelsum, sem til eru á hverjum tíma, eftir því sem aðstæður leyfa.

Þar til unglíngavinnuhæli hefur verið stofnað, skal vista unglínga í öðrum fangelsum. Skal þá eftir aðstæðum tekið tillit til aldurs þeirra og ferils.

Þar til komið hefur verið upp þeim deildum ríkisfangelsis, sem ætlaðar eru fyrir móttökudeild, gæzluvarðhald og varðhald, skal reka hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík og fangelsi í húsnæði við Síðumúla í Reykjavík, og skal í þeim fangelsum heimilt að vista hvers konar fanga. Skal umsjón hegningarhússins vera í höndum sakadómaraembættisins í Reykjavík á sama hátt og verið hefur, unz það verður lagt niður.

**17. gr.**

Frá 1. janúar 1973 greiðist kostnaður við rekstur héraðsfangelsa úr ríkissjóði. Frá sama tíma skulu gilda um húsnæði, tæki og búnað héraðsfangelsa ákvæði 14. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

**18. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 15. marz 1961, um ríkisfangelsi og vinnuhæli, lög nr. 21 15. marz 1961, um héraðsfangelsi, og tilskipun frá 4. marz 1871, um byggingu hegningarhúsa og fangelsa á Íslandi m. fl.

*Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

**FORSETA BRÉF**

**um þinglausnir.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi, 93. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

*Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

30. apríl 1973.

97

Nr. 40.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um niðurfærslu verðlags o. fl.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Viðskiptaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að tryggja strax lækkun á verðlagi vöru og þjónustu með hliðsjón af þeirri hækkun á gengi íslenzkrar krónu, sem tók gildi 30. apríl 1973, til þess að draga úr vixlhækkunum verðlags og kaupgjalds.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. grein stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

#### 1. gr.

Heildsöluverð og smásöluverð á öllum vörum og á þjónustu (sbr. 6. gr.) skal við gildistöku laga þessara lækka um 2%. Þó skulu innfluttar vörur, sem eru þá í birgðum hjá innflytjanda og eru ógreiddar, þegar í stað lækka til samræmis við hið nýja gengi krónunnar. Skal innflytjandi senda verðlagsskrifstofunni nýja verðútreikninga yfir þessar vörur. Jafnframt skal verð þjónustu, sem reiknuð er í erlendum gjaldeyri, svo sem farmgjöld og fargjöld milli landa, lækka í íslenzkum krónum til samræmis við gengishækkunina.

Lækkun sú á verði vöru og þjónustu, sem kveðið er á um í þessum lögum, skal koma til framkvæmda eigi síðar en 7. maí 1973.

Ákvæði laga þessara taka ekki til vöru, sem seld er úr landi.

#### 2. gr.

Ákvæði 1. málsg. 1. gr. taka til allra vörubirgða fyrirtækja í vörudreifingu, iðnaði og hvers konar annarri atvinnustarfsemi, á þeim tíma, er lög þessi taka gildi.

#### 3. gr.

Iðnaðarvara framleidd eftir gildistöku þessara laga skal seld á því verði, sem hefði verið ákveðið á henni í samræmi við ákvæði 1. gr., ef hún hefði verið í birgðum á gildistökutíma laganna, nema verðlagsnefnd heimili verðhækkun.

Verð á þjónustu, sem lækkuð hefur verið, í samræmi við ákvæði 1. gr. laganna, má ekki hækka, nema hverju sinni liggi fyrir samþykki verðlagsnefndar eða annars hlutaðeigandi yfirvalds.

Ákvæði 1. gr. taka ekki til verðlagningar á vöru, sem fyrirtæki fær til endursölu eftir gildistöku þessara laga, enda hafi þegar átt sér stað 2% lækkun á söluverði hennar eða komin sé fram verðlækkun á henni vegna gengishækkunar.

A 13

**4. gr.**

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal þegar eftir gildistöku þessara laga reikna og auglýsa 2% lækkun á útsöluverði allrar búvöru, sem gildir þar til auglýst er nýtt útsöluverð samkvæmt þar um gildandi reglum.

**5. gr.**

Verðlagsnefnd eða annað yfirvald, sem fer með verðlagsmál, getur, þegar sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr., svo sem þegar veruleg, óhjákvæmileg verðhækkun hefur ekki enn komið fram í útsöluverði, eða þegar vinnulaun eru yfirgnæfandi hluti af útsöluverði þjónustu.

Við niðurfærslu þá á verði vöru og þjónustu, sem kveðið er á um í þessum lögum, má láta verð standa á heilum krónum eða tugum ára eftir reglum, sem verðlagsnefnd setur.

**6. gr.**

Ákvæði 1. gr. taka til allrar þjónustu, sem er söluskattskyld, og auk þess til afnotagjalda hljóðvarps og sjónvarps, og rafmagns- og hitaveitugjalda.

**7. gr.**

Ríkisstjórnin sker úr ágreiningsatriðum, er upp kunna að koma við framkvæmd á ákvæðum 1.—6. gr. í þessum lögum, og eru úrskurðir hennar fullnaðarúrskurðir.

**8. gr.**

Verðlagsnefnd og aðrir opinberar aðilar, sem fara með ákvörðunarvald í verðlagsmálum, sjá um framkvæmd þessara laga, og skulu þeir beita öllum tiltækum ráðum til að tryggja það, að verðlækkunaráhrif gengishækkunar þeirrar, sem ákveðin hefur verið, komi fram að fullu og sem fyrst.

**9. gr.**

Við ákvörðun á kaupgreiðsluvísitölu fyrir júní—ágúst 1973 skal miða við 2% lægra verð á vöru og þjónustu en tekið var á skýrslu í maíbyrjun 1973 til útreiknings á vísitölu framfærslukostnaðar í þeim mánuði. Þetta tekur þó ekki til vöru og þjónustu, sem vegna undanþáguákvæða 5. gr. heldur óbreyttu verði. Undanþágur veittar samkvæmt téðri lagagrein skulu tilkynntar kauplagsnefnd fyrir 15. maí 1973.

Nú leiðir nýákveðin gengishækkun af sér verðlækkun umfram 2% á vöru, sem er með fastskráðu verði, og skal þá tekið tillit til þeirrar verðlækkunar við ákvörðun kaupgreiðsluvísitölu fyrir júní—ágúst 1973, enda sé hún staðfest af verðlagsstjóra og tilkynnt kauplagsnefnd fyrir 15. maí 1973. Sama gildir, ef verðlagsstjóri staðfestir fyrir lok þess tímafrests, að verð vöru hafi almennt lækkað meira en 2% vegna gengishækkunarinnar.

**10. gr.**

Nú ákveður ríkisstjórnin að auka niðurgreiðslu vöruverðs frá 1. júní 1973, og skal þá við útreikning kaupgreiðsluvísitölu fyrir júní—ágúst 1973 miða við smá-söluverð á viðkomandi vöru eða vörum, að frádreginni þeirri verðlækkun, sem slík aukin niðurgreiðsla veldur frá 1. júní 1973 frá því, sem ella hefði orðið.

Ákvæði fyrri málsgreinar skulu ekki hafa áhrif á útreikning kaupgreiðsluvísitölu 1. september 1973, að því er varðar ákvæði kjarasamninga um ákvörðun svonefnds „búvörufrádráttar“.

11. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört i Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.



## L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febr. 1940.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við 6. gr. bætist nýr málslíður, 4. málslíður, svofelldur:

4. Fyrir brot gegn 165 gr. 2. málsgr., svo og fyrir manndráp, líkamsmeiðingar, frelsissviptingu og önnur ofbeldisverk, sem framin eru í tengslum við brot á þessu ákvæði, og enn fremur fyrir háttsemi, sem milliríkjasamningur (konvention) frá 23. september 1971 um að koma í veg fyrir ólögættar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna tekur til, eftir að sá samningur hefur verið fullgiltur af Íslands hálfu. Mál samkvæmt þessum tölulið skal þó aðeins höfða eftir fyrirskipun dómsmálaráðherra.

#### 2. gr.

Ný grein, 120. gr. a, orðist svo:

Nú veitir maður vísvitandi rangar upplýsingar eða lætur uppi vísvitandi rangar tilkynningar, sem eru fallnar til að vekja ótta um líf, heilbrigði eða velferð manna eða um atriði, sem varða loftferðaöryggi, og varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Sömu refsingu varðar að útbreiða þess konar orðróm gegn betri vitund.

#### 3. gr.

Við 165. gr. bætist ný málsgrein, svofelld:

Nú beitir maður, sem er í loftfari, ofbeldi eða hótun um ofbeldi eða annarri ólögættari aðferð til að ná valdi á stjórn loftfars eða gripur á annan hátt ólöglega inn í stjórn þess og flug, og varðar það fangelsi ekki skemur en 2 ár. Ef alveg sérstaklega stendur á, getur refsing orðið lægri. Ákvæði 166., 167. og 169. gr. eiga einnig við um brot þessi.

#### 4. gr.

Við 2. málsgrein 257. gr. bætist: Sama er, ef eignaspjöll beinast að loftfari.

#### 5. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

*Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 57 18. apríl 1962, um Hæstarétt Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hæstarétt skipa sex dómara, og er einn þeirra forseti dómsins.

Forseti Íslands skipar dómara, en þeir kjósa sér forseta til eigi skemmri tíma en eins árs og varaforseta til sama tíma. Ef hvorki forseti né varaforseti Hæstaréttar situr í dómi, skal sá hæstaréttardómari, sem elztur er að embættisaldri, skipa forsæti.

## 2. gr.

Á eftir 2. gr. komi ný grein, 2. gr. a, er orðist svo:

Fimm hæstaréttardómara skulu skipa dóm. Þó er heimilt, að þrír hæstaréttardómara skipi dóm í einkamálum, ef úrslit máls eru hvorki mikilvæg frá almennu sjónarmiði né varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila, og í opinberum málum, ef refsing, sem getur legið við broti, er ekki þyngri en varðhald eða tveggja ára fangelsi.

Dómurinn ákveður, hve margir dómara og þá hverjir skulu skipa dóm í máli.

Ef mál er umfangsmikið, er dómi heimilt að ákveða, að hæstaréttardómari, sem eigi dæmir í því máli, hlýði á málflutning og taki sæti í dómnum, ef dómari forfallast.

## 3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Nú verður dómur eigi fullskipaður vegna þess, að hæstaréttardómari viku sæti í máli, forfallast frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra að fengnum tillögum dómsins dómara í hans stað prófessor í lögum við Háskóla Íslands, héraðsdómara eða hæstaréttarlögmann, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður dómari í Hæstarétti, og er rétt, að setning gildi, hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skylt er nefndum aðiljum að taka við setningu.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa dómurum, er taka sæti í dómnum í einstöku máli eða til bráðabirgða eftir þessari grein, fyrir hvert mál, er þeir taka þátt í dómi eða úrskurði.

## 4. gr.

Síðari málsliður 2. mgr. 8. gr. laganna falli niður.

## 5. gr.

Í lokaákvæði 2. mgr. 13. gr. laganna komi í stað orðanna „kr. 5 000.00“ orðin: kr. 25 000.00.

## 6. gr.

Aftan við 1. málslið 16. gr. laganna bætist við orðin: og Hæstiréttur mæli með því.

## 7. gr.

Í 1. mgr. 20. gr. laganna komi í stað orðanna „laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 39 27. júní 1921, 99. gr.“ orðin: laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 60 29. maí 1972, 78. gr.

Í 3. mgr. 20. gr. laganna komi í stað orðanna „á næstu þremur vikum“ orðin: á næstu fjórum vikum.

4. mgr. 20. gr. laganna orðist svo:

Rétt er dómsmálaráðherra, þótt frestur samkvæmt 2. mgr. sé liðinn, að veita leyfi til áfrýjunar máls allt að tvö ár frá lokum dómsathafnar, ef ríkar ástæður eru til og Hæstiréttur mælir með því.

## 8. gr.

Í 1. málslíð 36. gr. laganna komi í stað orðanna „innan mánaðar frá uppsögu dóms“ orðin: innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms.

## 9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973. Ákvæði 5. gr., 6. gr., 2. og 3. mgr. 7. gr. og 8. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 57 18. apríl 1962 og gefa lögin út að nýju svo breytt.

*Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

**L Ö G**

**um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í lögsagnarumdæmi Gullbringusýslu eru þessir hreppar: Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Njarðvíkurhreppur og Vatnsleysustrandarhreppur.

Í lögsagnarumdæmi Kjósarsýslu eru þessir hreppar: Garðahreppur, Bessastaðahreppur, Seltjarnarneshreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur.

## 2. gr.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði er jafnframt sýslumaður í Kjósarsýslu. Bæjarfógetinn í Keflavík er jafnframt sýslumaður í Gullbringusýslu.

## 3. gr.

Afnotaréttur sveitarfélaga þeirra, sem um ræðir í lögum þessum, til beitilanda og afrétta helzt óbreyttur eins og verið hefur þrátt fyrir ákvæði laga þessara.

## 4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1974. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 22 3. október 1903, um að skipta Kjósar- og Gullbringusýslu í tvö sýslufélög, og síðasta málsgr. 1. greinar laga nr. 46 1971, um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

## Ákvæði til bráðabirgða.

1. Dómsmálaráðherra skipar fyrir um, hvernig málum þeim í Gullbringusýslu, sem ekki eru útkljáð, þegar lög þessi öðlast gildi, skuli skipt milli sýslumannsins í Gullbringusýslu og sýslumannsins í Kjósarsýslu.
2. Eignaskipti og skuldaskil, sem leiðir af tilfærslu hreppa á milli sýslanna, skulu fara fram hið fyrsta. Rísi ágreiningur, sker félagsmálaráðherra úr.

*Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

## um veitingu ríkisborgararéttar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Amin, Vishnukumar Chunibhai Naranbhai, iðnverkamaður í Reykjavík, f. í Kenya 23. júní 1941.
2. Aylett, Patricia Ann, kennari á Selfossi, f. í Englandi 30. september 1941.
3. Ásgeir Viðar Ásgeirsson, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 20. janúar 1971.
4. Boucher, Antony Leifur Estcourt, nemandi í Reykjavík, f. í Englandi 8. maí 1954.
5. Brown, Margrét Ragnheiður, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 17. febrúar 1949.
6. Bury, Susan, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 5. maí 1944.
7. Ciesielski, John Óli, nemandi í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 3. júní 1952.
8. Clark, June Eveline, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 13. október 1960.
9. Clark, William Robert, barn í Reykjavík, f. í Bandaríkjunum 11. apríl 1962.
10. Corvetto, Nolberto Antonio Narvaez, járnsmiður í Hafnarfirði, f. í Chile 22. sept. 1948.
11. Danielssen, Andrea Ingigerd, tannsmiður í Reykjavík, f. í Færeyjum 26. febrúar 1950.
12. Einar Þór Jóhannsson, barn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 5. nóvember 1970.
13. Eva Roysdóttir, barn í Kópavogi, f. á Íslandi 24. október 1970.
14. Felton, Sonja Shirley, húsmóðir í Kópavogi, f. á Íslandi 15. september 1945.
15. Haubitz, Anna Ruth, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. apríl 1934.
16. Haubitz, Günter, bakari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 11. desember 1930.
17. Heidenreich, Freddy Andreas, sjómaður í Neskaupstað, f. í Danmörku 8. júní 1945.

18. Hupfeldt, Herdis Kirsten, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 9. janúar 1950.
19. Ísidór Hinrik Hermannsson, aðstoðarmaður í Kópavogi, f. á Íslandi 18. janúar 1947.
20. Janis, David, skýrsluvélamaður í Reykjavík, f. í Indónesíu 4. febrúar 1946.
21. Jensen, Cecil Viðar, rafvélavirki í Reykjavík, f. á Íslandi 5. ágúst 1942.
22. Jensen, Gissur, mjólkurfræðingur á Selfossi, f. á Íslandi 12. janúar 1944.
23. Jensen, Henning Kjærgaard, verkamaður í Stafholtstungum, f. í Danmörk 1. ágúst 1939.
24. Jensen, Jóhanna, húsmóðir á Hellu, f. á Íslandi 17. ágúst 1946.
25. Jeppesen, Knud Eigil, arkitekt í Reykjavík, f. í Danmörk 10. desember 1930.
26. Jespersen, Eva Melberg, barn í Reykjavík, f. í Kaupmannahöfn 16. maí 1965.
27. Johansson, Birgit María, húsmóðir í Reykjavík, f. í Svíþjóð 6. apríl 1924.
28. Jürgens, Robert Michael Willy Olafur, barn í Reykjavík, f. á Íslandi 9. marz 1965.
29. Van der Klein, Henrika Elisabeth Gerarda, nunna í Hafnarfirði, f. í Hollandi 5. febrúar 1932.
30. Kristiansen, Michala Juanita Josefina, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 25. nóvember 1924.
31. Van der Linden, Machiel Eduard, símvirki í Garðahreppi, f. í Hollandi 4. ágúst 1938. Fær réttinn 1. júní 1973.
32. Metzner, Marianne Elise, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýskalandi 18. júní 1927.
33. Mork, Ulf, tæknifræðingur í Reykjavík, f. í Noregi 3. apríl 1912.
34. Nielsen, Kaj Erik, bakari í Kópavogi, f. í Danmörk 9. október 1926.
35. Obereder, Irmgard, húsmóðir í Garðahreppi, f. í Austurríki 30. apríl 1946.
36. Poulsen, Jákup Juel Johan Hendrikson, sjómaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 10. október 1947.
37. Santos, Rogelio Zarsuela, aðstoðarmaður í Reykjavík, f. á Filippseyjum 20. desember 1943. Fær réttinn 5. ágúst 1973.
38. Szarvas, László, vélgæzlumaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. febrúar 1935.
39. Török, Ivan, leikmyndateiknari í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 20. nóvember 1941.
40. Vestergaard, Átmi, bóndi á Saurbæ, Rauðasandi, f. í Færeyjum 18. ágúst 1939.
41. Wenger, Eric Martin, barn í Kópavogi, f. í Bandaríkjunum 2. september 1958.
42. Þóra Roysdóttir, barn í Kópavogi, f. á Íslandi 18. maí 1966.
43. Öen, Marie Gunhild, húsmóðir í Reykjavík, f. í Noregi 11. marz 1929.

### 2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenzkt ríkisfang með lögum, og skal hann þá taka sér íslenzkt fornafn. Börn hans skulu taka sér íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## HAFNALÖG

### I. KAFLI

#### Yfirstjórn hafnamála.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

##### 1. gr.

Samgönguráðuneytið hefur með höndum yfirstjórn allra hafnamála.

##### 2. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins fer með framkvæmd hafnamála á þann hátt, sem ákveðið er í lögum þessum.

Hafnamálastjóri veitir Hafnamálastofnun ríkisins forstöðu.

Forseti Íslands skipar hafnamálastjóra, sem jafnframt gegnir starfi vitamálastjóra og hefur með höndum framkvæmd laga um leiðsögn skipa.

Ráðherra skipar skrifstofustjóra, verkfræðinga og annað fast starfslið að fengnum tillögum hafnamálastjóra.

##### 3. gr.

Hafnamálastofnun ríkisins hefur yfirumsjón með hafnarframkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum.

Hafnamálastofnunin skal hafa umráð yfir vélum þeim og tækjum, sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni, sem henni eru falin, svo og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið.

Heimilt er ráðherra, að fenginni umsögn hafnamálastjóra, að veita bæjar- eða sveitarfélagi leyfi til að hafa á hendi eigin hafnarframkvæmdir undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunarinnar.

Þjóða skal út, ef hagkvæmt þykir, einstakar hafnarframkvæmdir eða hluta þeirra.

### II. KAFLI

#### Um greiðslu kostnaðar við hafnargerðir o. fl.

##### 4. gr.

Til hafnargerða teljast samkvæmt lögum þessum:

Hafnargarðar, bryggjur og viðlegukantar, dýpkanir og uppfyllingar til hafnarbóta, siglingamerki, dráttarbrautir, flot- og þurrkvíar, löndunarkranar, hafnsögu-bátar og hafnarvogir.

##### 5. gr.

Ríkissjóður greiðir hluta af stofnkostnaði við hafnargerðir, eftir því sem ákveðið er í lögum þessum.

Ríkisstjórninni er heimilt að ganga, fyrir hönd ríkissjóðs, í ábyrgð fyrir lánum vegna hafnargerða allt að jafnhárrí þeirri upphæð, sem hafnarsjóður leggur fram.

##### 6. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs og ábyrgð ríkissjóðs á láni samkvæmt 5. gr. eru:

1. Að bæjarfélag, hreppsfélag eða sýslufélag, eitt eða fleiri í sameiningu, hafi stofnað hafnarsjóð til þess að eiga og reka höfn og standa undir hafnarframkvæmdum og fengið til þess samþykki ráðuneytisins. Sé um fleiri en einn aðila að ræða, skulu þeir hafa gert með sér samning um kosningu hafnarstjórnar samkv. 11. gr., endurskoðun og úrskurðun reikninga, enda hafi samningurinn verið staðfestur af ráðuneytinu og hafnarstjórn fullskipuð.
2. Að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarrétt þess landsvæðis á strandlengju hafnarinnar, sem ráðuneytið og hlutaðeigandi hafnarstjórn telja þurfa undir hafnarmannvirki og starfsemi, sem nauðsynlegt er talið, að fari fram við höfnina. Ekki verður það þó gert að skilyrði samkvæmt þessum lið, að hafnarsjóður kaupi í þessu skyni íbúðar- eða verzlunarhús eða varanlegar byggingar af öðru tagi.
3. Að unnið sé að framkvæmdum samkvæmt tæknilegri og fjárhagslegri áætlun, sem sveitarstjórn hefur samþykkt, svo og ráðuneytið, að fenginni umsögn hafnamálastjóra.
4. Að fyrir liggi athugun á því, hvort hafnarsjóður geti staðið undir greiðslu eigin kostnaðarhluta, hvort sem er í formi framlags eða greiðslna af lánum.
5. Að tekjur og eignir hafnarsjóðs séu ekki fullnægjandi til þess að standa að öllu leyti undir þeim hluta af stofnkostnaði hafnarinnar, sem samkvæmt lögum þessum á annars að greiða af ríkissjóði.
6. Að hafnarsjóður hafi skuldbundið sig til þess að annast á sinn kostnað venjulegt viðhald hafnarmannvirkja samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
7. Að skýrslur og reikningar hafnarsjóðs hafi borizt hafnamálastjóra á lögboðnum tíma, sbr. 14. og 15. gr.
8. Að byrjað hafi verið að veita fé til hafnargerðarinnar á fjárlögum, áður en hún var hafin.

Heimilt er þó að veita ríkisábyrgð vegna hafnarframkvæmda, þótt eigi sé veittur til þeirra styrkur úr ríkissjóði.

#### 7. gr.

1. Ríkissjóður greiði 75% stofnkostnaðar af eftirtöldum hafnargerðum:

Hafnargarðar (öldubrjótar).

Bryggjur og viðlegukantar.

Dýpkanir á aðalsiglingaleið að og frá höfn og á hafnarsvæði innan marka, sem ákveðin eru af ráðuneytinu, þó ekki að bryggjum annarra en hafnarsjóðs.

Nauðsynlegar uppfyllingar vegna framkvæmda við hafnargarða, bryggjur og öldubrjóta.

Siglingamerki.

Innifalinn í ofangreindum stofnkostnaði hafnargarða, bryggja og viðlegukanta er kostnaður við vatnslagnir um mannvirkin og raflýsingu þeirra samkv. nánari ákvæðum í reglugerð.

2. Ríkissjóður greiði 40% stofnkostnaðar af eftirtöldum hafnargerðum:

Dráttarbrautir.

Flot- og þurrkvíar.

Löndunarkranar.

Hafnsögubátar.

Hafnarvogir.

Hluti ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir samkvæmt þessari grein greiðist eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

## 8. gr.

Til styrkhæfs byggingarkostnaðar samþykkt hafnarmannvirkis telst kostnaður við undirbúningsrannsóknir og hönnunar- og úlboðskostnaður, enda séu þessir kostnaðarliðir eðlilegir að dómi hafnamálastjóra.

Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki kostnaður vegna lóða- eða landa-kaupa fyrir höfn, vaxtakostnaður á byggingartíma, svo og lántökukostnaður eða annar fjármögnunarkostnaður. Til styrkhæfs byggingarkostnaðar telst ekki heldur gengistap á erlendum lánnum eða kostnaður vegna hækkunar verðtryggðra lána, nema slík lán hafi verið tekin út á kostnaðarluta ríkissjóðs í framkvæmdinni.

Rísi ágreiningur milli hafnarstjórnar og hafnamálastjóra um, hvort einstakir kostnaðarliðir skuli teljast styrkhæfir eða ekki, skal málinu skotið til úrskurðar ráðuneytisins.

## 9. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til þess að gera höfn samkvæmt lögum þessum, svo og til þess að gera brautir og vegi í því sambandi og til að leyfa, að tekin verði í landi hans grjót, mól og önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnolarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt þó gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist af hafnarsjóði þeim, sem hlut á að máli.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats, en það skal gert innan 14 daga frá því, að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæma á sama hátt af 3 dómkvöddum mönnum.

## III. KAFLI

## Um framkvæmdaáætlanir.

## 10. gr.

Hafnamálastjóri gerir í samráði við hafnarstjórnir tillögu að áætlun um hafnargerðir til fjögurra ára í senn.

Um gerð hafna og staðarval skal jafnan leita álits samtaka skipstjórnarmanna í byggðarlaginu, ef til eru, ella hjá landssamtökum þeirra.

Áður en gengið er endanlega frá áætluninni, skal hafnamálastjóri senda stjórn hvern hafnar tillögu sínar um framkvæmdir á áætlunartímabilinu við þá höfn og gefa hafnarstjórninni nánar tiltekinn frest til að koma með athugasemdir og breytingartillögu.

Hafnamálastjóri skal á sama hátt senda áætlunina í heild stjórn Hafnamálasambands sveitarfélaga til umsagnar.

Hafnargerðaáætlunin skal miðuð við það fjármagn, sem ætlað er til hafnargerða í almennri framkvæmdaáætlun ríkisins, ef slík áætlun er gerð, en að öðrum kosti skal miða við það heildarfjármagn, sem líklegt er talið að til ráðstöfunar verði til hafnarframkvæmda.

Hafnargerðaáætlunin skal gerð á tveggja ára fresti og lögð fyrir sameinað Alþingi sem þingsályktunartillaga.

Áætlunin öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

Hafnamálastjóri skal síðan vinna að framkvæmd áætlunarinnar í samráði við viðkomandi hafnarstjórnir og eftir því sem fjármagn er fyrir hendi.

Ráðherra skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framkvæmd áætlunarinnar, áður en fjárveitingar eru ákveðnar.



## IV. KAFLI

## Um stjórn hafna og rekstur.

## 11. gr.

Hafnarstjórn, skipuð 3—5 mönnum, hefur á hendi stjórn hafnar og hafnarsjóðs á þann hátt, sem sveitarstjórn, sýslunefnd eða sameigendur hafnar ákveða, og í samræmi við reglugerð.

Hafnarstjórn er kosin af sveitarstjórn þeirri eða sýslunefnd, sem stofnað hefur hafnarsjóðinn. Séu stofnendur fleiri en einn, fer um kosningu samkvæmt samningi. Sveitarstjórn ræður hafnarstjóra og ákveður verksvið hans, að fengnum tillögum hafnarstjórnar. Fela má oddvita, bæjarstjóra, sveitarstjóra eða formanni hafnarstjórnar störf hafnarstjóra.

## 12. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnargerð og árlegan rekstrarkostnað hafnar eða í þágu hafnarinnar, eftir að hafnargerð er hafin, er heimilt að leggja á eftirtalin gjöld:

1. Skipagjöld á skip þau og báta, er nota höfnina:
  - a) Lestagjald, miðað við brúttóstærð skipa og viðstöðutíma, fyrir að koma á hafnarsvæðið og hafa þar dvöl.
  - b) Bryggjugjald, miðað við brúttóstærð skipa og legutíma, fyrir að hafa not af bryggjum og hafnarbakka.
  - c) Fastagjald fiskiskipa fyrir hafnarafnot.
  - d) Hafnsögugjöld.
  - e) Önnur þjónustugjöld.
2. Vörugjöld af vörum, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað í höfn, þar á meðal af sjávarafla, sem lagður er á land á hafnarsvæðinu.
3. Leigur fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.
4. Leyfisgjald eftir bryggjur og önnur mannvirki, sem gerð hafa verið samkvæmt 17. gr.
5. Lóðargjöld.

Herskip, islensk vitaskip og varðskip skulu undanþegin gjöldum samkvæmt a- og b-liðum 1. tl. þessarar greinar. Strandferðaskip, sem sigla eftir áætlun, og skemmtiferðaskip greiði hálf t. lestagjald, en fullt bryggjugjald, er þau koma að bryggju. Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins, og má þá ekki taka í hafnarsjóð vörugjald af þeim vörum, er um þá bryggju fara, fyrr en hafnarsjóður hefur komið upp hafnarmannvirki. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta vörugjald af vörum, er fara um bryggjuna, nema hafnarstjórn samþykki.

Öll gjöld samkvæmt þessari grein má taka lögtaki, og hafa þau sama forgangsrétt og opinber gjöld.

Heimilt er að ákveða, að skipagjöld skuli tryggð með lögveði í skipi, og gangi það veði í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Halda má eftir skráningar- og þjóðernis-skirteinum skips til tryggingar greiðslu gjaldanna.

Enn fremur skal heimilt, að vörugjald skuli tryggt með veði í varningi þess aðila, sem skuldar vörugjald, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á varningnum, unz gjaldið er greitt.

Gjöld til hafnarsjóða samkv. 1. tl., a—d, og 2. tl. þessarar gr. skulu ákveðin af ráðuneytinu, og skulu í meginatriðum samræmdar gjaldskrár gilda fyrir allar

hafnir á landinu. Við ákvörðun gjalda og breytingar á þeim skal ráðuneytið leita umsagnar hafnamálastjóra og Hafnasambands sveitarfélaga.

Gjaldskrár hafna skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti.

### 13. gr.

Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja til hafnargerðarinnar og rekstrar hafnarinnar eða í þágu hennar.

Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða.

Sveitar- eða sýslusjóður ber ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins, og aðilar samkvæmt samningi, sbr. 1. tl. 6. gr., ef um fleiri er að ræða en einn.

### 14. gr.

Fyrir lok desembermánaðar ár hvert skal hafnarstjórn semja áætlun um tekjur og gjöld hafnarsjóðs á komandi ári og senda hana hafnamálastjóra ásamt nauðsynlegum skýringum á tekju- og gjaldaliðum, enda hafi áður verið leitað samþykkis hlutaðeigandi sveitarfélags eða fullnægt ákvæðum samnings um þetta efni, sbr. 1. tl. 6. gr.

### 15. gr.

Halda skal reikning yfir tekjur og gjöld hafnarsjóðs. Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar á næsta ári skal skrá rekstrar- og efnahagsreikning hafnarsjóðs á sérstök eyðublöð, er Hafnamálastofnunin lætur gera fyrir hafnarsjóði, og senda Hafnamálastofnuninni í tvíriti.

Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga bæjar- eða sveitarsjóðs, nema hafnarsjóður sé stofnaður með samningi, sbr. 1. tl. 6. gr., þá fer um endurskoðun og úrskurð reikningsins samkvæmt samningnum.

Hafnarstjórn er skylt að senda Hafnamálastofnuninni allar aðrar þær upplýsingar, sem hún kann að óska eftir og snerta rekstur hafnarinnar.

Hafnamálastofnuninni ber að senda hafnarsjóði viðskiptareikning síðastliðins árs fyrir 1. marz ár hvert, ef um viðskipti hefur verið að ræða á árinu.

### 16. gr.

Óheimilt er án samþykkis ráðuneytisins að selja, veðsetja eða leigja til langs tíma þær fasteignir hafnarsjóðs, er notið hafa ríkisstyrks. Enn fremur er hafnarsjóðum, er njóta ríkisstyrks, óheimilt án samþykkis ráðuneytis að kaupa fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði endurgreidd af greiðsluafgangi ársins, sem í hönd fer. Enn fremur er hafnarstjórn óheimilt að hefja, án samþykkis ráðuneytisins, svo kostnaðarsamar framkvæmdir, að greiðsluafgangur hafnarsjóðs nægi ekki til að greiða kostnaðinn.

Rísi ágreiningur út af ákvæðum þessarar greinar, sker ráðherra úr. Skal þá óheimilt að hefja eða halda áfram framkvæmdum, sem deilt er um, fyrr en úrskurður ráðherra hefur verið kveðinn upp.

Til þess að Hafnamálaskrifstofunni sé unnt að fylgjast sem bezt með, að ákvæði þessarar greinar séu haldin, er skylt að senda henni eftirrit af fundargerðum hafnarstjórnar, sé þess óskað.

### 17. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðis má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka, nema samkvæmt tillögu hafnarstjórnar og samþykki ráðuneytisins.

Þeim, sem fengið hefur leyfi til að gera slíkt mannvirki, er skylt að halda því svo við, að engin hætta stafi af því. Sé leyfið eigi notað innan tveggja ára frá veit-

ingu þess, fellur það úr gildi, og er óheimilt að gera mannvirki eftir þann tíma, nema leyfi komi til.

Heimilt er, ef nauðsyn krefur, að nema burt á kostnað eiganda bryggjur eða önnur mannvirki í sjó fram, sem staðið hafa ónotuð fimm ár eða lengur.

## V. KAFLI Um Hafnabótasjóð.

### 18. gr.

Hafnabótasjóður er eign ríkisins og lýtur stjórn þess ráðherra, er fer með hafnamál.

### 19. gr.

Fé Hafnabótasjóðs skal ráðstafa á eftirgreindan hátt, að fengnu samþykki fjárveitinganefndar Alþingis:

1. Sjóðurinn veitir hafnarsjóðum lán til framkvæmda gegn ríkisábyrgð.
2. Sjóðnum er heimilt að styrkja endurbætur á hafnarmannvirkjum, sem skemmt hafa af völdum náttúruhamfara eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, án mótframlags hafnarsjóðs.
3. Sjóðnum er heimilt að veita styrk til nýrra hafnarframkvæmda, sem nemi allt að 15% umfram ríkisframlag af heildarframkvæmdakostnaði, til staða, sem eiga við verulega fjárhagsörðugleika að stríða vegna dýrrar mannvirkjagerðar, fólksfæðar eða annarra gildra orsaka.
4. Sjóðnum er heimilt að veita hafnarsjóðum lán út á væntanleg ríkisframlög samkvæmt lögum þessum, ef fé er umfram þarfir 1.—3. liðs.

### 20. gr.

Tekjur Hafnabótasjóðs eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, sem sé 12% af framlagi til hafnarmannvirkja og lendingarbóta á fjárlögum hvers árs, en þó aldrei lægra en 30 millj. króna.
2. Tekjur af starfsemi sjóðsins.

### 21. gr.

Hafnabótasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar innanlands eða utan allt að 350 millj. króna. Ríkissjóði skal heimilt að ábyrgjast þau lán.

Nú tekur Hafnabótasjóður lán með gengistryggingu eða vísitöluþjörum, og er þá heimilt að binda greiðslur vaxta og afborgana af endurlánnum slíks lánsfjár vísitölu eða gengi á sama hátt.

### 22. gr.

Ráðherra ákveður vexti og önnur kjör þeirra lána, er sjóðurinn veitir, með tilliti til þess, að sjóðurinn sé skaðlaus af starfsemi sinni. Ráðherra leitar umsagnar hafnamálastjóra um allar umsóknir um framlög eða lán úr sjóðnum.

### 23. gr.

Seðlabanki Íslands annast vörzlu daglegrar afgreiðslu og bókhald Hafnabótasjóðs og veitir sjóðnum aðstoð við öflun lánsfjár.
    - b) Á Dalvík H 2, starfssvæði Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur.
  6. **Akureyrarumdæmi.** Akureyri H 2, starfssvæði Akureyrarkaupstaður, Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Hálsahreppur og Grímseyjarhreppur.
  7. **Húsavíkurumdæmi.** Húsavík H 2, starfssvæði Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur, Reykdælahreppur, Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður og Tjörneshreppur.
  8. **Kópaskersumdæmi.** Kópasker H 1, starfssvæði Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur og Presthólahreppur.
  9. **Þórshafnarumdæmi.**
    - a) Á Þórshöfn H 2, starfssvæði Raufarhafnarhreppur, Skeggjastaðahreppur, Sauðaneshreppur, Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur.
    - b) Á Vopnafirði H 1, starfssvæði Vopnafjarðarhreppur.
- 16.6. **Austurlandshérað.**
1. **Egilsstaðaumdæmi.**
    - a) Á Egilsstöðum H 2, starfssvæði Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur, Skriðdalshreppur, Hjalta-  
staðahreppur, Borgarfjarðarhreppur, Loðmundarfjarðarhreppur, Tungu-  
hreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur.
    - b) Á Seyðisfirði H 1, starfssvæði Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðar-  
kaupstaður.
  2. **Norðfjarðarumdæmi.**
    - a) Í Neskaupstað H 2, starfssvæði Neskaupstaður, Mjóafjarðarhreppur og  
Norðfjarðarhreppur.
    - b) Á Eskifirði H 1, starfssvæði Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur og  
Reyðarfjarðarhreppur.
    - c) Á Fáskrúðsfirði H 1, starfssvæði Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur  
og Stöðvarhreppur.
  3. **Hafnarumdæmi.**
    - a) Á Djúpavogi H 1, starfssvæði Beruneshreppur, Búlandshreppur, Geit-  
hellnahreppur og Breiðdalshreppur.
    - b) Á Höfn í Hornafirði H 2, starfssvæði Bæjarhreppur, Hafnarhreppur,  
Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur.



## 17. gr.

- 17.1. Flokkun stöðva samkvæmt 16. grein er ráðherra heimilt að breyta með reglugerð, ef aðstæður breytast svo, að þess sé talin þörf.

## 18. gr.

- 18.1. Þrátt fyrir skiptingu landsins milli heilsugæzlustöðva, svo sem rakið er í 16. gr., skulu íbúar einstakra sveitarfélaga og byggðarlaga jafnan eiga rétt á að leita læknishjálpar til þeirrar heilsugæzlustöðvar eða lækningarmóttöku, sem þeir eiga auðveldast með að ná til hverju sinni.

## 19. gr.

- 19.1. Ráða skal héraðshjúkrunarkonur til starfa með héraðslæknum, sbr. 6. gr. — Héraðshjúkrunarkonur skulu hafa yfirumsjón með hjúkrunarstarfi í héraðinu í samráði við héraðslækni og deildarstjóra ráðuneytisins í hjúkrunarmálum.
- 19.2. Ráða skal hjúkrunarkonur og ljósmæður til starfa við heilsugæzlustöðvar.
- 19.3. Allar hjúkrunarkonur og ljósmæður, sem hér um ræðir, skulu skipaðar af ráðherra og taka laun úr ríkissjóði.
- 19.4. Stefnt skal að því, að héraðshjúkrunarkonur hafi sérmenntun í heilsuvernd og stjórnunarstörfum á sviði hjúkrunar og að hjúkrunarkonur á heilsugæzlustöðvum hafi sérmenntun í heilsuverndarstarfi, fæðingarfræði eða starfi hjúkrunarkonu á göngu- og slysadeildum.

## 20. gr.

- 20.1. Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæzlustöðva svo og vegna aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva greiðist að 85% úr ríkissjóði, en að 15% af viðkomandi sveitarfélögum.
- 20.2. Íbúðarhúsnæði lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra telst hluti stöðvanna utan Stór-Reykjavíkursvæðisins og Akureyrar.
- 20.3. Ríkissjóður og sveitarfélög eru eigendur heilsugæzlustöðva í hlutfalli við fjárframlög, sbr. 20.1.

## 21. gr.

- 21.1. Á heilsugæzlustöð skal veita þjónustu, eftir því sem við á, svo sem hér segir:
1. Almenna lækniþjónustu, vaktþjónustu og vitjanir til sjúklinga.
  2. Lækningarannsóknir.
  3. Sérfræðilega lækniþjónustu og tannlækningar.
  4. Heilsuvernd, svo sem:
    - a) Mæðravernd.
    - b) Ungbarna- og smábarnavernd.
    - c) Heimahjúkrun.
    - d) Skólaeftirlit.
    - e) Íbróttæftirlit.
    - f) Atvinnusjúkdómæftirlit.
    - g) Berklavarnir.
    - h) Kynsjúkdómavarnir.
    - i) Geðvernd, áfengis- og fíknilyfjavarnir.
    - j) Félagsráðgjöf.
    - k) Hópskoðanir og skipulagða sjúkdómaleit.
    - l) Sjónvernd og heyrnvernd.

Aðrar heilsuverndargreinar eftir ákvörðun ráðherra. Ráðherra getur og ákveðið, að heilbrigðiseftirlit hafi aðstöðu í heilsugæzlustöð.

21.2. Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um stærð heilsugæzlustöðvar og fyrirkomulag, lækna fjölda og sérmenntað starfslið, tækjabúnað og starfsháttu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þar á meðal um móttöku sjúklinga utan stöðva. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að fjölga stöðvum í umdæmum að höfðu samráði við Læknafélag Íslands.

#### 22. gr.

22.1. Rekstrarkostnaður heilsugæzlustöðva svo og kostnaður vegna aðstöðu lækna utan stöðva, annar en launakostnaður lækna, hjúkrunarkvenna og ljósmæðra, greiðist af þeim sveitarfélögum, sem hlut eiga að máli.

#### 23. gr.

23.1. Stjórn heilsugæzlustöðvar I er þannig skipuð, að starfslið stöðvarinnar kýs einn mann, en tveir skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum. Á heilsugæzlustöð II kýs starfslið tvo menn og sveitarstjórnir þrjá menn í stjórn stöðvarinnar. Kjörtímabil stjórna heilsugæzlustöðva er hið sama og sveitarstjórna. Heimilt er að stofna starfsmannaráð heilsugæzlustöðvar stjórninni til ráðuneytis.

23.2. Þegar heilsugæzlustöð er í starfstengslum við sjúkrahús, fer sjúkrahússtjórn, sbr. 32. gr., með stjórn allrar stofnunarinnar. Séu fleiri en ein stöð í sama sveitarfélagi, skulu þær vera undir sameiginlegri stjórn. Í Reykjavík skal Heilbrigðismálaráð fara með stjórn stöðva.

#### 24. gr.

24.1. Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæzlustöðvar, skulu skipaðir af ráðherra. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:

- a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit.
- b) Laun samkvæmt samningi stéttarfélaga lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar.

### IV. KAFLI

#### Um sjúkrahús.

#### 25. gr.

25.1. Sjúkrahús er í lögum þessum hver sú stofnun, sem ætluð er sjúku fólki til dagvistunar eða fullrar vistunar og þar sem læknishjálp, hjúkrun og allur aðbúnaður er í samræmi við það, sem þessi lög og reglugerðir þar að lútandi krefjast.

#### 26. gr.

26.1. Sjúkrahús skiptast í eftirfarandi flokka eftir tegund og þjónustu:

1. Svæðissjúkrahús er sjúkrahús, sem eitt sér eða í samvinnu við önnur veitir sérfræðiþjónustu í öllum eða nær öllum greinum læknisfræði, sem viðurkenndar eru hérlendis, og hefur aðgang að stoðeildum og rannsóknardeildum til þess að annast þetta hlutverk.
2. Deildasjúkrahús er sjúkrahús, sem veitir sérhæfða meðferð í helztu greinum lyflæknisfræði, skurðlæknisfræði og geðsjúkdómafræði og hefur aðgang að stoðeildum til að rækja það starf, svo sem röntgendeild, svæfingardeild, rannsóknadeild og endurhæfingardeild.
3. Almenn sjúkrahús er sjúkrahús, sem ekki hefur sérdeildir, en hefur á að skipa sérfræðingum eða almennum læknum og tekur við sjúklingum til

rannsóknar og meðferðar, en hefur einnig aðstöðu til vistunar langlegu-sjúklinga.

4. Hjúkrunar- og endurhæfingarheimili er vistheimili fyrir sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina, en þarfnast meðferðar, sem hægt er að veita utan almennra og sérhæfðra sjúkrahúsa.
  5. Sjúkraskýli er húsrými í heilsugæzlustöð eða annars staðar, sem eingöngu er ætlað til gæzlu eða athugunar sjúklinga um skamman tíma.
  6. Vinnu- og dvalarheimili eru stofnanir, sem taka til vistunar geðsjúklinga, drykkjusjúklinga, líkamlega bæklaða eða fávita, til dvalar eða starfs.
  7. Gistiheimili er dvalarstaður sjúklinga, sem eru til meðferðar á öðru sjúkrahúsi, en geta eigi dvalizt í heimahúsum.
- 26.2. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um flokkun sjúkrahúsa samkvæmt þessari grein, að höfðu samráði við Lands samband sjúkrahúsa, og ákveður jafnframt starfssvið og verkaskiptingu þeirra sjúkrahúsa, er starfa við gildistöku laganna. Þó skal í þeirri reglugerð ákveðið, að í hverju lækni-héraði skuli vera a. m. k. eitt sjúkrahús samkvæmt tölulíð 2 í 26.1., með þeim deildum, sem þar eru taldar og við verður komið.

#### 27. gr.

- 27.1. Þegar bygging eða starfræksla nýs sjúkrahúss er ákveðin, skal starfssvið þess ákveðið í samræmi við ákvæði 26. greinar.

#### 28. gr.

- 28.1. Enginn má setja á stofn eða reka undir neinu nafni sjúkrahús samkv. 26. gr., nema með leyfi ráðherra. Sama máli gegnir um hvers konar aðra starfsemi, sem talin er vera í lækningaskyni.
- 28.2. Sama máli gegnir um allar meiri háttar breytingar á húsakynnum og starfsemi slíkra stofnana.

#### 29. gr.

- 29.1. Beiðni til ráðherra um rekstrarleyfi samkvæmt 28. gr. skulu fylgja upplýsingar um verkssvið stofnunar, hvar henni er ætlaður staður, uppdrættir af byggingum, lóðum og umhverfi og afstöðu til nágrennis, ásamt lýsingu á húsakynnum. Enn fremur fylgi greinargerð um eigendur stofnunar og fjárhagsástæður og loks skýrsla um starfsáætlun, um stjórn, starfsfólk og rekstrarfyrirkomulag, hve mörgum sjúklingum stofnun þessari er ætlað að sinna eða hve mörgum vist-mönnum að anna og með hvaða kjörum.
- 29.2. Ráðherra veitir því aðeins leyfið, að stofnunin fullnægi heilbrigðiskröfum og ætla megi, að hún geti leyst verkefni sitt á viðunandi hátt. Ætíð skal leita álits viðkomandi héraðslæknis á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

#### 30. gr.

- 30.1. Heilbrigðisyfirvöld skulu eiga greiðan aðgang til eftirlits að stofnunum, sem um ræðir í þessum lögum.

#### 31. gr.

- 31.1. Við hvert sjúkrahús samkvæmt 26. gr. skal starfa sérstakur sjúkrahúslæknir eða yfirlæknir og hjúkrunarmenntuð forstöðukona.
- 31.2. Á svæðis- og deildasjúkrahúsum skulu vera yfirlæknar sérgreina og yfir-hjúkrunarkonur deilda.
- 31.3. Formaður læknaráðs svæðis- eða deildasjúkrahúss skal vera yfirlæknir allrar stofnunarinnar, nema stjórn sjúkrahúss ákveði annað.
- 31.4. Ráðherra setur með reglugerð, sbr. 26. gr., ákvæði um starfslíð sjúkrahúsa í samræmi við starfssvið þeirra.

## 32. gr.

- 32.1. Sjúkrahús þau, er ríkið á eða starfrækir, skulu vera undir yfirstjórn sjúkrahús-máladeildar ráðuneytis, en stjórn þeirra að öðru leyti falin 5 manna stjórnar-nefnd. Nefndin skal skipuð þannig, að starfsmannaráð ríkisspítala, sbr. 34.3 gr., tilnefni 2 menn, en ráðherra skipar 3 án tilnefningar og einn þeirra formann. Nefndin er skipuð til 4 ára, þó þannig að aldrei gangi nema 3 úr nefndinni í einu.
- 32.2. Sjúkrahúsum sveitarfélaga skal stjórnað af 5 manna stjórn. Starfsmanna-ráð sjúkrahúsa kjósa 2 menn í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða stjórnir 3. Þegar um einkasjúkrahús eða sjálfseignarstofnun er að ræða, kys starfs-mannaráð 1 stjórnarmann, viðkomandi sveitarstjórn 1, en eigendur 3.
- 32.3. Yfirlæknar og forstöðukonur sjúkrahúsa skulu sitja stjórnarfundi og hafa þar tillögurétt og málfrelsi og yfirlæknar sérgreina, þegar málefni þeirra eru rædd.
- 32.4. Stefnt skal að því að ráða sérmenntaða sjúkrahússtjóra sem framkvæmda-stjóra allra stærri sjúkrahúsa.

## 33. gr.

- 33.1. Ráðherra skipar 3 lækna í nefnd, er metur hæfni umsækjenda um stöðu land-læknis, stöður yfirlækna, sérfræðinga, héraðslækna og lækna heilsugæzlustöðva. Nefndin skal þannig skipuð: 1 tilnefndur af Læknafélagi Íslands, 1 tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands og landlæknir, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Sömu aðilar tilnefni varamenn. Nefndin skal skipuð til þriggja ára. Umsögn nefndarinnar fer síðan til stjórnarnefndar viðkomandi sjúkrahúsa og heilsugæzlustöðva. Þegar um er að ræða stöður yfirlækna og sérfræðinga, hefur nefndin heimild til að kveðja 2 sérfræðinga sér til ráðuneytis. Nefndin skal hafa skilað rökstuddu álitni innan fjögurra vikna, frá því að umsóknarfresti lauk.
- 33.2. Yfirlæknar við sjúkrahús ríkisins og aðrar heilbrigðisstofnanir skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn nefndar, sbr. 33.1., og lækningaráðs viðkomandi sjúkrahúss. Um ráðningarkjör yfirlækna fer eftir samningum milli stéttarfélags lækna og viðkomandi stofnana eða samningum um kjör opinberra starfsmanna.
- 33.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 33.1., og lækningaráðs viðkomandi sjúkrahúss, sé slíkt fyrir hendi.
- 33.4. Ráða má eða skipa hvern þann lækni til starfa samkvæmt þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.
- 33.5. Forstöðukonur við sjúkrahús ríkisins skulu skipaðar af ráðherra að fenginni umsögn sjúkrahússtjórnar. Forstöðukonur annarra sjúkrahúsa skulu ráðnar að fenginni umsögn hjúkrunarstjóra ráðuneytisins.

## 34. gr.

- 34.1. Við öll sjúkrahús, þar sem 3 lækna eða fleiri starfa og a. m. k. 2 eru í fullu starfi, skal starfa lækningaráð. Lækningaráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis um öll læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, og ber stjórnendum að leita álits lækningaráðs um allt, sem varðar læknisþjónustu sjúkrahússins.
- 34.2. Lækningaráð setja sér starfsreglur, sem sjúkrahússtjórnir staðfesta.
- 34.3. Stofna skal við sjúkrahús sérstök starfsmannaráð sjúkrahúsa, þar sem starfs-hópar eiga fulltrúa.
- 34.4. Með reglugerð skal kveða á um reglur fulltrúakjörs og starfsreglur starfs-mannaráða.

## 35. gr.

- 35.1. Ráðherra lætur gera áætlun um heilbrigðisstofnanir samkvæmt 16. og 26. grein. Gera skal áætlun til 10 ára í senn og endurskoða hana á tveggja ára fresti.

Leita skal umsagnar landlæknis um áætlunina. Þau umdæmi, þar sem erfitt er að halda uppi heilsugæzlu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæzlustöðva.

35.2. Framkvæmdáætlun byggð á heildaráætlun skal árlega lögð fyrir Alþingi við gerð fjárlaga.

#### 36. gr.

36.1. Ráðuneytið sér um framkvæmd áætlunar þeirrar, er um getur í 35. gr.

36.2. Ef einstök sveitarfélög eða aðrir aðilar óska eftir, getur ráðherra gert við þá samning um að taka að sér ákveðnar framkvæmdir eða annast rekstur ákveðinna stofnana.

36.3. Framlag ríkisins til sjúkrahúsbygginga, sem þannig er stofnað til, skal nema 85% af kostnaði við byggingu og búnað.

36.4. Ríkissjóður, sveitarfélög og aðrir eignaraðilar eru eigendur sjúkrahúss í réttu hlutfalli við framlög hvers og eins.

#### 37. gr.

37.1. Þau sjúkrahús í eigu sveitarfélaga eða einkaaðila, sem starfandi eru við gildistöku þessara laga, skulu í hvívetna fylgja þeim starfsreglum, er þeim verða settar. Að öðru leyti verður rekstur þeirra óbreyttur, verði ekki um annað samið milli eigenda og ríkisins.

### V. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

#### 38. gr.

38.1. Ráðuneytið skal í samvinnu við menntamálaráðuneytið, Háskóla Íslands, landlækni og hin ýmsu stéttarsamtök heilbrigðisstarfsmanna, eftir því sem við á, stuðla að aukinni þekkingu og endurbótum á grunn- og framhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna í samræmi við þarfir landsmanna á hverjum tíma. Skal það enn fremur í samvinnu við ofangreinda aðila stuðla að viðhaldsmenntun heilbrigðisstarfsmanna. Óski menntamálaráðuneytið og Háskóli Íslands eftir, skal heimilt að binda kennsluskyldu við Háskóla Íslands við ákveðnar stöður innan heilbrigðisþjónustunnar.

#### 39. gr.

39.1. Ráðherra skal gera samkomulag við rannsóknastofnanir í sýkla- og veirufræði, eðlis- og efnafræði og lyfjafræði, svo að stofnanir heilbrigðiseftirlits, sem ekki reka eða hafa beinan aðgang að slíkum stofnunum, geti notið fullnægjandi rannsóknarþjónustu.

39.2. Verði ekki séð fyrir nefndri þjónustu með þessu móti á fullnægjandi hátt, skal ráðuneytið hafa forgöngu um lausn málsins með byggingu og starfrækslu slíkra rannsóknastofnana.

#### 40. gr.

40.1. Ráðuneytið og landlæknir skulu hafa forgöngu um samvinnu þeirra aðila innanlands, sem starfa að heilbrigðis- og almannatryggingamálum, í samráði við utanríkisráðuneytið um eflingu samstarfs á sviði þessara mála við Norðurlönd, Þjóðir Evrópu og á alþjóðavettvangi.

#### 41. gr.

41.1. Öll ferðalög fastráðins starfsfólks, sem um ræðir í lögum þessum, skulu vera því að kostnaðarlausu, séu þau starfsins vegna, sbr. reglur um greiðslur kostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins, nr. 199/1970.

41.2. Reglur um bifreiðamál ríkisins, nr. 6/1970, skulu gilda um starfsmenn í heilbrigðisþjónustu, eftir því sem við getur átt.

#### 42. gr.

- 42.1. Ráðuneytið gerir í samráði við samgönguráðuneyti og dóms- og kirkjumálaráðuneyti (vegamálastjóra, landhelgisgæzlu, flugmálastjóra) og landlækni áætlun um, hvernig bezt og öruggast verði séð um, að læknar komist frá heilsugæzlustöðvum til móttökustaða innan starfssvæðis, svo og um almennt sjúkraflug og neyðarþjónustu.
- 42.2. Ráðuneytið getur í þessu skyni gert samning við flugfélög um slíkar ferðir eða gerzt aðili að rekstri flugvélar eða þyrlu til þessara nota.
- 42.3. Á sama hátt gerir ráðuneytið í samráði við samgönguráðuneytið (póst- og símamálastjóra) áætlun um fjarskipta- og símaþjónustu í héruðum landsins, svo að tryggt sé, að landsmenn geti náð til læknis án tafar.

#### 43. gr.

- 43.1. Heimilt er ráðuneytinu að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands og landlæknis að veita læknaslúdentum ríkisstyrki til náms gegn skuldbindingum um læknisþjónustu í strjálbýli að loknu námi. Nánari ákvæði um styrki þessa skal setja í reglugerð.

#### 44. gr.

- 44.1. Læknishéraðasjóðum samkv. lögum nr. 82/1970, Bifreiðalánasjóði samkv. 14. gr. laga nr. 43/1965, svo og ónotuðum fjárveitingum samkv. 15. og 16. gr. sömu laga, skal slá saman í einn sjóð, Læknishéraðasjóð, og skal ríkissjóður leggja honum til við stofnun 5 milljónir króna.
- 44.2. Hlutverk sjóðsins skal vera að bæta læknisþjónustu í dreifbýli með þeim ráðum, sem tiltæk eru hverju sinni. Ráðherra veitir lán og styrki úr sjóðnum að fengnum tillögum landlæknis.
- 44.3. Árlegar tekjur sjóðsins skulu vera þau embættislaun héraðslækna og lækna við heilsugæzlustöðvar, sem ekki koma til greiðslu, vegna þess að læknar hafa ekki fengizt til starfanna, og auk þess skal árlega leggja sjóðnum fé á fjárlögum.
- 44.4. Ráðherra setur sjóðnum reglugerð.

#### 45. gr.

- 45.1. Heimilt er að tengja við ákveðnar sérfræðings- og aðstoðarlæknisstöður við ríkisspítala kvöð um störf við heilsugæzlustöðvar, allt að 2 mánuðum á ári fyrir sérfræðinga og allt að 4 mánuðum fyrir aðstoðarlækna.

#### 46. gr.

- 46.1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Jafnframt eru felld úr gildi sjúkrahúsalög, nr. 54/1964, læknaskipunarlög, nr. 43/1965, með áorðnum breytingum, heilsuverndarlög, nr. 44/1955, og lög um læknishéraðasjóði, nr. 82/1970, svo og önnur ákvæði laga, er fara í bág við þessi lög.

### Ákvæði til bráðabirgða.

1. II. kafli laganna og gr. 19.1. taka ekki gildi fyrr en Alþingi ákveður. Meðan gildistöku þessara ákvæða er frestað, skal ráðherra skipa einn lækni í hverju heilsugæzluumdæmi til þess að gegna þeim embættisstörfum, sem tilgreind eru í II. kafla. Læknar þessir skulu vera starfandi við heilsugæzlustöðvar, þar sem því verður við komið. Þangað til þessir læknar hafa verið skipaðir, skulu borgar-

læknirinn í Reykjavík og héraðslæknar gegna núverandi embættisstörfum sínum. Ákvæði í 16. gr. 3., 2—3 skulu ekki koma til framkvæmda, nema ákvörðun Alþingis komi til. Á meðan skulu héraðslæknar á Hvolsvelli, Hellu, Selfossi, Laugarási, Eyrarbakka og Hveragerði gegna embættum sínum samkvæmt lækna-skipunarlögum, nr. 43/1965, með áorðnum breytingum.

2. Til þess að koma á þeirri heilbrigðisþjónustu, sem ráðgerð er, skal úr ríkissjóði bjóða fram námsstyrki til heilbrigðisstarfsmanna, til þess að þeir geti aflað sér sérmenntunar. Námsstyrkir þessir skulu nægja fyrir skólagjöldum og dvalar-kostnaði erlendis í allt að 1 ár.
3. Héraðslæknar á læknissetrum, sem leggja á niður, skulu flytjast til heilsu-gæzlustöðva, þegar aðstaða er fengin, en ella sitja á núverandi aðsetri. Meðan löggin eru að komast til fullra framkvæmda, er heimilt að ráða lækna og annað starfslíð að heilsugæzlustöð með búsetu og starfsstað utan stöðvar. Heimilt er ráðherra að ráða hjúkrunarkonur til lækna utan heilsugæzlustöðva.
4. Heilsuverndarstarf skv. lögum nr. 44/1965, sbr. lög nr. 28/1957, skal haldast óbreytt frá því, sem er við gildistöku laganna, þar til heilsugæzlustöðvar hafa verið skipulagðar til að annast það.

*Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

## L Ö G

### um atvinnuleysistryggingar.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-  
þykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Skipulag og stjórn.

##### 1. gr.

Bætur til þeirra, sem verða atvinnulausir, skulu greiddar úr atvinnuleysistrygg-  
ingasjóði samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

- a. Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 5. gr.
- b. Framlag frá sveitarfélögum samkvæmt 11. gr.
- c. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt 12. gr.
- d. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

Tekjur samkvæmt staflidum a—c og helmingur tekna samkv. d-lið skulu færðar  
á sérreikning verkalýðsfélaganna við sjóðinn.

##### 2. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs skipa 7 menn, tveir tilnefndir af Alþýðusam-  
bandi Íslands, einn tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands og 4 kosnir af sam-

einuðu Alþingi með hlutfallskosningu. Varamenn skulu vera jafnmargir og aðalmenn og valdir með sama hætti og þeir. Skipun stjórnar fer fram að loknum hverjum almennum alþingiskosningum.

Ráðherra skipar formann og varaformann sjóðsstjórnar úr hópi þeirra aðal-  
manna, sem valdir eru af sameinuðu Alþingi.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarnefndarmanna.

### 3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu atvinnuleysistryggingasjóðs og skal sjóðurinn vera í vörzlum hennar. Handbært fé sjóðsins skal Tryggingastofnunin ávaxta, eftir því sem við verður komið, í lánastofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til. Ef handbært fé verður meira en ætla má nauðsynlegt til greiðslu bóta samkvæmt lögum þessum, er stjórn sjóðsins heimilt að ávaxta þann hluta fjáris í útlánum eða vaxtabréfum gegn ábyrgð ríkissjóðs eða annarri öruggri tryggingu.

### 4. gr.

Ákvæði laga þessara taka til verkalýðsfélaga, félagsmanna þeirra og allra atvinnurekenda innlendra og erlendra, sem reka atvinnu hér á landi.

Gjaldskyldur atvinnurekandi telst hver sá, er hefur í þjónustu sinni mann, 16 ára eða eldri, sem tekur laun samkvæmt kjarasamningi verkalýðsfélags eða samkvæmt gildandi launataxta verkalýðsfélags. Bændur eru þó ekki gjaldskyldir vegna vinnu, sem unnin er við búrekstur þeirra.

Nú stundar fullgildur félagsmaður verkalýðsfélags sjósókn á eigin fari, en vinnur einnig hjá gjaldskyldum atvinnurekendum, og verður hann þá gjaldskyldur vegna sinnar eigin atvinnu, ef hann lýsir því yfir á skattframtali sínu, að hann óski þess, og telji fram róðrafjölda sinn, og öðlast hann þá jafnframt bótarétt, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 15. gr.

Verkalýðsfélög teljast samkvæmt lögum þessum félög verkafólks, sem vinnur hvers konar daglaunavinnu, svo og annarra, sem vinna fyrir launum við sams konar vinnu, svo sem félög sjómanna, skrifstofufólks og afgreiðslufólks í verzlunum, starfsfólks við iðnað, flutninga á mönnum og vörum og þjónustu í veitingahúsum, starfsfólks í brauða- og mjólkurbúðum, og önnur sambærileg félög. Félög fastlaunaðra opinberra starfsmanna, lækna og annarra sambærilegra aðila teljast ekki til verkalýðsfélaga.

## II. KAFLI

### Iðgjöld og framlög.

#### 5. gr.

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, er sé 1% af útborguðu vikukaupi fyrir dagvinnu, samkv. 1. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík, vegna hvernar vinnuviku, er starfsmaður vinnur í þjónustu hans. Um ákvörðun á vinnuvikufjölda fer samkv. ákvæðum almannatryggingalaga um iðgjald atvinnurekenda til slysatrygginga.

Við ákvörðun iðgjalds skal miða við meðalkaup á s. l. ári samkv. umræddum taxta og skal það reiknað af Hagstofu Íslands.

Við ákvörðun iðgjalds samkv. 3. mgr. 4. gr. jafngildir hver róðrardagur 12 vinnustundum.

#### 6. gr.

Iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 5. gr. skal skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti og semja skrá um gjaldendur og upphæðir þær, sem þeir skulu greiða.



Iðgjöld þessi skulu innheimt í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur atvinnurekanda beri að greiða. Skulu skýrslurnar sýna tölu vinnuvikna í hverri starfsgrein og tilgreina það verkalýðsfélag, sem gert hefur samning eða sett taxa þann, sem hverjum launþega um sig er greitt eftir. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattstjóra.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni launþega, sem unnið hafa tryggingarskyld störf, sbr. 4. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

### 7. gr.

Þar sem eru fleiri verkalýðsfélög en eitt í umdæmi, skal fulltrúaráð félaganna, eða félagin sameiginlega, sé fulltrúaráð ekki til, fyrir lok hvers árs afhenda skattyfirvaldi skrá um þau verkalýðsfélög, sem starfandi eru í umdæminu, ásamt upplýsingum um, hverjar starfsgreinar heyri til hverju verkalýðsfélagi. Starfsgrein skal tilheyra því verkalýðsfélagi, sem gert hefur samning við atvinnurekendur eða sett launataxa, sem viðurkenndur er, varðandi launagreiðslur í starfsgreininni.

Að lokinni samningu iðgjaldaskrár, samkv. 6. gr., skal skattyfirvald skipta heildarupphæð iðgjaldanna eftir starfsgreinum á reikninga hinna einstöku verkalýðsfélaga á staðnum. Skipta skal úr iðgjöldum vegna utansveitarfólks, sem á heimilisfang á þeim stöðum, sem lög þessi taka til, sem síðan skal skipta eftir starfsgreinum á reikninga hinna einstöku verkalýðsfélaga þar. Sams konar skiptingu skulu skráningarstjórar, sbr. 6. gr. 1. mgr., gera. Gera skal skrá um skiptingu þessa, sem síðan skal send Tryggingastofnun ríkisins, sem færir iðgjöldin á sérreikning verkalýðsfélaganna við atvinnuleysisstryggingasjóðinn samkvæmt skránni.

Ef skattyfirvaldi hefur ekki horizt skrá sú, sem um er rætt í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir árslok, verða iðgjöld ekki færð á sérreikning félaganna við sjóðinn, en iðgjaldaupphæðin telst þá með stofnfé sjóðsins, ásamt framlagi ríkissjóðs.

### 8. gr.

Gjaldskrá samkvæmt 6. gr. skal liggja frammi almenningi til sýnis samtímis skattskránni.

Kæra má til skattstjóra og ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Skattstjóri og ríkisskattanefnd skulu endurskoða og leiðrétta gjaldskrárnar með sama hætti og skrár um tekju- og eignarskatt.

Gjalddagur iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

### 9. gr.

Iðgjöld vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs og almannatrygginganna. Iðgjöld vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

### 10. gr.

Iðgjöld samkvæmt lögum þessum koma til frádráttar við ákvörðun skattskyldra tekna samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt.

## 11. gr.

Sveitarsjóður skal greiða framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs jafnhátt álögðum iðgjöldum, sem samtals eru færð á sérreikning verkalýðsfélaganna í sveitarfélaginu. Framlagið skiptist milli sérreikninga félaganna og færist á þá með sama hætti og iðgjöldin.

Tryggingastofnun ríkisins tilkynnir innheimtumönnum, hverjum fyrir sitt umdæmi, hver eru framlög sveitarfélaganna í umdæminu, strax og henni hafa borizt skrár þær um skiptingu iðgjalda, sem um er rætt í 7. gr.

## 12. gr.

Ríkissjóður greiðir framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs, er vera skal tvöfalt herra en álögð iðgjöld atvinnurekenda. Upphæð þessari skal skipt á sérreikninga félaganna við sjóðinn og færð á þá með sama hætti og framlög sveitarfélaganna.

Áætlað ríkissjóðsframlag greiðist ársfjórðungslega eftir á, en fullnaðarskil skulu gerð, þegar iðgjöld atvinnurekenda hafa endanlega verið ákveðin.

## 13. gr.

Iðgjöld samkvæmt 6. gr. skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkisins, sem innheimta tekju- og eignarskatt. Tryggingastofnun ríkisins innheimtir þó iðgjöld, sem ríkissjóði eða ríkisstofnunum ber að greiða. Skulu ákvæði laga nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjaldanna, að svo miklu leyti sem við getur átt.

Um innheimtulaun af iðgjöldum þessum fer eftir launalögum. Innheimtumenn ríkisins annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga, sbr. 11. gr., án endurgjalds.

Innheimta skal framlög sveitarfélaganna ásamt manntalsgjöldum, og skal innheimta hjá hverju sveitarfélagi sömu fjárhæð og gjaldast á í sveitarfélaginu samtals samkvæmt 5. gr. Skulu innheimtumenn endargreiða sveitarfélögunum það, sem þau kunna að hafa ofgreitt, eða innheimta það, sem kann að vera vangreitt, þegar fyrir liggur tilkynning frá Tryggingastofnun ríkisins um framlag þeirra samkvæmt 2. mgr. 11. greinar.

## III. KAFLI

## Um úthlutunarnefndir.

## 14. gr.

Úthlutun bótafjár fyrir hvert félag eða félagasamband sé undir stjórn nefndar, sem skipuð er 5 mönnum, þrem frá verkalýðsfélagi eða sambandi, einum af Vinnuveitendasambandi Íslands og einum af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Ef ekki næst einróma samkomulag varðandi úrskurði um bótagreiðslur, getur hver einstakur nefndarmaður áfrýjað til stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, sem fellir endanlegan úrskurð um málið. Sá, sem sækir um bætur, getur jafnan áfrýjað úrskurði úthlutunarnefndar til sjóðsstjórnar. Nefndirnar kjósa sér sjálfar formann og ritara.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs ákveður þóknun til nefndarmanna og úrskurðar reikninga um kostnað við nefndarstörf, er hvort tveggja greiðist úr sérreikningi hlutaðeigandi félags við atvinnuleysistryggingasjóðinn. Sameiginlegur kostnaður, svo sem þóknun stjórnarnefndarmanna skv. 2. gr. og kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins vegna starfa þeirra, sem henni eru falin með lögum þessum, greiðist af fé atvinnuleysistryggingasjóðs, og skal þeim kostnaði jafnað niður hlutfallslega miðað við tekjur, er koma á sérreikninga á árinu.

#### IV. KAFLI Um bótarétt.

##### 15. gr.

Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir, sem fullnægja eftirtöldum skil-  
yrðum:

- a. eru orðnir 16 ára.
- b. dvelja hérlendis.
- c. eru fullgildir félagsmenn í verkalýðsfélögum.
- d. hafa á síðustu 12 mánuðum stundað tryggingaskylda vinnu í a. m. k. 1032 dag-  
vinnustundir, eða 516 dagvinnustundir ef um reglubundna hálfisdagsvinnu er að  
ræða, hvort tveggja greitt samkv. kjarasamningi eða taxa verkalýðsfélagsins.  
Enginn getur öðlast bótarétt vegna vinnu við störf, sem ekki eru tryggingaskyld.

Skólafólk, sem stundar vinnu að námi loknu, telst hafa fullnægt ákvæði þessa  
staflíðs, hafi það á síðastliðnum 12 mánuðum stundað vinnu a. m. k. í þrjá  
mánuði og skólanám í sex mánuði.

Hafi sá, sem verður 16 ára, stundað áskilda vinnu fyrir og eftir að hann  
náði 16 ára aldri, öðlast hann rétt til bóta, ef hann hefur unnið a. m. k. þriðjung  
þessa dagvinnustundafjölda, eftir að hann varð 16 ára.

Hver róðrardagur við sjósókn, sbr. 3. mgr. 4. gr., telst 12 klukkustundir, en  
þó reiknast slík vinna samtals aldrei fleiri klukkustundir en nemur tvöföldum  
þeim vinnustundafjölda, sem umsækjandi hefur unnið tryggingaskylda dagvinnu  
hjá öðrum.

Sá, sem tekur starfi, sem ekki er tryggingarskyld samkv. lögum þessum, og  
stundar það allt að 24 mánuðum, missir ekki, að loknu því starfi, þann bótarétt,  
sem hann kann að hafa áunnið sér, áður en hann tók starfinu. Bótaréttur glatast  
heldur ekki, þó að umsækjandi hafi verið veikur um allt að tveggja ára skeið,  
enda sanni hann veikindi sín með læknavottorði svo og vinnuhæfni sína, ef hann  
sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindunum. Bótarétt getur enginn  
öðlast vegna atvinnuleysis, sem stafar af veikindum hans.

Ákvæði þessarar mgr. gilda eftir því sem við á um þá, sem taldir eru í d-lið  
16. gr.

Sá, sem gengur undir starfsþjálfun eða sækir námskeið til þess að öðlast  
hæfni til að stunda ný störf, nýtur á meðan atvinnuleysisbóta í allt að 30 daga  
virka, ef hann naut slíkra bóta þegar starfsþjálfunin eða veran á námskeiðinu  
hófst, sbr. þó 2. mgr. 17. gr.

Sá, sem öðlast bótarétt, samkv. grein þessari, heldur honum, að loknu bóta-  
tímabili, sbr. 2. mgr. 17. gr., þó að hann vegna atvinnuleysis hafi ekki stundað  
vinnu svo sem áskilið er í upphafi þessa staflíðs, enda hafi hann gætt þess að  
láta skrá sig, sbr. síðustu mgr. þessarar greinar.

Ellí- og örorkulífeyrisþegar öðlast því aðeins bótarétt, að loknu fyrsta  
bótatímabili, að þeir sanni vinnuhæfni sína með læknavottorði.

- e. sanna með vottorði vinnumiðlunar samkv. lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi  
verið atvinnulausir einn eða fleiri heila vinnudaga.

Í þessu sambandi teljast ekki með þeir dagar, sem hlutaðeigandi hefur átt  
í verkfalli eða verkbanni, sbr. 16. gr. a-lið, eða notið atvinnuleysisbóta.

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig vikulega hjá  
vinnumiðlun, samkv. lögum nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, að viðlögðum  
missi bótaréttar til næsta skráningardags. Geli umsækjandi ekki látið skrá sig  
vegna þess, að hann er í vinnu eða veikur, skal hann láta skrá sig næsta dag,  
sem hann getur, að viðlögðum missi bóta samkv. framansögðu. Óheimilt er að

greiða bætur fyrir atvinnuleysistímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnu-  
miðlun lögum samkvæmt.

#### 16. gr.

Bætur greiðast ekki þeim, sem:

- a. taka þátt í verkfalli eða verkþann nær til,
- b. njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar,
- c. misst hafa vinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem drykkju-  
skaparóreglu,
- d. sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutan,
- e. ófærir eru til vinnu eða neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutan vinnumiðlunar-  
skrifstofu, samkv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé,  
þó því aðeins að ekki hvíli verkfall eða verkþann á vinnunni og kaupgjald og  
vinnutími séu í samræmi við kjarasamninga eða taxta hlutaðeigandi verkalýðs-  
félags, og ekki sé annað vanhæfi á vinnunni. Vanhæfi á vinnu verður aðeins  
sannað með læknisvottorði, sem kveður á um það, að bótaþegi geti ekki af heilsu-  
farsástæðum stundað þá vinnu, sem hann á kost á. Bótaréttur glatast þó ekki,  
þó að hafnað sé vinnu í starfsgrein, sem umsækjandi hefur ekki áður stundað,  
enda fylgi slíkri starfsgrein verulega meiri áreynsla eða vösbúð en þeirri, sem  
hann áður stundaði. Þegar úthlutunarnefnd metur bótarétt, ef um er að ræða  
vinnu í öðru byggðarlagi, ber m. a. að taka tillit til heimilisástæðna umsækj-  
anda. Þegar hafnað er vinnu í öðru byggðarlagi eða í annarri starfsgrein, sam-  
kvæmt ákvæðum þessa stafliðs, getur úthlutunarnefnd fellt niður bótagreiðslur,  
þegar umsækjandi hefur notið bóta í 4 vikur,
- f. stundar vinnu í eigin þágu, sem hann hefur beinar tekjur af,
- g. á maka, sem á síðustu 12 mánuðum hefur haft og hefur hærri tekjur en sem  
svarar tvöföldum dagvinnutaxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík.  
Regla þessi um hjón gildir einnig um karl og konu, sem húa saman og eru  
bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn, eða konan er þunguð af hans völdum,  
eða sambúðin hefur varað í samfleytt tvö ár.

Sá, sem orðið hefur uppvis að því að reyna að afla sér bóta með því að gefa  
vísitandi rangar upplýsingar um hagi sína, missir bótarétt. Fyrsta brot varðar bóta-  
missi í 2 mánuði, annað brot í 2 ár og þriðja brot fyrir fullt og allt.

Fella skal niður bótagreiðslu, sbr. c-lið þessarar greinar, í 30 daga virka. Missi  
maður oftast rétt til bóta, samkvæmt þessum staflið, öðlast hann ekki bótarétt að  
nýju, nema sannað sé með vottorði vinnumiðlunar, að hann hafi stundað vinnu  
samfellt í 30 daga virka, eftir að hann fyrirgerði bótarétti sínum.

#### 17. gr.

Sá, sem öðlast bótarétt samkv. 15. gr., sbr. 16. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá  
heilu daga, sem hann hefur verið atvinnulaus. Bætur greiðast þó ekki fyrir færri  
en þrjá atvinnuleysisdaga í senn.

Atvinnuleysisbætur greiðast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga og  
engum skulu greiddar slíkar bætur lengur en 130 daga á síðustu 12 mánuðum.

### V. KAFLI

#### Um bótafjárhæðir.

#### 18. gr.

Atvinnuleysisbætur miðast við laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á  
hverjum tíma, samkv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og  
skulu vera sem hér segir:

- a. Til kvænts manns eða giftrar konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis 80% af áður greiddum launum. Nú eiga bæði hjónin rétt á bótum og greiðast þeim þá, hvoru um sig, bætur samkv. b-lið þessarar greinar. Bætur samkv. c-lið falla þá niður. Sama rétt til bóta og hjón hafa, samkv. grein þessari, einnig karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt barn saman, eða konan er þunguð af hans völdum, eða sambúðin hefur varað samfleytt í tvö ár.
- b. Til einstaklings skal greiða á sama hátt 70% af launum.
- c. Til bótaþega skal á sama hátt greiða 6.5% vegna hvers barns yngra en 17 ára, þar með talin börn utan heimilis, sem bótaþegi sannanlega greiðir með, samkv. meðlagsúrskurði eða skilnaðarbréfi. Aldrei skal þó greiða bætur vegna fleiri en þriggja barna til hvers bótaþega.

Atvinnuleysisbætur til þeirra, sem njóta örorkubóta samkv. lögum um almannatryggingar, greiðast aðeins að því marki sem þær eru hærrí en bætur almannatrygginga. Með bótum almannatrygginga í þessu sambandi teljast barnalífeyrir og maka-bætur, sem bótaþegi atvinnuleysisbóta kann að fá greiddar.

Bótaþegi, sem öðlazi hefur bótarétt vegna hálf dagsvinnu, sbr. d-lið 15. gr., skal fá greiddar hálfar bætur, sbr. a—c-lið þessarar greinar. Þó skal slíkur bótaþegi, sem stundað hefur heilsdagsvinnu síðasta mánuðinn, áður en bótagreiðslur hefjast, fá greiddar fullar bætur.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

## VI. KAFLI

### Um bótagreiðslur.

#### 19. gr.

Bætur greiðast úr sérreikningi þess félags, sem bótaþegi telst til. Nú er fé eigi fyrir hendi á sérreikningi félags eða sambands til greiðslu bóta, og skal þá sjóðs-stjórn lána stofnfé sjóðsins í þessu skyni. Ef einnig er þrotið stofnfé sjóðsins, er sjóðsstjórn heimilt að lána milli sérreikninga.

#### 20. gr.

Umsóknir um bætur skulu ritaðar á eyðublöð, sem félagsmálaráðuneytið lætur gera. Skulu eyðublöð þessi þannig úr garði gerð, að þau skulu vera hvort tveggja í senn, skráningareyðublöð til afnota fyrir vinnumiðlun og umsóknareyðublað um bætur, sbr. 7. gr. laga nr. 52/1956, um vinnumiðlun. Skulu eyðublöð þessi fást hjá úthlutunarnefndum, skrifstofum Tryggingastofnunarinnar, umboðsmönnum hennar og annars staðar eftir því, sem henta þykir.

#### 21. gr.

Úthlutunarnefnd gerir skrá um þá menn, er hún úrskurðar bætur. Sé ágreiningur um úthlutun, skal þess getið á skránni og tilgreint, í hverju ágreiningur sé fölginn. Skrá þessi skal send umboðsmönnum Tryggingastofnunarinnar (í Reykjavík, aðal-skrifstofunni).

Úthlutunarnefnd annast sjálf greiðslu bóta, nema hún kjósi að fela Tryggingastofnuninni eða umboðsmönnum hennar bótagreiðslur. Að fenginni úthlutunarskrá, skal Tryggingastofnunin, að lokinni athugun sinni á skránni, sbr. 15.—18. gr. laga þessara, láta úthlutunarnefnd í té skrá um bæturnar ásamt nægilegu fé til greiðslu þeirra. Úthlutunarnefnd annast þá greiðslu bóta til einstakra bótaþega, gegn kvittun þeirra á skrána. Að loknum bótagreiðslum skal úthlutunarnefnd afhenda Tryggingastofnuninni skrána.

## VII. KAFLI

## Um sérstök lán og styrki.

## 22. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán, sem verði vaxtalaus eða með lágum vöxtum um lengri eða skemmri tíma, til eflingar atvinnulífi á þeim stöðum, sem við eiga að stríða alvarlegt atvinnuleysi. Jafnframt er heimilt að ákveða, að lán þessi verði afborgunarlaus tiltekið árábil. Heimilt er að veita lán þessi gegn ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélags, þó að önnur trygging komi ekki til.

Sjóðsstjórn er heimilt að láta framkvæma athugun og rannsókn á staðháttum á þeim stöðum, sem lán eru veitt til samkvæmt þessari grein. Skal og jafnan leitað tillagna um úrbætur hjá þeim, sem falin hefur verið rannsókn og athugun vegna þessara lánveitinga, en slíkar tillögur skulu við það miðaðar að koma atvinnulífi hlutaðeigandi staða á traustan fót.

Sjóðsstjórn skal leita umsagnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, áður en hún veitir lán samkvæmt þessari grein.

Sjóðsstjórninni er heimilt að ákveða lægri vexti en venjulega útlánsvexti af lánnum til samtaka verkafólks og atvinnurekenda til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi sína, þar með talin lán til orlofsheimila verkafólks.

## 23. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að veita styrk úr sjóðnum til einstakra sveitarfélaga og vaxtalaus lán til annarra aðila, sem bókfæra skal á sérreikninga hlutaðeigandi verkalýðsfélaga, ef fullnægt er öllum eftirfarandi skilyrðum:

- a. að verulegt atvinnuleysi sé í hlutaðeigandi sveitarfélagi, sem útlit sé fyrir að verði langvarandi,
- b. að sveitarfélagið eða lántakandi láti hefja vinnu við ákveðnar framkvæmdir og ráði í því skyni ákveðna tölu atvinnulausra á staðnum til ákveðins tíma,
- c. sveitarfélagið eða lántakandi greiði laun fyrir þessa vinnu samkvæmt gildandi kjarasamningi eða taxa verkalýðsfélagsins,
- d. hlutaðeigandi verkalýðsfélag og vinnuveitendasamtök samþykki styrkveitinguna,
- e. réttur atvinnuleysingja til bóta að framkvæmdum loknum verði hinn sami og hann var, þegar þeir hófu umrædda vinnu hjá sveitarfélaginu eða lántakanda, ef þeir verða þá atvinnulausir.

Sama gildir ef vinna fellur niður einhvern dag eða daga af veðurfarsástæðum, meðan framkvæmdir þessar standa yfir.

## 24. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita þátttakendum í viðurkenndum starfsþjálfunarnámskeiðum styrk, sem nema má allt að því jafnhárrí fjárhæð og atvinnuleysisbætur eru samkvæmt 18. gr. a, fyrir hvern þátttakanda í slíkum starfsþjálfunarnámskeiðum að viðbættri þátttöku í ferðakostnaði og öðrum óhjákvæmilegum útgjöldum þátttakenda, sbr. þó 15. gr. d., 6. mgr.

Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um veitingu framangreindra styrkja.

## 25. gr.

Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs getur veitt lán til þess að koma á fót vinnustöðvum fyrir öryrkja, sem nemur allt að 40% stofnkostnaðar slíkra stöðva. Lán þessi skulu vera til 20 ára og vera með 5% ársvöxtum.

Stjórninni er enn fremur heimilt að greiða þriðjung af rekstrarhalla þeim, sem verða kann af rekstri endurhæfingar- eða vinnustofu, enda hafi endurhæfingarráð lagt til, að slíkur styrkur verði veittur úr atvinnuleysistryggingasjóði.

Dá er stjórninni heimilt að verja fé úr atvinnuleysistryggingasjóði til endurbjálfnunar starfsmannahópa, sem missa atvinnu sína vegna breyttra atvinnuhátta, í því skyni, að þeir verði færir til að taka upp ný störf.

26. gr.

Til lánveitinga og styrkja samkvæmt þessum kafla laganna er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins.

### VIII. KAFLI

#### Ýmis ákvæði.

27. gr.

Úthlutunarnefnd getur leitað umsagnar tryggingayfirlæknis Tryggingastofnunar ríkisins um læknisvottorð, sbr. 15. gr. d og 16. gr. e, ef ástæða þykir til.

28. gr.

Ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, ákvæði með reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara að því er varðar störf úthlutunarnefnda og úthlutun bóta.

29. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, svo og eftirtalin lög um breyting á þeim lögum: Lög nr. 2/1957, lög nr. 4/1959, lög nr. 21/1964, lög nr. 28/1966, lög nr. 95/1966, lög nr. 70/1969 og lög nr. 44/1970.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar, skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

Verði breyting á starfsemi kjararannsóknarnefndar, er ráðherra heimilt að samþykkja greiðslu kostnaðar af hliðstæðri starfsemi og kjararannsóknarnefnd hefur annazt, þótt ákveðið verði, að hún yrði unnin af öðrum aðilum.

*Gjört í Reykjavík, 27. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um  
Húsnæðismálastofnun ríkisins.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

B-liður 8. gr. orðist svo:

Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 800 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en  $\frac{3}{4}$

hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna Veðdeildar Landsbanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur, að fengnu samþykki ráðherra, árlega breytt lánsfjárhæð þessari til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

Heimilt er að veita lán til byggingar leiguíbúða á vegum sveitarfélaga, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði, enda hafi hlutaðeigandi sveitarfélag ekki byggt íbúðir samkv. 1. grein laga nr. 97 22. desember 1965 og íbúar þess ekki átt kost á íbúðum, sem þar um ræðir. Lán þessi skulu vera til 33 ára, afborganalaus fyrstu þrjú árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Að öðru leyti eru lánakjörin hin sömu og lánakjör Byggingarsjóðs ríkisins. Á næstu 5 árum er heimilt að veita slík lán út á allt að 1000 íbúðir. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um útlutun lána þessara.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

# L Ö G

## um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. málslíður 2. mgr. A-liðar 8. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt, meðan á byggingartíma stendur, að veita framkvæmdalán til byggingarsamvinnufélaga samkvæmt C-lið 29. gr., svo og til byggingarmeistara, byggingarfyrirtækja, sveitarfélaga og annarra byggingaraðila, sem byggja íbúðir, er seldar verði fullgerðar til einstaklinga, sem fullnægja lánareglum húsnæðismálastjórnar.

## 2. gr.

Á eftir IV. kafla laganna komi nýr kafli, er verði V. kafli, 27.—35. gr., með fyrirsögninni: Um byggingarsamvinnufélög, og breytist núverandi töluröð kafla og greina í samræmi við það þannig, að V.—VI. kafli verða VI.—VII. kafli og 27.—33. gr. verða 36.—42. gr.

## 3. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði þessa kafla taka til sérhvers félags, sem starfar á samvinnugrundvelli með því markmiði að reisa með sem hagfelldustum kjörum íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota ásamt öðrum byggingum, sem teljast verða í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið.

Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

- a. Að taka til ávöxtunar sparifé félagsmanna, er þeir hyggjast síðar nota til öflunar íbúðarhúsnæðis, sbr. A-lið 29. gr.



- b. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt lögum nr. 46 1937, um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum, sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.
- c. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra, sem félagið annast. Félag, sem ákvæði þessa kafla taka til, skal í nafni sínu hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“, og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slíkt heiti.

## 4. gr.

28. gr. laganna orðist svo:

Um félagsstofnun, skrásetningu, félagsstjórn og félagsslit byggingarsamvinnufélags fer, eftir því sem við getur átt, eftir ákvæðum laga nr. 46/1937, um samvinnufélög. Lágmarkstala stofnenda skal vera 10 manns, en í þeim sveitarfélögum, sem hafa yfir 15 þúsund íbúa, skal lágmarkstalan vera 50.

Óheimilt er að skrásetja byggingarsamvinnufélag, fyrr en samþykktir þess hafa verið staðfestar af félagsmálaráðuneytinu. Skal ráðuneytið gera fyrirmynd að samþykktum, er miði m. a. að því, að ákvæði um réttindi og skyldur einstakra félagsmanna og byggingarflokka, svo og ákvæði um fjárhagsáætlanir og tilhögun byggingarframkvæmda verði sem skýrust.

## 5. gr.

29. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

- A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst  $\frac{1}{5}$  hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar íbúðar eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn.

Stofnsjóðsinnstæður félagsmanna skulu geymdar í Byggingarsjóði ríkisins, og skulu þær endurgreiddar að viðbættum vöxtum, þegar framkvæmdir hefjast í byggingarflokki viðkomandi félagsmanns. Vaxtakjör skulu vera þau sömu og eru á ársinnstæðubókum viðskiptabankanna á innstæðutímum.

Stofnsjóðsinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við það. Við úrsögn úr félaginu skal félagsmaður þó aldrei fá endurgreidda hæri fjárhæð en innlög að viðbættum almennum sparisjóðsvöxtum hjá Landsbanka Íslands, en mismunur rennur í varasjóð félagsins.

- B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé sjóði þessum varið til að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar, þar með talinn kostnaður af auknum rekstri, meðan á undirbúningi byggingarframkvæmda, byggingarframkvæmdunum sjálfum og uppgjöri þeirra stendur, telst ekki rekstrarkostnaður í þessu sambandi.
- C. Með framkvæmdalánnum, sbr. A-lið 8. gr. Íbúðum, sem byggingarsamvinnufélagi er veitt framkvæmdalán til, skal að jafnaði skila fullgerðum, en þó skal húsnæðismálastjórn veita undanþágu frá því skilyrði, ef tryggilega er kveðið á um, hvernig lokafrágangi skuli hagað.
- D. Með sölu veðskuldabréfa til veðdeildar Landsbanka Íslands, þó ekki yfir 80% af matsverði viðkomandi íbúða. Lán hessi greiðir veðdeildin með veðdeildarbréfum, sem nánar skal kveðið á um í reglugerð, sbr. 7. gr. laga nr. 11 1961, um Landsbanka Íslands. Veðdeildarbréf þessi skulu aðeins gefin út á nafn lífeyrissjóðs eða innlánsstofnunar, og fellur ríkisábyrgð niður, ef bréfin eru

framseld. Um skiptingu láns milli félagsmanna fer eftir ákvæðum samþykktu félagsins. Hver félagsmaður er ábyrgur fyrir sínum hluta lánsins.

Nú hefur félagsmaður lagt fram fé í stofnsjóð samkvæmt A-lið með reglubundnum hætti um a. m. k. þriggja ára skeið, áður en byggingarframkvæmdir hefjast, og samanlögð fjárhæð þessara innlaga án vaxta nemur a. m. k. 10% af áætluðum byggingarkostnaði, og skal hann þá auk almenns láns samkvæmt 8. gr. eiga rétt á, að Byggingarsjóður ríkisins kaupi af honum veðeildarbréf samkvæmt þessum staflíð fyrir fjárhæð, er sé jafnhá hinum reglubundnu framlögum, þó aldrei meira en 25% af áætluðum byggingarkostnaði. Enginn einstaklingur á rétt á slíku viðbótarláni nema einu sinni. Húsnaðismálastjórn setur nánari reglur um tilhögun framlaga þeirra, er veita þennan rétt.

E. Með varasjóðstillagi, er nemi 1% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar. Til varasjóðs skulu enn fremur renna aðrar tekjur byggingarsamvinnufélags en þær, sem samkvæmt ákvæðum laga þessara renna í stofnsjóð eða rekstrarsjóð.

### 6. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Íbúðir byggingarsamvinnufélaga skulu uppfylla skilyrði húsnaðismálastjórnar um hámarksstærð samkvæmt E-lið 8. gr. Þær skulu gerðar úr varanlegu efni og hafa til að bera venjuleg nútímaþægindi.

Byggingarsamvinnufélag skal gera byggingarsamning við félagsmenn, áður en framkvæmdir hefjast. Í samningnum skal m. a. kveðið á um greiðslutilhögun, afhendingartíma og viðurlög við vanefndum. Þar skal enn fremur kveðið á um rétt félagsmanna byggingarflokksins til að fylgjast með framkvæmdum á byggingarstigi og vera með í ráðum.

Þegar nýr byggingarflokkur er stofnaður, skulu þeir, sem aðild eiga að honum, kjósa þrjá menn úr sínum hópi til þess að fylgjast með framkvæmdum og fjárreiðum byggingarflokksins. Þessir menn skulu hafa aðgang að öllum gögnum félagsins varðandi þeirra byggingarflokk, vera viðstaddir opnun tilboða og fylgjast með samningum við verktaka. Enn fremur skulu þeir ásamt löggiltum endurskoðanda yfirfara og stimpla með dagsetningu öll fylgiskjöl og árita reikninga byggingarflokksins. Þannig frágengnir skulu reikningar lagðir fyrir fund viðkomandi byggingarflokks til staðfestingar.

Félagsstjórn úrskurðar um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda í samræmi við ákvæði byggingarsamnings og almennar reglur, ef til eru.

Nú óska fleiri félagsmenn að gerast aðilar að byggingarsamningi en unnt er að sinna, og skal þá umsækjendum ráðað eftir því, í hvaða röð þeir uppfylltu skilyrði A-liðar 29. gr. um stofnframlag. Þeim, sem ekki hafa uppfyllt skilyrði þessi, áður en byggingarsamningur er gerður, skal ráðað eftir þeirri röð, er þeir gengu í félagið.

Félagsmaður getur því aðeins gerzt aðili að byggingarsamningi, að hann sé fjárráða og eigi lögheimili innan þeirra sveitarfélaga, sem félagið nær til.

### 7. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsamvinnufélag annast byggingarframkvæmdir í umboði félagsmanna hlutaðeigandi byggingarflokks, þar með talda samningagerð við verktaka og aðra í sambandi við þær. Kemur stjórn félagsins fram fyrir hönd íbúðareigenda í málum, sem rísa kunna í sambandi við framkvæmdirnar, unz íbúðirnar hafa verið afhentar, og heimilt er henni að taka að sér slíkan málarekstur á síðara stigi, ef íbúðareigendur bera fram skriflega beiðni þess efnis. Kostnaður við slík málaferli og úrbætur telst til sameiginlegs kostnaðar félagsmanna í hlutaðeigandi byggingarflokki og skal

jafnað niður á íbúðirnar eftir eignarhlutföllum. Heimilt er þó að ákveða, að varasjóður félagsins taki þátt í slíkum kostnaði, allt að þeirri fjárhæð, sem nemur framlagi hlutaðeigandi byggingarflokks til varasjóðs.

Byggingarsamvinnufélag verður ekki krafðið skaðabóta af einstökum félagsmönnum eða byggingarflokki, nema tjón verði rakið til mistaka eða vanrækslu stjórnar eða framkvæmdastjóra félagsins.

### 8. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana fyrstu fimm árin, frá því að byggingarframkvæmdir hófust, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og eigi á þeim tíma leigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstaklega stendur á. Söluverð íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má á 5 ára tímabilinu aldrei vera hærra en kostnaðarverð hennar að viðbætti verðhækkun samkvæmt visitölu byggingarkostnaðar, en að frádreginni hæfilegri fyrningu samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um leigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera.

Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 1. mgr., og rennur þá sá hluti söluverðs, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Hefur félagið veð fyrir skuldinni í hinni seldu íbúð, næst á eftir áhvílandi veðum, sbr. 33. gr.

Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau félagsmenn.

### 9. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af brunabótamatsverði þeirra, enda verður eigi gert fjárnám í eignunum fyrir hærri fjárhæð.

### 10. gr.

34. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal vera stjórnnum byggingarsamvinnufélaga til aðstoðar og leiðbeiningar við byggingarframkvæmdir og undirbúning þeirra, sbr. 3. gr. Stofnunin skal m. a. aðstoða við útvegum leigulóða og láta í té teikningar í samræmi við þá grein. Enn fremur skal hún með framkvæmdalánum samkvæmt A-lið 8. gr. stuðla að því, að unnt sé að bjóða út framkvæmdir.

Húsnæðismálastjórn skal hafa öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbýggingum samvinnufélaga. Skal þeim skylt að senda Húsnæðismálastofnuninni ársreikninga sína, og jafnan skal hún hafa aðgang að bókhaldi þeirra. Þá skal hún vinna að því að koma á samræmdum reglum um skiptingu byggingarkostnaðar milli einstakra íbúðareigenda.

### 11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974 og taka til þeirra íbúða, sem þá hafa eigi verið afhentar eigendum. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 36 1952, um opin-

bera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum. Þau lög gilda þó áfram um íbúðir á vegum byggingarsamvinnufélaga, sem hafizt hefur verið handa um að reisa eða veitt hafa verið lán til með ríkisábyrgð fyrir gildistöku laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt, og lögum nr. 7 23. marz 1972, um breyting á þeim lögum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. málsgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslensk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn ákveðst 800 kr. á mánuði og miðast við þann viku-fjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda hjá útgerðinni, enda ráðnir sem sjómenn.

#### 2. gr.

Við 5. málsgr. 14. gr. laganna (sbr. 6. gr. 1. nr. 7/1972) bætist nýr málslíður, svo hljóðandi: Þessi ákvæði eiga einnig við um hlutaráðna landmenn.

#### 3. gr.

Við B-lið 15. gr. laganna bætist nýr málslíður:

Heildarfyrningarverð eigna skv. 2. tölulið A-liðs þessarar greinar má þó jafnan vera fasteignamatsverð, enda þótt kaup- eða kostnaðarverð hafi verið lægra.

#### 4. gr.

19. gr. laganna orðist svo:

Skattskyldar eignir teljast með þeim takmörkunum, sem gerðar eru í 2. gr. 3. mgr. og 20. og 21. gr., fasteignir og lausafé skattgreiðanda ásamt hvers konar öðrum verðmætum eignarréttindum. Frá eignum skal draga, áður en skattur er á þær lagður, skuldir skattþegns. Til skuldar ber að telja m. a. ógreiddar uppbætur á keyptar afurðir og ógreiddan afslátt af seldum vörum við árslok, enda sé skattþegni skylt samkvæmt lögum, samþykktum sínum, ef um félag er að ræða, eða samningum að greiða viðskipta- eða félagsmanni sínum slíkan afslátt eða uppbætur. Þegar skattur greiðist samkvæmt 2. gr. 3. mgr., má þó aðeins draga frá þær skuldir, sem hvíla á þeim eignum, sem skattur er greiddur af. Eignirnar eru jafnt skattskyldar, hvort sem þær gefa af sér nokkrar tekjur eða ekki.

#### 5. gr.

IV. liður 25. gr. laganna (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972) orðist svo:

Tekjuskatt þeirra manna, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, eða áttu rétt

til örorkulífeyris samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, skal lækka sem hér segir:

- a. Tekjuskatt, 18 000 krónur eða lægri hjá einstaklingum og 26 000 krónur eða lægri hjá hjónum, skal fella niður.
- b. Tekjuskatt einstaklinga á bilinu frá 18 000 til 72 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 18 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 18 000 krónur.
- c. Tekjuskatt hjóna á bilinu frá 26 000 til 104 000 krónur skal lækka um fjárhæð, sem nemur 26 000 krónum, að frádregnum þriðjungi þeirrar fjárhæðar, sem óskertur tekjuskattur er hærri en 26 000 krónur.

#### 6. gr.

VI. liður 25. gr. laganna (sbr. 11. gr. laga nr. 7/1972) fellur niður.

#### 7. gr.

1. málsg. 37. gr. laganna orðist svo:

Þegar framtalsfrestur er liðinn, skal skattstjóri leggja tekjuskatt og/eða eignarskatt á skattþegn samkvæmt framtali hans. Þó skal skattstjóri leiðrétta augljósar reikningsskekkjur í framtali svo og einstaka liði, ef þeir eru í ósamræmi við gildandi lög og fyrirmæli. Enn fremur skal skattstjóri leiðrétta einstaka liði, ef telja má, að óyggjandi upplýsingar séu fyrir hendi, en gera skal skattþegni strax viðvart um slíkar breytingar. Nú er framtalsskýrsla eða einstakir liðir hennar eða fylgigögn ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eða skattstjóri telur þurfa nánari skýringar á einhverju atriði, og skal hann þá skora á framteljanda að láta í té innan ákveðins tíma þau gögn öll, þar með talin bókhaldsgögn, sbr. 36. gr., er skattstjóri telur sér þörf á að fá, svo og skriflegar skýringar, og er framteljanda skylt að verða við áskorun skattstjóra. Fáir skattstjóri fullnægjandi gögn og skýringar innan tiltekins tíma, leggur hann skatt á samkvæmt framtali og framkomnum gögnum og skýringum, sbr. þó 47. gr. Berist eigi svar frá framteljanda innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn, sem óskað er, eða send gögn eru ófullnægjandi, skal skattstjóri áætla tekjur og eign skattþegns svo ríflega, að eigi sé hætt við, að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru, og ákveða skatta hans í samræmi við þá áætlun, sbr. þó einnig 47. gr. Áætlun skal tilkynna skattþegni skriflega. Ef eigi er kunnugt um dvalarstað framteljanda eða umboðsmanns hans, má skattstjóri áætla tekjur hans og eign án þess að gera honum viðvart.

#### 8. gr.

46. gr. laganna orðist svo:

Gjalddagi tekju- og eignarskatts skal vera 1. ágúst ár hvert eða 1. dagur næsta mánaðar eftir álagningu, fari hún seinna fram. Lögreglustjórar — í Reykjavík Gjalldheimtan, sbr. reglugerð nr. 95/1962 — innheimta tekju- og eignarskatt. Sé skatturinn eigi greiddur áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti til ríkissjóðs af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem liður, talið frá og með gjalddaga, unz skatturinn er að fullu greiddur. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett fyllri ákvæði um innheimtuna, svo sem að gjalddagar skuli vera fleiri en einn á ári, þar sem það þykir henta, um tilbúning og sölu skattmerkja og þess háttar. Einnig getur fjármálaráðherra með reglugerð skyldað kaupgreiðendur til að gefa skýrslur um mannahald og halda eftir og skila til innheimtumanns upp í þinggjöld manna hluta af kaupum þeirra til lúkningar gjöldunum, og má í reglugerðinni setja ítarlegri ákvæði um allt, er að þessu lýtur. Kaupgreiðandi

ábyrgist þá fé það, er hann hefur haldið eftir sem geymslufé. Fé þetta og gjöld, er ekki hefur verið haldið eftir vegna vanrækslu kaupgreiðanda, má taka lögtaki hjá honum sem eigin skattar væru. Nú vanrækir kaupgreiðandi að halda fé eftir upp í gjöldin, skila innheimtufé eða umkröfðum skýrslum, og má þá einnig beita sektum, ef eigi er úr bætt innan hæfilegs frests, er innheimtumaður ákveður. Nú skilar kaupgreiðandi ekki fé innan þess frests, sem þannig er ákveðinn, og ábyrgist hann þá einnig greiðslu dráttarvaxta, sem gjaldanda kunna að verða reiknaðir vegna vanskila á innheimtufé.

Innheimtumaður getur ekki kafið gjaldanda um þá fjárhæð, sem kaupgreiðandi hefur haldið eftir af launum hans til greiðslu skatta, þó að kaupgreiðandi hafi ekki staðið skil á greiðslunni til ríkissjóðs. Krafa ríkissjóðs í þrotabú kaupgreiðanda vegna slíkra greiðslna skal vera forgangskrafa og í skuldaröð með þeim kröfum, sem nefndar eru í a-lið 83. gr. laga nr. 3/1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. Skattgreiðandi, sem ofgreitt hefur skatt til kaupgreiðanda samkv. þessari grein, á rétt á endurgreiðslu beint frá innheimtumanni, hvort sem kaupgreiðandi hefur greitt innheimtumanni skattinn eða ekki.

Þeir, sem hafa á hendi fjárforræði ólögráða manna, bera ábyrgð á skattgreiðslu þeirra. Um ábyrgð atvinnuveitenda á skattgreiðslu útlendinga, sem þeir hafa í þjónustu sinni, fer svo sem segir í 5. gr. laga nr. 22/1956.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið, að innheimta skuli fyrir fram upp í væntanleg þinggjöld yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, er nemi ákveðnum hluta þeirra þinggjalda, sem honum ber að greiða næstliðið ár. Við ákvörðun fyrirframgreiðslunnar skal gætt þeirra tekjubreytinga, sem orðið hafa, og almenns efnahagsástands í landinu. Ráðherra er heimilt að miða fyrirframgreiðslu skv. þessari málsgrein við hlutfall af tekjum yfirstandandi árs í stað hlutfalls af gjöldum næstliðins árs, telji hann þá aðferð betur henta. Þar sem innheimta opinberra gjalda er sameiginleg, sbr. lög nr. 68/1962, skulu heimildir þessarar mgr. taka með sama hætti til innheimtu annarra gjalda en þinggjalda.

Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur, að gjaldandi hefur þegar greitt meira en álagða skatta, og skal þá endurgreiða það, sem ofgreitt var, ásamt  $\frac{1}{2}\%$  vöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem fé var í vörzlu ríkissjóðs.

Nú breytir ríkisskattanevnd skatti svo seint, að tilkynning um það hefur eigi náð innheimtumanni fyrir gjalddaga skattsins, og skal hann þá innheimta eða endurgreiða þann skatt síðar.

Óheimilt er að slíta félagi og úthluta eignum þess, fyrr en opinberir skattar af tekjum þess og eignum hafa verið greiddir að fullu fyrir allan starfstíma félagsins.

## 9. gr.

52. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er skattstjóra að taka til greina umsókn skattþegns um lækkun tekjuskatts, þegar svo stendur á sem hér segir:

1. Ef ellihörleiki, veikindi, slys eða mannslát hafa skert gjaldþol skattþegns verulega.
2. Ef á framfæri skattþegns eru börn, sem haldin eru langvinnum sjúkdómum eða eru fötluð eða vangefin og valda framfærendum útgjöldum unfram venjulegan framfærslukostnað. Fallist skattstjóri á umsókn skattþegns, skulu tekjur hans til álagningar lækkaðar um eigi lægri fjárhæð en nemur barnafrádrætti samkvæmt 16. gr. fyrir hvert barn, sem þannig er ástátt um.
3. Ef skattþegn hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef skattþegn hefur haft veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna eldri en 16 ára.
5. Ef skattþegn hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni af völdum náttúruhamfara,

eldsvoða eða búfjársljúkdóma, enda hafi hann ekki fengið tjón sitt bætt úr hendi annarra aðila.

6. Ef gjaldþol skattþegns hefur skerzt verulega vegna tapa á útistandandi kröfum, sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.
7. Ef skattþegn lætur af störfum vegna aldurs og gjaldþol hans skerðist verulega af þeim sökum.

Nánari ákvæði um skilyrði fyrir framangreindum ívilnunum skulu sett í reglugerð. Skattstjóri getur veitt ívilnanir samkvæmt þessari grein án umsóknar. Ákvörðun skattstjóra samkvæmt þessari grein má skjóta til ríkisskattstjóra, sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Ríkisskattstjóri skal sérstaklega fylgjast með ívilnunum þeim, sem skattstjórar veita samkvæmt þessari grein, og sjá til þess, að samræmis sé gætt og réttum reglum fylgt.

Greiði skattþegn, sem skattskyldur er hér á landi, samkvæmt ákvæðum I. kafla þessara laga, skatta af eignum sínum og tekjum, sem skattskyldar eru hér á landi, til ríkissjóðs eða opinberra aðila í ríki, sem Ísland hefur ekki gert við tvísköttunarsamning, er ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn skattþegns, að lækka tekjuskatt eða eignarskatt með hliðsjón af þessum skattgreiðslum.

#### 10. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Skylt er að hækka eða lækka þær fjárhæðir, sem um ræðir í A- og D-liðum 13. gr., 14. gr. og 16. gr., svo og þrepin í skattstiga þeim, sem um ræðir í I. lið 25. gr. og fjárhæðir í IV. lið þeirrar gr., í samræmi við skattvísitölu, sem ákveðin skal í fjárlögum ár hvert.

#### 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta til ríkissjóðs fyrir skattárið 1972.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

## L Ö G

### um Iðnrekstrarsjóð.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Stofna skal sjóð til að stuðla að auknum útflutningi iðnaðarvarnings, breyttu skipulagi og aukinni framleiðni í íslenskum iðnaði. Sjóðurinn skal vera sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins.

#### 2. gr.

Sjóðurinn er undir yfirstjórn iðnaðarráðherra. Heimilt er ráðherra að fela banka eða annarri fjármálastofnun daglega afgreiðslu sjóðsins.

## 3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn og jafnmargir til vara skipaðir af iðnaðarráðherra til tveggja ára í senn.

Iðnaðarráðherra skipar formann sjóðsstjórnar án tilnefningar. Aðra stjórnarmenn skipar hann samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra samvinnufélaga, Iðnbrotunarsjóðs, Alþýðusambands Íslands og Félags íslenskra iðnrekenda, er hvert tilnefni einn mann.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt til jafnlangs tíma.

## 4. gr.

Stjórnin hefur með höndum starfsemi sjóðsins og ráðstöfun fjármagns hans. Iðnaðarráðherra ákveður þóknun fyrir störf sjóðsstjórnar.

## 5. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. Gengishagnaður skv. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 97/1972.
2. Gengishagnaður á sérstökum reikningi rikissjóðs hjá Seðlabankanum skv. síðustu málsgrein 5. gr. laga nr. 74/1968.
3. Framlög rikissjóðs, 50 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn 1973.

Annað ráðstöfunarfé sjóðsins er:

1. Vaxtatekjur.
2. Afborganir af veittum lánnum.
3. Lántökur.
4. Aðrar tekjur.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist af tekjum hans. Sjóðurinn er undanþeginn sköttum til ríkis og sveitarfélaga. Fé sjóðsins skal geyma á sérstökum reikningi í vörzlu Seðlabanka Íslands.

## 6. gr.

Hlutverk sjóðsins skal vera að styrkja útflutningsstarfsemi og erlenda markaðsöflun í þágu iðnaðarins m. a. með eftirfarandi aðgerðum:

að stuðla að aukinni ráðgjöf, þjálfun og tæknipjónustu með framlögum eða lánnum til stofnana, sem starfa einvörðungu í þágu iðnaðarins,  
 að auka framleiðni með stuðningi við aðgerðir, sem stefna að aukningu afkasta í iðnaði, meiri sérhæfingu í framleiðslu iðnfyrirtækja og virkari stjórnun þeirra, að hvetja til samvinnu og samruna iðnfyrirtækja með lánnum eða styrkjum, í þeim tilgangi að byggja upp hagkvæmari rekstrareiningar, þó þannig að ekki verði dregið úr eðlilegri samkeppni innanlands.

## 7. gr.

Sjóðurinn má kaupa og selja hlutabréf í starfandi fyrirtækjum, taka þátt í stofnun nýrra hlutafélaga, sem og með öðrum hætti afla sér eignarhluta í starfandi eða nýjum fyrirtækjum, enda samrýmist slík ráðstöfun tilgangi sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ákveður skilyrði fyrir þátttöku sjóðsins hverju sinni, hvort sem um er að ræða hlutafjárkaup, fjárframlög, lánveitingar eða styrkveitingar. Sama gildir um lánskjör.

Við ákvörðun lánskjara og vaxta skal leita umsagnar Seðlabanka Íslands.

## 8. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, allt að 200 milljón krónur, fyrir hönd sjóðsins. Ekki er heimilt að veita styrki eða framlög nema af stofnfé sjóðsins.



## 9. gr.

Sjóðstjórn er skylt að hirta árlega opinbera skýrslu um starfsemi sjóðsins, og skulu endurskoðaðir ársreikningar fylgja henni.

## 10. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar á meðal um reikningshald og endurskoðun og starfsfólk og stöðu þess.

## 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falli niður úr 2. mgr. 4. gr. laga nr. 74 12. nóvember 1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu, orðin: „Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaverðmæti.“

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Lög þessi, svo og önnur lög um lánasjóði iðnaðarins, skal taka til endurskoðunar hið fyrsta með það fyrir augum að sameina sjóðina og verkefni þeirra.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

**L Ö G****um jöfnun flutningskostnaðar á sementi.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Framkvæma skal jöfnun á flutningskostnaði sements, þannig að kostnaðarverð í vöruskemmu á hverri sementstegund frá hverjum innlendum framleiðanda eða innflutningsaðila verði hið sama á öllum verzlunarstöðum, sem jöfnun þessi nær til. Jöfnun flutningskostnaðar samkvæmt lögum þessum nær til allra verzlunarstaða á landinu, sem jafnframt eru aðaltollhafnir. Heimilt er viðskiptaráðherra að ákveða með reglugerð, að jöfnun þessi á flutningskostnaði skuli einnig ná til annarra tilgreindra verzlunarstaða.

## 2. gr.

Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allt sement, sem framleitt er í landinu eða flutt er til landsins. Gjald þetta ákveður viðskiptaráðuneytið fyrir allt að eitt ár í senn, og skal upphæð þess við það miðuð, að tekjur af því nægi til að greiða flutningskostnað á því sementi, sem flytja þarf frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til þeirra verzlunarstaða, sem jöfnun flutningskostnaðarins nær til, þannig að fullnægt verði þaðan eftirspurn eftir sementi, hvar sem er á landinu.

Flutningsjöfnunargjaldið skal reikna á hvert selt tonn af sementi. Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til við-

skiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

### 3. gr.

Tekjur af flutningsjöfnunargjaldi samkvæmt 2. gr. skal leggja í sérstakan sjóð, flutningsjöfnunarsjóð sements. Úr sjóðnum skal greiða flutningskostnað á sementi frá framleiðslustað eða innflutningshöfn til annarra verzlunarstaða, sem jöfnun flutningskostnaðar nær til í samræmi við ákvæði 1. gr.

Fé það, sem á hverjum tíma er í flutningsjöfnunarsjóði, skal ávaxta í banka á sérstökum reikningi.

### 4. gr.

Nú verður tekjuafgangur á flutningsjöfnunarsjóði í árslok, og skal hann þá yfirferast til næsta árs. Ef tekjur sjóðsins eitthvert ár hrökkva ekki fyrir gjöldum samkv. 3. gr., skal greiða það, sem á vantar, af fyrstu tekjum sjóðsins næsta ár.

### 5. gr.

Viðskiptaráðherra skipar til 4 ára í senn flutningsjöfnunarsjóði 3 manna stjórn, 1 eftir tilnefningu Sementsverksmiðju ríkisins, 2 án tilnefningar og skal annar þeirra jafnframt vera formaður sjóðsstjórnar. Stjórnin skal annast framkvæmd laga þessara undir yfirstjórn viðskiptaráðherra, sem jafnframt sker úr ágreiningsatriðum, er upp kunna að koma.

### 6. gr.

Stjórn flutningsjöfnunarsjóðs úrskurðar, hvað teljast skuli flutningskostnaður, sbr. ákvæði 1. málsl. 1. greinar. Er stjórninni meðal annars heimilt að ákveða, að jöfnun flutningskostnaðar milli tiltekinna verzlunarstaða skuli takmörkuð við kostnað af þeim flutningsháttum, sem ódýrastir eru á hverjum tíma. Sömuleiðis skal henni heimilt að synja um greiðslu tiltekins kostnaðar úr sjóðnum að hluta eða að fullu, ef sýnist um að ræða misnotkun á jöfnunarkerfinu í tilteknum viðskiptum.

Heimilt er viðskiptaráðuneytinu að fella niður flutningsjöfnunargjald á sementi, sem flutt er til landsins eða framleitt er innanlands og notað er til byggingar orkuvera eða annarra meiriháttar framkvæmda. Flutningsjöfnunarsjóður greiðir þá ekki flutningskostnað á sementi til þeirra nota.

### 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 14 15. marz 1965, um launaskatt,  
sbr. lög nr. 104 31. des. 1972.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 2½% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskípum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. desember 1973. Launaskattur skal greiddur samkvæmt lögum þessum af launum, sem greidd eru vegna starfa, sem unnin eru frá og með 1. janúar 1973.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gerðahreppi jarðirnar  
Útskála og Brekku í Gerðahreppi.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gerðahreppi jarðirnar Útskála og Brekku í Gerðahreppi, að undanskildu heimatúni Útskála, fyrir það verð, sem um semst. Jarðirnar má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði. Náist ekki samkomulag um söluverð jarðanna, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

## FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1970.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Til viðbótar við gjöldin í 2. gr. fjárlaga 1970 er veitt:

	Þús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi .....	4 439
01 Forsætisráðuneytið .....	3 370
02 Menntamálaráðuneytið .....	216 076
03 Utanríkisráðuneytið .....	77 723
04 Landbúnaðarráðuneytið .....	72 956
05 Sjávarútvegsráðuneytið .....	19 138
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið .....	86 354
07 Félagsmálaráðuneytið .....	59 880
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið .....	215 683
09 Fjármálaráðuneytið .....	153 925
10 Samgönguráðuneytið .....	209 352
11 Iðnaðarráðuneytið .....	44 104
14 Ríkisendurskoðun .....	2 847

Samtals 1 165 847

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

30. apríl 1973.

Nr. 66.

## LÖG

um breyting á lögum nr. 59 28. maí 1969, um tollheimtu og tolleftirlit.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 69. gr. orðist svo:

(Ný málsgrein).

Það varðar stjórnanda fars sektum, ef við komu fars frá útlöndum eru eigi gefnar upp á innsigliSSkrá, eigi finnast í farinu né heldur er á annan hátt gerð viðhlitandi grein fyrir áfengis- og/eða tóbaksbirgðum, sem samkvæmt skýrslum tollyfirvalda á viðkomustað farsins erlendis hafa verið teknar um borð í farið þar og stjórnandi þess vissi eða mátti vita um. Sama gildir um birgðir, sem samkvæmt innsigliSSkrá hafa verið geymdar meðal innsigliSSbirgða farsins, enda sé um að ræða

verulegt magn umfram nauðsynlegar og eðlilegar birgðir þess. Sömu refsingu skulu og þeir af áhöfn farsins sæta, sem undirritað hafa móttökuskilríki eða innsigliðskrá yfir slíkan varning.

## 2. gr.

2. mgr. 76. gr. orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærri sekt en kr. 20 000, enda játtist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsíákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur tollyfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verðmæti eigi fram úr kr. 100 000.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja nokkrar eignir ríkissjóðs.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hafnarfjarðarbæ fasteignina Ásbúðartröð 1, Hafnarfirði, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum. Náist ekki samkomulag um söluverð, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eignina Smiðjuveg 17 í Kópavogskaupstað, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

## 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja lóðina Skeljanes 10, Reykjavík (áður Sæból í Skildinganeslandi).

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

## L Ö G

## um breyting á lögum nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað I. og II. kafla laganna, 1.—24. gr., komi nýr kafli, sem verði I. kafli og orðist svo:

## I. KAFLI

## Um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

## 1. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er deild í Búnaðarbanka Íslands. Um samband Stofnlánadeildarinnar við aðrar deildir bankans fer eftir lögum um Búnaðarbanka Íslands og ákvæðum þessara laga.

Hlutverk Stofnlánadeildar landbúnaðarins er að efla framleiðslu og framleiðni í islenskum landbúnaði og treysta byggð í sveitum landsins. Hún veitir fjármagn til framkvæmda á sveitabýlum og til þjónustufyrirtækja landbúnaðarins, svo sem nánar er tilgreint í lögum þessum.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi taka til.

## 2. gr.

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefur á hendi stjórn Stofnlánadeildar. Þegar bankaráð tekur til meðferðar og ákvörðunar málefni Stofnlánadeildar eða Byggingarstofnunar landbúnaðarins, skulu fulltrúi frá Stéttarsambandi bænda og fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands taka sæti í bankaráði Búnaðarbanka Íslands sem fullgildir bankaráðsmenn. Fulltrúar þessir og varamenn þeirra skulu tilnefndir til fjögurra ára í senn, í fyrsta sinn gildir sú tilnefning til 31. desember 1976.

## 3. gr.

Bankaráð skal ráða deildinni forstöðumann og ákveður starfssvið hans með erindisbréfi. Forstöðumaður gerir tillögur til bankastjórnar um lánveitingar deildarinnar samkvæmt reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum.

Verði ágreiningur um einstakar lánveitingar milli bankastjórnar og forstöðumanns, getur forstöðumaður skotið þeim ágreiningi til bankaráðs til endanlegrar ákvörðunar.

## 4. gr.

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi 25 milljón krónum.
2. Álag á söluvörur landbúnaðarins, 1%, til ársloka 1980.

Álag þetta skal ákvarða og innheimta á sama hátt og búnaðarmálasjóðsgjald, samkvæmt lögum nr. 38 15. febrúar 1945.

3. Gjald á útsöluverð mjólkur og rjóma og á heildsöluverð annarra landbúnaðarvára, er nemi 1%, frá 1. júlí 1973 til ársloka 1980.

Gjald á vörur, sem ekki eru í verðlagsgrundvelli, skal miða við áætlað útsöluverð, séu þær ekki verðlagðar af Sexmannanefnd. Sölusamtök framleið-

enda og aðrir seljendur skulu standa skil á gjaldinu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Gjald þetta nær til allra sömu vörutegunda og gjald samkvæmt 2. tl. þessarar gr. — Innheimta skal sama gjald af innfluttum kartöflum og tekið er af kartöflum framleiddum innanlands.

4. Árlegt framlag ríkissjóðs, er nemi jafnhárrí fjárhæð og samanlagðar tekjur samkvæmt 2. og 3. lið þessarar greinar.
  5. Vaxtatekjur.
- Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu á gjöldum samkvæmt 2. og 3. tölulið þessarar greinar.

#### 5. gr.

Stofnlánadeildin veitir lán til eftirtalinna verkefna:

1. Til jarðakaupa.
2. Til nýbygginga og endurbygginga íbúðarhúsa á lögbýlum.
3. Til ræktunar, útihúsa, vatnsveitna og varmaveitna og annarra mannvirkja, er varða landbúnað, þar með talin ylraekt, loðdýrarækt og lax- og silungselði.
4. Til vinnslustöðva landbúnaðarafurða.
5. Til heykögglaverksmiðja og heypurrkunarstöðva, viðgerðarverkstæða fyrir landbúnaðarvélar og annarra verkstæða, er veita þjónustu fyrir viðkomandi sveitir; til bústofnskaupa, búvéla og þungavinnuvéla búnaðar- og ræktunarsambanda.

#### 6. gr.

Stjórn Stofnlánadeildar setur henni útlánareglur, sem landbúnaðarráðherra staðfestir. Þær skulu miða að því, að fjárfestingarlán til landbúnaðarins og þjónustufyrirtækja hans stuðli að þeirri þróun, sem æskilegust er fyrir atvinnuveginum og þjóðarhúíð í heild.

Lánareglur deildarinnar skulu miðaðar við það, að bændur, sem hafa minna en verðlagsgrundvallarbú, en hafa möguleika til að ná aukinni hagkvæmni með stækkun búanna, njóti hagkvæmustu lánakjara til umbóta á jörðum sínum, að því marki, að náð sé bústærð, sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eins og það er á hverjum tíma.

Þegar um viðurkenndan félagsbúskap er að ræða, nýtur hver aðili að búinu lána-réttinda sem sjálfstæður bóndi.

Nú hefur bóndi stærra bú en sem svarar einu og hálfu verðlagsgrundvallarbúi, eða sækir um lán til framkvæmda, sem svara til stærra bú, og er þá heimilt að skipta lánunum til viðkomandi framkvæmda þannig, að hluti þeirra sé með öðrum kjörum eða lægri hundradshluti verði veittur út á framkvæmdina.

Upphæð lána má að jafnaði vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og meðal-kostnaður sambærilegra framkvæmda er talinn ár hvert. Heimilt er þó, ef sérstak-lega stendur á, að veita hærri lán, eða allt að 70%, ef ástæða þykir til að örva ákveðna framleiðslugrein á einstökum landssvæðum eða aðrar ástæður mæla sér-staklega með auknum stuðningi við viðkomandi framkvæmdir.

Til vélgrafinna skurða má lána allt að 85% kostnaðarverðs.

Njóti framkvæmdir framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu.

Um ákvörðun lána skal stjórn deildarinnar hafa hliðsjón af því, hve mikil önnur veðlán hvíla á eigninni, og skal eigi veita lán, ef ástæða er til að ætla, að búrekstur á jörðinni fái ekki staðið undir auknum lánunum, og ekki heldur þegar um er að ræða framkvæmdir á býlum, sem eru innan þéttbýlismarka, ef fyrir-sjáanlegt þykir, að ekki verði þar um framtíðarbúrekstur að ræða.

Lán til húsa er heimilt að veita í áföngum, eftir að hús eru foheld.

**7. gr.**

Lán má veita gegn þessum tryggingum:

1. Gegn veði í fasteign, enda hvíli eigi veðskuldir á henni til annarra en Stofnlánadeildarinnar eða annarra opinberra sjóða á undan veðrétti þeim, sem Stofnlánadeildin fær. Ef umbætur þær, sem lán eru veitt til, eru gerðar á fasteign þeirri sjálfri, sem veðsett er, skal heimilt að telja verð umbótanna til viðbótar verðgildi eignarinnar óbættar.
2. Gegn veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, ef þau eru byggð fyrir sjálfstæðan rekstur, svo sem sláturhús, mjólkurvinnslustöðvar, verkstæði o. þ. h.
3. Gegn veði í þeim vélum, sem keyptar eru.
4. Gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóvember 1887.

Tryggingar þær, sem taldar eru undir 1. tölulið, skulu fullgildar einar saman, ef um er að ræða lán til jarðakaupa, ræktunar eða byggingar íbúðarhúsa, peningshúsa og geymsluhúsa á lögbýlum, en ef um er að ræða lán til verksmiðja, véla, gróðurhúsa og bústofnsauka, skulu þau veð, sem látin eru til tryggingar samkv. 2.—4. tölulið, styrkt með fasteignaveði eða ábyrgð hrepps eða sýslufélags, ef nauðsynlegt þykir.

Hús og vélar eru því aðeins fullgilt veð fyrir lánum úr Stofnlánadeild, að vátryggð séu í vátryggingarstofnun, sem deildin tekur gilda.

**8. gr.**

Lánstími skal vera 5—42 ár, eftir því til hvers lánað er. Lán til íbúðarhúsa má vera til allt að 42 ára, ef húsin eru talin byggð úr nægilega varanlegu efni. Lán til annarra nýrra bygginga og ræktunar mega vera til allt að 25 ára, svo og til þeirra framkvæmda við ylrækt og lax- og silungsrækt, sem varanlegar teljast, en til vélakaupa, girðinga, bústofnsauka og annars þess, sem ekki á að tryggja langa endingu, eigi nema 5—12 ár. Skal nánar kveða á í reglugerð, hve langur lánstími má vera til hverrar tegundar lána.

Heimilt er, að lán til útihúsabygginga og íbúðarhúsabygginga séu höfð afborgunarlaus fyrstu 2 árin, þegar sérstaklega stendur á.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

**9. gr.**

Ríkisstjórnin ákveður, að fengnu álití stjórnar Seðlabanka Íslands og stjórnar Stofnlánadeildarinnar, vexti af lánnum deildarinnar, sbr. lög nr. 4 1960, um efnahagsmál. Vextir af lánnum til byggingar íbúðarhúsa skulu þó að minnsta kosti vera ½% lægri en af almennum lánnum deildarinnar.

Heimilt er að hafa mismunandi háa vexti af lánnum til sömu framkvæmdar, sbr. ákvæði 6. gr. Þá er heimilt að ákveða vexti af lánnum til vinnslustöðva, verkstæða og annarra slíkra framkvæmda hærrí en af almennum lánnum.

**10. gr.**

Heimilt er Búnaðarbanka Íslands vegna Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka lán í samræmi við ákvörðun Alþingis í framkvæmdaáætlun hverju sinni.

Eigi er Stofnlánadeild landbúnaðarins heimilt að endurlána erlent lánsfé nema með gengisákvæði. Sama máli gegnir um veðtryggt innlent lánsfé, enda gangi slík lán til vinnslustöðva, vélakaupa og bygginga, sem reistar eru til sameiginlegra þarfa bændasamtakanna.



## 11. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Stofnlánadeildar landbúnaðarins og greiðir þær, ef eignir og tekjur hennar hrökkva ekki til.

## 12. gr.

Lán til endurbyggingar íbúðarhúsa á lögbýlum skulu veitt með þessum skilyrðum:

1. Að húsið sé gert úr góðum og viðurkenndum byggingarefnum og samþykkt af Byggingastofnun landbúnaðarins.
2. Að lögð hafi verið fram lýsing á bæjarhúsum umsækjanda frá hlutaðeigandi byggingafulltrúa eða bygginganefndum, og beri sú lýsing vitni um, að endurbyggingar sé þörf.
3. Að fyrir liggji vottorð frá landnámsstjórn um, að býlið hafi framtíðarmöguleika, að íbúðarhúsið sé við hæfi þess og að húsið verði reist á hentugum stað miðað við ræktun, vatnsból, vegi, rafleiðslur og annað það, er tryggir framtíð þess.

Lán skulu enn fremur því aðeins veitt til endurbyggingar íbúðarhúsa á lögbýlum, að hús eða viðbygging við hús sé allt byggt að nýju, eða gamalt hús endurbyggt þannig, að telja megi jafngilt nýju húsi til íbúðar.

## 13. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Stofnlánadeild landbúnaðarins fallnar í gjalddaga án uppsagnar:

1. Þegar áskilið árgjald er ekki greitt á réttum gjalddaga.
2. Við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef deildinni hefur ekki verið tilkynnt um eigendaskiptin.
3. Ef veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að gildi, að lánið er ekki lengur tryggt að dómi deildarinnar.
4. Ef lögð er niður landbúnaðarframleiðsla eða störf fyrir landbúnaðinn á eignum þeim, sem veðsettar eru deildinni.

## 14. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Stofnlánadeild landbúnaðarins heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarandi dóms, sáttar eða fjárnáms samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja deildinni það út til eignar, ef þörf krefur.

## 15. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldprotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Stofnlánadeild landbúnaðarins, og skal stjórn hennar gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

## 16. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er undanþegin öllum sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

## 17. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins greiðir Lífeyrissjóði bænda til ársloka 1985 fé til lífeyrisgreiðslna samkvæmt 17. gr. og 18. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, er nemur 37.5% árlegra lífeyrisgreiðslna.

Einnig greiðir deildin Lífeyrissjóði bænda framlag samkvæmt 6. gr. þeirra laga í eitt ár í senn, ef árlegar tekjur sjóðsins hrökkva ekki fyrir árlegum útgjöld-

um hans, enda á Stofnlánadeildin rétt á lánum, er nemi 25% af árlegum iðgjöldum og framlögum í sjóðinn fyrstu 15 starfsár hans.

18. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Stofnlánadeildarinnar, m. a. um tilhögun á innheimtu álags á landbúnaðarvörur samkvæmt 4. gr., enda brjóti sú reglugerð ekki í bága við nein ákvæði í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973.

### Ákvæði til bráðabirgða:

1. liður 5. gr. I. kafla laganna kemur ekki til framkvæmda fyrr en ákvæðum laga um veðdeild Búnaðarbanka Íslands hefur verið breytt til samræmis við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

## L Ö G

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenskum ríkisborgara, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

2. gr.

- a. Skip merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 metra langt eða meira og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvoru tveggja.
- b. Rúmlest er brúttórúmlest: 100 teningsfet ensk: 2.83 teningsmetrar.
- c. Mánuður er 30 náttu mánuður, eins og ákveðið er með sjómannaölögum, nr. 67 31. des. 1963, um kaupgreiðslur á sjó.
- d. Fiskiskip merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
- e. Verzlunarskip merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvort tveggja.

- f. Innanlandssigling er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 150 sjómíli frá sjálfu landinu.
- g. Utanlandssigling er hver sú ferð, sem farin er til annarra landa, eða til fiskimiða annarra landa, þótt hafna sé ekki leitað.
- h. Siglingar innan fjarða eða flóa ber að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk.

### 3. gr.

- a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skirteini, eru hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfalli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skirteini, sem lægra próf þarf til að öðlast.  
Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna skuli hagað, svo og um inntökuskilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.
- b. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem eru í förum. Sé skipi lagt upp, án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og háseta allt að  $\frac{1}{2}$  hluta þess tíma, sem skipið hefur legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá skráningarstjóra.  
Til siglingatíma háseta getur aldrei talizt sá tími, sem hann er skráður á fiskiskip, en vinnur í landi að verkun afla eða við veiðarfæri.

## II. KAFLI

Skipstjórnarmenn á fiskiskipum og verzlunarskipum allt að 400 rúmlestum.

### 4. gr.

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—30 rúmlestir að stærð hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af samgönguráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólalára Stýrimannaskólans í Reykjavík, um, að hann:

- a. þekki á áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju;
- b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær;
- c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort;
- d. kunni að nota vegmæli og djúpæli í sambandi við sjókort;
- e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota algengustu björgunartæki;
- f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara;
- g. þekki reglur um lífgun druknaðra manna;
- h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn;
- i. sanni með sjóferðabók eða vottorðum frá skráningarstjóra, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði;
- j. sé 19 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið fyrir skipstjóra vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Varðandi siglingatíma þann, er um ræðir í i- og j-liðum á skipum 6—12 rúmlestir, nægir vottorð frá 2 trúverðum mönnum.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem samgönguráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði og vottorði um sundkunnáttu gefur lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkvæmt þessari grein.

#### 5. gr.

Rétt til vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

#### 6. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefur skipstjórapróf 1. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við 1. bekkjar deildir Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
- b. hefur verið í 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir eða: hefur verið 6 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir í 6 mánuði;
- c. er lögráða;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

#### 7. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

#### 8. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefur skipstjórapróf 1. stigs við stýrimannaskólann í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við 1. bekkjar deildir Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
- b. hefur eftir 15 ára aldur verið 24 mánuði háseti á skipi yfir 12 rúmlestir eða 6 mánuði stýrimaður eða skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir;
- c. er minnst 20 ára að aldri;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

#### 9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi allt að 400 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

#### 10. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefur skipstjórapróf 2. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
- b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 6 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 12 mánuði

einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði; eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;

- c. til þess að öðlast skipstjóraréttindi á fiskiskipi við veiðar þarf minnst 12 mánuði af fyrrgreindum stýrimannstíma á fiskiskipum eða minnst 6 mánaða skipstjórátíma af fyrrgreindum tíma á fiskiskipum. Til að öðlast skipstjóraréttindi á verzlunarskipi undir 400 rúmlestir þarf minnst 12 mánuði af fyrrgreindum stýrimannstíma sem stýrimaður á verzlunarskipi;
- d. er lögráða;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

#### 11. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir hefur sá einn, er fengið hefur meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

#### 12. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

- a. staðizt hefur skipstjórapróf 2. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
- b. hefur eftir 15 ára aldur verið háseti 30 mánuði á skipi stærra en 12 rúmlestir, þar af a. m. k. 12 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir; eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 12 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestir;
- c. til þess að öðlast stýrimannsréttindi á fiskiskipi þarf minnst 12 mánuði af fyrrgreindum hásetatíma á fiskiskipum;
- d. er lögráða;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

#### 13. gr.

Rétt til að vera undirstýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunar- og varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, sem fengið hefur undirstýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

#### 14. gr.

Sá einn getur fengið undirstýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem staðizt hefur skipstjórapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum, enda fullnægi hann skilyrðum b-, c- og d-liða 18. greinar.

### III. KAFLI

#### Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

#### 15. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur skipstjóraskírteini á verzlunarskipi.

#### 16. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem:

- a. hefur staðizt skipstjórapróf 3. stigs frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík;
- b. hefur verið stýrimaður í 24 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100

rúmlestir og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;

eða: hefur verið skipstjóri í 6 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;

eða: hefur verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði, og af þeim tíma 6 mánuði yfirstýrimaður;

eða: hefur verið stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;

- c. hefur af siglingatíma þeim, sem um getur í b-lið, verið að minnsta kosti 6 mánuði stýrimaður á verzlunarskipi í utanlandssiglingum;
- d. er 25 ára að aldri og lögráða;
- e. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

#### 17. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eða varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur stýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

#### 18. gr.

Sá einn getur fengið stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:

- a. hefur staðizt skipstjórarápróf 3. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði.  
eða: hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 18 mánuði;
- c. er lögráða;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimann.

#### 19. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins hefur sá einn, sem fengið hefur skipstjóráskírteini á varðskipum ríkisins.

#### 20. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóráskírteini á varðskipum ríkisins, sem:

- a. hefur staðizt skipstjórarápróf 4. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
- b. hefur siglt sem stýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir eða á varðskipi í 24 mánuði og að auki á varðskipi í 12 mánuði og af samanlögðum þessum tíma eigi skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður;
- c. er 25 ára að aldri og lögráða;
- d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

### IV. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 21. gr.

Ekkert íslenzkt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annarra landa eða í innanlandssigling-

um, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

- a. Á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður að minnsta kosti. Sama gildir fyrir verzlunarskip í innanlandssiglingum allt að 400 rúmlestir, sem ekki flytur farþega.
- b. Á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum séu að minnsta kosti tveir stýrimenn. Hið sama gildir um verzlunarskip allt að 400 rúmlestum í innanlandssiglingum, er flytur farþega.
- c. Á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, sem er 400 rúmlestir eða stærra og flytur farþega, skulu vera 3 stýrimenn. Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó að þau flytji ekki farþega.

Skip, sem eru undir 1500 rúmlestum, þurfa þó eigi að hafa þriðja stýrimann, nema þau hafi rúm fyrir meira en 12 farþega. Undanþegin ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 30 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.

#### 22. gr.

Á varðskipum ríkisins yfir 400 rúmlestir og stærri séu að minnsta kosti 3 stýrimenn, en á varðskipum undir 400 rúmlestum séu að minnsta kosti 2 stýrimenn.

#### 23. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við siglingamálastjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum, sem notuð eru til styttri siglinga, aðallega innan fjarða og flóa, svo og á dráttarbátum, grafvélum og öðrum fleytum, sem aðallega eru notuð á höfnum inni.

#### 24. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 4. gr., 6. gr., 8. gr., 10. gr., 12. gr., 14. gr., 16. gr., 18. gr. og 20. gr. þessara laga, á rétt á að fá þau skirteini, sem þar um getur. Skirteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem samgönguráðuneytið semur.

Að liðnum 10 árum frá dagsetningu skirteinis ber skirteinishafa að leggja fram endurnýjað læknisvottorð um sjón og heyrn, og skulu skirteinin árituð ókeypis af útgefendum þeirra. Að öðrum kosti fellur skirteinið úr gildi. Sama er og ef skirteinis-hafi fyrirgerir því. Við útgáfu stýrimannsskirteinis skulu tekin gild læknisvottorð, sem framlögð voru við inntöku í stýrimannaskóla, enda sé skirteini innleyst á sama ári og prófi lauk og námi sé lokið með eðlilegum hraða. Önnur vottorð skulu ekki vera eldri en 2 mánaða.

#### 25. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skirteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

## 26. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans.

Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo að tjón hlýzt af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggja ekki þyngri refsing við að lögum.

## V. KAFLI

## Ákvæði ýmislegs efnis.

## 27. gr.

Allir þeir, sem öðlazi hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenskum skipum, áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

## 28. gr.

Samgönguráðuneytið semur sjóferðabók þá, sem um getur í 3. gr. þessara laga, staflið b, og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda slíka bók hverjum skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenskt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefur glatazt eða er útnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem ræðir um í 3. gr. staflið b.

Í sjóferðabókina skal rita fullt nafn skipverja, fæðingardag og fæðingarár, fæðingarstað (sýslu eða kaupstað). Svo skal og vera þar stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér, hve mikinn hluta lögskráningartímans skipverjinn hefur verið í förum með skipinu.

Heimilt er að telja til hásetatíma tíma þann, sem skipverji hefur jafnframt vélstjórastörfum unnið á þilfari.

Skipstjóra ber að útfylla og undirrita sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja við lögskráningu merkt með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða, um leið og hann fer úr skiprúmi eða þegar skráning úr skiprúmi fer fram.

## 29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 100 000.00. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

## 30. gr.

Þeir menn, sem öðlazi hafa skipstjóraréttindi samkvæmt lögum nr. 104 frá 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á skipum allt að 120 rúmlestum, sbr. ákvæði 5.—8. gr. laga þessara.

## 31. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um réttindi til skipstjórnar á skemmtisiglingabátum 6—30 rúmlesta.



## 32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 52 2. maí 1968, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um húsbýggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til þess, að sett verði bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um húsbýggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar. Ákveðið hefur verið að kaupa til landsins verksmiðjugerð timburhús til þess að mæta húsnæðisþörf Vestmannaeyinga, og eru þau hús keypt fyrir fé, er hin Norðlöndin hafa lagt fram. Nú er ljóst, að gerð húsa þessara samræmist ekki að öllu leyti ákvæðum íslenzkrar byggingarlöggjafar, en jafnframt er ljóst, að það, sem á milli ber, skipti ekki meginmáli, enda um að ræða hús, er standast strangar kröfur grannþjóða okkar og í samræmi við byggingarlöggjöf þeirra. Þá er og ljóst, að bygging þessara húsa fer fram með öðrum hætti en gildandi lög mæla fyrir og íslenzkar byggingarvenjur gera ráð fyrir.

Fyrir því þykir nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög, þannig að umræddar framkvæmdir verði í samræmi við íslenzka löggjöf og ekki verði ónauðsynlegar tafir á framkvæmdum. Ástæðulaust þykir að ætlast til þess að hlutaðeigandi sveitarstjórnir geri almennar breytingar á sínum samþykktum og reglugerðum, enda einungis að því stefnt, að umrædd ákvæði gildi um þau hús, sem reist verða á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um nauðsynleg frávik frá ákvæðum laga, reglugerða og samþykktu, er snerta byggingarmálefni, sbr. 2. gr., enda taki sú reglugerð einungis til verksmiðjuframleiddra timburhúsa, er reist verða á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar, sbr. lög nr. 4/1973 og reglugerð nr. 62/1973.

#### 2. gr.

Þau ákvæði, sem um ræðir í 1. gr. eru:

- 1) Lög nr. 19/1905 um byggingarsamþykktir, sbr. og lög nr. 84/1943.
- 2) Lög nr. 61/1944 um byggingarmálefni Reykjavíkur. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, dags. 6. jan. 1857, og lög nr. 55/1905, um breyting á því. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði, dags. 26. jan. 1866, og lögum nr. 23/1905, um breyting á því. Lög um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 14/1897.

- 3) Lög nr. 108/1945 um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. og lög nr. 26/1948.
- 4) Skipulagslög nr. 19/1964.
- 5) Lög nr. 55/1969 um brunavarnir og brunamál.
- 6) Orkulög nr. 58/1967.
- 7) Lög nr. 18/1927 um iðju og iðnað, sbr. og lög nr. 105/1936.

Nú telur félagsmálaráðuneytið, að brýna nauðsyn beri til að veita frávik frá öðrum lögum, þannig að tilgangi þessara laga verði náð og skal slíkt þá heimilt, en leita skal umsagnar hlutaðeigandi ráðuneytis, áður en slíkt verður gert.

Ákvæði þessarar greinar taka og til reglugerða og samþykktá, er settar eru samkvæmt nefndum lögum.

### 3. gr.

Ákvæði reglugerðar um frávik frá ákvæðum í töluliðum 1—4 í 2. gr. eru háð meðmælum Skipulagsstjórnar ríkisins. Frávik frá ákvæðum 5. töluliðs eru háð meðmælum stjórnar Brunamálastofnunar ríkisins, en frávik frá ákvæðum 6. töluliðs meðmælum Rafmagnseftirlits ríkisins.

### 4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, en um meðferð mála samkvæmt þeim fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 4. maí 1973.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

14. júní 1973.

191

Nr. 71.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild til að afnema um stundarsakir þau efri mörk, sem gilda um daglega gengisskráningu krónunnar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Viðskiptaráðherra hefur tjáð mér, að gengi margra helztu viðskiptalanda Íslendinga, sem hafa fljótandi gengi gagnvart Bandaríkjadollar, hafi færzt verulega upp fyrir mörk þau, sem sett eru af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þau mörk, svo og gildandi frávik kaup- og sölugengis frá stofngengi hér á landi, eru nú 2¼%. Ber brýna nauðsyn til að fá nú þegar rýmri heimildir til hækkunar á daglegri skráningu kaup- og sölugengis til þess að mæta hinum breyttu aðstæðum og koma í veg fyrir raunverulega lækkun á gengi íslensku krónunnar.

Fyrir því eru hér sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Drátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 97 20. desember 1972 er Seðlabankanum heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að skrá daglegt kaup- og sölugengi krónunnar fyrir ofan þau mörk, sem sett eru í fyrrgreindum lögum.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1973.

*Gjört að Bessastöðum, 14. júní 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 18. júní 1973 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

#### 1. gr.

53. gr. I breytist sem hér segir:

Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, er verður 2. mgr., svo hljóðandi (röð síðari málsgreina breytist samkvæmt því):

Heimspékideild getur heimilað, að kennt sé til fjögurra stiga í tiltekinni námsgrein, þegar sérstök nauðsyn ber til svo sem kröfur um framhaldsnám erlendis.

Núverandi 3. mgr., er verður 4. mgr., orðist svo:

Stúdent, sem velur þrjár greinar til prófs, er heimilt að hafa eitt eða tvö stig í einni grein eða eitt og tvö stig í tveimur greinum verkfræði- og raunvísindadeildar og/eða námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum. Stúdent, sem velur tvær greinar til prófs, er heimilt að hafa aðra greinina í verkfræði- og raunvísindadeild eða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum. Við slíkt samval teljast 15 námseiningar í verkfræði- og raunvísindadeild eða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum jafngilda einu stigi í heimspékideild. Heimilt er stúdent að velja, hvort hann brautskráist úr annarri hvorri deildinni eða námsbraut í almennum þjóðfélagsfræðum, enda hafi hann lokið a. m. k. þremur stigum eða 45 námseiningum í prófgrein í þeirri deild eða námsbraut, sem hann kys að brautskrást úr. Samval greina skal háð samþykki þeirrar deildar eða námsbrautar, er stúdent kys að brautskrást úr.

#### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 19. júní 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 13 — 1973

21. júní 1973.

193

Nr. 73.

## L Ö G

### um meðferð opinberra mála.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 26. gr. laga nr. 23 17. apríl 1973 um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, sbr. lög nr. 29 28. apríl 1966, hef látið fella ákvæði þeirra laga, svo og ákvæði laga nr. 29 28. apríl 1966 og laga nr. 75 27. apríl 1972, um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, inn í meginmál laga nr. 82 21. ágúst 1961, og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### Um það, til hvaða mála lögin taka.

###### 1. gr.

Þau mál öll, sem handhafar ríkisvaldsins höfða til refsingar lögum samkvæmt, skulu fara eftir ákvæðum laga þessara, nema þau sæti meðferð sérdómstóla, er lög þessi taka ekki til.

###### 2. gr.

Einnig skulu eftirfarandi mál sæta rannsókn og meðferð samkvæmt lögum þessum:

1. Mál, sem höfðað er af hálfu ríkisvaldsins til félagsslita samkvæmt ákvæðum stjórnskipulaga um félög.
2. Rannsókn út af brotum barna og unglinga, sbr. lög um vernd barna og ungmenna.
3. Mál til þess að sanna dauða horfins manns.
4. Mál til sviptingar lögræðis og til brotnáms lögræðissviptingar.
5. Mál til sviptingar erfðarétti sakir brota erfingja gagnvart arfleifanda eða samerfingja.
6. Mál til upptöku eigna vegna brota á landslögum.
7. Mál til staðfestingar lögbanni við útbreiðslu rita, mynda eða annars slíks, er ríkisvaldið hefur látið banna.
8. Mál vegna heitinga.
9. Mál til ógildingar hjúskap.
10. Mál til ákvörðunar atriða samkvæmt VII. kafla almenrra hegningarlaga.
11. Mál til brotnáms ólögmeats ástands eða til að koma fram viðurlögum fyrir það, öðrum en refsingu, enda eigi fyrirsvarsmaður almenningshagsmuna aðild.
12. Rannsókn slysa og annarra ófara eða atriða lögum eða venju samkvæmt eða eftir sérstöku boði dómsmálaráðherra.

###### 3. gr.

Kröfur borgararéttar eðlis, er af refsiverðri háttsemi rísa, má hafa uppi, rannsaka og dæma í opinberu máli samkvæmt ákvæðum laga þessara.

## II. KAFLI

## Um dómendur í héraði.

## 4. gr.

Sýslumenn utan kaupstaða, bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur og þeir dómara aðrir, er skipaðir eru til þess að starfa við þessi embætti, svo og saka-dómara í Reykjavík, rannsaka og fara með opinber mál fyrir dómi og kveða upp dóm í þeim.

Í umdæmum utan kaupstaða, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, innir hann af hendi sömu störf í opinberum málum.

## 5. gr.

Saksóknari getur kveðið svo á, að rannsókn máls og meðferð, annað hvort eða hvort tveggja, skuli fara fram í Reykjavík, eða annars staðar á landinu, þar sem honum þykir bezt við eiga, enda þótt það skyldi annars sæta rannsókn og meðferð dómara í öðru lögsagnarumdæmi, ef mál er vandasamt eða umfangsmikið.

Dómsmálaráðherra getur skipað sérstakan dóm, einum eða fleiri dómurum, er halda megu dómþing, hvar sem vera skal á landinu, ef málið þykir ofvaxið hinum reglulega dómanda vegna embættisanna eða af öðrum ástæðum.

Í Reykjavík geta þrjú sakadómara annað hvort eftir ákvörðun yfirsakadómara eða eftir boði dómsmálaráðherra farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði.

Dómur getur kvatt tvo kunnáttumenn til dómstarfa með sér í málum, þar sem sérkunnáttu þykir sérstök þörf.

## 6. gr.

Sjó- og verzlunardómur starfar að þeim málum, er 1. og 2. tölul. 200. gr. laga um meðferð einkamála í héraði greinir. Siglingadómur fer með þau mál, sem í lögum um eftirlit með skipum segir. Um meðferð þessara refsímála fer eftir lögum þessum og ákvæðum 205. og 206. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Nú verður það uppvíst í sjó- eða verzlunardómsmáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið aðrar refsiverðar athafnir, og skal þá einnig rannsaka og dæma þær í þeim dómi ásamt sjó- eða verzlunarbrotunum.

Nú kemur það upp í almennu refsímáli eða ástæða þykir til að ætla, að sökunautur hafi einnig framið refsivert sjó- eða verzlunarbrot, og skal þá rannsókn og meðferð þess brots eða þeirra brota sameina rannsókn og meðferð almenna brotsins eða almennu brotanna, enda skal þá nefna meðdómendur samkvæmt 1. málsgrein.

## 7. gr.

Kirkjudómur fer með refsímál vegna afbrota biskups og presta þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar viðkomandi héraðsdómari (í Reykjavík sakadómari), en til meðdómenda kveður hann tvo þjónandi þjóðkirkjupresta.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. 6. gr. eiga með samsvarandi hætti við mál samkvæmt 1. málsgrein.

## 8. gr.

Skytt er hverjum manni, karli sem konu, er fullnægir lögmæltum skilyrðum, að taka við kvaðningu héraðsdómara til meðdómendastarfa.

Undan kvaðningu eru skyldir:

1. Dómarar og ritari hæstaréttar, aðrir embættisdómarar og fulltrúar þeirra.
2. Ráðherrar og ráðuneytisstjórar.
3. Biskup og prestar þjóðkirkjunnar, nema í kirkjudómi.
4. Löggiltir málflutningsmenn og fulltrúar þeirra.
5. Embættislæknar og ljósmæður.
6. Saksóknari og fulltrúar hans.

9. gr.

Almenn skilyrði til meðdómendastarfa eru þessi:

1. Nægilegur andlegur þroski og andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.
5. Sérþekking á sakarefnum.

10. gr.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði.

11. gr.

Um skyldu og skilyrði meðdómenda samkvæmt 8.—10. gr. dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrlausn hans til hæstaréttar eftir reglum um kæruför til æðra dóms. Sama er um forföll meðdómenda.

12. gr.

Áður en meðdómandi tekur til starfa fyrsta sinni, skal hann undirrita í þingbók heit að viðlögðum heiðri sínum og drengskap um það, að hann skuli leysa starfann af hendi, svo sem hann hyggur sannast og réttast og helst að lögum.

Um greiðslu til meðdómenda fer samkvæmt 2. málsg. 203. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

13. gr.

Í málum samkvæmt 4. málsg. 5. gr., kveður héraðsdómari meðdómendur til að frumprófi loknu eða síðar, ef þá reynist ástæða til. Taka meðdómendur þátt í rannsókn, málsmeðferð og dómsuppsögn. Héraðsdómari stýrir dómi og kveður einn upp úrskurði, þá er efni verða til, skipar verjanda, ákveður málshöfðun, gefur út stefnur, nefnir skoðunar- og matsmenn, spyr sökunaut, heitfestir vitni og spyr þau, sér um samningu dóms og afgreiðslu dómsgerða og kemur yfir höfuð fram út á við fyrir hönd dómsins. Í fjölskipuðum dómi löglærðra manna framkvæma þeir allir þessar athafnir.

14. gr.

Nú missir meðdómandi við, og kveður héraðsdómari þá annan til, er taki við máli, þar sem hinn þraut, nema héraðsdómara þyki sérstök ástæða til að endurtaka það, sem áður hefur farið fram í málinu. Annars fer sem í 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði segir.

15. gr.

Dómari getur látið löggiltan fulltrúa sinn framkvæma rannsókn fyrir dómi og kveða upp dóma og úrskurði, enda fullnægi hann skilyrðum 1. málsg. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

Að öðru leyti gilda ákvæði II. kafla laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við á.



## 16. gr.

Málsmeðferð fyrir dómi er opinber, nema dómara þyki ástæður þær, er í 2. mgr. segir, standa því í vegi.

Rannsókn fer fram fyrir luktum dyrum:

- a. ef dómari telur þess þörf til að leiða sannleikann í ljós, t. d. á frumstigi rannsóknar;
- b. til hlífðar sökunaut, þegar sérstaklega stendur á, eða nánustu vandamönnum hans, vitnum eða öðrum;
- c. ef sökunautur er undir 18 ára aldri;
- d. af velsæmisástæðum eða
- e. annars vegna hagsmuna ríkis eða almennings.

Dómari getur bannað að skýra opinberlega frá atriðum í opinberri rannsókn eða að gera uppdretti eða myndir af mönnum í þinghaldi eða öðru, sem þar fer fram eða er til sýnis.

## 17. gr.

Rannsókn opinberra mála og dómsmeðferð að öðru leyti fer fram fyrir saka-dómi og á þeim stað og tíma, sem dómari eða dómsformaður ákveður hverju sinni. Dómsmálaráðherra getur þó, að fengnum tillögum viðkomandi dómara, ákveðið, að sakadóm í kaupstöðum eða kaптúnunum, sbr. 2. málsg. 4. gr., til meðferðar opinberra mála skuli halda ákveðna vikudaga og á ákveðinni klukkustund, ef mál eru fyrir hendi.

## 18. gr.

Hverju héraðsdómaraembætti utan Reykjavíkur og embætti sakadómara í Reykjavík skal fylgja sakadómsbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það, sem fram fer í opinberum málum, nema ræður málflytjenda, og sérstök dómabók, þar sem skrá skal dóma í opinberum málum.

Nú er rannsókn framkvæmd á hendur sökunaut vegna margra sakaratriða eða á hendur fleiri sökunautum, og skal þá, ef kostur er, skráð þannig í þingbók, að síðar megi, þegar eftirrit er tekið úr bókinni, hafa samfellt eftir föngum það, sem varðar eitt og sama sakaratriði. Dómsmálaráðherra getur sett nánari fyrirmæli um þetta.

Rétt er að hraðrita eða taka á talvél skýrslur í opinberu máli.

Saksóknari skal halda sakaskrá fyrir land allt. Dómsmálaráðherra setur fyrirmæli um sakaskrá og sakavottorð.

## 19. gr.

Ritlaun greiðast ekki fyrir eftirrit úr bókum þeim, er í 18. gr. getur, eða fyrir eftirrit af skjölum, er til opinbers máls heyra, ef eftirritið er nauðsynlegt til sóknar þess eða varnar eða í sambandi við rannsókn þess eða málskot, eða það er veitt til þess að koma fram skaðabótakröfu í opinberu máli eða í þágu handhafa ríkisvaldsins. Eftirrit þessi skal í té láta, svo fljótt sem framast er unnt.

Að öðru leyti gilda ákvæði III. kafla laga um meðferð einkamála í héraði um opinber mál, eftir því sem við getur átt.

## III. KAFLI

## Um ákærvaldið

## 20. gr.

Saksóknari ríkisins fer með ákærvaldið.

Forseti skipar saksóknara. Hann skal fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti í hæstarétti. Saksóknari nýtur sömu launa og annarra lögkjara sem hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

Dómsmálaráðherra skipar fulltrúa með lögfræðiprófi og annað starfslið til aðstoðar saksóknara með samþykki hans.

Saksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík.

#### 21. gr.

Saksóknari skal hafa gætur á afbrotum, sem framin eru. Hann kveður á um rannsókn opinberra mála og hefur yfirstjórn hennar og eftirlit. Getur hann gefið lögreglumönnum fyrirmæli og leiðbeiningar um framkvæmd rannsókna og verið við hana staddur eða látið fulltrúa sinn vera það. Hann höfðar opinber mál, sbr. þó 112.—114. gr., tekur ákvörðun um áfrýjun þeirra og gegnir að öðru leyti þeim störfum, sem honum eru falin í lögum.

Áður en saksóknari ákveður málshöfðun á hendur opinberum starfsmanni fyrir brot í starfi, skal hann jafnan leita umsagnar ráðuneytis þess, sem í hlut á. Ráðuneytinu ber að láta saksóknara í té rökstudda umsögn og tillögur, svo fljótt sem verða má.

Haldast skulu sérákvæði í lögum, þar sem svo er mælt, að dómsmálaráðherra kveði á um rannsókn, höfðun og áfrýjun opinberra mála. Þegar svo stendur á, gefur dómsmálaráðherra saksóknara fyrirmæli um rannsókn og aðrar framkvæmdir og leggur samþykki sitt á ákæruskjal og áfrýjunarstefnu.

Dómsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd ákærvalds og getur krafðið saksóknara skýrslu um einstök mál.

#### 22. gr.

Þegar saksóknari er svo riðinn við mál eða aðilja, að hann mætti eigi gegna dómarastörfum í því, skal hann tilkynna það dómsmálaráðherra. Nú helst ráðherra slík tilkynning eða hann fær vitneskju um þetta með öðrum hætti, og skipar hann þá annan lögðæfan mann, sbr. 2. málgr. 20. gr., til meðferðar þess máls. Sama gildir, ef saksóknari hefur lögmat forföll.

#### 23. gr.

Nú skal mál því aðeins höfða, að sá krefjist þess, sem misgert er við, og skal handhafi ákærvalds og dómari rannsaka það af sjálfdáðum, hvort sá, er málshöfðunar krefst, er réttur málsaðili. Ef svo þykir ekki vera, skal málshöfðunar synja og vísa máli frá dómi, ef það hefur farið til dóms.

Ef verknaður felur bæði í sér brot, er opinberri málshöfðun skal sæta, og brot, er sætir málshöfðun einstaks aðilja, getur saksóknari höfðað mál fyrir bæði brotin, ef sá aðili óskar þess, enda ber þá að dæma þau og ákveða refsingu í einu lagi. En láta skal þó mál falla niður fyrir það brot, er einstakur aðili átti sök að, ef hann krefst þess, unz dómur er upp kveðinn í héraði.

#### 24. gr.

Nú þykir verknaður að vísu refsiverður að landslögum, en þó þykir mega telja, að hvorki almenningshagsmunir né almenningsálit krefjist málshöfðunar né refsisdóms, svo sem ef langt er liðið síðan brot var framið, án þess þó að refsikrafa sé fyrnd, og sökunautur hefur síðan hegðað sér óaðfinnanlega, ef telja má álit manna á verki hafa breytt sökunaut í hag, síðan refsíákvæði var sett, ef telja má brot mjög lítilsvert eða miklar eru málsbætur, brot hefur valdið sökunaut sjálfum sérstaklega óvenjulegum þjáningum o. s. frv., og getur þá héraðsdómari sent saksóknara tillögur um niðurfellingu saksókna. Saksóknari getur bæði að tillögu héraðsdómara og af sjálfdáðum lagt til, að saksókn verði felld niður. Dómsmálaráðherra ákveður síðan eða gerir tillögu um, hvort neyta skuli heimildar stjórnarskrár eða annarra laga, er þar um kynnu að vera sett, um niðurfellingu saksókna.

Binda má niðurfelling saksóknar skilyrðum, svo sem að sökunautur sæti eftirliti einstakra manna, félags eða stofnunar, að honum verði komið í vist á góðu heimili tiltekinn tíma, að hann fremji ekki refsiverðan verknað tiltekinn tíma, allt að fimm árum, neyti ekki áfengra drykkja eða deyfilyfja tiltekinn tíma, greiði tiltekna sekt eða bætur, ef því er að skipta o. s. frv.

#### IV. KAFLI

##### Um varnarþing.

###### 25. gr.

Aðalrannsókn opinbers máls fyrir dómi skal þar fara fram, sem varnarþing þess er samkvæmt ákvæðum þessa kaffla, að svo miklu leyti sem því verður við komið. En auk þess skal rannsaka mál þessi fyrir dómi eða utan dóms eftir þörfum, þar sem hentugt og nauðsynlegt þykir.

Dómara opinbers máls er rétt að sækja eða láta sækja sökunaut í annað lögsagnarumdæmi og láta birta þar stefnur og aðrar tilkynningar án atbeina héraðsdómara þar.

Nú leikur vafi á því, hvaða héraðsdómari eigi að rannsaka opinbert mál eða hvar hagfelldast sé, að rannsókn þess fari fram, og má þá bera þessi atriði undir saksóknara, sem sker úr því til fullnaðar. Með sama hætti getur saksóknari af sjálfsdáðum kveðið á um það, fyrir hvaða dómi rannsókn skuli fara fram.

###### 26. gr.

Nú er einn maður fyrir sök hafður, og má mál þá höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem brot var framið (brotavarnarþing). Nú er vafasamt, í hvaða lögsagnarumdæmi telja skal brot framið eða eitt eða fleiri brot eru framin í fleirum en einu lögsagnarumdæmi, og má þá höfða mál í hvoru eða hverju þeirra, sem hagfelldast þykir.

Nú verður því ekki komið við eða óhagfellt þykir að höfða mál á brotavarvarnarþingi, og má þá mál höfða í lögsagnarumdæmi, þar sem sökunautur kann að hafa verið handtekinn, eða þar sem brotið kemst upp eða á heimilis- eða dvalarvarvarnarþingi hans hér á landi, eftir því sem við verður komið eða hagfelldast þykir.

###### 27. gr.

Nú er brot framið hér á landi utan allra lögsagnarumdæma og ákvæðum næstu greinar hér að ofan verður ekki við komið, og ákveður þá héraðsdómari, hvar mál skuli höfðað, en bera má hann það mál undir saksóknara, enda þoli málið þá bið, er þar af verður.

Ef brot er framið á íslenzku skipi eða flugfari utan íslenzkrar hafnar, má höfða mál út af því í lögsagnarumdæmi, þar sem skipið eða flugfarið tekur fyrst höfn þar eftir hér á landi, nema saksóknara þyki hagfelldara að reka það annars staðar. Ef ekki hefur þá verið ger reki að málinu, skal fara eftir fyrirmælum 1. málsgreinar.

Nú er brot framið erlendis og sótt verður hér á landi sök út af því, og má þá sækja hana þar, sem sökunautur stígur hér fyrst þar eftir á land, nema saksóknara þyki hentara að reka það annars staðar. Nú hefur þá ekki verið ger reki að málinu, og fer þá eftir 1. mgr.

###### 28. gr.

Nú eru fleiri menn en einn á refsiverðan hátt riðnir við brot, eitt eða fleiri, og skal þá að jafnaði sök sækja í einu lagi á hendur þeim báðum eða öllum, enda þótt þeir eigi ekki sama varnarþing samkvæmt ákvæðum undanfarandi greina, þar sem

sækja má einn þeirra eða fleiri samkvæmt ákvæðum hér að framan. Ef mál hefur verið höfðað gegn einum eða fleirum sér í lagi eða sitt í hvoru eða hverju lögsagnarumdæmi, getur saksóknari ákveðið, að það eða þau skuli niður falla og sökunautar sóttir í einu máli á sama varnarþingi. Með sama hætti getur hann kveðið svo á, að aðgreina skuli mál, er höfðuð hafa verið saman á hendur fleiri en einum manni, ef hann telur málin ekki saman eiga eða óhentugra að sækja þau í einu lagi.

Nú hafa fleiri menn en einn framið brot saman, en sumir þeirra eða allir hafa einnig framið önnur brot, og skal þá að jafnaði höfða mál út af öllum brotum í einu lagi.

### 29. gr.

Nú er héraðsdómari í vafa um, á hvaða varnarþingi mál skuli höfða eða hvort höfða skuli mál gegn fleiri mönnum en einum saman, og getur hann þá leitað um það fyrirmæla saksóknara.

Saksóknari getur, eftir því sem honum virðist henta, valið á milli brotavarnarþings, handtökuvarnarþings og heimilis- og dvalarvarnarþings eða annars varnarþings, ef það þykir hentugra til þess að afla sakargagna, til að hraða máli eða vegna ráðstafana, sem gera þarf gagnvart sökunaut. Ákvörðunum saksóknara um þessi efni verður ekki haggð í dómi, enda verður málsmeðferð í héraði ekki ómerkt af því einu, að mál hafi verið sótt á röngu varnarþingi.

### 30. gr.

Mál samkvæmt 2. gr. laga þessara skal höfða á varnarþingi, sem saksóknari ákveður.

### 31. gr.

Ákvæði þessa kafla taka og til þeirra mála, er því aðeins skal höfða, að sá krefjist þess, er misgert er við, eftir því sem við getur átt.

## V. KAFLI

### Um lögreglumenn og upphaf rannsóknar.

### 32. gr.

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan kaupstaða og bæjarfógetar í kaupstöðum utan Reykjavíkur. Í kaптúnum, þar sem sérstakur lögreglustjóri er skipaður, fer hann með lögregluvald. Þar sem sérstakir lögreglumenn eru skipaðir, eru þeir lögreglustjóra til aðstoðar. Annars staðar aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.

Sakadómari í Reykjavík skal stýra rannsóknnum opinberra mála þar og fara með stjórn þeirra lögreglumanna, sem ætlað er að rannsaka brot, að því er þau störf varðar.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum fyrirmæli um rannsókn brota að fengnum tillögum saksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík.

### 33. gr.

Hver, sem skipaður er lögreglumaður, skal hafa lokið prófi, er sýni, að hann sé þeim kostum búinn og hafi þá kunnáttu, sem nauðsynleg er til starfans. Skulu þeir einir valdir til starfans, sem telja má valinkunna og vandaða. Allir lögreglumenn, bæði þeir, sem nú eru, og þeir, er síðar verða skipaðir, skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður, að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samvirkusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess.

Dómsmálaráðherra setur reglur um kennslu lögreglumanna, prófkröfur og önnur hæfiskilyrði að fengnum tillögum saksóknara, yfirsakadómara og lögreglustjóra í Reykjavík. Sakadómari hefur umsjón með kennslu og prófun lögreglumanna í öllu, er lýtur að rannsókn brota.

Dómsmálaráðherra setur lögreglumönnum erindisbréf.

#### 34. gr.

Lögreglumönnum ber að sýna árvekni í starfa sínum og kunna glögg skil á ábyrgð þeirri, sem starfa þeirra fylgir. Hlutverk þeirra er að halda uppi lögum og reglu, greiða götu manna, þar sem það á við, stemma stigu við ólögmati hegðun og vinna að uppljóstran brota, sem framin eru, og vera rannsóknardómara til aðstoðar í hvívetna. Þeir skulu kynna sér þau lög og reglur, sem þeir eru settir til að viðhalda, svo sem refsilöggjöf, umferðalöggjöf, áfengislöggjöf, lögreglusamþykktir o. s. frv. Þeir skulu vera kunnugir staðháttum á starfssvæði sínu, svo sem föng eru á, og vita skil á brotamönnum og háttum þeirra. Þeim ber að afla sérstakrar þekkingar og æfingar í rannsókn vettvangs, þannig að sakargögn fari ekki forgörðum. Kunna skulu þeir að taka skýrslur af mönnum, færa þær skilmerkilega í letur og rita greinargóðar frásagnir um atburði í starfa sínum.

#### 35. gr.

Nú fá lögreglumenn vitneskju eða rökstuddan grun um, að refsiverð háttsemi, er beri undir opinbera ákærvaldið, hafi drýgð verið í umdæmi þeirra, hvort sem það er fyrir kæru eða skýrslu annarra manna eða með öðrum hætti, og ber þeim þá að hefja af sjálfsdáðum rannsókn málsins og gera þær ráðstafanir, sem löglegar, nauðsynlegar og heppilegar eru til að afla sakargagna og gæta þess, að þau spillist ekki, svo og framkvæma hvað eina, er horfir til glöggvunar á málavöxtum og lögleyfa, svo sem:

1. Leita þeirra, sem brot hafa framið eða grunaðir eru um brot, prófa þá m. a. um háttsemi og dvalarstaði á þeim tíma, sem brot var framið.
2. Finna sjónarvotta og heyrnar og aðra, sem skýrslu kunna að geta gefið til skýringar sakaratriðum, og prófa þá, svo fljótt sem kostur er, þ. á m. afla sem nákvæmastrar frásagnar um orð, útlit og háttsemi grunaðs manns, og þess, sem kveðst hafa orðið fyrir broti, þegar eftir að það tjáist hafa verið framið, athuga fjármeðferð og efnahag grunaðs manns, bæði fyrir brot og eftir, er því er að skipta.

Þegar sannreyna skal, hvort maður endurþekki annan mann, skal hann látinn benda á þann mann í hópi manna, ef þess er kostur.

3. Rannsaka vettvang, gera af honum glöggvan uppdrátt, framkvæma þar mælingar, afgirða hann eða teppa umferð um hann í bili og varna þar við rökun á ummerkjum, unz vettvangsrannsókn hefur farið fram.
4. Hafa uppi á munum, sem brot hefur verið framið með eða ætla má til þess ákveðna, svo og munum, sem brot hefur komið niður á eða gerðir hafa verið með refsiverðum verknaði, og athuga, hvort grunaður maður hefur nokkra þá muni í vörzlum sínum, er benda til vistar hans á vettvangi.
5. Athuga, hvort verknaður hefur látið eftir sig merki á mönnum eða munum, svo sem á líkama manna, klæðum, hjólför á vegi, merki eftir verkfæri, fingraför og fóta, og rannsaka eða láta rannsaka þau.
6. Hlutast til um sérfræðilega rannsókn á mönnum, munum og vettvangi, eftir því sem ástæða er til, svo sem blóðrannsókn og aðra læknisrannsókn, efna- og eðlisfræðilega rannsókn, leturrannsókn o. s. frv.
7. Annast töku ljósmynda af vettvangi, mönnum og munum eftir þörfum.

Gefa skulu lögreglumenn sakadómara í Reykjavík og annars staðar héraðsdómara skýrslu um aðgerðir, svo fljótt sem verða má.

Nú er svo mælt í lögum, að einstakur maður eigi ákærvald eða skuli taka þátt í því, og skulu lögreglumenn þá tilkynna yfirboðara sínum málavöxtu og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda það ástand, sem er, eða til þess, að síðari rannsókn megi fara sem heppilegast fram, ef reki verður gerður að málinu samkvæmt kröfu aðila.

### 36. gr.

Nú fer maður með starfa og brýtur öryggisreglur, sem um hann eru settar, og skal lögreglumaður þá til bráðabirgða varna honum að rækja starfann, m. a. með því að taka af honum atvinnuskírteini, stöðva farartæki hans, loka starfhýsi hans eða með öðrum viðeigandi hætti, ef það er nauðsynlegt til að afstýra hættu eða brot er stórfellt.

### 37. gr.

Við yfirheyrslu, leit, kyrrsetningu muna og aðra rannsókn skal lögreglumaður hafa einn greinargóðan og trúverðugan vott hið fæsta, sé þess kostur.

### 38. gr.

Lögreglumenn skulu gæta þess í störfum sínum, að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framur en óhjákvæmilegt er, eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann neins konar harðræði fram yfir það, sem nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögsmætum aðgerðum, né á annan hátt beita hann ólögsmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum o. s. frv.

Nú telur maður sig sæta ólögsmætum harðræðum af hendi lögreglumanns, og á hann þá rétt á því að koma fyrir yfirmann lögreglumannsins, svo fljótt sem kostur er, og bera fram kvörtun fyrir honum.

### 39. gr.

Lögreglumenn skulu stöðugt miða alla rannsókn sína við það, að leiða hið sanna og rétta í ljós í hverju máli, sem þeir hafa til meðferðar, og rannsaka jöfnum höndum þau atriði, sem benda til sektar sakaðs manns og sýknu. Þeir taka skýrslur af grunuðum mönnum og vitnum, áður en til dómara næst, og síðan, eftir því sem þörf þykir og dómari ákveður. Lögreglumaður lætur þann, sem hann prófar, fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir honum að gefa sönn og rétt svör við spurningum og draga ekkert undan, er máli kann að skipta, og ganga skal úr skugga um það, ef ástæða er til, hvort skýrsla prófaðs manns er reist á sjálfs hans skynjan eða sögu-sögn annarra. Þess skal jafnan gætt vandlega, að svör manna við spurningum séu skilmerkileg og rétt færð í letur og sem orðréttast, einkum ef um svör grunaðra manna er að tefla.

### 40. gr.

Sökuðum manni, sem lögreglumaður yfirheyrir, skal á það bent, að honum sé óskilyt að svara spurningum, er beinlínis varða brot það, sem hann er grunaður um, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.

Spurningar lögreglumanna skulu vera skýrar, stuttar og ótvíræðar. Ekki mega þeir reyna með nokkrum hætti að rugla mann með ósannindum eða á annan hátt, þannig að verða kynni til þess, að hann vissi miður en ella, hverju hann svaraði, eða til þess, að hann svaraði röngu. Þá mega þeir ekki gefa sökuðum manni fyrirheit um ívilnanir eða friðindi, ef hann meðgangi, enda séu slík fyrirheit ólögleg eða það sé ekki á valdi þeirra að veita þau.

Ekki má prófa mann lengur en 6 klukkustundir í einu, enda fái hann að öðru leyti nægilegan svefn og hvíld. Skal hverju sinni bókað, hvenær prófun hefst og hvenær henni lýkur.

Lögreglumenn skulu spyrja hvern mann sér án viðurvistar annarra sakaðra eða vitna, unz ástæða kann að verða til samprófunar á síðara stigi rannsóknar.

Nú skal spyrja barn yngra en 16 ára, og skal þá tilkynna það barnaverndarnefnd, ef þess er kostur, og getur nefndin þá sent fulltrúa sinn til að vera við yfirheyrslurnar.

Nú kann prófaður maður ekki íslenzku eða skjali þarf að snúa af íslenzku á erlent mál eða af erlendu máli á íslenzku, og skal þá, ef kostur er og þurfa þykir, kveðja löggiltan dómtúlk og skjalþýðanda til aðstoðar. Annars kostar skal fá þann, er færastan má telja.

Lögreglumenn gera skriflegar og nákvæmar skýrslur um rannsókn sína og staðfesta þær fyrir dómi samkvæmt ákvörðun dómara.

#### 41. gr.

Skylt er mönnum að viðlögðum sektum, ef þeir eru til þess kvaddir og ef þeir mega án hættu fyrir líf eða heilsu sína eða vandamanna eða annarra, sem þeir eiga að annast, eða án tilfinnanlegs atvinnutjóns, að veita rannsóknardómara og lögreglumönnum lið í þarfir opinberrar rannsóknar. Svo er manni og undir sama skilorði skylt að láta lögreglumönnum í té muni, er hann ræður yfir, í þarfir opinberrar rannsóknar, svo sem hús og flutningataeki, en hafa skal hann endurgjald fyrir verk og annað, er hann lætur lögreglumönnum í té samkvæmt þessari grein, og fer um það sem um annan sakarkostnað.

Undanþegnir skyldunni eru nánustu vandamenn sökunauts.

#### 42. gr.

Nú telur sakadómari eða lögreglustjóri ekki ástæðu til þess að sinna framkominni kæru eða til að halda áfram rannsókn út af henni, og er honum þá skylt að láta kæranda í té skriflega ályktun sína þar um ásamt skjölum eða eftirriti af skjölum þeim, er málið varð. Og getur kærandi þá borið málið undir saksóknara, sem tekur ákvörðun um, hvort kæru skuli sinnt eða rannsókn haldið áfram.

Nú hafa lögreglumenn framkvæmt rannsókn á hendur tilteknum sökuðum manni, en ekki hafa sakaratriði eða sakargögn þótt nægileg til ákæru, og á þá eigi að halda rannsókn áfram eða taka hana upp af nýju gegn þeim manni, nema ný sakargögn séu fram komin eða þau séu líkleg til að koma fram, enda sé refsikrafa þá eigi fyrnd að lögum eða saksókn niður felld samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Þó gildir áðurgreint ákvæði ekki, ef rannsókn má telja líklega til styrktar skaðabótakröfu vegna brots, ef það þykir standa aðila á nægilega miklu að koma fram skaðabótakröfu sinni.

Nú hefur rannsókn gegn sökuðum manni verið felld niður, og á hann þá rétt á vottorði sakadómara eða lögreglustjóra um það.

## VI. KAFLI

### Um hald á munum.

#### 43. gr.

Leggja skal hald á muni, sem ætla má, að hafi sönnunargildi í opinberu máli, þeirra hefur verið aflað á refsiverðan hátt eða ætla má, að þeir verði gerðir upptækir.

Til muna í þessu sambandi teljast einnig skjöl.

## 44. gr.

Hald má leggja á bréf, símskeyti og aðrar sendingar og muni, sem eru í vörzlum pósts og síma, enda sé það gert til rannsóknar á ætluðu broti, er varðað getur 100 000 króna sekt, og heimilt væri að kyrrsetja og athuga slík skjöl og muni, ef komin væri í hendur viðtakanda. Tilkynna skal sendanda og viðtakanda tökuna, ef þeir hafa ekki verið viðstaddir. Dómari kveður á með úrskurði um rannsókn á efni slíkra skjala og sendinga.

## 45. gr.

Hverjum, sem löglega handtekur sakaðan mann, framkvæmir rannsókn á vettvangi, gerir leit í húsum eða annars staðar eða leit á mönnum, er rétt að leggja hald á muni, sem þá finnast og telja má til sakargagna. En tilkynna skal þetta dómara, svo fljótt sem verða má.

## 46. gr.

Í þarfir rannsóknar brots má loka herbergjum eða húsum, afgirða ákveðin svæði eða varna mönnum för um þau, gefa út bann við að taka muni úr ákveðnu takmarki o. s. frv.

## 47. gr.

Dómari getur, þegar öryggi ríkisins krefst þess eða um mikilsverð sakamál er að ræða, úrskurðað hlustanir í síma, sem sökunautur hefur eða ætla má hann nota.

## VII. KAFLI

## Um leit.

## 48. gr.

Nú er rannsókn háð vegna brots, er varðað getur annað hvort 100 000 króna sekt eða sekt og upptöku eignar, og er þá rétt að gera leit í húsum sakaðra manna, geymslustöðum, hirzlum, skipum og öðrum farartækjum að munum, sem hald skal á leggja, eða annars til öflunar sakargagna.

Leit má gera hjá öðrum mönnum en sökuðum, þegar slíkt brot hefur verið framið þar eða sakaður maður handtekinn eða gildar ástæður eru til að ætla, að þar finnist munir, sem hald ber að leggja á, eða önnur sakargögn, þar á meðal bækur, bréf og önnur skjöl.

## 49. gr.

Leit að manni, sem handtaka skal eða leiða á fyrir rannsóknara eða dómara, má gera í húsi hans og húsum annarra manna, ef gild ástæða er til að ætla, að sá, sem leitað er, haldi sig þar.

## 50. gr.

Í húsakynnum, sem opin eru almenningi, og í húsum, þar sem lausungarlýður og brotamenn venja komur sínar, má leit gera, er þörf þykir, þótt eigi sé fullnægt skilyrðum 48. og 49. greinar.

## 51. gr.

Leit samkvæmt 48. og 49. gr. skal ákveðin í úrskurði dómara. Þó er lögreglu-mönnum jafnan rétt að framkvæma leit af sjálfsdáðum, ef bið eftir úrskurði dómara veldur hættu á sakarspjöllum.

## 52. gr.

Húsráðanda eða staðar, þar sem leit er gerð, skal veittur kostur á að vera viðstaddur leitina, ef unnt er. En ef hann er fjarverandi, skulu heimilisfastir venzlamenn hans, þjónar eða aðrir til þess kvaddir.



## 53. gr.

Leit má framkvæma á hvaða degi, sem vera skal, og á öllum tímum sólarhrings, ef hún þolir ekki bið.

## 54. gr.

Leit á manni og líkamsskoðun má gera, ef hann er sakaður um brot, er varðað getur 100 000 króna sekt eða sektum og upptöku eigna. Má m.a. taka honum blóð og framkvæma á honum aðra þá rannsókn, er gerð verður á honum heilsu hans að meinalausu.

## 55. gr.

Á öðrum en sökuðum manni má leit gera, ef ástæða er til að ætla, að hann hafi á sér muni, er hald skal á leggja, eða vitneskja fáist við leitina um sakaratriði, enda geti brot það, sem rannsakað er, varðað 100 000 króna sekt eða sekt og upptöku eigna.

## 56. gr.

Um leit og líkamsrannsókn samkvæmt 54. og 55. gr. skal kveðið á með úrskurði dómara. Þó er lögreglumanni rétt að ákveða slíka rannsókn, ef henni má eigi fresta, unz úrskurður dómara er fenginn.

Leit og líkamsrannsókn á konum skal framkvæmd af konum eða lækni, ef því er að skipta.

## 57. gr.

Af mönnum má taka myndir og fingraför í þarfir opinberrar rannsóknar.

## 58. gr.

Haldast skulu sérákvæði í lögum um leit í húsum og á mönnum, svo og um líkamsrannsóknir.

## VIII. KAFLI

## Um handtöku.

## 59. gr.

Rétt er dómara jafnan að gefa skipun um handtöku grunaðs manns, er það má telja nauðsynlegt vegna rannsóknar máls. Slíka skipun getur dómari þó ávallt gefið, ef maður sinnir ekki að nauðsynjalausu kvaðningu um að koma fyrir lögreglumann eða dómara.

Rétt er dómara að gefa út handtökuskipan, birta hana opinberlega og skora á hvern sem er að framkvæma hana:

1. Ef handtekinn maður vikur úr gæzlu eða refsivist eða maður brýtur bann dómara við för úr ákveðnu marki eða firrir sig eftirliti, sem dómari hefur sett honum.
2. Ef ókunnugt er um dvalarstað manns, sem sakaður er um brot, sem varðað getur 100 000 króna sekt eða 6 mánaða refsivist.

## 60. gr.

Heimilt er einstökum manni að handtaka mann:

1. Ef dómari hefur skipað handtöku samkvæmt 59. gr., 2. mgr.
2. Ef hann stendur mann að háttsemi, sem varðað getur refsivist og sætir opinberri ákæru.
3. Ef maður ærist á almannaferi eða veldur þar hneyksli.

Handtekinn mann skal tafarlaust leiða fyrir lögreglumann eða dómara.

## 61. gr.

Skylt er lögreglumönnum að handtaka mann eftir skipun dómara. Þeim er og rétt að taka mann fastan án dómsúrskurðar:

1. Ef þeir standa hann að refsiverðri hegðun, enda sæti brotið opinberri ákæru.
2. Ef maður er grunaður um brot og gefur ekki lögreglumanni skýrslu um nafn sitt og heimilisfang eða reikar um heimilislaus.
3. Ef það þykir nauðsynlegt grunuðum manni eða öðrum til varnar.
4. Ef það þykir nauðsynlegt til þess að aftra grunuðum manni frá því að spilla sakargögnum eða fara úr lögsagnarumdæmi eða torvelda rannsókn máls að öðru leyti, enda megi telja varhugavert að bíða skipunar dómara.
5. Ef maður hefur leyfislaust farið úr gæzlu eða firrt sig eftirliti, sem honum hefur löglega verið sett.
6. Ef maður hefur ekki forfallalaust gegnt kvaðningu lögreglumanns til að gefa skýrslu í opinberu máli.
7. Ef maður ærist á almannafæri eða veldur þar hneyksli, eða hefur hér ekki landvistarleyfi.

Lögreglumaður skal hverju sinni meta, hvort nauðsyn sé handtöku þegar í stað, t. d. vegna hættu á undanskoti sakargagna, flóttu sakaðs manns, framhaldi refsiverðrar háttsemi o. s. frv.

Alþingismenn má ekki taka fasta, meðan Alþingi stendur, nema þeir séu staðnir að glæp.

#### 62. gr.

Rétt er lögreglumönnum án dómsúrskurðar að leita manns, sem handtaka skal, á heimili hans, í sjálfs hans húsi eða skipi, eða í húsi, sem stendur opið almenningi, svo og í öðrum húsum eða skipum, ef honum er veitt þangað eftirför, eða hætta er á því, að hann spilli sakargögnum eða komi sér undan, ef beðið er dómsúrskurðar.

#### 63. gr.

Mann, sem tekinn hefur verið fastur, skal leiða fyrir dómara án undandráttar enda sé hann ekki þegar látinn laus eða fluttur aftur í gæzlu, sem hann hefur sætt samkvæmt dómsúrskurði. Nú verður handtekinn maður, sem sakaður er um refsivert athæfi, ekki þegar í stað leiddur fyrir dómara, og er þá heimilt að hafa hann í haldi, unz til dómara næst, enda sé kyrretning hans og einangrun nauðsynleg vegna rannsóknar málsins, svo sem vegna hættu á því, að hann beri sig saman við samseka menn eða vitni, spilli sakargögnum, skjóti þeim undan eða komi sjálfum sér undan.

Nú hafa lögreglumenn handtekið mann, án þess að hann sé sakaður um refsiverða hegðun, sbr. 7. tl. 61. gr., og skal þá tilkynna dómara handtökuna tafarlaust, enda geri hann þá viðeigandi ráðstafanir, svo fljótt sem verða má.

#### 64. gr.

Þess ber lögreglumönnum að gæta eftir föngum, þar á meðal með leit á manni án dómsúrskurðar, að maður, sem tekinn hefur verið fastur, geti ekki unnið tjón á sjálfum sér, og að hann hafi þá aðbúð, að ekki verði heilsu hans eða lífi hætta búin, meðan hann er í gæzlu. Sjúka menn, þungaðar konur eða konu, sem hefur barn á brjósti, skal ekki láta í venjulega fangaklefa, heldur veita þeim þá aðbúð, sem þeim hæfir. Sömu meðferð skal að jafnaði hafa á börnum undir 16 ára aldri.

Ákvæði 2. mgr. 38. gr. eiga hér við.

#### 65. gr.

Lögreglumönnum er rétt að taka grunaða menn undir gæzlu án handtöku, þar á meðal banna þeim för úr ákveðnu takmarki um stund eða fela öðrum eftirlit með þeim.

## IX. KAFLI

## Um gæzluvarðhald og aðra gæzlu á sökunaut.

## 66. gr.

Þá er handtekinn maður hefur verið leiddur fyrir dómara, skal hann, nema sökunautur hafi þegar verið látinn laus, innan sólarhrings leggja rökstuddan úrskurð á það, hvort sökunautur skuli settur í varðhald eða ekki. Nú hefur sökunautur ekki verið tekinn fastur, og getur þá dómari þegar í frumprófi ákveðið, að hann skuli setja í varðhald. Svo getur dómari, á hvaða stigi rannsóknar sem er, ákveðið, að varðhaldi skuli beita, og sömuleiðis látið sökunaut lausan úr varðhaldi, jafnskjótt sem honum þykir ástæðulaust að beita því lengur. Gæzluvarðhaldi skal jafnan markaður ákveðinn tími, sem dómari getur þá stýtt eða lengt með úrskurði annan ákveðinn tíma, ef ekki þykir fært að láta sökunaut lausan.

## 67. gr.

Mann má því aðeins setja í gæzluvarðhald, að ástæða þyki til þess að ætla, að hann hafi gerzt sekur um refsiverða hegðun. Gæzluvarðhaldi skal að jafnaði beita:

1. Ef ætla má, að sökunautur muni torvelða rannsókn málsins, ef hann hefur óskert frelsi sitt, svo sem með því að afmá merki eftir brotið eða merki, er í sambandi við það standa, skjóta undan munum eða öðrum gögnum, er brotið varða, hafa áhrif á vitni eða samseka.
2. Ef sökunautur hefur strokið, falið sig eða farið út úr ákveðnu marki eða gert tilraun í þá átt, eða líklegt þykir, að hann muni gera það, eða hann hefur ekki sinnt kvaðningu dómara.
3. Ef sökunautur reikar um án þess að hafa fast heimili eða dvalarstað, svo að vitað sé, ef telja má, að hann hafi ekki möguleika til þess að hafa löglega ofan af fyrir sér, eða ef hann er útlendingur og sennilegar skýrslur vantar um hann sjálfan eða heimilisfang hans.
4. Ef ætla má, að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.
5. Ef ætla má, að hann haldi áfram brotum, ef hann er látinn vera laus, meðan máli hans er ekki lokið.
6. Ef varðhald má telja nauðsynlegt til þess að verja aðra fyrir árásum sökunauts eða hann fyrir árásum eða áhrifum annarra manna.

Enn fremur má setja þann í varðhald, er heitazt hefur við annan mann, ef það telst nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum þess, er fyrir þeim sökum er hafður.

## 68. gr.

Ef sökunautur er fyrir dómi, þegar úrskurður um gæzluvarðhald er kveðinn upp, þá skal honum þegar birtur þar úrskurðurinn. Annars kostar skal láta lögreglumann þegar birta honum úrskurðinn, og ef því er að skipta, taka hann fastan og setja hann í varðhald. Eftirrit af úrskurði skal, þegar þess er krafizt, láta í té, svo fljótt sem unnt er, og ekki síðar en sólarhring þar frá.

## 69. gr.

Gæzluvarðhaldi má ekki beita:

1. Ef brot það, sem um er að tefla, getur ekki að lögum varðað þyngri refsingu en sektum eða varðhaldi.
2. Ef sökunautur er alþingismaður, meðan Alþingi er háð eða meðan fundafrestun stendur, enda hafi hún ekki verið ákveðin í senn lengur en 14 daga. Þetta gildir þó ekki, ef þingdeild hans leyfir gæzluvarðhald eða alþingismaður hefur verið staðinn að glæp.

3. Ef sökunautur er innan 16 ára aldurs. Í stað varðhalds skal hann með úrskurði falinn forsjá barnaverndarnefndar (skólanefndar), er komi honum fyrir á góðu heimili, eða fái honum aðra viðunandi gæzlu eftir þörfum.
4. Sjúklinga og vanfærar konur eða konur með barn á brjósti skal úrskurða til geymslu eftir læknisráði á spítala eða öðrum viðeigandi stað með þeim hætti, að heilsu þeirra sé borgið.

#### 70. gr.

Gæzlufangar sæta þeirri meðferð, sem nauðsynleg er til þess að gæzlan komi að gagni og góð regla haldist í varðhaldinu, en varast skal, svo sem kostur er, að beita þá hörku eða harðýðgi.

Um gæzluna gilda annars þessar reglur:

1. Gæzlufangar skulu ekki hafa lakara viðurværi en refsifangar. Þeim er heimilt að útvega sér sjálfir og taka við fæði og öðrum persónulegum nauðsynjum, þ. á m. fatnaði, að svo miklu leyti, sem það fer ekki í hága við öryggi og góða reglu í varðhaldinu.
2. Gæzlufangar skulu að öllum jafnaði látnir vera í einrúmi, og ekki skulu þeir gegn vilja sínum hafðir með refsiföngum. Eigi skulu gæzlufangar yngri en 18 ára hafðir með eldri föngum.
3. Dómari ákveður, hvort og að hve miklu leyti gæzlufangi megi hafa samband við aðra menn en fangaverði og hvernig effirliti skuli haga, ef slíkt samband er leyft, enda sé þess jafnan gætt, að leyfa gæzlufanga ekki samband við menn, ef ætla má það varhugavert vegna rannsóknarinnar. Rétt er að verða við óskum gæzlufanga um að hafa samband við lækni og prest, ef þess er kostur.
4. Bréf, skeyti eða önnur skjöl frá gæzlufanga eða til hans lætur dómari athuga og kyrrsetja, ef nauðsyn þykir vegna rannsóknar eða ef efni þeirra er ósæmilegt, en gera skal sendanda viðvart um kyrrsetningu, ef því er að skipta.
5. Gæzlufanga má skylda til að ræsta og hirða klefa sinn eftir fyrirmælum dómara.
6. Gæzluföngum er heimilt að útvega sér vinnu, sem samrýmist öryggi og góðri reglu. Bóka mega þeir afla sér með samþykki fangavarðar.

Dómari getur svipt gæzlufanga friðindum, er honum hafa leyfð verið samkvæmt ákvæðum greinar þessarar, ef hann misnotar þau eða verður sekur um agabrot.

Gæzlufangi getur borið fram kvörtun fyrir dómara undan meðferð fangavarðar á sér.

#### 71. gr.

Nú hefur dómari ákveðið að setja sökunaut í gæzluvarðhald, og getur sökunautur þá, ef dómari telur það nægilega tryggt, fengið að halda frelsi sínu að einhverju leyti eða öllu gegn tryggingu, er hann eða aðrir setja, eða gegn ábyrgð annarra manna, venjulega búsettra á landi hér, er dómari tekur gilda. Yfirlýsingu um tryggingu eða ábyrgð bókar dómari í þingbók og lætur viðkomendur undirrita þá bókun eða hann lætur þá gefa út sérstakar skriflegar yfirlýsingar. Ef trygging er sett, þá ber dómara að gera nauðsynlegar ráðstafanir lögum samkvæmt til verndar hennar gagnvart sökunaut og öðrum mönnum. Ef munir eru settir að handveði, ber dómara að geyma þá á tryggum stað.

Trygging eða ábyrgð skal miða við ákveðna fjárhæð, og skal vera tilskilið, að þeirri fjárhæð skuli vera fyrirgert til ríkissjóðs, ef sökunautur fer úr marki því, er dómari setur honum, án leyfis dómara.

Nú brýtur sökunautur boð dómara um dvöl í ákveðnu takmarki, og skal þá af tryggingarfé eða ábyrgðarfé greiddur skaði sá, er sökunautur hefur verið dæmdur til að greiða, ef með þarf. Ef sökunautur kemur af sjálfs sín vilja fyrir dómara

innan mánaðar frá því, er hann braut boð dómara, getur dómari ákveðið, að tryggingu eða ábyrgð sé þó ekki fyrirgert, nema að því leyti sem það brot hans hefur valdið sérstökum kostnaði.

Sökunautur skal fá tryggingu leysta, ef hann kýs heldur að fara í gæzluvarðhald. Trygging eða ábyrgð, er annar maður setur, skal leyst, ef hann krefst þess og sökunautur hefur ekki brotið boð dómara um vistarmark hans. Svo fellur trygging eða ábyrgð niður, ef dómari ákveður allt að einu að setja sökunaut í varðhald eða sökunautur andast, rannsókn lýkur án málshöfðunar og þegar úrslitadómur er um málið genginn.

Ágreining vegna tryggingar eða ábyrgðar úrskurðar dómari, og má skjóta þeim úrskurði með kæru til æðra dóms eða með áfrýjun opinbera málsins sjálfs.

#### 72. gr.

Hvort sem trygging eða ábyrgð er sett eða ekki, getur dómari lagt fyrir sökunaut að halda sér í ákveðnu takmarki (hreppi, kaupstað, lögsagnarumdæmi o. s. frv.) eða komið honum til dvalar og gæzlu á ákveðnu heimili með meiri eða minni takmörkunum á frelsi hans. Þar sem fangahúss er ekki kostur, er hverjum, sem er þess megnugur að álitu dómara, skylt að takast á hendur vist og gæzlu fanga, nema hann megi teljast hættulegur lífi manna eða heilbrigði. Ef því er að skipta, ber dómara að gera aðrar viðeigandi ráðstafanir til geymslu fangans, svo sem varðveizlu á honum í aðgreindum, nægilega traustum klefa, ef ekki er fangahús til ráðstöfunar o. s. frv.

Ákvörðun sinni um gæzlu sökunauts samkvæmt þessari grein getur dómari breytt, hvenær sem honum þykir ástæða til.

### X. KAFLI

#### Almennar reglur um rannsókn opinberra mála fyrir dómi.

#### 73. gr.

Héraðsdómari getur, hvenær sem honum þykir nauðsynlegt eða heppilegt, hafið réttarrannsókn í opinberu máli, hvort sem mál hefur verið kært til hans eða ekki. Ef grunaður maður hefur verið tekinn fastur, ber héraðsdómara að setja dóm, svo fljótt sem unnt er, eftir að hann hefur fengið vitneskju um handtökuna. Í hinu fyrsta þinghaldi (frumprófi) skal dómari reyna eftir föngum að ganga úr skugga um sekt eða sýknu sökunauts. Lýkur dómari þegar rannsókn, ef hann telur það koma fram, að sökunautur muni sýkn vera, hvort sem það er af því, að refsikrafan er fyrnd, sýnt er, að ekki er um refsivert brot að tefla, o. s. frv. Sama er, ef hann telur víst, að máli hljóti að verða vísað frá dómi vegna aðildarskorts opinbera ákærvaldsins. Annars kostar heldur hann rannsókn áfram, þar til honum þykir það, sem máli skiptir, rannsakað til fullrar hlitar eða örvænt þykir, að rannsókn muni bera árangur. Dómara ber að rannsaka af sjálfsdáðum og sjálfstætt öll sakaratriði, enda þótt lögreglumenn hafi áður rannsakað og gert skýrslu um þau atriði. Nú hefur sökunautur játað á sig brot, og skal dómari þá allt að einu prófa það, hvort sú játning er sannleikanum samkvæm.

Nú æskir saksóknari, sækjandi, sökunautur eða verjandi rannsóknar á tilteknum sakaratriðum, og skal dómari þá taka slíka málaleitun til greina, enda megi ætla, að sú rannsókn geti skipt máli.

Dómari skal framkvæma ráðstafanir þær, sem í 36. gr. getur, ef skilyrði eru til, svo og kveða á um framhald þeirra, ef lögreglumenn hafa gert þær. Haldast skulu þessar ráðstafanir, unz dómur gengur, ef því er að skipta, en felldar skulu þær niður, jafnskjótt sem úr er bætt, þar sem það á við, eða rannsókn eða málshöfðun er látin falla niður.

## 74. gr.

Dómari getur borið undir saksóknara, hvort rannsókn skuli hefja eða framhalda, og tekur þá saksóknari ákvörðun um það atriði. Saksóknari getur af sjálfsmáttum farið þess á leit við dómara, að hann hefji rannsókn eða haldi áfram þegar hafinni rannsókn. Ef dómari telur, að krafa saksóknara verði eigi tekin til greina, með því að skilyrði laga um refsingu í því máli skorti, svo sem vegna þess að eigi sé um refsiverða háttsemi að tefla, refsikrafa fyrnd, ákærvaldið bresti aðild o. s. frv., þá veitir dómari saksóknara kost á að skýra málið og kveður síðan upp úrskurð um, hvort taka skuli kröfu saksóknara til greina. Samsvarandi gildir, þegar rannsóknar er krafizt í málum, er greinir í 3. málsgr. 21. gr.

## 75. gr.

Dómara ber að rannsaka öll atriði, er varða sekt sökunauts eða sýknu eða honum kynni að verða til málsbóta eða refsiauka, svo sem:

1. Verknadinn sjálfan, er framinn hefur verið eða ætla má, að framinn hafi verið, stað og stund, og öll nánari atvik, er ætla má, að máli skipti, svo sem það, á hverjum eða hverju brot hefur niður komið, sem hvaða hætti það hefur verið framið, hvort um fullframið brot eða tilraun sé að tefla, hversu langt tilraun hafi verið komin o. s. frv., sbr. 35. gr.
2. Það allt, er sökunaut sjálfan varðar, svo sem:
  - a. Hugafar hans (ásetning, gáleysi), er hann framdi brotið, hvatir hans og tilgang, ef þau atriði skipta máli, o. s. frv.
  - b. Aldur hans. Og skal hann venjulega sanna með fæðingarvottorði sökunauts, ef þess er kostur málinu án verulegrar tafar. Annars kostar má láta skýrslu sökunauts nægja, enda lýsi þá dómendur og þingvottar álitu sínu á því, hvort sú skýrsla samrýmist útliti hans og öðrum kunnum staðreyndum, ef dómara þykir þess þörf.
  - c. Hegðun undanfarið. Og skal það atriði sanna með sakavottorði og öðrum gögnum, sem fyrir hendi kunna að vera.
  - d. Þroski, andlegur og líkamlegur, heilbrigðisástand hans, andlegt og líkamlegt, fyrr og síðar, menntun, uppeldi, efnahagur og aðrar ástæður o. s. frv., eftir því sem þörf virðist krefja. Ef ástæða þykir til, skal leggja sökunaut undir viðeigandi læknisrannsókn í þessu skyni.
  - e. Hegðun og hugafar sökunauts, eftir að hann framdi brotið eða brotin, svo sem það, hvort hann hefur séð eftir því, boðið fram bætur eða á annan hátt leitast við að gera yfirbót, eða hvort hann hefur reynt að dylja brotið, neytt hagnaðar af því, reynt að torvela rannsókn þess o. s. frv.
  - f. Ef um tilraun er að tefla, hvort hann hafi horfið sjálfkrafa frá henni, eða hvort brot hefur ekki orðið fullframið af öðrum ástæðum.
  - g. Ef fleiri menn en einn eru við brot riðnir, þá ber eftir fögnum að rannsaka, hvern þátt hver (hvor) um sig hafi átt í því, svo sem það, hver (hvor) hafi átt upptökin og hvaða ráðum hafi verið beitt í því efni.

## 76. gr.

Dómari lætur lögreglumann eða einn stefnuvott tilkynna sökunaut og öðrum þinghöld með hæfilegum fyrirvara, enda nægir, að næsta þinghald sé tilkynnt í þinghaldi þeim, sem þar eru viðstaddir. Nú er sökunautur í gæzlu, og skal honum þá gert kleift að koma fyrir dóm.

## 77. gr.

Dómari kynnir sér rannsókn lögreglumanna eftir fögnum, áður en hann hefur prófom á sökunaut eða öðrum, enda lesi hann ekki fyrir þeim skýrslur lögreglumanna, fyrr en hann hefur spurt þá um þau sakaratriði, er hann telur á því stigi

rannsóknar ástæðu til að spyrja um. Ef skýrslu fyrir lögreglumönnum og skýrslu fyrir dómi ber á milli, bendir dómari aðilum á ósamræmið, þegar hann telur það henta.

Þeir menn, sem spurðir eru fyrir dómi í rannsókn opinbers máls, eiga rétt á að fá vitneskju um það af dómara, þegar mál er orðið svo skýrt, að honum er þess kostur, hvort þeir eru spurðir vegna grunar þeim á hendur um brot eða kvaddir vitnisburðar. Ef dómari kveður mann yfirheyrðan vegna grunar á honum um refsiverða hegðun, þá er honum óskytt að svara spurningum dómarsins, er þá hegðun varða, enda ber dómara að benda sökunaut á þetta, þegar er efni standa til, og jafnframt á það, að þögn hans kunni að verða skýrð honum í óhag.

Nú kýs sökunautur að svara spurningum dómara, og skal þá bóka svörin nákvæmlega og orðrétt eða taka þau á talvél, ef ætla má, að orðalag sökunauts skipti máli. Bókanir skal bera undir sökunaut, skrá síðan breytingar og athugasemdir, sem sökunautur vill gera við bókun á svörum sínum, lesa þær bókanir upp fyrir honum og geta þess að lokum, hvort hann hafi viðurkennt bókanir réttar eða ekki.

Ákvæði 38. og 40. gr. gilda um rannsókn fyrir dómi að breyttu breytanda. Þó er dómara rétt að láta sökunaut hlýða á prófun vitnis eða matsmanns og geta þar réttar síns, enda sé ekki ástæða til að ætla, að sökunautur kunni að hafa þau áhrif á vitni eða matsmann, að það eða hann segi ekki afdráttarlaust sannleikann, eða návist hans kunni að torvelda rannsókn málsins, svo sem vegna færissökunauts til undanskots sakargagna eða til þess að dylja sannleikann með öðrum hætti.

Dómari samprófar sökunauta, er honum þykir hættulaust, að rannsókn torveldist þess vegna, til þess að fá samræmi milli skýrslna þeirra, ef þess er kostur, eða staðfestingu á þeim. Ef með mál er farið samkvæmt 130. gr., er rétt að fresta samprófun, nema hætta sé á, að sakargögn fari annars forgörðum.

#### 78. gr.

Dómari kynnir sökunaut efni þeirra skjala, er varða gögn í opinberu máli, þegar er honum þykir það mega verða án hættu á því, að vitneskja sökunauts þar um verði notuð til þess að torvelda eða seinka rannsókn máls, og ávallt eigi síðar en í lok rannsókna.

### XI. KAFLI

#### Um sækjanda og verjanda.

#### 79. gr.

Nú sætir mál sókn og vörn fyrir héraðsdómi eftir málshöfðun, sbr. 130. gr., og skipar þá saksóknari sækjanda einhvern hæstaréttarlögmann eða héraðsdómslögmann, enda hafi sá fengið löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði. Rétt er þó saksóknara að sækja mál sjálfur eða láta fulltrúa sinn gera það. Ekki má sækjandi vera nokkur sá, er gerði dómara óhæfan til að fara með mál, né heldur sá, er vegna afstöðu sinnar til máls eða aðilja væri óhæfur dómari í því máli.

Hlutverk sækjanda er að stuðla að því, að hið sanna og rétta komi í ljós og yfir höfuð að létta dómara starfið með málflutningi sínum. Honum ber, þegar er hann hefur fengið skjöl málsins, að athuga gaumgæfilega, hvort rannsókn um einstök atriði kunni að vera áfátt, og benda dómara tafarlaust á það til þess að úr því verði bæt. Í flutningi málsins skal hann lýsa staðreyndum skilmerkilega og án allra óþarfa málalenginga og draga fram öll atriði, sem máli skipta, sbr. 75. gr. Lagaatriði ber honum að greina stutt, ljóslega og hlutlægt. Loks skal hann leiða ályktanir sínar af því, sem hann hefur með greindum hætti fram flutt.

Skipuðum sækjanda ber þóknun fyrir starf sitt eftir ákvörðun dómara.

**80. gr.**

Nú er farið með mál samkvæmt 79. gr., og skal þá jafnan skipa verjanda.

Eftir ósk sökunauts skal skipa honum verjanda:

1. Meðan hann sætir gæzluvarðhaldi.
2. Ef hann er sakaður um brot, er að lögum getur valdið honum missi þjóðfélagsréttinda, svo sem missi stöðu, kosningarréttar eða kjörgengis, atvinnuréttinda o. s. frv.

3. Ef brot getur varðað 50 000 króna sekt eða tveggja mánaða refsivist eða hefur í för með sér upptöku eigna, er verulegum verðmætum nema, miðað við efnahag og ástæður sökunauts. Þó getur dómari skipað sökunaut verjanda, þótt þessum skilyrðum sé ekki fullnægt, ef sérstaklega stendur á, svo sem ef vafaatriði eru í máli um lög eða staðreyndir, sbr. 2. málsg..

Án óskar sökunauts skipar dómari honum réttargæzlumann:

1. Hvarvetna þess, er matsmenn eiga að staðfesta framburð eða matsgerð að sökunaut fjarstöddum. Dómari veitir réttargæzlumanni kost á að kynna sér það allt, er staðfesta skal, og annað, sem nauðsynlegt kann að vera til skilnings á því, áður en staðfesting fer fram. Ber réttargæzlumanni að gæta hagsmuna sökunauts við staðfestingu.
2. Dómari getur skipað sökunaut réttargæzlumann í rannsókn máls, ef sökunautur er að áliti dómara sérstaklega sljór eða skilningslítil eða haldinn annmörkum, er torveldi skynjan hans, svo sem sjóndepru, málleysi eða heyrnarleysi, sökunautur er undir 18 ára aldri eða annars er honum svo farið eða framkoma hans fyrir dómi slík, að dómari telji skipun réttargæzlumanns heppilega.

Nú játar sökunautur á sig afdráttarlaust brot, og eigi er vafi um staðreyndir, svo sem þær, er varða hækkun eða lækkun refsingar, refsileysi eða niðurfall refsingar, sakhæfi o. s. frv., eða lagaatriði, og skal þá eigi skipa verjanda.

**81. gr.**

Dómari skal jafnan, þegar lögskilt er eða ástæða þykir til að skipa sökunaut verjanda eða réttargæzlumann, vekja athygli hans á því atriði og veita honum kost á að benda á einhvern þann mann, er rétt hefur að lögum til þess að fara með það starf fyrir dómi almennt og sérstaklega í því máli. Dómari ákveður svo, hvern skipa skuli.

Nú eru fleiri en einn maður fyrir sökum hafðir, og skal þá vera sami maður verjandi þeirra beggja eða allra, ef telja má, að hagsmunir þeirra rekist ekki á.

Nú vill sökunautur ekki, að honum verði verjandi skipaður, og skal það þá ekki gert, nema dómara þyki allt að einu ástæða til þess. Sjálfum er sökunaut rétt að halda uppi vörn fyrir sig. Svo er honum og rétt að ráða á sinn kostnað hvern þann löghæfan mann, sem dómari samþykkir, til að halda uppi vörn fyrir sig, hvort sem skylt er að skipa verjanda eða ekki.

**82. gr.**

Í Reykjavík og annars staðar, þar sem kostur er löggiltra málflutningsmanna, skal verjandi tekinn úr hópi þeirra. Þó getur dómari eftir ósk sökunauts skipað honum einhvern annan mann, er fara má með mál annarra manna, þar sem eigi eru löggiltir málflutningsmenn, ef hann telur hag sökunauts borgið í höndum slíks manns og engar sérstakar ástæður mæla því annars í gegn.

**83. gr.**

Dómari sá, er með aðalrannsókn máls fer, skipar verjanda í því máli. Nú skal staðfesting vitnisburðar, mats- eða skoðunargerðar fara fram í öðru lögsagnarum-



dæmi, og skipar þá dómari þar verjanda til þess að vera við staðfestingu, nema verjandi í aðalmálinu sé þar við staddur.

## 84. gr.

Hæstaréttarlögmönnum og þeim héraðsdómslögmönnum, er fengið hafa löggildingu dómsmálaráðherra til sóknar opinberra mála í héraði, er skylt samkvæmt skipun saksóknara að sækja opinbert mál í lögsagnarumdæmi, þar sem þeir hafa skrifstofu, og þar í grennd. Nú reynist skipaður sækjandi óhæfur að álitu dómara eða honum verða forföll, og skipar þá saksóknari annan löghæfan mann í hans stað.

Það er borgaraleg skylda hverjum heilum lögráða manni að taka að sér starf verjanda í opinberu máli innan lögsagnarumdæmis, þar sem hann er búsettur. Nú telur dómari verjanda rækja starfann óviðunandi eða verjanda verða forföll, og skipar dómari þá annan löghæfan mann í hans stað.

## 85. gr.

Ekki má skipa þann mann verjanda, sem hefur borið vitni eða verið mats- eða skoðunarmaður í því máli, eða þann, er vera mundi óhæfur dómari í því sökunaut í óhag, eða þann, er riðinn kann að vera við málið eða hefur að öðru leyti hag eða óhag af úrslitum þess, né heldur þann, er skipun hans gerði dómara óhæfan til að fara með málið.

## 86. gr.

Verjandi er háður sömu skyldum sem sækjandi, eftir því sem við getur átt, sbr. 79. gr. Honum ber að leiðrétta atvikalýsingu sækjanda, þar er efni þykja standa til, draga fram allt það, er verða má sökunaut til sýknu eða hagsbóta, og gæta réttar hans, er hann sætir varðhaldi eða annarri gæzlu að því leyti. Verjanda er heimilt að tala við sökunaut einslega, þegar hann er í gæzlu, nema dómari telji hættu á, að rannsókn torveldist fyrir það. Ef verjandi er skipaður, áður en rannsókn er lokið, er honum rétt að vera við prófun sökunauts, enda þyki dómara það hættulaust vegna rannsóknar málsins. Þagnarskylda hvílir á verjanda um það, er sökunautur kann að hafa trúað honum fyrir um afstöðu sína til brots eða brota þeirra, sem um er að tefla, og um þau önnur atriði, er hann hefur komizt að í starfa sínum og eigi eru almenningi þegar kunn.

Skipuðum verjanda ber þóknun fyrir starfa sinn eftir ákvörðun dómara, nema hann hafi berum orðum afsalað sér henni.

## 87. gr.

Dómara er skylt að láta sækjanda og verjanda í té skjöl þau, er mál varða, eða eftirrit þeirra, að svo miklu leyti sem þau eru nauðsynleg til sóknar eða varnar þess, en skylt er þeim að skila þeim aftur til dómara, þegar starfa þeirra er lokið, ef þess er krafizt.

Þóknun sækjanda, sem saksóknari hefur skipað, og skipaðs verjanda skal ákveða í dómi, ef það lýkst með þeim hætti, nema viðkomandi hafi afsalað sér þóknun. Ef máli lýkur ekki með dómi, getur dómari ákveðið þóknun og hver hana greiði með úrskurði, er bóka skal í þingbók, og er sú ákvörðun bindandi og aðfararhæf sem dómur væri. Dómari getur og með sama hætti ákveðið verjanda eða réttar-gæzlumanni samkvæmt 80. gr., 2. mgr., 1. tölul., og 3. mgr., þóknun.

Þóknun sækjanda og verjanda greiðist sem annar sakarkostnaður.

## 88. gr.

Ef sækjandi eða verjandi torveldar rannsókn eða misbeitir stöðu sinni með öðrum hætti eða rýfur þagnarskyldu sína samkvæmt 86. gr., varðar það refsingu eftir ákvæðum hegningarlaganna um brot í embætti og sýslan.

## XII. KAFLI

## Um vitni, mat, skoðun og skjöl.

## 89. gr.

Öllum er skylt að koma fyrir dóm í opinberu máli og bera þar vitni. Skorazt geta þó þeir, sem hér segir, undan vitnisburði:

1. Maki sökunauts, meðan hjúskap þeirra er ekki slitið að lögum.
2. Unnusti eða unnusta sökunauts, enda varði vitnisburður ekki atvik, sem gerðust, áður en þau heitbundust.
3. Skyldmenni sökunauts að feðgatali eða niðja.
4. Kjörforeldri sökunauts eða kjörbarn undir samsvarandi skilorði sem í 2. tölul. segir.
5. Tengdforeldri sökunauts og tengdabarn, systkin hans og jafnmægðir honum.

## 90. gr.

Dómari getur leyst fósturforeldri sökunauts eða fósturbarn undan vitnaskyldu, ef honum virðist samband þeirra mjög náð.

Sama gildir um vitnisburð unnusta eða unnustu, að því er varðar atvik, er gerðust, áður en þau heitbundust.

## 91. gr.

Aðila er ekki skylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð, ef ætla má, að svar við henni feli í sér játningu eða bendingu um það, að hann eða venzlamenn hans samkvæmt 89. gr. hafi framið refsiverðan verknað eða það gæti orðið þeim til mannorðsspjalla.

## 92. gr.

Embættis- og sýslunarmönnum er óskylt að koma fyrir dóm til að vitna um atvik, er gerzt hafa í embætti þeirra eða sýslan og leiða má í ljós með vottorði úr embættisbók eða öðru opinberu skjali.

## 93. gr.

Án leyfis viðkomandi ráðherra skal vitni ekki kafið skýrslu um leynilega samninga ríkisins, ráðagerðir eða ályktanir handhafa ríkisvaldsins um málefni, sem öryggi ríkisins, réttindi eða heill að öðru leyti varða eða hafa mjög mikilvæga fjárhagsþýðingu eða viðskipta fyrir íslenzku þjóðina.

Embættismenn og sýslunar verða ekki krafðir vitnisburðar um það, sem þeir hafa fengið vitneskju um í starfa sínum og leynt á að fara, nema viðkomandi ráðherra leyfi eða forseti sameinaðs Alþingis, ef taka skal skýrslu af alþingismanni eða öðrum starfsmanni Alþingis.

## 94. gr.

Vitnum þeim, sem hér segir, er óheimilt að svara spurningum án leyfis þess, sem með á:

1. Verjanda um það, er sökunautur hefur trúað honum fyrir um málsatvik, eftir að hann hefur tekið vörnina að sér.
2. Prestum, læknum, ljósmæðrum og lyfsölum um atriði, er varða einkahagi manna og þeim hefur verið trúað fyrir í starfa sínum, nema brot varði minnst tveggja ára refsivist.

Nú má telja vitnisburð nauðsynlegan til varnar sökunaut, og getur dómari þá ákveðið vitnaleiðslu með úrskurði.

## 95. gr.

Heimilt er dómara, nema leyfi aðila komi til, að undanþiggja vitni að svara spurningum, er varða leyndarmál um kaupsýslu, uppgötvanir eða önnur slík verk,

hvort sem vitnið á sjálft í hlut eða það hefur komizt að vitneskju sinni í þjónustu einstaklings, fyrirtækis eða stofnunar, enda telji dómari hagsmuni aðila til leyndar ríkari en hagsmuni ákærvaldsins um skýrslu.

#### 96. gr.

Dómari skal leiðbeina aðilum um þau atriði, er varða vitnisburð og í 89.—95. gr. getur.

#### 97. gr.

Dómari metur það hverju sinni, hvort barn hafi náð þeim þroska, að það beri það skynbragð á sakaratvik, að vitnisburður þess um það skipti máli. Samsvarandi hátt hefur dómari á um vanþroska menn eða geðbilaða.

#### 98. gr.

Skýlt er vitni að koma fyrir dóm utan varnarþings síns, hvar sem er á landinu, ef nauðsynlegt þykir til samprófunar vitnis við sökunaut eða önnur vitni, enda sé því séð fyrir farkosti og því sem minnstur bagi gerður.

Vitni, sem eigi má koma fyrir dóm á þingstað vegna sjúkleika síns eða heima-  
manna sinna, má prófa annars staðar, þar sem kostur er að taka af því skýrslu.

Dómari getur úrskurðað vitni skýlt að hafa með sér sakargögn til sýningar eða framlagningar í dómi eða athuga bækur sínar, skjöl og aðra muni og gera útdrátt úr tilteknum atriðum í þeim til skýringar málsatvikum.

#### 99. gr.

Dómari getur látið lögreglumann (hrepstjóra) eða einn stefnuvott kveðja vitni til þess að koma fyrir dóm og gefa skýrslu í opinberu máli, að viðlagðri refsingu. Ef vitni sinnir eigi kvaðningu að forfallalaus, getur dómari fært eða látið færa það fyrir dóm með valdi. Beita má ákvæðum 131. gr. laga nr. 85/1936, eftir því sem við á.

#### 100. gr.

Dómari lætur vitni fyrst gera grein fyrir heiti sínu, aldri, stöðu og heimilisfangi eða dvalarstað. Síðan brýnir hann alvarlega fyrir því skyldu þess til að gefa sönn og rétt svör við spurningum sínum og draga ekkert undan, er máli skiptir, hvort sem það varðar málsatvik, hæfi þess, sönnunargildi vitnisburðar eða annað. Loks minnir dómari vitni á þýðingu vitnisburðar um málsúrslit og skýrir fyrir vitninu með tilvísun til viðeigandi ákvæða hegningarlaga þá refsíabýrgð, er vitni kann að baka sér með visvitandi eða gáleysislega röngum framburði, og þá siðferðislegu ábyrgð, sem röngum framburði er samfara.

Að þessu loknu lætur dómari vitni festa með þeim hætti, er nú greinir, heit um sannan framburð sinn:

1. Ef vitni lýsir sig, að gefnu tilefni frá dómara, trúa á guð, og heit samkvæmt því samræmist trúarsannfæring þess, þá skal það lyfta upp hægri hendi sinni og hafa upp eftir dómara þessi orð: Ég sver það og vitna til guðs míns, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga. Svo hjálpi mér guð, sem ég satt segi.
2. Nú má ekki svo með fara, sem í 1. tölul. segir, og festir vitni þá heit sitt með þeim hætti, að það lyftir upp hægri hendi sinni og hefur upp eftir dómara þessi orð: Ég lýsi yfir því og legg þar við drengskap minn og heiður, að ég skal segja það, er ég veit sannast og réttast, og ekkert undan draga.
3. Nú er annar háttur hafður á heitfestingu en sá, er í 1. og 2. tölulið segir, í landi, þar sem vitni hefur dvalizt, svo sem hönd lögð á helga bók, og er þá dómara rétt að hafa þann hátt á, ef hann telur vitni munu fyrir það leggja ríkari helgi og virðingu á heitfestingu.

Dómari getur frestað heitfestingu þar til á síðara stigi málsmeðferðar, og auk þess getur hann látið heitfestingu niður falla, ef sönnunatriði máls má telja vafalaus. Nú fer heitfesting fram eftir á samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, og breytir dómari þá heitstaf til samræmis við það.

#### 101. gr.

Eigi skal heitfesta:

1. Barn undir 15 ára aldri.
2. Þann, sem svo er vitsmunavant eða svo geðbilaður, að hann ber ekki skyn á eða er ófær til að meta helgi eða þýðingu heitfestingar.
3. Sakaðan mann eða mann, sem dómari veit eða má ætla, að síðar verði sakaður í því máli.

#### 102. gr.

Að heitfestingu lokinni hefst vitnaleiðsla um sakaratriði. Gæta skal dómari þess, að spurningar hans séu ákveðnar, ekki tvíræðar eða veiðandi, ekki særandi eða móðgandi, framur en efni standa til, og ekki sýnilega þýðingarlausar. Ganga skal úr skugga um það, hvort skýrsla manns er reist á sjálfs hans skynjan eða sögusögn annarra.

Nú hefur vitni eða aðrir gefið skýrslur fyrir lögreglumanni eða aðrir en það fyrir dómi, og kynnir dómari þá slíkar skýrslur eða önnur sakargögn eigi fyrir vitni, fyrr en honum þykir þess þörf til skýringar eða leiðréttingar skýrslu þess. Utanréttarvottorðum þess, er vitni skyldi bera, um sakaratriði, má dómari ekki veita viðtöku, nema skýrslan sé gerð að tilhlutun hans eða lögreglumanns eða dómara þyki standa sérstaklega á, svo sem ef eigi er kostur annarrar skýrslu frá þeim aðila.

Vitni hvert skal prófa sér og eigi láta önnur vitni hlýða á. Um návist sökunnauts fer samkvæmt 77. gr. Samprófa skal vitni við sökunnaut og aðra, ef á greinir, þegar dómara þykir hentugt.

Ef með mál er farið samkvæmt 130. gr., er rétt að fresta samprófun, nema hættu sé á, að sakargögn fari annars forgörðum.

Nú er dómþing háð fyrir opnum dyrum og spurning er svo löguð, að svar við henni varðar einkahagi vitnis sjálfs eða annarra, og getur dómari þá lagt spurningu skriflega fyrir vitni og leyft því að svara skriflega og bókað svarið, enda eigi vitnið kost á að sannfæra sig um rétta bókun, án þess að svarið sé lesið upp.

Þar sem verjandi er við rannsókn annars staðar, er honum rétt að beina því til dómara, að hann leggi spurningar um tiltekin atriði fyrir þá, sem prófaðir eru.

Bóka skal svörin svo, að ótvírætt og tæmandi komi fram efnið í svörum, og orðrétt jafnan, ef ástæða er til ætla, að orðrétt bókun geti skipt máli um mál almennt eða einstök sakaratriði.

#### 103. gr.

Dómari rannsakar af sjálfsdáðum öll atriði, er varða skyldu vitnis eða heimild til að gefa skýrslu og hæfi til þess að staðfesta hana. Dómari getur látið vitni eða aðra staðfesta skýrslu sína um þessi efni.

Dómari vitnamáls úrskurðar þau atriði, er í grein þessari segir, og annað, er varðar vitnamálið sjálft. Yfirlýsing vitnis fyrir vitnadómara um það, að úrskurður verði borinn undir æðra dóm, frestar framkvæmd úrskurðar.

#### 104. gr.

Vitni skal greiða eftir kröfu þess og samkvæmt úrskurði dómara útlagðan kostnað þess vegna rækslu vitnaskyldunnar og þóknun fyrir atvinnumissi, sem telja má vitni skipta nokkru máli, miðað við efnahag þess og ástæður.

**105. gr.**

Ákvæði 136.—144. gr. laga nr. 85/1936 gilda og um opinber mál, eftir því sem við á, og með þeim breytingum og viðaukum, sem hér segir:

1. Dómari rannsakar sjálfur vettvang, muni og verksummerki, eftir því sem við verður komið og hann hefur þekkingu til, bæði á þingstað og annars staðar með kunnáttumönnum og án þeirra, sbr. 35. gr.
2. Dómari framkvæmir eða lætur framkvæma mat og skoðun af sjálfsdáðum svo og samkvæmt tilmælum ákærvaldsins, sökunauts eða verjanda hans, eftir því sem efni standa til.
3. Dómari gerir sökunaut, sækjanda og verjanda viðvart um dómkvaðningu mats- og skoðunarmanna, ef ástæða er til, en dómkvaðning, matsgerð og staðfesting hennar fer fram, þótt þeir komi ekki.
4. Dómari veitir mats- og skoðunarmönnum leiðbeiningar og úrskurðar, að hverju leyti athugasemdir áður nefndra aðila, sbr. 2. tl., skuli til greina teknar. Mats- eða skoðunargerð skal fá dómara í hendur, og ákveður hann staðfestingu samkvæmt þeim reglum, sem hingað til hafa tíðkast.

**106. gr.**

Líkskoðun fer fram, hvar sem er og hvarvetna þess, er dómara þykir nauðsynlegt.

Krufning líka má einungis framkvæma samkvæmt úrskurði dómara, nema nánasti venzlamaður eða nánustu venzlamenn leyfi, þegar ástæða þykir til vegna öflunar sakargagna.

Um framkvæmd líkskoðunar og krufningar fer samkvæmt gildandi reglum, þó svo, að dómari ákveður hverju sinni í samráði við hlutaðeigandi kunnáttumann, hvað gera skuli.

**107. gr.**

Ákvæði 149. gr. laga nr. 85/1936 gildir og í opinberum málum, svo sem við á.

**XIII. KAFLI****Um sönnunarbyrði og mat sakargagna.****108. gr.**

Sönnunarbyrði um sekt sökunauts og atvik, sem telja má honum til óhags, hvílir á ákærvaldinu. Dómari metur það hverju sinni, hvort nægileg sönnun, er eigi verði véfengd með skynsamlegum rökum, sé fram komin um hvert atriði, er varðar sekt og ákvörðun refsingar og aðrar afleiðingar brots, þar á meðal, hverja þýðingu skýrslur sökunauts hafi.

**109. gr.**

Dómari metur það eftir atvikum, hvert sönnunargildi þær staðreyndir hafi, er eigi varða beinlínis þá staðreynd, sem sanna skal, en leiða kann að mega af ályktanir um hana, svo sem atriði, er í 2.—6. tölul. 35. gr. getur, uppeldi sökunauts, þekking hans og menntunarástand, framkomu í rannsókn málsins o. s. frv.

**110. gr.**

Dómari metur öll atriði varðandi sönnunargildi vitnisburðar, matsgerðar, skoðunar og skjala, með hliðsjón af ákvæðum 129., 144., 153., 154., 158. og 159. gr. laga nr. 85/1936.

## XIV. KAFLI

## Um mál ungmenna, sektavald lögreglustjóra og lögreglumanna, dómsáttir og ákæru.

## 111. gr.

Mál ungmenna á aldrinum 15—18 ára fara samkv. lögum þessum, sbr. og lög um vernd barna og ungmenna.

## 112. gr.

Dómara er heimilt, enda sé það ekki bannað sérstaklega í lögum, að afgreiða opinbert mál án málhöfðunar:

1. Ef brot er mjög smávægilegt, getur dómari lokið máli með áminningu, er hann skráir í þingbók, enda láti sökunautur við það sitja.
2. Ef brot er skýlaust sannað og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr sektum, ef dómur gengur um málið, getur dómari ákveðið hæfilega sekt, er greiðist innan tiltekins tíma, að viðlagðri viðeigandi refsivist ásamt sakarkostnaði, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun dómara með undirskrift sinni í þingbók. Ef skýlaust sannað brot varðar sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða réttar til að öðlast slíkt leyfi, er heimilt að ákveða á sama hátt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar slíka réttindasviptingu í 1 ár eða skemmri tíma. Greina skal í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsíákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot upptöku eignar í för með sér, og getur dómari undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eingaupptöku. Ákvörðun um eignaupptöku getur dómari og tekið með bókun í þingbók, ef sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur, og verðmæti fer ekki fram úr kr. 30 000.00.

Nú berst lögreglustjóra kæra um brot gegn umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta eða lögreglusamþykkt og hann telur viðurlög við brotinu eigi fara fram úr kr. 10 000.00 sekt, og getur hann þá bréflaga innan mánaðar, frá því honum barst kæran, gefið sökunaut kost á að ljúka málinu innan ákveðins tíma með greiðslu hæfilegrar sektar, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglustjóra með undirskrift sinni. Synji sökunautur þessum málalokum eða sinni þeim ekki, vísar lögreglustjóri málinu til dómara.

Nú stendur lögreglumaður vegfaranda að broti á umferðarlögum eða lögreglusamþykkt og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr kr. 3 000.00 sekt, og getur lögreglumaður þá gert sökunaut hæfilega sekt, er greiðist þegar í stað eða innan tiltekins tíma, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglumanns með undirskrift sinni í sektabók. Nú greiðist sekt eigi innan tiltekins tíma, og skal þá kæra send til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt. Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð og ákveður þá dómari, saksóknari eða lögreglustjóri, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju, enda er þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi felld.

Saksóknari ríkisins lætur lögreglustjóra í té skrá yfir brot þau, sem sektaheimild samkv. 2. og 3. mgr. nær til. Í skránni skal veita leiðbeiningar um sektarupphæð fyrir hverja tegund brota. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um bókhald og meðferð þessara mála að öðru leyti.

Senda skal saksóknara skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur saksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða sviptingu réttar til að öðlast slíkt leyfi eða sæta upptöku eignar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða að mál, sem lokið er samkv. sama ákvæði, hefði

átt að ganga til dóms, og getur hann þá kært málið til hæstaréttar til ónýtingar á ákvörðun dómara. Ef um sektargerð lögreglustjóra er að ræða, getur saksóknari borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun lögreglustjóra.

#### 113. gr.

Dómari höfðar mál af sjálfsdáðum á hendur sökunaut, sem ekki hefur komið fyrir dóm, ef:

1. Honum hefur sjálfum verið löglega birt kvaðning fyrir dóm á tilteknum stað og tíma og fullnægi kvaðningin ákvæðum 1.—3. tölul. 115. gr., enda sé skýrt greint í henni, að fjarvist hans verði metin til jafns við viðurkenningu hans og að dómur gangi um málið, þótt hann komi ekki, og að hann megi ekki vænta frekari viðvörunar.
2. Ekki er kunnugt um, að nauðsynjar banni honum komu fyrir dóm.
3. Ætla má, að brot hans varði eigi yfir 30 000 króna sekt eða eignaupptöku.
4. Fram er komin fyrir sekt hans skýrsla eins lögreglumanns eða annars opinbers starfsmanns eða gögn, er jafna megi til slíkrar skýrslu.

Ef tveir menn eða fleiri eru sakaðir um sama brot, verður þessi meðferð venjulega því aðeins höfð, að skilyrði 1.—4. tölul. sé fullnægt um þá báða eða alla.

Eigi skal ómerkja í æðri dómi gerðir dómara samkvæmt þessari grein, nema sýnt þyki, að dómara hafi missýnt í mjög mikilsverðum atriðum.

#### 114. gr.

Í málum, þar sem sökunautur hefur skýlaust játað sig hafa haft alla þá háttsemi, sem hann er borinn og máli skiptir, ekkert veikir þá játningu og vafalaust má þykja um aðrar staðreyndir, svo sem þær, er orka kunna refsihækkun eða refsilækkun, refsileysi eða niðurfelling refsingar, sakhæfiskorti o. s. frv., eða notkun lagaákvæða, svo sem um val milli tveggja eða fleiri ákvæða sér eða saman, um aðild o. s. frv., er dómara heimilt að höfða mál af sjálfsdáðum, sbr. þó 2. málgr. 21. gr.

Fara skal um þau atriði, sem í grein þessari getur, eftir 3. mgr. 113. gr.

#### 115. gr.

Er dómari telur rannsókn lokið, sendir hann saksóknara eftirrit af öllu því, sem í henni er fram komið, til ákvörðunar um það, hvað gera skuli. Þegar er saksóknari hefur fengið rannsókn máls í hendur, athugar hann, hvort semja skuli ákæru á hendur sökunaut eða sökunautum. Ef honum virðist það, sem fram er komið með framhaldsrannsókn eða án hennar, nægilegt eða líklegt til sakfellis, semur hann ákæru, en annars kostar lætur hann við svo búið standa.

Nú ákveður saksóknari málshöfðun, og semur hann þá ákæruskjal, er hann sendir dómara. Í því skal greina, svo og að eigi verði um villt:

1. Nafn sökunauts, heimilisfang og önnur deili á honum.
2. Hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund, eftir föngum, er það er talið framið, það heiti, sem það hefur í lögum, eða aðra skilgreining svo og þær lagagreinar, sem það er talið varða við.
3. Þær kröfur, sem gerðar eru, svo sem kröfur um refsingu, réttindamissi, eignartöku, skaðabætur, greiðslu sakarkostnaðar o. s. frv.

Í ákæruskjali má ekki skírskota til fram kominna sannana eða setja þar lögfræðilegar athugasemdir frammar en sagt var.

Dómari ritar ákvörðun sína um stað og stund til þingfestingar málsins á ákæruskjal og lætur síðan birta fyrir sökunaut með venjulegum hætti eða fyrir dómi. Um

leið og ákæruskjal er birt sökunaut, skal hann spurður, hvort hann vilji halda uppi vörn eða fá verjanda, og hvern, ef því er að skipta.

Nú ákveður dómari málhöfðun samkvæmt 114. gr., og semur hann þá ákæru, er fullnægi ákvæðum 1.—3. tölul., enda fer um birtingu hennar og annað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

#### 116. gr.

Fresti til þinghalds í opinberum málum má stytta eftir þörfum frá því, sem mælt er í einkamálum. Tilkynningar má birta á sömu stöðum sem í lögum um meðferð einkamála í héraði greinir, svo og í varðhaldi eða á gæzlustað, ef því er að skipta. Rétt er, að lögreglumaður eða einn stefnuvottur birti. Ákærða skal afhenda eftirrit af kvaðningu samkvæmt 113. gr. eða ákæruskjali.

#### 117. gr.

Nú er óvíst um þann mann, er kröfu skal á hendur gera, eða dvalarstað hans, en mál hans sætir þó lögsögu íslenskra dómstóla, og skal þá birta ákæru eða kröfur í Lögbirtingablaði með ákvörðun um stund og stað til þinghalds og með hæfilegum fyrirvara.

#### 118. gr.

Saksóknari getur ávallt svo og dómari samkvæmt 114. gr. gefið út framhaldsákæru, enda sé mál ekki þegar dæmt í héraði:

1. Ef leitt er í ljós, eftir birtingu ákæru, að ákærði hafi eða kunnir að hafa drýgt önnur eða frekari brot en í ákæru segir.
2. Ef sýnt er, að ákæru er ábótavant, svo sem háttsemi ákærða ranglega lýst eða saksótt eftir öðrum refsíákvæðum en brot á undir.

Framhaldsákæru skal jafnan gefa út eigi síðar en 3 vikum eftir að þörfin á henni varð kunn, enda skal veita ákærða kost á að koma að vörn eftir þörfum.

Aldrei má dæma sökunaut fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæruskjali greinir, né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Rétt er þó dómara að dæma áfall á hendur sökunaut, þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari, að vörn verði ekki áfátt þess vegna. Dómari getur gefið sökunaut, verjanda og sækjanda færi á því að tjá sig um sakaratriði að þessu leyti, ef þurfa þykir. Dómara er og rétt undir sama skilorði að dæma eftir öðrum refsíákvæðum en segir í ákæru, en gefa skal hann þá nefndum aðilum kost á því að reifa málið að því leyti og af nýju, ef því er að skipta.

#### 119. gr.

Nú hefur rannsókn dómara á hendur tilteknum sökuðum manni eigi leitt í ljós sakaratriði eða sakargögn, sem nægileg hafa þótt til ákæru, og má þá eigi taka það mál upp af nýju, nema skilyrðum 2. málsgreinar 42. gr. sé fullnægt, enda fer um rannsókn skaðabótakröfu sem þar segir.

Ákvæði 3. mgr. 42. gr. gildir hér að breyttu breytanda.

#### 120. gr.

Þegar kvaðning samkvæmt 113. gr. eða ákæra hefur verið birt sökunaut, nefnist hann ákærði og málið er nefnt: Ákæruvaldið gegn N. N.

### XV. KAFLI

#### Um flutning og meðferð opinberra mála fyrir héraðsdómi.

#### 121. gr.

Að liðnum þeim fresti, sem til var tekinn samkvæmt 115. gr., 5. málsg., eða 117. gr., setur dómari dómþing og þingfestir mál. Leggur hann þá fram eftirrit af



dómprófum máls og önnur gögn, er fram hafa komið og unnt er að leggja fram á dómþingi. Kynna skal sökunaut, ef þess er kostur, efni þeirra gagna, er honum hafa ekki áður kynnt verið, að fá viðurkenningu hans um það, að þau varði hann eða málið, ef unnt er. Ef verjanda skal skipa, þá skal gera það í þessu þinghaldi, nema það hafi verið áður gert. Verjanda eða ákærða, ef hann ætlar sjálfur að verja sig, skal fá í hendur máls skjöl og setja frest til varnar, enda skal þá ákveða næsta þinghald.

Frumrit skjals, þar sem eftirrit má eigi að sama gagni koma, eða muni, sem úrslit máls varða, lætur dómari venjulega ekki aðilum í hendur, nema til athugunar í þinghaldi, enda er rétt að gera ljósmyndir af slíkum gögnum aðilum til afnota.

#### 122. gr.

Mál skal taka til dóms í þinghaldi samkvæmt 121. gr., nema dómari telji framhaldsrannsóknar þörf, ef:

1. Sökunautur kemur fyrir dóm og óskar eigi skipaðs verjanda, þó að honum væri það rétt, eða að halda uppi vörn annars.
2. Vörn kemur þá þegar fram.

Nú eru sökunautar tveir eða fleiri, og má þá mál því aðeins til dóms taka, að svo standi á um báða eða alla sem í 1. og 2. tölul. segir.

#### 123. gr.

Dómari ákveður hverju sinni, hvort vörn skuli flutt munnlega eða skriflega.

#### 124. gr.

Ákærða eða verjanda hans er rétt, áður en vörn er flutt, ef því er að skipta, að bera sérstaklega undir dómara hvert það atriði, er hann telur varða því, að ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, eins og þá stendur á, svo sem að máli beri að vísa frá dómi, að því beri að fresta til frekari rannsóknar eða varnar, að dómari sé óhæfur o. s. frv., og krefjast úrlausnar dómara þar um. Tekur dómari ákvörðun um það, hvort kröfu skuli taka til greina eða ekki, með rökstuddum úrskurði, ef hann telur ekki eiga að gera það, og dómi, ef frávísunarkrafa er tekin til greina.

Nú er krafizt frávísunar máls, og skal þá saksóknara veittur kostur á því að tjá sig um málið áður en dómari tekur ákvörðun um þá kröfu.

Synjunarúrlausn dómara má kæra til æðra dóms, ef saksóknari samþykkir.

#### 125. gr.

Nú er vörn fram komin og framhaldsrannsókn lokið, ef því er að skipta, og tekur dómari þá mál til dóms.

Nú verður dómara það ljóst eftir dómtöku, að rannsaka þurfi betur einhver atriði, og gerir hann þá ákærða og verjanda svo og sækjanda, ef því er að skipta, viðvart um það, enda fer um slíka rannsókn með sama hætti sem ella. Rétt er dómara að veita aðilum kost á því að flytja framhaldsvörn í máli, að rannsókn lokinni, eftir því sem efni standa til. Að svo búnu tekur dómari mál til dóms af nýju.

#### 126. gr.

Nú hefur ákærði ekki sinnt kvaðningu samkvæmt 113. gr. og skilyrðum hennar er að öðru leyti fullnægt, og tekur dómari þá þegar mál til dóms og kveður upp refsidóm á hendur ákærða.

**127. gr.**

Nú kemur ákærði eða sjálfvalinn verjandi hans ekki fyrir dóm, þegar þingfesta skal mál, og tekur dómari þá mál þegar til dóms, nema:

1. Honum sé kunnugt um nauðsynjar annars þeirra eða beggja.
2. Hann telji rétt að hafa framhaldsrannsókn um sakaratriði.
3. Honum þykir annars standa svo á, að rétt sé að fresta máli og veita aðilum færi á því að halda uppi vörn.

Dómari gerir aðilum viðvart um þinghald til framhaldsrannsóknar, og að henni lokinni, ef því er að skipta, frest til varnar og stað og stund til næsta þinghalds. Ef frestað er máli samkvæmt 1. eða 3. tölul., tilkynnir dómari aðilum það og frest þann, sem ákveðinn er, og stað og stund næsta þinghalds, enda verði mál þá tekið til dóms. Ef ekki er komið fyrir dóm af hendi ákærða að settum frestum liðnum, skal venjulega taka mál til dóms.

**128. gr.**

Nú skilar skipaður verjandi ekki vörn innan tiltekins tíma, og getur dómari þá sett honum nýjan frest, enda getur dómari falið öðrum löghæfum manni vörn, ef dómari telur mál hafa dregið eða munu dragast óhæfilega lengi fyrir aðgerðaleysi skipaðs verjanda.

**129. gr.**

Nú hefur dómari birt ákæru eða kröfur samkvæmt 117. gr., og er þá rétt að taka mál til dóms, þótt ákærði eða stefndi komi þar ekki, ef:

1. Skilyrðum 114. gr. er fullnægt.
2. Saksóknari og dómari telja mál fullrannsakað og ákærða hefur verið skipaður verjandi samkvæmt ósk hans og kostur veittur til varnar eða hann hefur lýst því fyrir dómara, að hann æskti engrar varnar. Annars kostar skal fresta máli að svo stöddu.
3. Gerð er krafa á hendur aðila um upptöku eignar.

**130. gr.**

Sókn og vörn samkvæmt ákvæðum 131.—136. gr. fer fram í:

1. Málum, þar sem refsing fyrir brot getur varðað yfir 8 ára fangelsi samkvæmt hegningarlögum nr. 19/1940.
2. Málum, sem sæta ákæru saksóknara samkvæmt 115. gr., sbr. 2. málsgr. 21. gr., ef:
  - a. brot getur varðað yfir 5 ára fangelsi samkvæmt lögum nr. 19/1940 og lagaatriði eða sönnunar veita efni til slíkrar meðferðar, t. d. úrslit máls velta á líkum, mál er mjög umfangsmikið eða margbrotið;
  - b. sérstaklega þýðingarmikil vafaatriði eru í máli eða úrslit þess hafa annars mikla almenna þýðingu, hvort sem brot varðar við almenn hegningarlög eða önnur lög.

Saksóknari rannsakar og ákveður hverju sinni, hvort mál er þess eðlis, að það skuli sæta meðferð samkvæmt 2. tölul. þessarar greinar. Dómari skal í lok rannsóknar leita þess, hvort ákærði æski þess, að sókn og vörn verði flutt í máli hans, ef dómara þykir vera mega heimild til að kveða svo á.

**131. gr.**

Þegar er saksóknari hefur ákveðið meðferð máls samkvæmt 130. gr., sendir hann dómara eða formanni dóms samkvæmt 5. gr. tilkynningu um ákvörðun sína. Saksóknari skipar því næst sækjanda og dómari (formaður) verjanda og sendir þeim skjöl málsins ásamt tilkynningu um stað og stund til næsta þinghalds, sbr. 115. og 116. gr.

**132. gr.**

Dómari (formaður dóms) veitir sækjanda og verjanda sameiginlegan frest til að undirbúa sókn og vörn. Þeir skulu kynna sér rækilega alla málavöxtu og rannsaka, hvert sakaratriði sé rétt að leiða betur í ljós en þegar er gert, sbr. 79. og 86. gr. Gera skulu þeir skrá um sakargögn, er athuga þarf, og þau vitni, sem þeir vilja leiða, hvort sem þau hafa verið leidd áður eða ekki. Skulu þeir kynna hvor öðrum efni skrárinnar og fá dómurum hana í hendur fyrir dómþing svo límanlega, að þeir geti yfirfarið efni hennar.

**133. gr.**

Á næsta dómþingi skal þingfesta mál með þeim hætti, sem í 121. gr. segir. Þá er máli hefur verið lýst og sækjandi og verjandi hafa gefið sig fram og ákæra hefur verið lesin upp, ber þeim að tjá sig um atriði þau, er því kynnu að varða, að ekki verði réttilega lagður dómur á mál að efni til, og fer þá svo sem í 124. gr. er mælt.

**134. gr.**

Frekari rannsókn máls fer fram fyrir dómi, ef þess er þörf og kostur, og taka sækjandi og verjandi þátt í henni.

Dómur kveður ákærða og aðra fyrir sig, nefnir skoðunar- og matsmenn, tekur við staðfestingu þeirra og segir fyrir um öflun annarra gagna, eftir því sem efni standa til.

Sækjandi gerir fyrst stuttlega grein fyrir sakaratriðum og ákæru svo og þeim sakargögnum, sem hann ætlar að styðja ákæru við. Þá skal ákærði spurður um sakaratriði og honum veittur kostur á því að tjá sig um þau. Ef frásögn hans fer í atriðum, sem máli skipta, í bága við fyrri skýrslu hans, skal honum bent á ósamræmið og þau atriði prófuð af nýju. Ef ákærði játar brot á sig, ákveður dómur, að hverju leyti þörf er frekari sakargagna.

Því næst flytur sækjandi fram sakargögn og spyr vitni. Verjandi tekur þá við, flytur fram sakargögn af sinni hendi og leiðir vitni. Sækjandi og verjandi gagnspyrja vitni jafnóðum og þau eru spurð. Um vitnaleiðsluna gilda ákvæði 102. gr. Dómendur spyrja ákærða, vitni og aðra eftir þörfum, stjórná prófun sækjanda og verjanda og skera úr öllum vafa- og ágreiningsefnum.

Nú verður ekki hjá því komizt, að rannsókn einstakra atriða fari fram yfir dómi annars staðar, og er þá rétt, að sækjandi og verjandi komi þar fyrir dóm með sömu skyldum og réttindum sem mælt var, ef dómendum aðmáls þykir nauðsynlegt.

**135. gr.**

Þá er gögn öll eru fengin, skal dómur kveða á um það, hvort flytja skuli mál munnlega eða skriflega. Mál skal flytja munnlega, nema bæði sækjandi og verjandi óski skriflegs málflutnings, enda telji dómur skriflegan flutning máls heppilegri, svo sem vegna þess, hve mál er umfangsmikið.

Nú er mál munnlega flutt, og skal málflutningur þá fara fram þegar í fyrsta þinghaldi, sbr. 133. gr., eða þegar gögn öll eru fram komin, sbr. 134. gr. Sækjandi talar fyrst, en verjandi síðan, enda má hvor flytja tvær ræður, en rétt er ákærða að taka einu sinni til máls að loknum ræðum sækjanda og verjanda. Um munnlegan málflutning fer annars eftir 112. gr. laga nr. 85/1936.

Nú er mál skriflega flutt, og leggur sækjandi þá fyrst fram sókn sína, en verjandi síðan vörn. Framhaldssókn og framhaldsvörn má síðan flytja einu sinni af hvors hálfu.

Að lokinni sókn og vörn skal mál taka til dóms.

**136. gr.**

Nú þykir dómi eftir dómtöku máls svo áfátt um rannsókn einhvers atriðis, að ekki megi við hlíta, og skal þá hafa framhaldsrannsókn þar um, enda megi ætla, að hún kunni að bera árangur. Ákveður dómari (formaður) í samráði við sækjanda og verjanda stund og stað til rannsóknar eða gerir ráðstafanir til þess, að rannsókn fari fram utan síns lögsagnarumdæmis, ef því er að skipta. Um rannsókn samkvæmt þessari grein fer annars samkvæmt 134. gr. Dómur getur, að rannsókn lokinni og eftir að sækjandi og verjandi hafa kynnt sér árangur hennar, veitt þeim kost á að gera athugasemdir til viðbótar málf lutningi sínum, ef honum þykir nauðsynlegt eða heppilegt.

Að loknum aðgerðum samkvæmt þessari grein skal taka mál til dóms af nýju.

**137. gr.**

Fresta skal meðferð máls:

1. Ef nauðsynjar banna dómara, málflytjanda eða öðrum, sem leysa ber af hendi starf í þarfir máls, að inna af hendi störf sín á tilsettum tíma.
2. Ef þeir koma ekki fyrir dóm, er gefa skulu skýrslu í opinberu máli eða staðfesta hana, enda megi ætla hana skipta nokkru máli.
3. Ef óviðráðanleg atvik tálma annars framkvæmdum, svo sem veður eða vötn, sóttkvíun o. s. frv.
4. Ef framhaldsrannsókn er ákveðin, sem eigi er unnt að hafa þá þegar, eða bíða verður annarra aðgerða til framkvæmdar máli, svo sem skipunar dómara eða málflytjanda o. s. frv.

Dómari getur frestað máli:

1. Vegna uppkvaðningar úrskurða og annarra ráðstafana sakir máls.
2. Til sóknar eða varnar máls.

**138. gr.**

Hraða skal meðferð opinberra mála eftir föngum, enda verði þess jafnan gætt að afla allra fáanlegra skýringa um málavöxtu. Dómari (dómur) ræður gangi máls, enda er hann óbundinn af yfirlýsingum málflytjanda eða kröfum, nema þær séu borgararéttar eðlis. Eigi skiptir það máli, hvenær yfirlýsingar koma fram í rannsókn eða flutningi máls.

**XVI. KAFLI****Um sakarkostnað.****139. gr.**

Til sakarkostnaðar í opinberum málum telst:

1. Ferðakostnaður dómara og sækjanda og skipaðs verjanda, ef því er að skipta, enda skal greiða þeim óhjákvæmilegan kostnað af ferðalagi vegna rannsóknar og meðferðar málsins.
2. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda.
3. Þóknun fyrir aðstoð vegna málsins, svo sem skjalfýðingar, dómtúlkun, afnot muna annarra manna o. s. frv.
4. Gæzlu-, varðhalds- og flutningskostnaður ákærða, þar til framkvæmd refsingar hefst samkvæmt ákvæðum dómsins.
5. Þóknun til vitna, mats- og skoðunarmanna.
6. Þingvotta- og birtingargjöld.
7. Kostnaður af kyrrsetningu samkvæmt 144. gr. og fullnustu dóms með aðför.
8. Annar óhjákvæmilegur kostnaður.

Réttargjöld, gjald fyrir eftirrit beinlínis í þágu málsins, stimplun dómsgerða eða staðfestingu skal eigi greiða.

**140. gr.**

Nú er ákærði sýkn dæmdur af refsikröfum, af hvaða ástæðu sem er, eða refsí-mál gegn honum fellur niður, án þess að svo sé ástatt sem í 112. gr. segir, og skal þá einnig sýkna hann af málskostnaðarkröfu. Þó skal dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða að einhverju leyti eða öllu, ef hann hefur orðið kostnaðar valdur með vísitandi eða stórkostlegu ólögmetu framferði í rannsókn máls eða í sam-bandandi við hana.

Nú eru tveir menn eða fleiri hafðir fyrir sökum, og eru sumir sýknaðir og sumir sakfelldir, og skal þá frá draga þann hluta kostnaðar, er telja má aðeins koma hinum sýknaða eða sýknuðu við, nema telja megi hinn dómfellda eða hina dómfelldu einnig beinlínis valda að honum. Ef slíkur frádráttur verður ekki gerður nákvæmlega, metur dómari það, í hvaða hlutföllum hinn sakfelldi skuli bera sakarkostnað á móti ríkissjóði.

**141. gr.**

Nú er ákærði sakfelldur fyrir það brot eða þau brot, sem honum er sök á gefin, og skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum.

Nú er ákærði sakfelldur fyrir sum þau brot, er honum er sök á gefin, en sýkn dæmdur af öðrum, og getur dómari þá ákveðið, að hann skuli greiða nokkurn hluta kostnaðar, en að hinn hlutinn skuli greiddur úr ríkissjóði, með þeim hætti, er í 140. gr. segir.

Kostnað, sem sækjandi eða verjandi eða lögreglumenn eru valdir að vegna vanrækslu eða skeytingarleysis í starfi sínu, skal ekki dæma sökunaut til að greiða. Getur dómari ákveðið í dómi refsímálsins eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skyldu þeirra til að greiða slíkan kostnað, en veita skal hann þeim áður kost á að láta uppi álit sitt.

**142. gr.**

Nú eru tveir menn eða fleiri sóttir til refsingar í sama máli og sekir dæmdir, og skal þá hvorum (hverjum) þeirra gert að greiða gæzlu- eða varðhaldskostnað sinn og þóknun til skipaðs verjanda síns einum sér, ef hann hefur fengið sér skipaðan annan verjanda en hinn eða hinir. Þá hina sakfelldu, sem eru saman um verjanda, skal dæma in solidum til að greiða þóknun hans.

Nú hafa ákærðu allir eða báðir tekið þátt í broti með vitund og vilja hvor (hver) annars og eru dæmdir til refsingar fyrir það í sama máli, og skal þá venjulega dæma þá til að greiða sakarkostnað in solidum (sbr. þó 1. málsg.). Ef samband þeirra einhverra eða allra um brot hefur ekki verið slíkt, skiptir dómari sakarkostnaði milli þeirra í þeim hlutföllum, er honum þykir sanngjarnt vera.

**143. gr.**

Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal almennt kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað án ákvörðunar fjárhæðar. Þóknun skipaðs sækjanda og verjanda skal þó ákveða tiltekinni fjárhæð, sbr. 2. málsg. 87. gr. Saksóknari sækir mál í héraði og fyrir hæstarétti svo og fulltrúi hans í héraði og fyrir hæstarétti, sbr. 1. mgr. 181. gr., án sérstaks endurgjalds, en verði ákærða í slíku máli dæmt að greiða sakarkostnað, skal honum gert að greiða tiltekna fjárhæð málssóknar-launa, er renni í ríkissjóð. Þóknun verjanda, sem kemur fyrir dóm utan lögsagnar-umdæmis, þar sem með aðalmál er farið, svo og annan kostnað þar ákveður dómari aukamálsins.

Dómari gerir heildarreikning yfir sakarkostnað og sendir hann ásamt fylgiskjölum til dómismálaráðuneytisins, er úrskurðar reikninginn og greiðir dómara það, sem hann kann að hafa lagt út eða greiða á síðar. Refsidómur ásamt úrskurðuðum reikningi verður þá lögleg heimild til aðfarar í fé ákærða eða ákærðu.

## 144. gr.

Til tryggingar greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða til undirbúnings eignartöku, ef því er að skipta, skal dómari, ef hann hefur jafnframt fúgetavald, kyrrsetja eða láta fúgeta annars kyrrsetja eignir sökunauts eða sökunauta, ef hættu má telja á því, að þeim verði ella undan skotið eða að þær glatist eða rýrni að mun, svo að ekki verði nægilegt til greiðslu sakarkostnaðar eða bóta á sínum tíma, og fer það eftir álitum dómara, hversu mikið skuli kyrrsetja. Um framkvæmd og þýðingu kyrrsetningar fer sem um kyrrsetningu fjármuna almennt, en þó með þeim afbrigðum, er hér segir:

1. Tryggingu þarf enga að setja.
2. Ábyrgð á kyrrsetningu þessari fer eftir almennum skaðabótareglum.
3. Mál til réttlætningar kyrrsetningu þarf ekki að höfða.

Dómari kveður á um varðveislu kyrrsettra muna og sér um, að þær ráðstafanir verði gerðar, er með þarf að lögum til verndar kyrrsetningu. Eigi skal stimpilgjald eða þinglýsingar greiða fyrir þessar ráðstafanir.

Kyrrsetning fellur niður, jafnskjótt sem ákærði hefur verið sýknaður með úrslitadómi eða úrskurði af greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta eða málsókn hefur verið undan felld eða látin niður falla og eigi koma ákvæði 112. gr. til greina, og á hann þá heimtingu á því, að honum verði honum að kostnaðarlausu fengin umráð yfir hinum kyrrsettu verðmætum og úr gildi felldar þær ráðstafanir aðrar, sem gerðar kunna að hafa verið til verndar kyrrsetningunni. Ef ákærði hefur greitt sakarkostnað eða dæmdar skaðabætur, á hann og heimtingu til hins sama, en greiða verður hann þá kostnað þar af.

## XVII. KAFLI

## Um bætur til handa þriðja manni.

## 145. gr.

Nú kemur það í ljós í rannsókn opinbers máls, að þriðji maður hefur beðið tjón af háttsemi þeirri, sem sökunautur er borinn, og skal dómari þá, þegar er efni standa til, benda þriðja manni á það, að hann eigi þess kost að koma bótakröfu sinni að í væntanlegu refsímáli, og að þar megi dæma hana, ef hún verði nægilega skýrð án verulegra tafa eða óhagræðis í því máli. Ef aðili eða umboðsmaður hans gerir slíka kröfu nægilega ákveðið og nægilega snemma, enda leiðbeini dómari í því efni eftir þörfum, þá skal dómari leita sannana um hana, þar á meðal með matsgerð eða skoðunar fyrir dómtöku, ef því er að skipta. Bera skal slíka kröfu undir ákærða, enda er sækjanda og verjanda skylt að gera athugasemdir um hana, ef ákærði hefur ekki samþykkt hana, eftir því sem ástæður verða til.

## 146. gr.

Ef máli er til lykta ráðið samkvæmt 112. gr. og sökunautur samþykkir bóta-kröfu og samkomulag verður um greiðslu hennar, skal dómari bóka það, og er þann gæringing að meta sem sátt fyrir dómi.

Um lyktir bótakröfu í refsímáli fer annars sem hér segir:

Ef dómur gengur ekki um efni refsikröfu fyrir þá háttsemi, sem bótakrafa er sprottin af, þá verður ekki heldur dæmt um hana. Sama er, af ákærði er sýknaður af þeirri háttsemi vegna þess, að eigi þykir sannað, að hann hafi framið hana. Ef hann er sýkn dæmdur af öðrum rökum, svo sem vegna sakhæfisskorts, eða refsing er látin niður falla, en skilyrðum skaðabótaskyldu er þó talið vera fullnægt, má

dæma kröfuna. Ef sannanir þykir skorta um tjón aðila að öllu leyti, skal vísa kröfu frá dómi. Dómari ákveður annars bætur með venjulegum hætti.

#### 147. gr.

Í æðra dómi skal taka skaðabótakröfu, sem dæmd hefur verið að efni til í héraði, til meðferðar með venjulegum hætti, ef annar hvor aðila æskir þess, enda gilda þar ákvæði 145. gr. um skyldu sækjanda og verjanda.

Skjóta má sérstaklega til hæstaréttar ákvæði héraðsdóms, þar sem bótakrafa hefur verið dæmd að efni til, ef dómnum er ekki áfrýjað að öðru leyti, enda fer það málskot að lögum um meðferð einkamála fyrir æðra dómi.

#### 148. gr.

Aðrar kröfur borgararéttareðlis, sem rót sína eiga að rekja til refsiverðrar háttsemi, má og leggja fyrir dómara í refsimáli, svo sem missi erfðaréttar, ógildi hjúskapar o. s. frv., og skal þar dæma þær að efni til, að fullnægðum framangreindum skilyrðum, eftir því sem við á.

#### 149. gr.

Nú hefur leit verið gerð hjá þriðja manni eða hald verið lagt á muni hans í rannsókn opinbers máls, og á hann þá kröfu til bóta fyrir miska, ef aðgerðir þessar hafa fram farið á óþarflega móðgandi eða særandi hátt, og fyrir fjártjón, er aðgerðin hefur valdið honum, enda verði honum eigi gefin sök á því, að hún fór fram eða hvernig hún fór fram. Í stað bótakröfu má láta aðila í té yfirlýsingu samkvæmt 158. gr., eftir því sem við á.

### XVIII. KAFLI

#### Um bætur til handa sökuðum mönnum o. fl.

#### 150. gr.

Kröfu um bætur samkvæmt þessum kafla má, nema öðruvísi sé sérstaklega mælt, því aðeins taka til greina, að:

1. Sökunautur hafi ekki með vísitandi eða stórvægilega gáleysislegu ólögmatu framferði valdið þeim aðgerðum, er hann reisir kröfu sína á, svo sem með stroki, ósannindum, tilraunum annars til að torvelða rannsókn o. s. frv., og
2. Rannsókn hafi verið hætt eða ákæra ekki hafin vegna þess, að sú háttsemi, sem hann var borinn, hafi talizt ósaknæm, eða sönnun hafi ekki fengizt um hana eða hann hafi verið sýkn dæmdur með óáfrýjuðum eða óáfrýjanlegum dómi af sömu ástæðu, enda megi fremur telja hann líklegan til að vera sýknan af henni en sekan.

Bæta skal fjártjón og miska, ef því er að skipta.

#### 151. gr.

Dæma má bætur fyrir handtöku, leit á manni, rannsókn á heilsu manns og aðrar aðgerðir, sem hafa frelsisskerðing í för með sér, aðrar en gæzluvarðhald og refsivist, sbr. 152. og 153. gr., svo og fyrir leit í húsum og hald á munum:

1. Ef lögmaelt skilyrði hefur brostið til slíkra aðgerða.
2. Ef ekki hefur verið, eins og á stóð, nægilegt tilefni til nefndra aðgerða eða þær hafa verið framkvæmdar á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

#### 152. gr.

Bætur skal að jafnaði dæma fyrir gæzluvarðhald, sem óleyfilegt er samkvæmt 1.—3. tölul. 69. gr., án tillits til ákvæða 1. eða 2. tölul. 150. gr. Sama er um bætur til

þeirra, er í 4. tölul. sömu greinar segir, enda hafi mátt sjá, að svo var ástatt um þá, sem þar greinir, eða þeir hafi vakið athygli viðkomenda á því.

Um bætur fyrir gæzluvarðhald annars fer eftir 150. gr.

Taka skal sérstaklega til greina, ef sannað er eða ætla má, að sökunautur hafi liðið tjón á heilsu sinni vegna frelsisskerðingar.

#### 153. gr.

Nú verður það ljóst, að maður hefur saklaus hlotið refsisdóm, þolað refsingu eða upptöku eigna, og ber þá að dæma honum bætur fyrir miska og fjártjón, þar á meðal fyrir stöðu- og atvinnumissi, enda þótt skilyrðum 1. tölul. 150. gr. sé ekki fullnægt, en lækka má þó bætur eftir sök aðila á því, að hann var ranglega dæmdur.

#### 154. gr.

Bótakröfu má hafa uppi sem hér segir:

1. Ef rannsókn hefur ekki leitt til ákæru, getur aðili krafizt úrskurðar rannsóknardómara um rétt sinn á hendur rikissjóði til bóta. Kveður dómari þá upp úrskurð um kröfuna, að fengnu álitu saksóknara. Úrskurði má áfrýja til æðra dóms.
2. Ef mál gengur til dóms, getur aðili krafizt úrlausnar héraðsdóms um bótakröfu á hendur rikissjóði, enda ber þá sækjanda og verjanda að tjá sig um hana í flutningi máls þar. Ákvæðum dóms um bótakröfu má áfrýja til æðra dóms ásamt málinu eða sérstaklega, ef máli er ekki áfrýjað.
3. Nú eru þær leiðir ekki farnar, sem í 1. og 2. tölul. getur, og er aðila þá rétt að höfða mál í héraði, þar sem sú aðgerð fór fram, er krafa er á reist, með venjulegum hætti, enda sé saksóknara stefnt fyrir hönd rikisvaldsins til að gæta réttar þess og lögreglumanni og héraðsdómara, ef krafa er gerð á hendur þeim. Fer þá mál eftir reglum um meðferð einkamála, enda skal veita aðila gjafsókn fyrir báðum dómum. En dæma má hann til greiðslu sakarkostnaðar, ef hann tapar máli, eftir almennum reglum.

#### 155. gr.

Rikissjóður ábyrgist jafnan greiðslu bóta, en kröfu á hann á hendur dómara eða öðrum, ef telja má þá hafa með ásetningi eða stórkostlegu gáleysi valdið aðgerðum þeim, sem krafa var reist á, eða framkvæmt þær með sama hætti.

Nú er rannsókn á hendur manni, sem hlotið hefur bætur samkvæmt 150.—152. gr., tekin upp af nýju og það kemur í ljós, að grundvöllur sá, sem bótakröfu mátti reisa á, var ekki fyrir hendi, og ber þá að dæma hann til endurgreiðslu bótanna.

#### 156. gr.

Um aðilaskipti að bótakröfu samkvæmt þessum kafla fer samkvæmt 3. málgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.

#### 157. gr.

Bótakrafa fyrnist á 6 mánuðum frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu sýknudóms eða frá því, er aðili var laus látinn úr refsivist. Ef refsímál hefur farið til hæstaréttar, telst fyrningarfrestur frá uppkvaðningu dóms þar.

#### 158. gr.

Sökunautur, er orðið hefur fyrir þeim aðgerðum, sem taldar eru í 151.—153. gr., getur í stað bóta krafizt vottorðs þess opinbers starfsmanns, sem máli hans hefur



ráðið til lykta, um það, að komið hafi í ljós, að sökunautur hafi ekki verðskuldað aðgerðina. Ef viðkomandi opinber starfsmaður telur, að sökunautur eigi rétt á slíku vottorði, ber honum að láta það í té.

## XIX. KAFLI

### Um sektir.

#### 159. gr.

Ef skipaður sækjandi eða verjandi gerir sig sekan í vanrækslu eða skeytingarleysi í starfa sínum, getur dómari dæmt honum sekt fyrir í dómi eða úrskurði.

#### 160. gr.

Sá, er viðhefur ósæmileg ummæli, skrifleg eða munnleg, fyrir dómi um dómara eða aðra eða kemur að öðru leyti hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, skal sæta sektum.

#### 161. gr.

Sá skal sæta sektum eða varðhaldi, sem brýtur bann dómara samkvæmt 3. málsg. 16. gr. eða í ræðu eða riti gefur opinberlega vísitandi eða gálauslega ranga eða villandi skýrslu í verulegum atriðum eða óþarflega særandi um opinbert mál eða rannsókn þess, meðan því máli er ekki að fullu lokið, eða tálmar eða reynir að tálma á ólögmetan hátt rannsókn slíks máls eða hafa að öðru leyti ólöglega áhrif á hana eða málsúrslit.

Ef sækjandi eða verjandi brýtur ákvæði 1. málsg. og brot þeirra þykja eigi varða nema sektum, enda liggja full vitneskja fyrir um það, má svo með fara sem í 159. gr. segir.

Mál út af þessum brotum fara annars sem opinber mál almennt.

#### 162. gr.

Ef brot þau, er í 159., 160. og 161. gr. segir, varða þyngri refsingu að lögum en þar segir, skal sækja þá sök í almennu opinberu máli.

#### 163. gr.

Sektir samkvæmt 159.—161. gr. og 41. gr. renna í rikissjóð.

Kæra má sérstaklega refsíákvæði samkvæmt 159., 160. og 161. gr., en ella fer um áfrýjun eftir 175. gr.

## XX. KAFLI

### Um dóma og úrskurði.

#### 164. gr.

Úrskurði, er kveða þarf upp í sambandi við rannsókn eða flutning opinbers máls, skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, eftir að atriði er tekið til úrskurðar. Úrskurðir skulu vera byggðir á forsendum og nægilega skýrir og glöggir.

#### 165. gr.

Ákvæði 191. og 192. gr. laga um meðferð einkamála í héraði skulu og taka til opinberra mála.

**166. gr.**

Dómar í opinberum málum skulu vera glöggir og skýrir svo sem kostur er á. Ekki má skirskota til sannana eða atvika, er síðar kunna að koma fram.

Í dómi skal greina nafn, stöðu og heimili ákærða, svo að ekki verði um villzt, númer málsins, þing, stað og stund, er dómur er upp kveðinn, hvenær mál var tekið til dóms, nafn dómanda eða nöfn, ef fleiri eru en einn, málsatvik og málsástæður þær, er máli þykja skipta, hugleiðingar dómara um niðurstöðu, skilorð, ef skilorðsbundið er dæmt, réttarfarssektir, ef því er að skipta, um skaðabótakröfu, eignartöku, sakarkostnað og annað, er máli kann að skipta. Niðurstöðu dóms skal síðan saman draga í niðurlag hans, eins og tízka hefur verið, að því leyti sem honum á að fullnægja með aðför, og svo ef ákærði er alsýknaður.

Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, enda þótt eigi sé sett í þá aðfararákvæði sérstaklega.

Ef sektir eru dæmdar eða úrskurðaðar, skal ákveða í dómi eða úrskurði vararefsingu lögum samkvæmt tiltekinn tíma, er ákærði skuli þola, ef sekt greiðist ekki innan ákveðins tíma frá birtingu eða uppsögu dóms eða úrskurðar, sbr. 3. málsg. 167. gr.

Ákvæði um aðfararfrest skal annars ekki setja í dóma eða úrskurði í opinberum málum, hvorki um refsingu né annað.

**167. gr.**

Dómari tilkynnir ákærða eða verjanda hans, ef þess er kostur, hvar og hvenær dómur eða úrskurður, ef með þarf og það á við, verði kveðinn upp, og með þeim fyrirvara, er honum þykir hlýða.

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp á dómþingi i heyranda hljóði. Eftirrit af dómi eða úrskurði skal veita sækjanda og verjanda eða ákærða svo fljótt sem unnt er, ef þess er krafist.

Ef ákærði er viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar, þarf ekki að birta honum dóm eða úrskurð. Ella skal birting dóms fram fara með venjulegum hætti, og úrskurðar, er það á við.

Ef ákærði er við dómsuppsögu eða úrskurðar staddur, telst frestur samkvæmt 4. málsg. 166. gr. frá uppsögudegi, en ella frá birtingardegi.

Dómari gerir nauðsynlegar ráðstafanir til birtingar dóma og úrskurða.

Geta skal þess í þingbók, hvort ákærði hafi verið viðstaddur uppsögu dóms eða úrskurðar. Í eftirriti af dómsathöfnum þessum skal þess og geta.

**168. gr.**

Dómur bindur ákærða, handhafa rikisvalds og aðra aðila um atriði þau, sem þar eru dæmd, svo sem refsingu, skaðabætur, réttindamissi, réttarfarssektir, eignatöku, sakarkostnað o. s. frv.

Ákvæði 2. málsg. 195. gr. og 196. gr. laga nr. 85/1936 gilda og um opinber mál.

**169. gr.**

Refsiákvæðum, ákvæði um eignatöku, málskostnað eða skaðabætur í dómi í opinberu máli eða úrskurði má ekki fullnægja með aðför fyrr en afráðið er, að því verði ekki skotið til æðra dóms, en þá má því þegar fullnægja, nema sekt skuli greiða og greiðslufrestur hennar sé ekki liðinn.

## XXI. KAFLI

## Um kæru til æðra dóms.

## 170. gr.

Ekki verður skotið til æðra dóms:

1. Ákvörðun um, að meðdómendur skuli til kvaddir.
2. Ákvörðun um, að rannsókn eða meðferð máls skuli fara fram fyrir luktum dyrum.
3. Ákvörðun um brottvísun af dómþingi.
4. Synjun um skoðun skjala og kynningu annarra sakargagna.
5. Ákvörðun um, að verjanda skuli skipa.
6. Ákvörðun um fresti, sbr. þó 172. gr., 9. tölul.
7. Ákvörðun um skriflegan eða munnlegan málflutning.
8. Ákvörðun um að veita verjanda leyfi til viðtals við sökunaut.
9. Ákvörðun um, að rannsókn eða málsmeðferð skuli tekin upp af nýju.

## 171. gr.

Saksóknari einn getur kært til æðra dóms eða leyft aðila að kæra:

1. Úrskurði dómara, að hann eða meðdómandi skuli eða skuli ekki fara með mál.
2. Synjun á kvaðningu meðdómenda.
3. Frávísunardóm og úrskurð dómara samkvæmt 74. gr.
4. Ákvæði um sakarkostnað, sbr. þó 172. gr., 11. tölul.

## 172. gr.

Aðili getur kært til æðra dóms:

1. Úrskurð um handtöku og rannsókn á sökunaut eða öðrum, leit, hald á munum, kyrrsetningu og rannsókn skjala og bréfa.
2. Ákvörðun um skyldu manna til aðstoðar og um að láta í té muni í þarfir opinbers máls.
3. Úrskurð um varðhald og aðra gæzlu á sökunaut og tryggingu.
4. Synjun um skipun verjanda og ákvörðun um það, hvern skuli skipa.
5. Ákvörðun um þóknun sækjanda og verjanda, ef hún er ekki ákveðin í dómi.
6. Úrskurð um vitnaskyldu, vitnaheimild, þóknun vitnis, viðurlög við brotum á vitnaskyldu og önnur atriði, sem vitni varða.
7. Úrskurð um sams konar efni um mats- og skoðunarmenn.
8. Úrskurð um líkrannsókn.
9. Úrskurð, þar sem synjað er um rannsókn um einstök atriði eða endurupptöku málflutnings.
10. Ákvörðun um önnur efni, er varða rannsókn máls eða meðferð fyrir dómtöku þess og líkt er farið.
11. Ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar á hendur ákærða, sem að öðru leyti hefur verið sýkn dæmdur að nokkru eða öllu.

## 173. gr.

Kæra samkvæmt 172. gr., 1.—4. tölul., frestar ekki framkvæmdum í máli. Kæra samkvæmt 6. og 7. tölul. frestar ekki aðgerðum, ef hún varðar þóknun vitna eða mats- og skoðunarmanna.

Þegar öðruvísi stendur á, frestar kæra samkvæmt 172. gr. þeim framkvæmdum í rannsókn opinbers máls og meðferð, sem fara mundu í bága við niðurstöðu æðra dóms, ef hún yrði andstæð hinni kærðu dómsathöfn, nema slík framkvæmd verði

talín brýnt nauðsynleg til þess að rannsókn málsins komi að fullu gagni, enda verður ákvörðun dómara um það efni eigi haggað. Þetta gildir þó ekki um vitnaheimild eða vitnaskyldu né um samsvarandi skyldu matsmanna eða skoðunarmanna.

## 174. gr.

Þar sem kæra frestar framkvæmdum, skal dómari, eftir því sem unnt er, ganga þegar úr skugga um það, hvort kært verði.

Kærandi skal lýsa kæru sinni innan sólarhrings frá því, er honum var birt ákvörðun sú, er hann vill kæra, bréflega til dómara eða með bókun í þingbók, og gera kröfur sínar ásamt þeim athugasemdum, er honum þykir hlýða, enda mega ný gögn og ný málsatvik koma fyrir æðra dóm. Jafnskjótt sem kæru hefur verið lýst, skal dómari gera eftirrit af því, er kærumálið varðar. Sendir hann þegar æðra dómi fimm eintök þar af með athugasemdum sínum, ef hann vill, en saksóknara, sökunaut eða verjanda hans eitt eintak hverjum, svo og þeim öðrum, er kæran varðar (sækjanda, vitni o. s. frv.). Innan 3 sólarhringa eftir móttöku skjalanna getur æðri dómur lagt dóm á kærumálið, enda getur hver aðila sent honum athugasemdir sínar á þeim fresti.

Athugasemdir, er síðar koma, skal þó taka til greina, ef þær koma, áður en dómur er upp kveðinn.

Ef kæra frestar framkvæmdum rannsóknar eða málsmeðferðar, skal æðri dómur hafa lokið dómsorði á kærumál innan 10 daga frá móttöku skjalanna, nema mál sé sérstaklega margbrotið eða dómurinn telji óhjákvæmilegt, að nýrra gagna sé aflað. Að þeim fengnum fer um dómsuppsögu sem áður segir.

Aldreí má dómsuppsaga dragast lengur en 2 vikur, eftir að skjöl öll, þar á meðal ný sakargögn, hafa til æðra dóms komið, hvort sem kæra frestar framkvæmdum eða ekki.

Sekta skal kæranda fyrir tilefnislausu kæru. Sekt rennur í rikissjóð.

## XXII. KAFLI

## Um áfrýjun.

## 175. gr.

Skylt er saksóknara að áfrýja dómi án kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd 5 ára refsivist eða meira.
2. Ef sérstakar ástæður eru til, svo sem ef telja má mann ranglega sýknaðan eða sakfelldan, refsingu að mun of háa eða of lága, réttindi eða eign ranglega dæmda af manni, mann ranglega mæltan undan þessum viðurlögum, eða ranglega hallað á hann í forsendum dóms, þótt hann sé sýknaður, ef það hefur almenna þýðingu að fá úrlausn æðra dóms eða töluverð vafaatriði þykja annars vera í máli, hvort sem þau varða lög eða staðreyndir.

Skylt er saksóknara að áfrýja eftir kröfu ákærða:

1. Ef ákærða er dæmd refsing eða upptaka eignar fyrir fyrsta sinni framið brot.
2. Ef dæmd refsing nemur 50 000 króna sekt eða þriggja mánaða refsivist.
3. Ef ákærði er sviptur réttindum eða réttindamissi leiðir af sakfellingu hans.
4. Ef ákærða er mælt upptaka eignar, er nemur 50 000 krónum. Jafnan er þriðja manni, sem með dómi skal sæta upptöku eignar, rétt að áfrýja að hætti einkamála, ef saksóknari vill láta við dóminn sitja.

Lögráðamaður kemur í stað ákærða um ákvarðanir um áfrýjun, sbr. 177. gr., ef ákærði er yngri en 18 ára eða sviptur sjálfræði.

Að ákærða önduðum, koma maki hans, foreldri, barn, kjörbarn og systkin í stað hans um áfrýjun. Rétt er saksóknara að áfrýja ákærða til hagsbóta eftir andlát hans.

## 176. gr.

Nú er máli áfrýjað að kröfu ákærða, og verður þá refsing eða önnur viðurlög á hendur honum ekki þyngd, nema ákærvaldið áfrýji málinu í þessu skyni af sinni hálfu.

## 177. gr.

Nú hefur ákærða verið dæmt áfall og svo er ekki farið sem í 1. tölul. fyrri málsgreinar 175. gr. segir, og skal héraðsdómari þá spyrja ákærða, ef hann er við dómsuppsögu staddur, hvort hann æski áfrýjunar, en ella skulu stefnuvottar gera það eftir fyrirlagi dómara, þegar þeir birta saktfellda dóminn.

Nú er saksóknara skylt að áfrýja eftir kröfu ákærða, og skal ákærði þá hafa að forfallalausum tilkynnt dómara kröfu sína um áfrýjun innan 2 vikna frá áður-nefndum tíma. Annars kostar má svo meta sem hann uni við dóminn.

Héraðsdómari skal jafnan afgreiða dómsgerðir til saksóknara svo fljótt sem unnt er.

## 178. gr.

Ákvörðun um áfrýjun samkvæmt 175., sbr. 179. gr., frestar fullnustu ákvæða um refsingu, eignartöku, sakarkostnað, svo og skaðabætur, enda hafi ákærði ekki berum orðum samþykkt skaðabótakröfu að öllu leyti. Ákvörðun um áfrýjun frestar og ákvæðum dóms um réttindamissi, nema þau verði talin sett til verndar lífi, heilsu eða eignum einstakra manna eða almennings, eða óviðurkvæmilegt megi telja, að dómfelli haldi réttinum þrátt fyrir áfrýjun. Dómari getur þess í dómi, ef ákvörðun um áfrýjun frestar ekki ákvæðum dóms að þessu leyti.

## 179. gr.

Þegar saksóknari hefur fengið dómsgerðir, rannsakar hann, hvort skylt sé eða rétt að áfrýja máli af hálfu ákærvalds eða eftir ósk ákærða. Ef fleiri en einn eru fyrir sökum hafðir, tekur hann ákvörðun um áfrýjun að því er varðar mál hvers þeirra.

Saksóknari skal hafa tekið ákvörðun um áfrýjun eigi síðar en 3 mánuðum eftir að dómsgerðir hafa komið honum í hendur. Nú verður dómi eigi áfrýjað, og sendir saksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dómsins með áritun þar um. Nú verður dómi áfrýjað að því er varðar einn aðila eða fleiri, en eigi alla, og sendir saksóknari þá dómsmálaráðuneytinu endurrit dóms á sama hátt.

Nú er áfrýjun ráðin, og ritar saksóknari þá fyrir kall á dómsgerðir til ákærða eða ákærðu og annarra aðila þess efnis, að málinu sé stefnt til hæstaréttar, að það verði þar þingfest, svo fljótt sem kostur er, og aðili eða aðilar megi ekki vænta annars fyrir kalls. Síðan sendir saksóknari dómara dómsgerðir til birtingar á fyrir kalli fyrir aðilum. Að lokinni birtingu endursendir dómari dómsgerðir til saksóknara, er svo afgreiðir þær til hæstaréttar. Skipar þá forseti dómsins verjanda eða verjendur með áritun á dómsgerðir og sendir þær því næst saksóknara.

## 180. gr.

Saksóknari undirbýr ágríp dómsgerða með þeim hætti, sem tíðkæzt hefur, og lætur síðan, er hann hefur veitt verjanda kost á athugun frumvarps síns, fjölríta ágríp.

Nú telja saksóknari og verjandi sakaratriði miður rannsökuð en skyldi, og gera þeir þá, um leið og þeir undirbúa ágríp dómsgerða, skrá um þau atriði og kynna þau hvor öðrum. Saksóknari ákveður því næst, hverra frekari gagna skuli

leita með prófun máls í héraði. Að því loknu annast saksóknari gerð viðbótar-ágríps.

Saksóknari endursendir hæstarétti síðan dómsgerðir héraðsdóms ásamt framhaldsprófum, ef því er að skipta, og ágríp dómsgerða. Ákveður forseti hæstaréttar svo þingfestingardag máls og tilkynnir saksóknara og verjanda það með hæfilegum fyrirvara.

#### 181. gr.

Saksóknari sækir öll opinber mál í hæstarétti án sérstaks endurgjalds, og hvíla á honum sömu skyldur, sem hingað til hafa hvílt á sækjanda fyrir þeim dómi, og samkvæmt þeim fyrirmælum, er í lögum þessum segir. Saksóknari getur falið skipuðum fulltrúa sínum sókn máls fyrir hæstarétti, enda fullnægi hann laga-skilyrðum til skipunar í embætti saksóknara, og ber fulltrúinn þá allar skyldur saksóknara.

Nú er saksóknari settur samkvæmt 22. gr., og ákveður dómsmálaráðherra honum þá þóknun fyrir starf hans.

#### 182. gr.

Nú ákveður hæstiréttur framhaldsrannsókn máls þar fyrir dómi, og kveður hann þá fyrir sig saksóknara og verjanda og þá, er prófa skal, enda fer um skyldu manns til að gefa skýrslu þar og veita fræðslu um hvert atriði, er dómur telur máli skipta, um prófun þeirra og um viðurlög með sama hætti, sem segir í lögum þessum um rannsókn og meðferð fyrir héraðsdómi.

#### 183. gr.

Um öll þau atriði, er varða galla á málatilbúnaði í héraði eða hæstarétti eða málsmeðferð í héraði eða undirbúning málsmeðferðar eða hana sjálfa í hæstarétti, getur hæstiréttur kveðið upp úrskurð eða dóm, áður en málf lutningur þar hefst, eða á hverju stigi hans sem vera skal, svo sem um frávisun sakar frá dómi, hvort ómerkja skuli héraðsdóm, um fresti, um ágríp dómsgerða, um öflun frekari gagna o. s. frv.

#### 184. gr.

Nú verður það bert í flutningi máls eða við athugun dómenda síðar, að leita þurfi frekari gagna en þegar hefur verið gert, og ætla má, að framhaldsrannsókn kunní að bera árangur, og getur hæstiréttur þá kveðið upp úrskurð, þar sem héraðsdómari, saksóknari og verjandi eru skyldaðir til að afla fræðslu um þau atriði, sem til eru tekin í úrskurði, og um það annað, sem framhaldsprófun veitir efni til.

#### 185. gr.

Hæstiréttur vísar máli frá dómi vegna galla á málatilbúnaði, svo sem ef ákæra hefur ekki verið birt aðilum eða fyrirkall til hæstaréttar. Ómerkt getur hæstiréttur héraðsdóm, ef verulegir gallar þykja á meðferð hans annars í rannsókn eða málsmeðferð, enda þyki eigi hentara að bæta úr því með þeim hætti, sem í 182. og 183. gr. segir.

#### 186. gr.

Í dómi opinbers máls getur hæstiréttur dæmt héraðsdómara í sekt, er renni til ríkissjóðs, fyrir drátt á opinberum málum og önnur glöf í rannsókn þeirra og meðferð, enda þótt dómara hafi ekki verið stefnt í því skyni, ef sök hans virðist ljós. Einnig er ákærða rétt að krefjast þess, að dómara verði stefnt til ábyrgðar fyrir rannsókn opinbers máls og meðferð, og ber þá saksóknara að setja í fyrirkallið kröfu hans í því efni. Svo getur saksóknari af sjálfsdáðum gert slíka kröfu í fyrirkalli.

Saksóknara ber að gæta hagsmuna ríkisvaldsins gagnvart dómara, ef hann er krafinn ábyrgðar, en verjanda hagsmuna ákærða að því leyti. Nú kemur héraðsdómari fyrir hæstarétt vegna ábyrgðarkröfu og er sýkn dæmdur, og getur dómurinn þá dæmt ákærða, ef hann hefur gert kröfuna, eða ríkissjóð, ef saksóknari hefur gert hana, til þess að greiða dómara málskostnað.

## 187. gr.

Nú þykir verjandi hafa gerzt sekur um vanrækslu eða önnur glöp í undirbúningi eða flutningi opinbers máls fyrir hæstarétti, og getur dómurinn þá gert honum sekt, er renni til ríkissjóðs.

## 188. gr.

Nú þykir hæstarétti að visu vera gallar á verki héraðsdómara, skipaðs sækjanda í héraði, verjanda eða annarra, en ekki slíkir sem sektum eigi að varða, og getur dómurinn þá vitt viðkomendur fyrir þá, eftir því sem honum þykir ástæða til.

## 189. gr.

Dómar hæstaréttar skulu afgreiddir til dómsmálaráðuneytis með þeim hætti, sem nú tíðkast.

## XXIII. KAFLI

## Um endurupptöku dæmdra opinberra mála.

## 190. gr.

Nú hefur óáfrýjaður héraðsdómur eða hæstaréttardómur gengið í opinberu máli, og verður það mál þá ekki síðan tekið upp af nýju, nema til þess séu þau skilyrði, er í þessum kafla segir.

## 191. gr.

Eftir kröfu saksóknara skal taka mál, þar sem ákærði hefur verið sýknaður eða dæmdur fyrir miklu minna brot en það, er hann var borinn, upp af nýju:

1. Ef ákærði hefur, síðan dómur gekk, játað sig hafa framið brot það, sem hann var borinn, eða önnur gögn hafa komið fram, er ótvírætt benda til sektar hans.
2. Ef ákærði eða aðrir hafa haft í frammi refsiverða hegðun í því skyni að fá þau málalok, sem orðin eru, svo sem ef falsvitna er aflað, fölsuð skjöl eru látin fram koma, vitni, mats- eða skoðunarmenn gefa vísitandi rangar skýrslur, enda megi ætla, að slík skjöl eða hegðun hafi orkað málalokum að öllu eða nokkru leyti.

## 192. gr.

Eftir kröfu dómfellds manns, sem telur sig sýknan sakfelldan eða sakfelldan fyrir að mun meira brot en það, er hann hefur framið, skal taka mál upp af nýju:

1. Ef fram eru komin ný gögn, sem ljóst eða líklegt gera, að dómfelldi hefði verið sýkn dæmdur eða dæmdur fyrir að mun minna brot, ef þau gögn hefðu komið fyrir dómendur, áður en dómur gekk.
2. Ef ætla má, að falsgögn eða athæfi, sem í 2. tölul. 191. greinar getur, hafi valdið refsidómi að einhverju leyti eða öllu.

Ef nokkur þeirra aðila, er að lögum eiga að vinna að rannsókn eða meðferð opinberra mála, fá vitneskju eða rökstuddan grun um nokkur þeirra atriða, er í 1. og 2. tölul. segir, þá ber þeim að veita dómfellda vitneskju um það.

Ákvæði 3. og 4. málsg. 175. gr. taka og til endurupptöku eftir þessari grein.

**193. gr.**

Hæstiréttur tekur ákvörðun um endurupptöku máls, og skal beiðni um hana stíluð til hæstaréttar og send saksóknara. Greina skal í beiðni þau atriði, er véfengd eru í dómi, og þær ástæður, sem til véfengingar eru taldar liggja, sbr. 191. og 192. gr. Skjöl, er beiðni kunna að vera til styrktar, skulu fylgja henni, eftir því sem unnt er.

Nú er beiðandi sviptur frelsi, og skal yfirmaður fangelsis þá taka við og bóka beiðni um endurupptöku eftir ósk aðila og koma henni á framfæri, enda er dómara skylt að skipa honum þegar réttargæzlumann, ef þess er óskað. Ef gallar þykja vera á beiðni, skal aðila jafnan veittur kostur á að lagfæra þá, áður en ráðið er, hvort hún skuli tekin til greina eða ekki.

**194. gr.**

Saksóknari sendir beiðnina til hæstaréttar ásamt skjölum málsins og tillögum sínum, svo og umsögn héraðsdómara, ef um héraðsdóm er að tefla.

Hæstiréttur lætur héraðsdómara framkvæma nauðsynlega rannsókn, áður en hann tekur ákvörðun um endurupptöku.

Nú leiðir rannsókn í ljós, að beiðni um endurupptöku hafi gengið of skammt, og skal þá veita beiðanda kost á að lagfæra beiðni sína í samræmi þar við.

**195. gr.**

Nú ákveður hæstiréttur endurupptöku máls, sem dæmt var lokadómi í héraði, og gerir saksóknari þá ráðstafanir til áfrýjunar málsins, og fer um meðferð þess fyrir hæstarétti samkvæmt ákvæðum laga þessara.

**196. gr.**

Nú ákveður hæstiréttur endurupptöku hæstaréttarmáls, og fer þá um rannsókn samkvæmt 181. eða 182. gr.

Um undirbúning málsmeðferðar og flutning fyrir hæstarétti fer samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Nú telur hæstiréttur ekki rök hniga til breytingar á dómi, og vísar hann endurupptökumáli þá frá sér. Annars kostar dæmir hæstiréttur málið að efni til.

**197. gr.**

Nú er mál endurupptekið samkvæmt beiðni dómfellds manns, og má þá hlutur hans aldrei verða lakari en hann var eftir hinum upphaflega dómi.

**198. gr.**

Nú er mál endurupptekið samkvæmt kröfu saksóknara, og fer þá um málskostnað eftir ákvæðum 141. gr.

Kostnaður af endurupptöku máls samkvæmt beiðni dómfellda greiðist úr ríkissjóði, nema aðili hafi aflað úrskurðar til hennar með skýrslum, er hann vissi ósannar vera. Skal þá dæma greiðslu sakarkostnaðar á hendur honum.

**199. gr.**

Ákvörðun um endurupptöku máls frestar ekki framkvæmd dóms, nema hæstiréttur mæli svo.

Heimil er endurupptaka máls, þótt aðili hafi að fullu þolað refsingu samkvæmt dómi í því máli.



**Ákvæði til bráðabirgða:**

Réttarfarsnefnd skal falið að endurskoða réttarstöðu fulltrúa saksóknara ríkisins með hliðsjón af réttarstöðu og lögkjörum hliðstæðra ríkisstarfsmanna og ljúka endurskoðuninni þáð tímanlega, að unnt verði að leggja fram frumvarp um það efni í byrjun næsta þings.

*Gjört í Reykjavík, 21. júní 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 14 — 1973

---

26. júní 1973.

237

Nr. 74.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að samkvæmt niðurlagsákvæði laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum, falli þau úr gildi 1. júlí n. k. Á s. l. vori var lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, en Alþingi gafst ekki tími til að afgreiða frumvarpið. Er nauðsynlegt að veita Alþingi tíma til að ljúka þessari lagasetningu, en jafnframt óhjákvæmilegt, að á meðan séu í gildi laga-reglur um þetta efni. Ber því brýna nauðsyn til að lengja gildistíma núgildandi laga til n. k. áramóta.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Í stað orðanna „til 1. júlí 1973“ í 11. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972) komi: til ársloka 1973.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 26. júní 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

---

Stjórnartíðindi A 14, nr. 74. Útgáfudagur 27. júní 1973.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

## L Ö G

### um Hæstarétt Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 9. gr. laga nr. 42 24. apríl 1973 um breyting á lögum nr. 57 18. apríl 1962, um Hæstarétt Íslands, hef látið fella meginmál þeirra laga inn í lög nr. 57 18. apríl 1962, og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll lýðveldisins.

Hæstiréttur hefur aðsetur í Reykjavík. Þó má halda dómþing annars staðar, ef sérstaklega stendur á.

##### 2. gr.

Hæstarétt skipa sex dómara, og er einn þeirra forseti dómsins.

Forseti Íslands skipar dómara, en þeir kjósa sér forseta til eigi skemmri tíma en eins árs og varaforseta til sama tíma. Ef hvorki forseti né varaforseti Hæstaréttar sitja í dómi, skal sá hæstaréttardómari, sem elztur er að embættisaldri, skipa forsæti.

##### 2. gr. a.

Fimm hæstaréttardómara skulu skipa dóm. Þó er heimilt, að þrír hæstaréttardómara skipi dóm í einkamálum, ef úrslit máls eru hvorki mikilvæg frá almennu sjónarmiði né varða sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila, og í opinberum málum, ef refsing, sem getur legið við broti, er ekki þyngri en varðhald eða tveggja ára fangelsi.

Dómurinn ákveður, hve margir dómara og þá hverjir skulu skipa dóm í máli.

Ef mál er umfangsmikið, er dómi heimilt að ákveða, að hæstaréttardómari, sem eigi dæmir í því máli, hlýði á málflutning og taki sæti í dóminum, ef dómari forfallast.

##### 3. gr.

Synódalréttur er æðsti dómstóll í málum, sem að lögum liggja undir kirkjudóm í héraði.

Synódalrétt skipa fimm dómara, forseti Hæstaréttar, sem formaður, tveir hæstaréttardómara, hinir elztu að embættisaldri, og tveir guðfræðingar, er Hæstiréttur kveður til.

##### 4. gr.

Nú verður dómur eigi fullskipaður vegna þess, að hæstaréttardómari vikur sæti í máli, forfallast frá störfum, fær leyfi frá störfum um stundarsakir eða sæti hans verður autt af öðrum ástæðum, og setur dómsmálaráðherra að fengnum tillögum

dómsins dómara í hans stað prófessor í lögum við Háskóla Íslands, héraðsdómara eða hæstaréttarlögmann, sem fullnægir skilyrðum til þess að vera skipaður dómari í Hæstarétti, og er rétt, að setning gildi, hvort heldur er um einstakt mál eða tiltekið tímabil. Skylt er nefndum aðilum að taka við setningu.

Hæstiréttur ákveður þóknun handa dómurum, er taka sæti í dómnum í einstöku máli eða til bráðabirgða eftir þessari grein, fyrir hvert mál, er þeir taka þátt í dómi eða úrskurði.

#### 5. gr.

Þann einn er rétt að skipa hæstaréttardómara, sem:

1. Fullnægir almennum dómarskilyrðum.
2. Hefur lokið embættisprófi í lögum með fyrstu einkunn.
3. Hefur náð 30 ára aldri.
4. Hefur verið þrjú ár hið skemmsta prófessor í lögum við Háskóla Íslands, hæstaréttarlögmaður, hæstaréttarritari, héraðsdómari, ráðuneytistjóri, lögreglustjóri í Reykjavík eða fimm ár fulltrúi í dómsmálaráðuneytinu, fulltrúi saksóknara ríkisins eða fulltrúi héraðsdómara í kaupstöðum landsins og starfað sjálfstætt að dómsmálum.

Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar mega ekki samtímis eiga dómarsæti í Hæstarétti.

Áður en dómaraembætti er veitt, skal leita umsagnar dómsins um dómaraefni.

#### 6. gr.

Hæstaréttardómari vikur úr dómarsæti, ef:

1. Hann er aðili máls eða mál varðar hann að mun fjárhagslega eða siðferðislega.
2. Hann er fyrirvarsmaður aðila, hefur flutt málið eða leiðbeint aðila í því.
3. Hann er skyldur eða mægður aðila eða í kjörsifjum við hann að feðgatali eða niðja eða að öðrum lið til hliðar, maki eða fyrrverandi maki, niðji systkinis aðila eða gagnkvæmt eða mægður með sama hætti, unnusti eða unnusta, fósturforeldri eða fósturbarn. Telja skal mægðir haldast, þótt sífjum þeim, sem þær helgast af, sé lokið.
4. Hann hefur borið vitni um málsatvik eða verið skoðunar- eða matsmaður í máli.
5. Hann hefur verið héraðsdómari, gerðardómsmaður um sakarefni eða látið í ljós álit sitt um það sem opinber sýslunarmaður.
6. Hann er svo venzlaður vitni sem í 3. tölulið segir, enda sé krafizt úrskurðar um skyldu vitnis eða heimild til að bera vitni eða heitfesta skýrslu. Sama gildir, ef úrskurða skal um skyldu eða heimild jafnvenzlaðs mats- eða skoðunarmanns til að framkvæma gerð eða staðfesta hana og um skyldu jafnvenzlaðs manns til að láta í té sakargögn.
7. Mál varðar venzlamenn samkvæmt 3. tölulið að mun siðferðislega eða fjárhagslega.
8. Hann er skyldur eða mægður málflutningsmanni að feðgatali eða niðja eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
9. Horf hans við aðila eða sakarefni er slíkt, að hætta er á því, að hann fái eigi lítið óhlutdrægt á málavexti.

#### 7. gr.

Aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í Hæstarétti geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari víki sæti í einstöku máli af ástæðum þeim, er í 6. gr. segir.

Dómurinn úrskurðar þau atriði allur í heild sinni.

## 8. gr.

Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður aðra starfsmenn dómsins.

Hæstaréttarritari skal hafa lokið embættisprófi í lögum og fullnægja að öðru leyti almennum dómarskilyrðum.

## 9. gr.

Hæstaréttarritari hefur þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til Hæstaréttar.
2. Heldur bækur Hæstaréttar.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit af bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dóm skjölum og stendur skil á þeim og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau önnur störf af hendi, er lög mæla, í þarfir dómsins. Samsvarandi störf vinnur hæstaréttarritari fyrir Synódalrétt.

## 10. gr.

Hæstiréttur heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágríp af því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal skrá í hana dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hafi verið gefin út í hverju máli, hvaða dag það skuli þingfesta, hvort ný gögn o. s. frv. hafi verið fram lögð, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

## 11. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum Hæstaréttar, hvaða dag og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hvenær þingleyfi skuli vera.

## II. KAFLI

## 12. gr.

Rétt er að skjóta til Hæstaréttar málum samkvæmt því, er í lögum segir.

## 13. gr.

Haldast skulu ákvæði um málsskot í lögum um meðferð opinberra mála.

Rétt er að skjóta til Hæstaréttar úrlausn héraðsdóms í einkamáli, enda banni sérákvæði í lögum það eigi. Nú varðar mál fjárkröfu einkaréttareðlis, og er það áfrýjunarskilyrði, að fjárhæð hennar nemi verðmæti, metið til peninga, kr. 25 000.00.

Ákvæði héraðsdóms um kostnað af máli verður eigi skotið til Hæstaréttar, nema í sambandi við áfrýjun dóms eða dómsathafnar.

## 14. gr.

Áfrýjunarfjárhæð skal ákveða eftir kröfugerð í áfrýjunarstefnu. Nú eru réttilega sóttar saman í máli fleiri kröfur en ein, og skal leggja þær saman við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar. Nú er krafa höfð uppi, en gagngreiðsla jafnframt boðin, og skal eigi litið til gagngreiðslunnar við ákvörðun áfrýjunarfjárhæðar.

## 15. gr.

Nú varðar krafa innstæðuréttindi, greiðslur, er inna skal af hendi með vissu millibili, kvaðir, afnotaréttindi, ógildingu á skjölum, eignaréttindi yfir fasteign, gildi réttinda o. s. frv., og ákveður Hæstiréttur, að fenginni umsögn aðila, hvort verðmæti hagsmuna, sem í húfi eru, skuli í því máli teljast nema áfrýjunarfjárhæð.

## 16. gr.

Rétt er ráðherra að leyfa áfrýjun máls, þó að sakarefni nemi eigi áfrýjunarfjárhæð samkvæmt 13. gr., enda séu úrslit málsins mikilvæg frá almennu sjónarniði eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni aðila og Hæstiréttur mæli með því. Áður en ákvörðun er tekin um, hvort slíkt leyfi skuli veita, skal gefa aðilum kost á að tjá sig um málið.

## 17. gr.

Hvarvetna þess sem heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja auka-málum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og uppboðsgerðum bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 13.—16. gr., eftir því sem við á.

## 18. gr.

Skjóta má dómsathöfn til Hæstaréttar í því skyni, að mál verði ómerkt, því verði vísað frá héraðsdómi, því verði vísað heim til löglegrar meðferðar, dómsathöfn verði breytt að efni til eða hún staðfest.

## 19. gr.

Rétt er, að máli sé áfrýjað af hendi beggja eða allra aðila, en áfrýjunarmálin ber að sameina og flytja í einu lagi fyrir Hæstarétti.

Afsal á rétti til áfrýjunar, hvort heldur er berum orðum eða þegjandi, verður eigi gefið, fyrr en genginn er dómur sá eða úrskurður, sem afsalið á að taka til.

## 20. gr.

Dómsathöfnum þeim, sem eigi sæta kæru til Hæstaréttar samkvæmt 21. gr., má áfrýja innan þriggja mánaða frá dómsuppsögu eða lokum dómsathafnar. Haldast skulu þó ákvæði 96. gr. skiptalaga nr. 3 12. apríl 1878, lögtakslaga nr. 29 16. desember 1885, 11. gr., uppboðslaga nr. 57 25. maí 1949, 4. gr., laga um stofnun og slit hjúskapar nr. 60 29. maí 1972, 78. gr., og önnur sérákvæði í lögum um áfrýjunarfrest.

Áfrýjunarleyfi í málum þeim, er í 1. mgr. 1. málslíð segir, getur dómsmálaráðherra veitt næstu 6 mánuði til viðbótar, enda sé slíks leyfis getið í áfrýjunarstefnu, er taka skal út á næstu fjórum vikum eftir útgáfu leyfis, sem annars kostar er fyrirgert.

Nú áfrýjar aðili máli, og er gagnaðila rétt að gagnáfrýja á næstu fjórum vikum, þótt áfrýjunarfrestur sé liðinn.

Rétt er dómsmálaráðherra, þótt frestur samkvæmt 2. mgr. sé liðinn, að veita leyfi til áfrýjunar máls allt að tvö ár frá lokum dómsathafnar, ef ríkar ástæður eru til og Hæstiréttur mælir með því.

## 21. gr.

Kæru til Hæstaréttar sæta:

## 1. Úrskurðir héraðsdómara um:

a. Að vika eigi sæti.

b. Að mál skuli falla niður eða því vísað frá dómi.

c. Skyldu vitnis til vættisburðar, staðfestingu vættis, viðurlög á hendur vitni, vitnaþóknun og önnur atriði varðandi vitnaleiðslu.

- d. Hæfi matsmanna og skoðunar, skyldu þeirra til starfans, viðurlög á hendur þeim fyrir vanrækslu í starfi, þóknun þeim til handa og önnur atriði, er varða matsstarfann.
  - e. Skyldu gagnaðila eða þriðja manns til að leggja fram skjöl eða aðra hluti og viðurlög vegna tregðu til þess.
  - f. Synjun að afla gagna fyrir dómi til tryggingar á sönnun og synjun um öflun gagna erlendis.
  - g. Ákvörðun um tryggingu fyrir málskostnaði.
  - h. Synjun að taka stefnu gilda vegna ónógrar málsreifunar.
  - i. Synjun að heimila meðalgöngu.
  - j. Að frestur skuli veittur.
  - k. Réttarfarssektir.
2. Úrskurðir skiptaréttar, þar á meðal úrskurðir í sambandi við nauðasamninga, nema úrskurðir um:
- a. Töku bús til gjaldþrotaskipta, meðan skuldunautur lifir.
  - b. Réttmæti kröfu til greiðslu eða eigna í bú og sæti kröfu í kröfuflokki.
  - c. Hvaða eignir draga skuli undir skipti.
  - d. Riftingu ráðstafana, að svo miklu leyti sem þau atriði kunna að koma undir úrlausn skiptaréttar.
  - e. Skiptagerðin sjálf.
3. Úrskurðir fógetaréttar, nema:
- a. Um það, hvort fógetagerð skuli yfirleitt fara fram eða ekki.
  - b. Til hvaða verðmæta hún skuli ná.
  - c. Fógetagerðin sjálf.
4. Úrskurðir uppboðsréttar, nema:
- a. Um það, hvort uppboð skuli yfirleitt fara fram eða ekki.
  - b. Hvaða verðmæti skuli selja.
  - c. Uppboðsgerðin sjálf.
  - d. Hverjir skuli fá uppboðsandvirði greitt og hversu mikið hver.
  - e. Útgáfa uppboðsafsals á fasteign eða skipi.
- Einnig er hverjum þeim, sem telur héraðsdómara hafa gert á hluta sinn í dómastarfi, rétt að kæra hann fyrir Hæstarétti, og getur Hæstiréttur veitt dómara áminningu eða dæmt honum að greiða sekt að fjárhæð 200—4000 krónur til rikissjóðs.

## 22. gr.

Nú vill maður kæra dómsathöfn, og afhendir hann héraðsdómara kæru, áður en tvær vikur eru liðnar frá uppsögu dómsathafnar, ef hann eða umboðsmaður hans var við hana staddur, en ella áður en tvær vikur eru liðnar frá þeim tíma, er hann eða umboðsmaður hans fékk vitneskju um hana.

Vitni og matsmenn, sem staddir eru við dómsathöfn þá, er þeir vilja kæra, mega bera fram kæru með bókun í þingbók.

## 23. gr.

Í kæru skal kærandi greina:

1. Dómsathöfn þá, sem kærð er.
2. Kröfu um breytingar á henni.
3. Ástæður, sem hann reisir kærana á.

Kæru má styðja með tilvísun til málsatvika, sem hafa eigi áður verið borin fyrir, svo og með nýjum sönnunargögnum.

Nú vill kærandi bera fyrir sig nýja sönnun, og skal hann í kæru greina sönnunargögnin og hvað hann hyggst sanna með þeim.

Skriflegt sönnunargagn skal fylgja kæru í frumriti eða staðfestu endurriti. Kærandi eða umboðsmaður hans skal undirrita kæru.

#### 24. gr.

Með beiðni leggur kærandi lögmaelt dómgjöld fyrir Hæstarétti, og sendir dómari vottorð um þá greiðslu með skjölum málsins.

#### 25. gr.

Nú kemur kæra of seint fram, og beinir héraðsdómari því til kæranda að taka kærana aftur. Ef kæra fullnægir eigi ákvæðum 23. gr., brýnir héraðsdómari fyrir kæranda að ganga frá henni lögum samkvæmt.

#### 26. gr.

Nú virðist héraðsdómara kæra á engum rökum reist, og getur hann ákveðið, að kærandi skuli, ef gagnaðili krefst þess, setja tryggingu fyrir tjóni og óhagræði, er kæra kann að baka gagnaðila, svo framarlega sem hún veldur frestun málsins. Tryggingu skal setja innan tveggja daga, frá því er kæru er lýst. Ella afgreiðir dómari eigi skjölin, og mál fer leiðar sinnar.

#### 27. gr.

Dómari gefur út, svo fljótt sem kostur er, endurrit í þrennu lagi af öllu því, sem skjöl málsins og þingbækur greina um kæruefnið. Jafnframt er honum rétt, ef því er að skipta, að láta fylgja hverju eintaki athugasemdir sínar. Síðan sendir dómari eitt eintakið til Hæstaréttar, en tilkynnir aðilum eða umboðsmönnum þeirra, að þeirra eintök séu tilbúin til afhendingar.

#### 28. gr.

Þá er kæra er fram komin, krefur héraðsdómari kærða þegar um greinargerð, er geymi kröfur hans og atvik þau, er hann reisir kröfur sínar á. Rétt er honum að bera fram ný málsatvik og sönnunargögn.

Ef kærði vill bera fyrir sig ný sönnunargögn, skal hann í greinargerð nefna þau og hvað hann hyggst sanna með þeim.

Skriflegt sönnunargagn skal fylgja kæru í frumriti eða staðfestu endurriti.

Kærði eða umboðsmaður hans skal undirrita greinargerð.

#### 29. gr.

Eigi síðar en viku eftir að skjölin komu til Hæstaréttar, geta aðilar sent honum athugasemdir sínar, og getur hann þá þegar lokið dómsorði á kæruefnið. Jafnan skal þó athuga skjöl þau, sem aðilar senda, svo framarlega sem málinu er þá eigi lokið í Hæstarétti.

#### 30. gr.

Nú er kæra eigi svo úr garði gerð sem í 23. gr. segir, eða annars ófullkomin, og leggur Hæstiréttur fyrir kæranda að bæta úr því, sem ábótavant er, á tilteknum fresti. Ef kærandi fer eigi eftir leiðbeiningum Hæstaréttar, getur hann vísað kærumáli frá sér.

#### 31. gr.

Hæstiréttur getur lagt fyrir héraðsdómara að leita frekari skýrslna um einstök atriði.

Hæstiréttur getur með þeim fyrirvara, sem hann telur hæfilegan, veitt aðilum kost á að koma fyrir sig og flytja mál munnlega.



## 32. gr.

Hæstiréttur kveður á um greiðslu kostnaðar af kæru.

## 33. gr.

Hæstiréttur kveður upp dóm í málinu samkvæmt skjölum þess eða munnlegum flutningi, ef því er að skipta. Skal dómur upp kveðinn svo fljótt sem kostur er. Hæstiréttur skal þegar í stað senda héraðsdómara dóminn.

## 34. gr.

Áfrýjanda ber að afhenda hæstaréttarritara áfrýjunarstefnu fyrir lok áfrýjunarfrests eða áður en fjórar vikur eru liðnar frá veitingu áfrýjunarleyfis samkvæmt 2. og 4. mgr. 20. gr.

Í stefnu skal greina:

1. Þann dóm eða dómsathöfn, sem skotið er til Hæstaréttar, og skal dómsorð eða ályktarorð tekið orðrét í stefnu.
2. Nöfn áfrýjanda og stefnda, stöðu þeirra og heimili.
3. Í hvaða skyni áfrýjað er og hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir.
4. Í hvaða starfsmánuði Hæstaréttar þingfestingar máls er óskað.

Nú er farið fram á óhæfilega langan frest til þingfestingar, og leggur hæstaréttarritari málið fyrir forseta Hæstaréttar, er ákveður frestinn.

Þingfesta skal mál fyrsta þingdag þess mánaðar, sem stefnt er til, en rétt er forseta Hæstaréttar að ákveða annan þingfestingardag, þegar sérstaklega stendur á.

Hæstaréttarritari gefur út áfrýjunarstefnu í nafni dómsins og áritar hana um þingfestingardag.

## 35. gr.

Stefnufrest til Hæstaréttar skal miða við þingfestingardag samkvæmt 34. gr. Frestur skal fara eftir lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði. Hæstaréttarritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum.

## 36. gr.

Ef mál, sem skotið hefur verið til Hæstaréttar innan lögmæltis áfrýjunarfrests, fellur þar niður, er fellt niður eða því er vísað þar frá dómi, er aðila rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 20. gr. sé liðinn, enda sé áfrýjunarstefna gefin út að nýju innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms um niðurfellingu máls eða frávisun. Heimild þessari verður eigi beitt oftár en einu sinni.

## 37. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

## 38. gr.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

Eigi verður dómari látinn sæta ábyrgð fyrir málsmeðferð sína eða dóm, þegar máli er áfrýjað, eftir að liðnir eru frestir þeir, er í 1. og 2. mgr. 20. gr. segir.

## III. KAFLI

## 39. gr.

Áfrýjanda ber að koma fyrir Hæstarétt á hinum tiltekna þingfestingardeggi og leggja fram áfrýjunarstefnu. Nú lætur áfrýjandi það undir höfuð leggjast, og ber

að fella mál niður og dæma stefnda, sem fyrir dóm hefur komið, málskostnað eftir kröfu hans. Sömu meðferð skal hafa, er áfrýjandi mætir eigi á síðari dómþingum eða lætur þá farast fyrir að fylgja málinu fram.

## 40. gr.

Nú kemur stefndi eigi fyrir dóm við þingfestingu, þótt honum hafi verið birt lögleg stefna, en áfrýjandi leggur fram stefnu og skjöl og flytur mál sitt, og kveður Hæstiréttur upp dóm í málinu. Þessum ákvæðum skal einnig beita, ef stefndi kemur eigi fyrir dóm, er þing skal heyja síðar um mál hans.

Hæstarétti er rétt að leyfa stefnda, sem eigi hefur sótt fyrra dómþing, að taka til varnar í máli með samþykki áfrýjanda eða án þess, ef miklir hagsmunir stefnda eru í húfi.

## 41. gr.

Veita skal aðilum frá þingfestingu fjögurra mánaða frest, enda telji Hæstiréttur eigi ástæðu til lengri frests eða skemmri, til að afla gagna og gera ágríp dómskjala. Gagnáfrýjun skapar eigi rétt til sjálfstæðs frests í máli, að því er gagnsökin varðar.

## 42. gr.

Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra gera ágríp dómsgerða héraðsdóms og dómskjala, sem fram koma eftir áfrýjun máls, og leggja það ásamt dómsgerðum héraðsdóms fram á skrifstofu Hæstaréttar fyrir lok þess frests, er 41. gr. segir, í svo mörgum eintökum sem dóminum nægir, enda þarf eigi fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Nú er máli einungis áfrýjað til staðfestingar, og er nægilegt að leggja fram staðfest endurrit héraðsdóms, nema Hæstiréttur ákveði, að dómsgerðir skuli lagðar fram.

## 43. gr.

Nú er ástæða til að telja, að formgallar séu á máli, og er rétt að veita aðilum sérstakan styttn frest frá því, sem í 41. gr. segir, til stuttrar greinargerðar um það efni, þar sem greindar séu málsástæður og rök þeirra um formhlið málsins.

## 44. gr.

Ágripi samkvæmt 42. gr. skal fylgja samandregin og gagnorð greinargerð hvors eða hvers málsaðila, er geymi:

1. Kröfugerð hans í málinu, og sé gerð grein fyrir breytingum, er kunna að hafa orðið frá kröfugerð í héraði.
2. Sérstaka tilvísun til þeirra atvika, er eigi hafa áður verið nægilega rakin í málinu og héraðsdómi og aðili hyggst bera fyrir sig.
3. Nákvæma reikningsgerð, ef um hana er að tefla.
4. Upptalningu á sönnunargögnum og einkum þeim, er aflað hefur verið eftir uppsögu héraðsdóms.

## 45. gr.

Nú vill aðili bera fram kröfur og málsástæður umfram það, sem hann bar fram í héraði, og er Hæstarétti rétt að leyfa honum það, enda hafi hann áskilið sér það í stefnu, grundvelli máls sé eigi raskað, afsakanlegt sé, að þær voru eigi hafðar uppi í héraði, og það ylli aðila réttarspjöllum, ef eigi væri tekið tillit til þeirra.

## 46. gr.

Rétt er Hæstarétti, ef sérstaklega stendur á, að leyfa vitnaleiðslur þar fyrir dómi svo og yfirheyrslu aðila og matsmanna.

## 47. gr.

Er Hæstarétti hefur borizt ágríp máls samkvæmt 42. gr. og greinargerðir aðila samkvæmt 43. og 44. gr., ákveður forseti, hvenær mál skuli flytja, og tilkynnir hæstaréttarritari það aðilum eða umboðsmönnum þeirra með hæfilegum fyrirvara.

Málflutningur fyrir Hæstarétti skal vera munnlegur. Hæstarétti er þó rétt að ákveða skriflegan málflutning.

## 48. gr.

Flytja skal mál um formhlið máls, áður en efnishlið þess er tekin til meðferðar, nema Hæstiréttur ákveði, að málflutningur um formsatriði og efnis fari fram samtímis.

## 49. gr.

Málsmeðferð hefur á því, að stefna er lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi eða umboðsmaður hans frumræðu sína og les upp úr ágrípi það, sem máli skiptir. Því næst talar stefndi eða gagnáfrýjandi, eða umboðsmenn þeirra, og les á sama hátt úr ágrípi. Eigi skal aðili oftara tala en tvisvar. Er aðili flytur eigi mál sjálfur, er Hæstarétti rétt að leyfa honum að koma fram stuttum athugasemdum, eftir að umboðsmaður hans hefur lokið málflutningi.

Hæstiréttur getur ákveðið, að stefndi eða gagnáfrýjandi eða umboðsmenn þeirra hefji málflutning, enda sé aðilum með hæfilegum fyrirvara gert viðvart um þá skipan.

## 50. gr.

Forseti stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og að hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

## IV. KAFLI

## 51. gr.

Dóma og úrskurði skal kveða upp svo fljótt sem unnt er, þegar málflutningi er lokið.

## 52. gr.

Áður en dómur eða úrskurður er upp kveðinn í máli, skulu dómendur ræða með sér fyrir luktum dyrum ástæður og niðurstöður dóms eða úrskurðar, nema útvistardómur sé, og fer þá atkvæðagreiðsla fram. Atkvæði semur sá dómenda, sem forseti kveður til þess hverju sinni. Nú greinast dómendur í meiri og minni hluta, og ákveður meiri hlutinn þá þann dómara, er frumvarp að dómi semur, en minni hlutinn semur þá sératkvæði. Síðan gengur dómurinn í heild eða þeir, er sammála verða, ef ágreiningur verður, frá dómi eða úrskurði.

Forseti stýrir ráðagerðum, þer fram spurningar og telur atkvæði. Afl atkvæða ræður úrslitum.

## 53. gr.

Sá dómari, sem greitt hefur atkvæði með heimvísun máls, ómerkingu eða frávísun, en orðið í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni máls, eftir því, sem við á, og gildir það jafnt, hvort sem mál er flutt munnlega eða skriflega.

Öll atkvæði skal rita á sams konar arkir, er dómurinn leggur til, og skulu þær geymdar og innbundnar að lokum með sama hætti sem tíðkamt hefur.

## 54. gr.

Í dómi skal greina:

1. Nöfn aðila, heimili og stöðu, ef unnt er.
2. Greinargerð um kröfur aðila í einkamálum. Að því leyti sem greinargerð um málsatvik í hinni áfrýjuðu dómsathöfn þykir ábótavant, skal úr því bætt í forsendum hæstaréttardóms. Ef og að því leyti, sem niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar er breytt í Hæstarétti, skal hann rökstyðja breytinguna. Nú felst Hæstiréttur á niðurstöðu áfrýjaðrar dómsathafnar, en eigi á forsendur hennar, og greinir hann þá rök sín í forsendum.

## 55. gr.

Niðurlag dóms eða úrskurðar skal lesa upp í dómi í heyranda hljóði. Að því loknu skal þess getið, ef ágreiningur hefur verið um niðurstöðu, og lesa þá upp á sama hátt niðurlag ágreiningsatkvæðis.

Alla dóma Hæstaréttar og úrskurði og öll ágreiningsatkvæði skal orðrétt birta í dómasafni hans, enda fylgi hverju bindi af því rækileg efnisskrá. Sá af dómendum, sem dómurinn felur það, annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá fyrir þá þóknun, sem dómurinn ákveður.

## 56. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefur komið í máli og sannað er eða viðurkennt.

## 57. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í hæstaréttardóma, nema maður sé dæmdur til að vinna verk eða þola athöfn eða ástand. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómsgerðir Hæstaréttar skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans og nafni forseta.

Hæstaréttarritari undirritar dómsendurrit og önnur endurrit úr bókum eða skjölum dómsins.

## V. KAFLI

## 58. gr.

Meginreglum laga um meðferð mála í héraði skal beita í Hæstarétti, eftir því sem við á, enda sé eigi á annan veg mælt í lögum.

## VI. KAFLI

## 59. gr.

Rétt er Hæstarétti að leyfa samkvæmt umsókn aðila, að máli, sem dæmt hefur verið í Hæstarétti, sé tekið þar til meðferðar og dómsuppsögu að nýju, þá er sterkar líkur eru að því leiddar, að atvik málsins hafi eigi verið réttilega í ljós leidd í Hæstarétti, er málið var þar til meðferðar hið fyrra skipti, án þess að aðila sé um að kenna, og að hin nýju gögn muni leiða til breyttrar niðurstöðu í mikilvægum atriðum og svo að öll atvik annars liggi til þess, að slíkt leyfi sé veitt, þ. á m. að stórfelldir hagsmunir aðila séu í húfi.

Áður en leyfi samkvæmt 1. mgr. er veitt, skal veita gagnaðila færi á að láta uppi álit sitt.

Hæstarétti er rétt, meðan slíkt mál er þar til meðferðar, að fella niður verkanir dóms þess, sem um er að tefla, að nokkru leyti eða öllu, þó þannig, að trygging sé sett, ef þurfa þykir.

Eigi fær aðili afsalað sér réttarleið þeirri, er getur í grein þessari.

## VII. KAFLI

## 60. gr.

Nú er landsyfirrétti eða einstökum yfirdómara falið í lögum, sem enn eru í gildi, að framkvæma einhverja ráðstöfun, og kemur Hæstiréttur eða hæstaréttardómari í staðinn.

## 61. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1973. Ákvæði 13. gr., 16. gr., 3. og 4. mgr. 20. gr. og 36. gr. taka til mála, sem stefnt er til Hæstaréttar eftir þann tíma.

*Gjört í Reykjavík, 21. júní 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

9. júlí 1973.

249

Nr. 76.

## AUGLÝSING

### um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 9. júlí 1973 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

#### 1. gr.

32. gr. orðist svo:

#### A. Um frumskráningu stúdenta til náms.

Skráning nýrra stúdenta til náms fer fram ár hvert á tímabilinu 15. júlí til 1. ágúst og frá 1. desember til 15. desember. Háskólaráð getur þó ákveðið, að skráning fari fram 1. júlí til 15. júlí í stað 15. júlí til 1. ágúst. Háskólaráði er enn fremur heimilt að ákveða, að frestir séu skemmri um skráningu í þær deildir, þar sem aðgangur er takmarkaður, svo og að leyfa einstökum stúdentum skrásetningu á öðrum tímum en greinir hér að framan, ef sérstaklega stendur á. Beiðni um skrásetningu skal fylgja ljósrit eða staðfest endurrit af stúdentsprófsskírteini og önnur þau skilríki, sem nánar kann að verða kveðið á um af hálfu háskólaráðs. Mæla má svo fyrir, að stúdentar fylli út umsóknar-eyðublöð og láti þar í té ýmsar almennar upplýsingar, sem þörf þykir að fá. Þá skal og skrásetningargjald, sbr. C-lið, fylgja umsókn.

Skrásettur stúdent fær í hendur háskólaborgarabréf, sem rektor undirritar.

#### B. Um árlega skrásetningu stúdenta til náms.

Stúdentar, aðrir en þeir, sem frumskrásettir eru til náms á tilteknu ári, skulu láta skrásetja sig árlega á tímabili, er háskólaráð tiltekur að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að jafnaði í september. Nú er stúdent ekki á stúdentatali Háskólans, sbr. 26. gr. háskólalaga, og verður hann þá ekki skráður, nema hann sanni, að nafni hans sé ranglega sleppt í stúdentaskrá. Stúdentar hafa ekki rétt til að sækja fyrirlestra og æfingar og verða ekki skráðir til prófa, nema þeir séu skráðir í hinni árlegu skráningu. Þeir njóta ekki þeirra félagslegu fríðinda, sem því eru samfara að vera stúdent í Háskólanum, sbr. lög 33/1968, um Félagsstofnun stúdenta við Háskóla Íslands.

#### C. Um skrásetningargjald o. fl.

Skrásetningargjald, bæði við frumskráningu og árlega skrásetningu, er 2 200.00 krónur og skiptist þannig:

Til Félagsstofnunar stúdenta við Háskóla Íslands renna 1 300.00 krónur, til Stúdentaráðs Háskóla Íslands 600.00 krónur, en 300.00 krónur renna í sjóð er nefnist stúdentaskiptasjóður. Skal fé hans vera í vörzlu háskólaráðs, en stúdenta-

A 33

ráð tekur ákvarðanir um veitingu fjár úr sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra ríkja, eftir því sem nánar verður ákveðið í skipulagsskrá sjóðsins, sem háskólaráð og stúdentaráð setja, en staðfesta skal með venjulegum hætti.

Háskólaráði er heimilt að áskilja samkvæmt tillögu háskóladeildar, að nemendur greiði gjöld vegna þátttöku í námskeiði til þess að standa straum af sérstökum kostnaði, svo sem vegna efniskaupa.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 9. júlí 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

Árni Gunnarsson.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 17 — 1973

11. júlí 1973.

251

Nr. 77.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir vegna sameiningar Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Samgönguráðherra hefur tjáð mér, að undanfarna mánuði hafi staðið yfir viðræður milli fulltrúa Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f., með forystu trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar, um sameiningu flugfélaganna undir eina yfirstjórn. Muni slík breyting styrkja rekstursgrundvöll flugstarfseminnar, enda hafi samkeppni félaganna á einstökum flugleiðum valdið þeim tilfinnanlegu tjóni og sé því breyting nauðsynleg. Stjórnir félaganna beggja og hluthafafundir hafi fallið á samkomulagsgrundvöll trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar og sameinuð yfirstjórn beggja félaganna taki við 1. ágúst n. k. Hins vegar sé nauðsynlegt að veita nýju sameiginlegu félagi lagalegan starfsgrundvöll, þar sem félagsform það, sem æskilegast sé, vegna aðstöðu á alþjóðamarkaði, rúmist eigi að öllu leyti innan ramma gildandi hlutafélagalöggjafar. Einnig sé nauðsynlegt að veita félögunum tryggingu gegn margsköttun, sem af félagsforminu gæti leitt, og koma í veg fyrir þyngingu á skattabyrði hluthafa af eignarskatti, sem sameiningin gæti valdið, ef arður af hlutafé fer niður úr tilteknu lágmarki.

Ríkisstjórnin telji, að hér sé um mikilvægt mál að ræða, sem stuðlað geti að því að tryggja flugsamgöngur Íslendinga í framtíðinni og sé það forsenda af hálfu flugfélaganna, að sameiginlegu félagi verði tryggður lögformlegur starfsgrundvöllur, áður en til stofnunar slíks félags komi.

Beri því brýna nauðsyn til að leysa málið með setningu bráðabirgðalaga.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. skal, þrátt fyrir ákvæði 1. ml. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, sameiginlega heimilt að stofna hlutafélag, sem tekur við yfirstjórn allra eigna og reksturs hlutafélaganna.

#### 2. gr.

Hinu nýja hlutafélagi skal heimilt að eiga öll hlutabréf í Flugfélagi Íslands h.f. og Loftleiðum h.f. og skal þess ekki krafist, að stjórnarmenn Flugfélags Íslands h.f. eða Loftleiða h.f. séu hluthafar í þeim félögunum.

#### 3. gr.

Ákvæði 2. ml. 2. mgr. 31. gr. laga um hlutafélög, nr. 77/1921, skulu ekki gilda um Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f.



## 4. gr.

Híð nýja félag, Flugfélag Íslands h.f. og Loftleiðir h.f. skulu að því er varðar álagningu opinberra gjalda teljast einn skattaðili.

## 5. gr.

Árin 1974—1980, að báðum árum meðtöldum, skulu hlutabréf í hinu nýja félagi því aðeins teljast eignarskattskyld eign í hendi hluthafa, að arður, sem úthlutað var til greiðslu á skattárinu, hafi numið 3% eða meiru.

## 6. gr.

Tímatakmörkun sú á heimild til úthlutunar jöfnunarhlutabréfa sem ákveðin er með IV. lið ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. tl. 22. gr. laga nr. 7/1972, um breytingu á þeim lögum, skal ekki taka til úthlutunar hlutabréfa vegna hlutabréfaskipta í tengslum við aðild Flugfélags Íslands h.f. og Loftleiða h.f. að hinu nýja sameiginlega félagi.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. júlí 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 18 — 1973

---

16. júlí 1973.

253

Nr. 78.

## AUGLÝSING

um breyting á forsetaúrskurði frá 14. júlí 1971 um skipting starfa ráðherra.

Eftir tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands í dag gert þá breytingu á forsetaúrskurði frá 14. júlí 1971 um skipting starfa ráðherra, að Birni Jónssyni eru falin þau ráðherrastörf, sem Hannibal Valdimarssyni voru falin í nefndum úrskurði.

Þetta birtist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í forsætisráðuneytinu, 16. júlí 1973.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

9. júlí 1973.

Nr. 79.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 2. júlí 1973 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

### 1. gr.

Núverandi 44. gr. verður 46. gr. Á undan greininni kemur fyrir sögn: C. Tannlæknadeild. Greinin orðast svo:

**Kennsla, rannsóknir og nám í tannlæknadeild, svo og um stjórn deildarinnar.**

### A. Hlutverk deildarinnar.

1. Kennsla í tannlæknisfræði og skyldum greinum.
2. Rannsóknir í tannlæknisfræði og skyldum greinum.
3. Kennsla tannlæknakandidata, eftir því sem tilefni og ástæður gefast til.
4. Ráðgjöf um heilbrigðismál á sviði tannlækninga fyrir stjórnvöld.

### B. Inntökuskilyrði.

Auk almennra skilyrða í 29. og 31. gr. gilda eftirfarandi inntökuskilyrði:  
Af þeim stúdentum, sem innritast í tannlæknadeild og standast fyrsta árs

próf skulu jafnan sex þeir efstu á ári hverju öðlast rétt til áframhaldandi setu í deildinni.

Séu tveir eða fleiri með sömu einkunn og gera þarf upp á milli þeirra um rétt til áframhalds gildir stúdentsprófseinkunn.

Stúdentar, sem ekki ná setu í deildinni, mega endurtaka próf næsta ár eða láta fyrra próf gilda og keppa við nýstúdenta á jafnréttisgrundvelli.

### C. Stjórn deildarinnar.

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarforseta, deildarráðs og deildarfunda.

Deildarforseti hefur umsjón með störfum deildarinnar og er í forsæti á fundum, en varaforseti í forföllum hans. Deildarforseta skal kjósa á deildarfundum úr hópi prófessora til tveggja ára í senn. Varaforseti skal kosinn á sama hátt til tveggja ára.

Deildarráð skal vera deildarforseta til aðstoðar við afgreiðslu mála. Í því eiga sæti auk deildarforseta og varaforseta einn prófessor og einn kennari, sem rétt á til setu á deildarfundum. Enn fremur einn fulltrúi tannlæknanema tilnefndur til eins árs af aðalfundi félags þeirra.

Nýtt deildarráð tekur til starfa í upphafi skólaárs. Fundi skal halda í deildarráði eigi sjaldnar, en einu sinni á mánuði á kennslutímanum og oftast, ef þörf krefur. Deildarfundur getur þó komið í stað fundar í deildarráði að mati deildarforseta.

Deildarforseti boðar til deildarráðsfunda með dagskrá. Fundir eru því aðeins lögmætir, að minnst þrjár fulltrúar séu viðstaddir. Falli atkvæði jöfn í deildarráði ræður atkvæði deildarforseta úrslitum.

Deildarráð hefur úrslitavald í öllum málum, er deildina varða öðrum en þeim, er tilgreind eru í málsgrein um deildarfundum. Þá má vísa máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða minnst tveir deildarráðsmenn óska þess, og hefur þá deildarfundur úrslitavald í því máli.

Deildarforseti sér um að haldin sé fundargerðabók. Dagskrá og fundargerðir skulu sendar þeim, sem sæti eiga á deildarfundum.

Deildarfundur skal halda þegar tilefni er til, þó eigi sjaldnar en einu sinni á misseri. Þá skal boða til fundar, ef rektor eða minnst þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja þess.

Deildarfundum sitja fastráðnir kennarar deildarinnar, auk tveggja fulltrúa stúdenta, sem kosnir eru af aðalfundi félags þeirra.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra manna. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta, eða þess, er gegnir forsetastörfum. Deildarforseti skal boða til funda bréflega með dagskrá og viku fyrirvara.

Deildarfundur hefur úrslitavald í þeim málum, sem til hans kann að verða vísað frá deildarráði. Á honum er kosið í deildarráð og ákvörðun tekin um embættaveitingar. Enn fremur er þar tekin endanleg ákvörðun um tillögur varðandi breytingar á gildandi kennslufyrirkomulagi og námsreglum.

### D. Kennslutími.

Kennsluárið skiptist í tvö misseri.

Hautmisseri er frá 26. september til 27. janúar, þar af er kennslutími tólf vikur eða frá 26. september til 20. desember. Vormisseri er frá 28. janúar til 31. maí, þar af er kennslutími tólf vikur eða frá 28. janúar til 30. apríl. Halda má æfinganámskeið utan þess tíma.

Námsár frá innritun til lokaprófs eru sex, og skiptist námið í þrjá aðalhluta. Prófi skal lokið í fyrsta og öðrum hluta eigi síðar en fimm misserum eftir að nám er hafið í hvorum hluta. Heildarnámstími má ekki vera lengri en sjö og hálf ári hið lengsta.

Er frestur er útrunninn, skal má nafn stúdents af stúdentatali. Nú innritast hann að nýju, og er gildi fyrri prófa þá fallið. Undanþágu má þó veita vegna veikinda eða annarra forfalla, lögmatra að dómi deildarráðs, með samþykki háskólaráðs.

### E. Kennsla.

Kennslan fer fram í fyrirlestrum, samtölum, umræðuhópum, með sýningum og verklegum æfingum.

### Námsreglur.

Deildinni er heimilt, með samþykkt deildarfundar að setja reglur um skyldu stúdenta, meðan á námstíma stendur, til þess að ljúka tilteknum verkefnum, halda seminarerindi og skila ritgerðum um afmörkuð efni.

#### 2. gr.

Núverandi 45. gr. verður 47. gr. og orðast svo:

#### **Próf í tannlæknisfræði.**

Kandidatspróf í tannlækningum skiptist í þrjá aðalhluta:

#### **Prófgreinar fyrsta hluta:**

1. Efnafræði. Próf er skriflegt og verklegt. Hljóti stúdent lægri einkunn en 7 í skriflegri efnafræði, telst hann ekki hafa staðizt prófið.  
Stúdent skal hafa lokið prófi í efnafræði áður en hann segir sig til prófs í öðrum greinum fyrsta hluta. Einkunn í skriflegri efnafræði telst til aðaleinkunnar kandidatsprófs.
2. Lífisfræði og lífefnafræði. Einkunn ein.
3. Líffæra- og vefjafræði. Einkunn ein.

#### **Prófgreinar annars hluta:**

4. Preklinisk tannfylling. Tvær einkunnir, önnur fyrir fræðilega, hin fyrir verklega frammistöðu.
5. Preklinisk gervitannagerð. Tvær einkunnir, önnur fyrir fræðilega, hin fyrir verklega frammistöðu.
6. Formfræði tanna. Ein einkunn. Tekið er tillit til verklegrar frammistöðu.
7. Meinafræði og sýklafræði. Einkunn ein.
8. Lyfjafræði. Einkunn ein.

#### **Prófgreinar þriðja hluta:**

9. Tannfylling og „endodonti“. Tvær einkunnir, önnur fyrir fræðilega, hin fyrir verklega frammistöðu.
10. Heilgóma- og partagerð. Tvær einkunnir, önnur fyrir fræðilega, hin fyrir verklega frammistöðu. Próf venjulega háð í lok fimmta misseris í klinisku námi.

11. Krónu- og brúargerð. Tvær einkunnir, önnur fyrir fræðilega, hin fyrir verklega frammistöðu.
12. Sérhæfð handlæknisfræði. Tvær einkunnir, önnur fyrir fræðilega, hin fyrir verklega frammistöðu.
13. Tannholdssjúkdómar. Tvær einkunnir, önnur fyrir fræðilega, hin fyrir verklega frammistöðu.
14. Tannrétting. Tvær einkunnir, önnur fyrir fræðilega, hin fyrir verklega frammistöðu.
15. Barnatannlækningar. Tvær einkunnir, önnur fyrir fræðilega, hin fyrir verklega frammistöðu.
16. Röntgenfræði. Ein einkunn.
17. Almenn lyflæknisfræði. Ein einkunn.
18. Almenn handlæknisfræði. Ein einkunn.

Hljóti stúdent lægri einkunn en 7 í einhverjum hluta (fræðilegum eða verklegum) eftirtalinna greina, telst hann ekki hafa staðizt prófið. Þessar greinar eru 4, 5 og 9 til 15 að háðum meðtöldum.

Stúdent getur ekki hafið nám í klíniskum greinum fyrr en hann hefur staðizt próf í 4 og 5.

**3. gr.**

Núverandi 46. og 47. gr. verða 44. og 45. gr.

**4. gr.**

Í stað fyrirsagnarinnar „C. Lagadeild“ á undan 48. gr. kemur: **D. Lagadeild.** Bókstafsroð síðari deildakafla breytist til samræmis við það.

**5. gr.**

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 9. júlí 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Árni Gunnarsson.*

## VEGALÖG

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt niðurlagsákvæði laga nr. 99 28. desember 1972, um breyting á vegalögum nr. 23 16. apríl 1970, hef látið fella meginmál hinna fyrst nefndu laga og meginmál laga nr. 98 28. desember 1970, um breyting á sömu lögum, inn í vegalög nr. 23 16. apríl 1970 og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Orðið vegur merkir í lögum þessum akbraut, land og mannvirki, sem að staðaldri eru nauðsynleg, til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

Til vegar teljast því, auk vegstæðis og vegar, vegbekkir, skurðir, sneiðingar, fyllingar, ræsi, öryggisgrindur, biðstæði og umferðarljós.

Til vega teljast enn fremur brýr, jarðgöng og ferjubryggjur, svo og vetrarvegir.

##### 2. gr.

Opinber vegur er hver sá vegur, sem ætlaður er almenningi til frjálsrar umferðar og kostaður er af fé ríkis eða sýsluvegasjóðs.

##### 3. gr.

Veghald merkir vegagerð og viðhald vega.

Veghaldari er sá aðili, er sér að öllu leyti um veghald.

##### 4. gr.

Ákvæði laga þessara um vegagerð gilda einnig um breikkun, breytingar og umbætur vega, nema annað sé ákveðið í lögum eða leiði af eðli málsins.

##### 5. gr.

Þegar vegagerð er ákveðin samkvæmt mældri veglinu og fé veitt til hennar, skulu ákvæði laga þessara taka gildi um vegalagninguna, að svo miklu leyti sem við á.

##### 6. gr.

Lög þessi gilda ekki um götur í kaupstöðum eða kauptúnum, nema sérstaklega sé ákveðið í lögnum.

#### II. KAFLI

##### Um stjórn vegamála og veghald.

##### 7. gr.

Ráðherra sá, er fer með samgöngumál, hefur yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamálastjóra, er veitir Vegagerð ríkisins forstöðu, en ráðherra skipar honum verkfræðinga og aðra starfsmenn eftir þörfum, að fengnum tillögum hans.

**8. gr.**

Vegagerð ríkisins er veghaldari allra opinberra vega samkvæmt lögum þessum.

**9. gr.**

Heimilt er Vegagerð ríkisins að fela hlutaðeigandi sveitarstjórn að nokkru eða öllu leyti lagningu og viðhald þeirra gatna í borgum, kaupstöðum eða kaup-túnunum, sem teljast þjóðvegir, samkv. reglugerð, sbr. 30. gr., svo og sýslunefndum að annast sýsluvegi á sama hátt.

Nú er heimild 1. mgr. notuð, og skal þá Vegagerð ríkisins hafa eftirlit með, að lagning og viðhald vega þeirra eða gatna, sem um er að ræða, sé framkvæmt á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðar ríkisins, skal hún gefa sveitarstjórn fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests.

**III. KAFLI****Um vegáætlun.****10. gr.**

Vegamálastjóri semur tillögur að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.

Er vegáætlun hefur gilt í tvö ár, skal samin ný áætlun fyrir fjögur næstu ár, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

**11. gr.**

Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir, svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda. Enn fremur áætlaður kostnaður við vega-viðhald og annar kostnaður Vegagerðar ríkisins á sama tímabili.

Í vegáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðuð áætlun um heildarkostnað hvers mannvirkis, kostnað þess á öllu áætlunartímabilinu og á hverju ári þess.

**12. gr.**

Í vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir:

- Hraðbraut A:** Vegur, þar sem innan 20 ára má búast við yfir 10 þúsund bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina. Skal stefnt að fjórfaldri akbraut með varanlegu slitlagi.
- Hraðbraut B:** Vegur, þar sem innan 10 ára má búast við 1000—10000 bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina. Skal stefnt að tvöfaldri akbraut með varanlegu slitlagi.
- Þjóðbraut:** Vegur, sem nær til 1000 íbúa svæðis. Skal stefnt að malarvegi með tvöfaldri akbraut.
- Landsbraut:** Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarendu. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kauptúni. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

**13. gr.**

Í reglugerð skulu settar reglur um gerð þjóðvega í hverjum flokki, svo sem um breidd vega, fjarlægð skurða og girðinga, burðarþol og önnur tæknileg efni.

## 14. gr.

Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun, samkv. 10. gr., svo fljótt eftir þingsetningu sem auðið er.

Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

## 15. gr.

Ráðherra skal leggja fyrir hvert reglulegt Alþingi skýrslu um framkvæmd veg-áætlunar.

## 16. gr.

Heimilt skal ráðherra að ákveða, að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðið skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, ef til hefur komið tjón á vegum, t. d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.

## 17. gr.

Vegamálastjóri semur, í samráði við sýslunefndir, framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi, til fjögurra ára í senn.

Er sýsluvegaáætlun hefur gilt í tvö ár, skal samin ný áætlun fyrir næstu fjögur ár, þannig að ávallt sé fyrir hendi gildandi áætlun fyrir a. m. k. tvö ár.

Sýsluvegaáætlun öðlast gildi, er sýslunefnd hefur samþykkt hana og samgöngu-ráðherra staðfest hana.

## 18. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda, eftir því sem við getur átt, um sýsluvegi.

## IV. KAFLI

## Um sýsluvegi.

## 19. gr.

Í hverri sýslu skal vera sýsluvegasjóður. Sýslunefndir gera samþykktir fyrir sýsluvegasjóði, og öðlast þær gildi, er ráðherra hefur staðfest þær.

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Í tölu sýsluvega skulu vera:

- Vegir að öllum býlum, sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi.
- Vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum.
- Vegir í þorpum með undir 300 íbúum.
- Heimilt er sýslunefnd að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, eyðibýlum, fjallskilaréttum og bryggjum.
- Heimilt er í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afréttar- og beitilanda.

Í tölu sýsluvega samkvæmt a-lið þessarar greinar má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

## 20. gr.

Kostnaður við lagningu og viðhald sýsluvega greiðist af fé sýsluvegasjóðs, sbr. þó 52. gr.

## 21. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á. Ákveður



sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

## 22. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

## 23. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaптúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 0.3 af þúsundi af fasteignamatsverði mannvirkja, en 0.6 af þúsundi af fasteignamatsverði landa og lóða.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

## 24. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagsheimili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

## 25. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

## 26. gr.

Í kaптúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til veg- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

## 27. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt ákvörðun 17. gr. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

## 28. gr.

Af tekjum vegamála skv. XIV. kafla laga þessara skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan því ári, er fjárlög eru samin.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkisframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd

þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a—c-lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

## V. KAFLI

### Um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum.

#### 29. gr.

Í kaupstöðum skulu götur og vegir lagðir þar sem ákveðið er í skipulagsuppdrætti. Í kauptúnum gildir sama, ef skipulagsuppdráttur hefur verið gerður, ella ákveður hreppsnend, hvar götur og vegir skuli liggja innan kauptúnsins.

Sveitarstjórn ákveður um gerð gatna og vega.

#### 30. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum vegamálastjóra, að svo miklu leyti sem vegáætlun mælir ekki fyrir um, hvaða vegir í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, skuli teljast þjóðvegir. Við samningu tillagna sinna skal vegamálastjóri leita álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar og skipulagsnefndar ríkisins.

Við ákvörðun á því, hvaða vegir skuli teljast þjóðvegir samkvæmt þessum kafla, skal miðað við eftirfarandi:

- 1) Eðlilegt samhengi vegakerfisins sé ekki rofið.
- 2) Um sé að ræða helztu umferðarleið um viðkomandi byggðarlag, sé um margar leiðir að velja.
- 3) Greið leið fáist að þeim stöðum byggðarlagsins, sem mikilvægastir eru fyrir at-hafnalíf staðarins, ef vegurinn endar þar.

#### 31. gr.

Áður en vegagerð hefst, skal sveitarstjórn láta gera tæknilega og fjárhagslega áætlun um verkið, og er hún háð samþykki vegamálastjóra.

#### 32. gr.

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda. Skal árlegt framlag vera  $12\frac{1}{2}$  af hundraði af heildartekjum vegamála það ár samkv. XIV. kafla laga þessara. Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir.

Nú hefur verið ákveðið í reglugerð, hvaða götur teljist þjóðvegir innan kaupstaða eða kauptúna, og skal þá hluta viðkomandi sveitarfélags samkv. 1. mgr. ein-göngu varið til lagningar þeirra og viðhalds.

Greiða má af hluta sveitarfélags kostnað vegna kaupa á fasteignum í þágu þjóðvegar samkv. þessum kafla laganna.

Kostnað við holræsi, færslur á leiðslum, gangstéttir, umferðarljós, götulýsingu og því um líkt greiðir hlutaðeigandi sveitarfélag.

Þegar lagningu vega samkv. 2. mgr. er lokið að dómi vegamálastjóra, skal sveitarstjórn verja sínum hluta fjárframlags samkv. 1. mgr., að frádrögnum viðhaldskostnaði þjóðveganna, til annarrar varanlegrar gatnagerðar.

#### 33. gr.

Vegagerð ríkisins lítur eftir viðhaldi þjóðvega samkvæmt þessum kafla.

Nú telur vegagerðin, að viðhald þjóðvegar sé vanrækt, og ekki fæst úr því bætt, og ætur þá vegagerðin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald, sem kostað skal af ríkisframlagi til byggðarlagsins.

## 34. gr.

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 10 af hundraði, og skal því fé ráðstafað eftir tillögu vegamálastjóra til að flýta framkvæmdum þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfangum, eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.

## 35. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um eftirlit með því, að fé því, sem sveitarfélögum er veitt samkv. 32. gr., sé varið á þann hátt, sem lögin gera ráð fyrir.

## 36. gr.

Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald, annarra vega en þjóðvega, í kaupstöðum, greiðist úr bæjarsjóði, en í kauptúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

## VI. KAFLI

## Um einkavegi.

## 37. gr.

Einkavegir eru þeir vegir, sem ekki teljast þjóðvegir, sýsluvegir eða fjallvegir, liggja utan skipulagsskyldra svæða og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

## 38. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna einkavega, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum X. kafla.

Ráðherra getur bundið eignarnámsheimild fyrir einkavegi samkv. 1. mgr. viss-um skilyrðum, svo sem um gerð og frágang vegarins, umferðarrétt um hann, viðhald og tengingar við opinbera vegi.

## 39. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta samkv. 38. gr., en getur krafist þann, sem bætur á að greiða, um tryggingar, sem gildar eru metnar, þar á meðal fyrir matskostnaði.

## 40. gr.

Þegar einkavegur er notaður sem umferðarleið að fleiri eignum en einni, eru allir eigendurnir skyldir að halda veginum við, í hlutfalli við not þeirra af honum. Ákvæði þetta breytir í engu áunnum réttindum eða ákvörðunum um viðhald vegarins. Viðhaldsskyldu geta eigendur uppfyllt með því að láta í té efni eða vinnu eða með fjárframlögum.

Það er hér hefur verið ákveðið um viðhald einkavega, skal við sömu aðstæður gilda um endurbætur og endurbyggingu vegar.

## 41. gr.

Nú verða þeir, sem einkaveg nota, ekki á eitt sáttir um, hverjir hafi rétt til nota af veginum eða um greiðslu viðhaldskostnaðar, og getur þá hver þeirra krafist mats samkvæmt reglum 60. gr.

Þegar  $\frac{2}{3}$  þeirra, sem afnotarétt hafa af veginum, eru sammála um, hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum, eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hina, þar á meðal að kostnaður skuli að einhverju eða öllu leyti greiðast af umferðargjaldi.

Þegar skipting kostnaðar hefur verið ákveðin með samkomulagi eða mati, getur endurskoðun ekki farið fram, fyrr en liðin eru 5 ár frá síðustu ákvörðun, nema réttthafar séu sammála um annað.

Útgjöldum, sem einn eða fleiri réttthafar hafa haft af viðhaldi og ekki hefur verið skipt, er ekki hægt að krefjast skipt með matsgjörð, eftir að liðin eru 3 ár frá því að stofnað var til þeirra.

## 42. gr.

Meiri hluti réttthafa getur ákveðið, að réttthafar velji stjórn eða eftirlitsmann með veginum, til þriggja ára í senn.

Stjórn vegarins eða eftirlitsmaður skal sjá um, að viðhaldsskyldu sé fullnægt, eins og til er tekið í mati eða samkomulagi, og sker úr ágreiningi í því sambandi.

Stjórn eða eftirlitsmaður getur bannað umferð um veginn til að forða veginum frá skemmdum. Vanræki einhver, sem til þess er skyldur, að halda veginum við að sínum hluta, getur stjórnin látið framkvæma viðhald á hans kostnað.

## 43. gr.

Einkavegir, sem opnir eru fyrir almenna umferð, eru háðir eftirliti Vegagerðar ríkisins, bæði að því er varðar gerð og viðhald. Virðist vegagerðinni vegi áfátt í því efni, þannig að hætta geti stafað af, skal tafarlaust tilkynna það viðkomandi lögreglustjóra og gera tillögur til úrbóta. Lögreglustjóri getur skyldað eiganda að framkvæma úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn, þar til bót hefur verið á ráðin.

## VII. KAFLI

## Um fjallvegi, ferjuhald, sæluhús o. fl.

## 44. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir og skulu taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.

## 45. gr.

Kostnaður við fjallvegi greiðist úr ríkissjóði, samkvæmt vegáætlun.

## 46. gr.

Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkv. vegáætlun eða á annan hátt.

## 47. gr.

Kostnað við bifreiðiferjur til flutnings yfir vötn eða firði og við lendingarbætur og bryggjur í sambandi við þær er heimilt að greiða úr ríkissjóði og telja með öðrum kostnaði vegamála.

## 48. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er. Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjum haldi lögferjum vel við og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Ekki má sýslunefnd hækka lögferjugjöld né afnema lögferju, nema með samþykki vegamálastjóra.

Nú samþykkir sýslunefnd að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki hlíta samþykkt sýslunefndar, og skal þá málinu skotið til úrskurðar vegamála-  
stjóra.

## 49. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafist þess, að ferjan sé lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöld skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhöllum, dómkvöddum mönnum.

## 50. gr.

Nú verða ábúendaskipti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sé metið álag á ferjuna.

## 51. gr.

Sæluhús skal gera á fjallvegum og annars staðar þar, er þurfa þykir, og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með viðhaldskostnaði.

## VIII. KAFLI

## Um greiðslu brúargerðarkostnaðar á sýslu-, einka- og fjallvegum.

## 52. gr.

Kostnaður við brýr á sýsluvegum greiðist þannig:

- 1) Kostnaður við brýr styttri en 4 m telst með vegagerðarkostnaði.
- 2) Kostnað við brýr yfir 4—10 m haf má greiða úr ríkissjóði að  $\frac{1}{4}$  hluta og úr sýsluvegasjóði að  $\frac{3}{4}$  hlutum.
- 3) Kostnað við brýr yfir 10 m haf eða lengra má greiða að fullu úr ríkissjóði.
- 4) Kostnað við viðhald brúa á sýsluvegum skal telja með viðhaldskostnaði sýsluvega.

## 53. gr.

Kostnað við brýr á einkavegum yfir 4 m haf og lengra má greiða allt að hálfu úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

## 54. gr.

Kostnað við brýr á fjallvegum má greiða að öllu leyti úr ríkissjóði.

## IX. KAFLI

## Um bráðabirgðaafnot lands.

## 55. gr.

Vegagerð ríkisins er heimilt að framkvæma rannsóknir og byrjunarathuganir, sem nauðsynlegar eru við undirbúning vegagerðar, á hvaða landi sem er. Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem vegagerðin hefur sett til að marka mælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hennar. Leit að efni til vegagerðar má vegagerðin gera hvar sem vera skal.

## 56. gr.

Vegagerð ríkisins eru heimil afnot lands fyrir geymslu efnis og fyrir bæki-  
stöðvar vinnuflokka við lagningu eða viðhald vegar.

## 57. gr.

Skylt er landeiganda að leyfa, að vatni, sem veita þarf frá vegi, sé gerð framrás um land hans.

Til framkvæmdar vetrarviðhaldi má vegagerðin ryðja snjó af vegi út fyrir veginn, ef með þarf.

## 58. gr.

Um bætur fyrir bráðabirgðaafnot lands fer eftir ákvæðum X. kafla, eftir því sem við á.

## X. KAFLI

## Um eignarnám, jarðrask, átroðning o. fl.

## 59. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa, að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sé krafizt og álitid verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og eignarnám vegna vegar teljast með kostnaði vegarins. Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp sár, sem myndast á grónu landi við vegafamkvæmdir.

## 60. gr.

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnað við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið, en því, sem hann hefur krafizt, ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annar hvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan mánaðar frá því matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur dómkvöddum mönnum.

## 61. gr.

Mat skal fara fram á vettvangi, þá er jörð er snjólaus. Við matið skal taka tillit til árlegs afrakstrar af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja, og athuga vandlega allt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal. Sérstaklega skal taka tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina. Nú leggst eldri stígur eða vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegarstæði eða götutroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir eignarnám lands fyrir hinn nýja veg eða jarðrask, er leiðir af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri vegi eða stíg.

## 62. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5 af hundraði árlega af skaðabótaupphæð-

inni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var, þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemmdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sérstaklega.

## 63. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá því er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

## XI. KAFLI

## Um viðhald og reglur fyrir umferð á opinberum vegum.

## 64. gr.

Þegar vegur er fullgerður eða almenn umferð hefur verið leyfð um hann, skal honum haldið við, eftir því, sem aðstæður leyfa, þannig að hann gegni sem bezt hlutverki sínu.

## 65. gr.

Vegagerðin skal, svo fljótt sem við verður komið, eftir að hún hefur fengið vitneskju um vegaskemmdir, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði, þar til viðgerð hefur farið fram.

Vegagerð ríkisins er ekki ábyrg fyrir tjóni, sem hljótast kann af slysum á opinberum vegum, nema um sé að ræða stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna hennar og sannað sé, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt ýrtruðu varkárni.

## 66. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri, og skal þá telja þann kostnað með öðru viðhaldi vegarins. Heimilt er vegamálastjóra að binda slíkt vetrarviðhald því skilyrði, að allur slíkur kostnaður eða nokkur hluti hans verði endurgreiddur með framlagi úr héraði, sé um þjóðveg að ræða. Sömu heimild hefur sýslunefnd, að því er sýsluvegi snertir.

## 67. gr.

Vegamálastjóri getur sett þær reglur fyrir umferð, sem nauðsynlegar eru, til þess að girða fyrir skemmdir á vegum eða til þess að greiða fyrir umferð, svo sem um hámarksþunga bifreiða, er fara mega um ákveðna vegarkafla.

Vegamálastjóri getur enn fremur bannað umferð ökutækja þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegum. Einnig getur vegamálastjóri bannað alla umferð ökutækja um vegi, sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum, þar til viðgerð er lokið.

## XII. KAFLI

## Um öryggi vega o. fl.

## 68. gr.

Heimilt er vegamálastjóra að banna, að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar, sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi í allt að 3 árum hverju sinni.

## 69. gr.

Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlinu landsbrauta, 20 m frá miðlinu þjóðbrauta og 30 m frá miðlinu hraðbrauta. Verði ágreiningur um, hvar

miðlína vegar muni verða, sker vegamálastjóri úr. Þar sem þjóðvegur liggur um skipulagt svæði, skal fjarlægð bygginga frá vegi ákveðin í samræmi við skipulag.

Vörupalla eða vöruskýli vegna mjólkurflutninga skal heimilt að setja nær vegi en um getur í 1. mgr., þó ekki nær en svo, að bifreið geti staðnæmzt við skýlið utan akbrautar.

Loflínur má ekki strengja yfir veg, nema lægsti hluti línu sé a. m. k. 5 metra frá yfirborði vegar.

#### 70. gr.

Vegamálastjóri getur ákveðið, að fjarlægð mannvirkja frá vegi, samkvæmt 69. gr., skuli aukin. Enn fremur getur vegamálastjóri leyft, að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda sé ekki um varanleg mannvirki að ræða, en slík leyfi eru þó ætíð afturkallanleg.

#### 71. gr.

Óheimilt er að reisa mannvirki, nema með leyfi vegamálastjóra, við vegamót á svæði, sem takmarkast af beinum línunum milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Vegamálastjóri getur, ef sérstaklega stendur á, fært út mörk þessi, allt að 150 m.

#### 72. gr.

Óheimilt er að grafa framræsluskurði nær vegi en 15 m frá vegmiðju landsbrautar eða þjóðbrautar og 30 m frá miðju hraðbrautar. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi vegagerðarinnar.

#### 73. gr.

Óheimilt er að gera skurði eða önnur mannvirki, sem aukið geta vatnsrennsli í vegskurðum, án leyfis vegagerðarinnar. Enn fremur er óheimilt að leiða holræsi úr íbúðarhúsum, verksmiðjum eða þess háttar í vegskurði. Bannað er og að kasta sorpi eða hvers konar úrgangi á vegi, í vegskurði eða svo nærri vegum, að til lýta sé eða óþæginda.

#### 74. gr.

Girðingar má ekki setja nær vegi en ákveðið er í reglugerð samkvæmt 13. gr. laga þessara.

#### 75. gr.

Um grjótgarða, torfgarða og skíðgarða gilda ákvæði 69. gr.

#### 76. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis vegamálastjóra, nema um einkaveg sé að ræða. Sama bann gildir þar sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarábúanda, hvar mælt hefur verið.

#### 77. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 4 metrar á breidd, þannig gerð, að hún haldist opin af sjálfu sér, meðan ekið er um hliðið. Skylt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

Vegamálastjóra er heimilt að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum.

#### 78. gr.

Skylt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bargað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt, er vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess, sem að réttu ber að halda girðingunni við.



Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður, ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjó-mokstri.

## 79. gr.

Nú liggur vegur, stigur eða göturoðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar, samkv. 1. mgr., má leggja undir úrskurð vegamála-stjóra.

## 80. gr.

Nú er lagður vegur gegnum land manns, og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum, a. m. k. á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa í veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og skal hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minnsta kosti 3 metra breiða. Landeigandi skal birta vegagerðinni kröfu sína í þessu efni, áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal aðgangur gerður þar eða svo nálægt, sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi vegagerðinni eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu en þeim eina, sbr. þó 81. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um hraðbrautir.

## 81. gr.

Óheimilt er að tengja einkavegi þjóðvegum, nema leyfi vegamálastjóra komi til.

## XIII. KAFLI

## Um skemmdir á mannvirkjum o. fl.

## 82. gr.

Enginn má stífla skurði meðfram vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það, er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi, eða veita vatni á veg.

## 83. gr.

Enginn má skemma nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr, ferjur, háskamerki eða önnur leiðbeiningarmerki, vörður eða sæluhús.

Skemmist eitthvert slíkt mannvirki við árekstur bifreiðar, er bifreiðarstjóra skylt að tilkynna það þegar vegamálastjóra eða umsjónarmanni vegarins eða lög-reglustjóra. Skal sá, er valdið hefur árekstrinum, skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

## 84. gr.

Hver sá, sem notar sæluhús, skal ganga þriflega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum, svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

## XIV. KAFLI

## Um fjáröflun til vega- og gatnagerðar o. fl.

## 85. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 9.87 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzinbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

## 86. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum og gúmmislöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema kr. 45.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmislangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

## 87. gr.

Árlega skal greiða þungaskatt sem hér segir:

- a. Af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, kr. 108.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra.
- b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín:

Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 27 500.00.

Fyrir bifreiðar, 2001 kg og þyngri, greiðast kr. 27 500.00 og auk þess kr. 950.00 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að ökumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli. Gjald þetta má vera lægra fyrir fólksflutningabifreiðar en aðrar bifreiðar.

Í reglugerð getur ráðherra ákveðið allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og fyrir kílómetragjald, svo og kveðið á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni.

Ráðherra er enn fremur heimilt að ákveða, að þungaskattur, sem greiða skal fyrir hvern ekinn kílómetra, skuli endurgreiddur að vissu marki, fyrir tímabilið frá 1. nóvember til 30. apríl, ef um er að ræða sérleyfisbifreiðar til mannflutninga, sem ekið er samkvæmt áætlun í leiðabók, enda fari meðalsætanýting á þessu tímabili ekki fram úr 20 af hundraði.

- c. Af bifhjólum kr. 450.00.
- d. Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð, að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í festi- og tengivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira. Á sama hátt er ráðherra heimilt að ákveða, að tiltekinn þungaskatt skuli greiða fyrir hvern kílómetra, sem þessum festi- og tengivögnum er ekið, kveða á um gerð og frágang mæla, viðgerðir þeirra og eftirlit, gjalddaga og innheimtu þungaskatts og viðurlög við brotum. Þungaskatt af festi- og tengivögnum má ákveða hærri en þungaskatt af bifreiðum.
- e. Ráðherra er heimilt að ákveða, að endurgreiða skuli allt að 15% þungaskatts samkvæmt ökumæli, sem til fellur umfram 30 000 km akstur á ári og að 45 000 km, en 25% umfram 45 000 km akstur á ári.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

## 88. gr.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts samkv. a- eða b-liðum 87. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er fjármálaráðherra setur, að

bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

## 89. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt lögum þessum skal, auk þeirra gjalda, sem um getur í 85—87. gr., veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum.

## 90. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu gjalda samkvæmt 85—87. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af benzíni, er miðist við sölu birgða.

## 91. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í 87. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, þó 15. maí árið 1964 og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmarkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur, og gildir það einnig um árið 1964. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal sleppt. Lækka skal eða endurgreiða skatt samkvæmt 87. gr., að réttu tiltölu, ef skattskyld bifreið hefur ónýtt eða skrásetningarmarki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði, þannig að meira en hálfur mánuður reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt. Kröfur um endurgreiðslu samkvæmt framansögðu skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður. Ef um dísilbifreið er að ræða, nægir þó, að skrásetningarmarkið sé til geymslu hjá lögreglustjóra í 30 daga samfellt.

Greiðsluskyldan hvílir á þeim, sem skráður er eigandi bifreiðarinnar í ársbyrjun, svo og þeim, sem síðar á skattárinu kunna að verða eigendur hennar.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni þungaskattur fyrir yfirstandandi skattár, svo og skoðunargjald og váttryggingargjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarmarki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld af bifreiðinni séu greidd til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og váttryggingargjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

## 92. gr.

Sama gjald af benzíni og segir í 85. gr. skal greiða af öllum benzínbirgðum innflytjenda, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sömuleiðis af birgðum einstakra manna eða félaga. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða, hvort heldur benzínið er í vörzlu eiganda sjálfs eða ekki.

Hver sá, er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af benzíni eða meiru þann dag, er lög þessi ganga í gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur.

Sama gjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar og segir í 86. gr. skulu innflytjendur og heildverzlanir greiða af öllum birgðum sínum, þá er lög þessi ganga í gildi.

Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzininnflytjendum og benzín-sólum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna, áður en lög þessi ganga í gildi.

#### 93. gr.

Innheimtu gjaldsins annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem fjármálaráðuneytið skipar fyrir.

#### 94. gr.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð sett ákvæði um endurgreiðslu á innflutningsgjaldi af benzíni, er sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

#### 95. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr.

#### 96. gr.

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið til vega- og gatnagerðar, að frá-dregnum hálfum hundradshluta, er varið skal til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn vegamálastjóra.

### XV. KAFLI

#### Um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

#### 97. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögnum, varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri hegning liggja við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

#### 98. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

### XVI. KAFLI

#### Niðurlagsákvæði.

#### 99. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin lög: Vegalög, nr. 23 16. apríl 1970, með síðari breytingum, nr. 98 28. desember 1970 og nr. 99 28. desember 1972.

brúalög, nr. 37 14. apríl 1954, og lög um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr 102 19. júní 1933, með áorðnum breytingum nr. 50 17. maí 1947 og nr. 37 23. maí 1959, lög um Austurveg, nr. 32 23. apríl 1946, l. nr. 68 25. maí 1949, um bifreiðaskatt o. fl., með áorðnum breytingum, nr. 65 5. desember 1958 og 17. gr. l. nr. 4 20. febrúar 1960, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

100. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 10. júlí 1973.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Hannibal Valdimarsson.*

10. ágúst 1973.

273

Nr. 81.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands,  
nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 7. ágúst 1973 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

### 1. gr.

56. gr. b. breytist sem hér segir:

Liður b. 2. Deildarráð: Í lok 3. síðustu málsgreinar komi ný setning, svo hljóðandi: Deildarráð skal enn fremur fylgjast með þörfum þjóðfélagsins fyrir menntun á fræðasviðum deildarinnar.

Liður b. 5 Námsnefnd orðist svo:

Í námsnefnd eiga sæti varaforseti deildarinnar og einn fastur kennari kosinn af deildarráði svo og tveir stúdentar kosnir af félagssamtökum þeirra. Varaforseti er formaður nefndarinnar. Þegar fjallað er um málefni, er nefndin telur, að varði einstaka skor, eiga enn fremur sæti í nefndinni tveir fulltrúar þeirrar skorar, annar úr hópi fastra kennara hennar, kosinn af stjórnarnefnd skorarinnar, en hinn úr hópi stúdenta, kosinn af félagssamtökum þeirra.

Kosning fulltrúa í námsnefnd fer fram í upphafi kennsluárs, og tekur ný námsnefnd þá til starfa.

Námsnefnd er heimilt að kveðja á fundi sína einstaka kennara og fulltrúa stúdenta, ef þurfa þykir, en ekki hafa þeir atkvæðisrétt.

Verkefni námsnefndar er að fylgjast með kennslufyrirkomulagi í deildinni og aðbúnaði til kennslu og náms og gera tillögur til úrbóta, ef hún telur þess vera þörf. Einnig skal hún semja umsagnir um tillögur, er henni berast, sem varða bæði kennara og stúdenta og lúta að námsskipan í deildinni.

Þeir kennarar, sem sæti eiga í námsnefnd, skulu veita stúdentum upplýsingar um námsleiðir og samval námsgreina hver á sínu sviði.

### 2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 10. ágúst 1973.*

**F. h. r.**

**Birgir Thorlacius.**

# STJÓRNARTÍÐINDI A 20 — 1973

Nr. 82.

274

14. september 1973.

## FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar, miðvikudaginn 10. október 1973.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 10. október 1973.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 14. september 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

Nr. 83.

18. september 1973.

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að fyrir dyrum standi að taka erlent lán til þeirra framkvæmda, sem ráðgerðar hafa verið í samræmi við framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ríkisstjórnarinnar árið 1973, og vegna kaupa á skuttogurum. Heimildir til slíkrar lántöku eru í ýmsum lögum en vegna lánsútboðs er talið nauðsynlegt að sameina þær heimildir í eina löggjöf og samræma fyrirhuguðu lánsútboði. Markaður til þessarar lántöku hafi verið óstöðugur undanfarið, en sé nú talinn með hagstæðara móti og ekki hættandi á að draga lántökuna. Því beri brýna nauðsyn til að afla þegar í stað fullnægjandi lagaheimilda til lántökunnar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 1 400 m.kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

2. gr.

Af lánsfjárhæðinni skulu 800 m.kr. endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands í samræmi við framkvæmdaáætlun en að öðru leyti skal henni ráðstafað skv. gildandi lagaheimildum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört á Tjörn í Svarfaðardal, 18. september 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*



# STJÓRNARTÍÐINDI A 21 — 1973

---

---

Nr. 84.

276

30. október 1973.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 46/1973, um kjarasamninga  
opinberra starfsmanna.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Frestir þeir, sem um ræðir í 14. og 16. gr. laga nr. 46/1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, breytast þannig, að ágreiningur milli aðila gangi til Kjara-dóms 15. desember 1973 og Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefnið eigi síðar en 15. febrúar 1974.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. október 1973.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

Nr. 85.

24. september 1973.

## AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, fór í dag til Svíþjóðar til þess að vera viðstaddur útför Gústafs VI. Adolfs konungs Svíþjóðar.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Í forsætisráðuneytinu, 26. september 1973.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, dr. Kristján Eldjárn, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 24. september 1973.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Guðmundur Benediktsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 22 — 1973

Nr. 87.

278

2. nóvember 1973.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 73 25. nóvember 1952, um tilkynningar aðseturskipta.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Maður, sem dvalist hefur hér á landi án þess að vera tilkynningarskyldur samkvæmt ákvæðum þessara laga, skal tilkynna aðsetur sitt innan 7 daga, ef hann dvelst áfram í landinu eftir brottfall þeirra atvika, sem gerðu hann undanþeginn tilkynningarskyldu.

#### 2. gr.

Fyrri málsgrein 17. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum 500—10 000 kr. Sektarfé vegna brota, sem Hagstofa Íslands kærir, rennur í ríkissjóð, en sektarfé vegna brota, sem sveitarstjórn kærir, rennur í viðkomandi sveitarsjóð.

#### 3. gr.

Aftan við 18. gr. laganna komi bráðabirgðaákvæði, svo hljóðandi:

Þeir, sem samkvæmt gögnum þjóðskrár áttu lögheimili í Vestmannaeyjum hinn 22. janúar 1973, skulu skráðir með lögheimili þar 1. desember 1973, nema þeir lýsi sig heimilisfasta annars staðar, með tilkynningu á sérstöku eyðublaði, útgefnu af Hagstofunni, eða á annan ótvíræðan hátt að hennar dómi. Slík tilkynning skal berast þjóðskránni eigi síðar en 28. nóvember 1973.

Fyrirmæli fyrri málsgreinar breyta engu um gildi ákvæða í 10.—13. gr. þjóðskrárlaga, nr. 54/1962.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. nóvember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

Stjórnartíðindi A 22, nr. 87. Útgáfudagur 2. nóvember 1973.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 23 — 1973

---

7. nóvember 1973.

279

Nr. 88.

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

3. gr., 1. mgr., orðist svo:

Rektor er kjörinn til þriggja ára í senn, og eru prófessorar einir kjörgengir. Atkvæðisrétt eiga prófessorar og aðrir þeir, sem fastráðnir eru til fulls kennslustarfs. Þá eiga atkvæðisrétt fulltrúar stúdenta í háskólaráði og tveir fulltrúar stúdenta á fundum háskóladeilda og námsbrautar í almennum þjóðfélagsfræðum, svo og formaður og varaformaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 7. nóvember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Magnús T. Ólafsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, nr. 50/1971, nr. 101/1972 og nr. 74/1973.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Við lög in bætist svo hljóðandi:

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Meðan í gildi er samkomulag um lausn á fiskveiðideilu milli Íslands og Bretlands, frá 13. nóvember 1973, skulu brot gegn ákvæðum samkomulagsins af hálfu þeirra bresku veiðiskipa, sem tilgreind eru á skrá, sem er fylgiskjal með samkomulaginu, og heimilaðar eru botnvörpuveiðar á umsömdum svæðum í fiskveiðilandhelginni milli 50 og 12 mílna frá grunnlínu, varða þeim viðurlögum, að veiðiskip, sem brotlegt hefur orðið við ákvæði samkomulagsins, skal felld niður af fyrrnefndri skrá, og missir þar með rétt til að stunda veiðar samkvæmt ákvæðum samkomulagsins.

Dómsmálaráðuneytið tekur ákvörðun um þá framkvæmd sammingsins, er það hefur fengið gögn í hendur frá Landhelgisgæslunni.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 15. nóvember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

26. nóvember 1973.

281

Nr. 90.

## AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 14. nóvember 1973 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

52. gr., næstsíðasta málsgrein, breytist þannig, að í stað orðanna: „undanþegnir öllum forprófum“ komi: „undanþegnir þeim forprófum, sem talin eru í þessari grein“.

2. gr.

Í 54. gr., 3. málsgrein, falli niður lokasetningin: „Aðalritgerð skal skilað eigi síðar en mánuði fyrir upphaf lokaáfangaprófs“.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

*Í menntamálaráðuneytinu, 26. nóvember 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 26 — 1973

---

---

Nr. 91.

282

10. desember 1973.

## L Ö G

um lántökuheimild vegna framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar 1973 og um sérstaka lántökuheimild vegna hafnarframkvæmda.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka erlent lán, að fjárhæð allt að 1 400 m.kr. eða jafnvirði þess í erlendri mynt.

#### 2. gr.

Af lánsfjárhæðinni skulu 800 m.kr. endurlánaðar Framkvæmdasjóði Íslands í samræmi við framkvæmdaáætlun, en að öðru leyti skal henni ráðstafað skv. gildandi lagaheimildum.

#### 3. gr.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að taka 7 milljón dollara lán hjá Alþjóðabankanum til hafnarframkvæmda í Grindavík, Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 10. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

***Halldór E. Sigurðsson.***

---

Stjórnartíðindi A 26, nr. 91. Útgáfudagur 10. desember 1973.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 27 — 1973

10. desember 1973.

283

Nr. 92.

## L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, sem undirritaður var í Osló hinn 12. apríl 1973, ásamt viðbótarbókun um skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs og réttarstöðu hennar, sem undirrituð var í Osló hinn 15. maí 1973, en samningurinn og viðbótarbókunin eru prentuð sem fylgiskjöl með lögum þessum.

#### 2. gr.

Þegar samningur sá, og viðbótarbókun, sem um er rætt í 1. gr., hafa verið fullgilt, skulu ákvæði þeirra hafa lagagildi hér á landi.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 10. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Einar Ágústsson.*

### Fylgiskjal.

#### SAMNINGUR UM SKRIFSTOFUR RÁÐHERRANEFNDAR NORÐURLANDA OG RÉTTARSTÖÐU ÞEIRRA.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem eru sammála um að efla norrænt samstarf,

sem hafa í því augnamiði ákveðið að koma á fót skrifstofu fyrir norræn samstarfsmál með aðsetri í Osló og hafa áður stofnsett skrifstofu fyrir norrænt menningarmálasamstarf í Kaupmannahöfn í þeim tilgangi að aðstoða Ráðherranefnd Norðurlanda,

sem æskja þess að ákveða réttarstöðu þessara skrifstofa ásamt skyldum málafnum,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:



**Gildissvið sammingsins****1. gr.**

Samningurinn gildir fyrir áðurnefndar skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda.

**Réttarstaða skrifstofanna.****2. gr.**

Skrifstofurnar eru sjálfstæðir réttaraðilar með sömu lögaðild og aðrir lögaðilar í viðkomandi landi. Einkum geta þær eignast og látið af hendi fasteignir og lausafjármuni og verið málsaðilar fyrir dómstólum. Framkvæmdastjórinn eða sá eða þeir, sem hann tilnefnir, skal koma fram fyrir hönd skrifstofunnar í Osló, og fyrir hönd skrifstofu fyrir norrænt menningarmálasamstarf í Kaupmannahöfn forstjórinn eða sá eða þeir, sem hann tilnefnir.

**Friðhelgi og sérréttindi.****3. gr.**

Fasteignir skrifstofanna og aðrar eignir eru undanþegnar hvers kyns aðför stjórnvalda og dómstóla, nema með beinu leyfi Ráðherranefndarinnar hverju sinni.

**4. gr.**

Húsnæði skrifstofanna, skjalageymslur og öll skjöl í þeirra eigu eða vörslu skulu vera friðhelg, hvar sem þau eru.

Varðandi birtingu slíkra skjala gilda þær reglur, sem Ráðherranefndin setur.

**5. gr.**

Bréfaskriftir skrifstofanna og aðrar opinberar tilkynningar má ekki ritskoða og um meðferð þeirra skulu þau jafnsett pósti sendiráða.

**6. gr.**

Skrifstofurnar, tekjur þeirra og eignir, sem notaðar eru við starfsemina, skulu vera undanþegnar allri beinni skattheimtu.

Skrifstofurnar skulu einnig vera undanþegnar öllum tollgjöldum og öðrum slíkum gjöldum af hlutum, sem eru fluttir inn eða út vegna starfseminnar.

Ákvæðin í áðurnefndum liðum eiga ekki við um skatta eða gjöld, sem aðeins varða greiðslu fyrir veitta þjónustu.

Að öðru leyti gilda fyrir skrifstofurnar sömu skatta- og gjaldareglur og fyrir sendiráð í viðkomandi landi.

**7. gr.**

Ekki er hægt að krefjast skatta af launum og öðrum hlunnindum, sem skrifstofurnar greiða föstu starfsliði sínu.

Skrifstofunum ber skylda til að senda stjórnvöldum sammingslandanna skrá yfir það starfslið, sem heyrir undir þennan lið.

Ráðherranefndin setur reglur um skyldur fastráðins starfsliðs til þess að greiða gjald til skrifstofanna í staðinn fyrir skatt.

Ráðherranefndin ákveður gjaldið.

Stjórnvöldum sammingslandanna er heimilt að hafa hliðsjón af launum og öðrum hlunnindum fastráðins starfsliðs við útreikning á skatti, sem samkvæmt landslögum eða gildandi tvísköttunarsamningum er lagður á tekjur frá öðrum aðilum en skrifstofunum.

**8. gr.**

Starfsfólk skrifstofanna og fjölskyldur þess skulu í starfslandinu vera undanþegin tollum og gjöldum af eignum, þar á meðal ökutækjum, sem ætlaðar eru til persónulegra nota og það hefur með sér vegna starfsins í skrifstofunum.

**9. gr.**

Aðeins er hægt að framselja eignir, sem fluttar eru inn samkvæmt 6. eða 8. grein, með þeim skilyrðum, sem viðurkennd eru af stjórnvöldum þess lands, sem tollfríðindin hefur veitt.

**Réttarstaða starfsfólksins.****10. gr.**

Ráðherranefndin ákveður starfsreglur og launastiga fyrir skrifstofurnar.

**11. gr.**

Hver samningsaðili skuldbindur sig til að veita fastráðnum ríkisstarfsmanni sínum leyfi frá störfum fjögur ár til að starfa í skrifstofunum og að reikna starfstímann þar eins og starf innt af hendi í heimalandinu.

**12. gr.**

Hvert starfsland skuldbindur sig til að láta starfsfólk skrifstofanna njóta góðs af lífeyrissjóði ríkisins í starfslandinu samkvæmt sömu skilyrðum og gilda fyrir samsvarandi stöður í ríkisþjónustu í starfslandinu, svo fremi sem annað er ekki ákveðið með samningi við einstaka starfsmenn.

Samningur, sem er eða kann að verða gerður milli Norðurlanda um samræmingu réttinda, sem ríkisstarfsmenn hafa aflað sér í lífeyrissjóði ríkjanna, skal einnig gilda fyrir starfsfólk skrifstofanna, sem hefur lífeyrissjóðsréttindi í þeim Norðurlandanna, sem hafa gerst aðilar að samningnum.

Um réttindi starfsfólksins til tryggingagreiðslna fer samkvæmt samningnum frá 15. september 1955, ásamt síðari breytingum, milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um félagslegt öryggi.

**13. gr.**

Um réttindi starfsfólksins gildir að öðru leyti það, sem í ráðningarsamningi segir eða Ráðherranefndin ákveður.

**14. gr.**

Til að fjalla um deilur um túlkun eða notkun ráðningarsamnings skal stofna sáttanefnd fimm manna, þar sem hvert land tilnefnir einn. Ráðherranefndin ákveður þóknun nefndarmanna. Sáttanefndin ákveður sjálf starfsreglur sínar.

**Lokaákvæði.****15. gr.**

Þennan samning skal fullgilda og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent norska utanríkisráðuneytinu til varðveislu.

Samningur þessi skal varðveittur í norska utanríkisráðuneytinu, sem sendir hverjum samningsaðila staðfest afrit.

Samningurinn tekur gildi á þeirri stundu, sem Ráðherranefndin ákveður.

**16. gr.**

Æski einhver sammingsaðila að segja samningnum upp, skal skrifleg tilkynning um það send ríkisstjórn Noregs, er tafarlaust skal skýra hinum sammingsaðilunum frá því, svo og hvenær tilkynningin hafi borist.

Uppsögnin gildir einvörðungu fyrir viðkomandi land og tekur gildi frá og með fyrsta degi þess mánaðar, þegar liðnir eru sex mánuðir frá því að ríkisstjórn Noregs tók við tilkynningu um uppsögn.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar landanna, sem til þess hafa umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Osló hinn 12. apríl 1973, í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fyrir Ríkisstjórn Danmerkur:  
**Jörgen Trier Jacobsen.**

Fyrir Ríkisstjórn Finnlands:  
**Olavi Munkki.**

Fyrir Ríkisstjórn Íslands:  
**Agnar Kl. Jónsson.**

Fyrir Ríkisstjórn Noregs:  
**Hallvard Eika.**

Fyrir Ríkisstjórn Svíþjóðar:  
**Richard Hichens-Bergström.**

**VIÐBÓTARBÓKUN UM SKRIFSTOFU STJÓRNARNEFNDAR NORÐUR-  
LANDARÁÐS OG RÉTTARSTÖÐU HENNAR.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar,

sem hafa sannreynt, að stjórnarnefnd Norðurlandaráðs hefur í samræmi við 49. grein samstarfssamningsins frá 1962 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar sett á stofn skrifstofu með aðsetri í Stokkhólmi,

sem æskja þess að ákveða réttarstöðu þessarar skrifstofu ásamt skyldum mál-  
efnum,

sem gert hafa með sér samning hinn 12. apríl 1973 um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra,

hafa orðið sammála um eftirfarandi:

**1. gr.**

Ákvæði samningsins frá 12. apríl 1973, 1. til 14. grein, um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra, taka einnig til skrifstofu stjórnarnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi, með hliðsjón af 2. og 3. grein í þessari bókun.

**2. gr.**

Ritari stjórnarnefndarinnar eða sá eða þeir, sem hann tilnefni, skal koma fram fyrir hönd skrifstofu stjórnarnefndarinnar.

**3. gr.**

Ákvörðunarréttur sá, sem samkvæmt 4., 7., 10. og 13. grein er í höndum Ráðherranefndar Norðurlanda, fellur undir stjórnarnefnd Norðurlandaráðs í málum, sem varða skrifstofu stjórnarnefndarinnar.

**4. gr.**

Þessa viðbótarbókun skal fullgilda, og skulu fullgildingarskjölin svo skjótt sem við verður komið afhent norska utanríkisráðuneytinu til varðveislu.

Bókun þessi skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu, og skal það senda ríkisstjórnnum aðildarlandanna staðfest afrit.

Bókun þessi tekur gildi á þeirri stundu, sem Ráðherranefndin í samráði við stjórnarnefnd Norðurlandaráðs ákveður, þó ekki fyrr en samningurinn um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra tekur gildi.

**5. gr.**

Þessari viðbótarbókun er hægt að segja upp í samræmi við 16. grein samningsins um skrifstofur Ráðherranefndar Norðurlanda og réttarstöðu þeirra. Ef samningnum er sagt upp, fellur viðbótarbókunin sjálfkrafa úr gildi um leið og hann.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar landanna, sem til þess hafa umboð, undirritað þessa bókun.

Gjört í Osló hinn 15. maí 1973 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu þeir textar allir jafngildir.

Fyrir Ríkisstjórn Danmerkur:  
**Jörgen Trier Jacobsen.**

Fyrir Ríkisstjórn Finnlands:  
**Olavi Munkki.**

Fyrir Ríkisstjórn Íslands:  
**Agnar Kl. Jónsson.**

Fyrir Ríkisstjórn Noregs:  
**Hallvard Eika.**

Fyrir Ríkisstjórn Svíþjóðar:  
**Richard Hichens-Bergström.**

28. nóvember 1973.

Nr. 93.

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 46 frá 10. júní 1960, um Verslunarbanka Íslands h.f.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Við 5. gr. laganna bætast eftirfarandi málsgreinar, er verði 2. og 3. mgr.:

Nú er ákveðið í samþykktum félagsins, að stjórnin skuli skipuð fleiri en 3 aðalmönnum, og er þá einnig heimilt að ákveða, að stjórnarmenn skuli kosnir til lengri tíma en árs í senn og á vixl, þannig að 2 aðalmenn hið fæsta ásamt jafnmörgum varamönnum verði í kjöri á aðalfundi hverjum.

Heimilt er og að ákveða, að formaður stjórnarinnar skuli kosinn sérstakri kosningu á aðalfundi, til eins árs eða fleiri í senn.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 28. nóvember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**  
(L. S.)

**Lúðvík Jósepsson.**

**L Ö G**

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1974 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með allt að 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og skipum, leigusamningum um jarðir og lóðir og af kaupmálum.
- b. Með allt að 140% viðauka leyfisbréfastgjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.

**2. gr.**

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 21. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

**L Ö G**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttar-  
ákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samkomulag það, sem undirritað var í Stokkhólmi 20. nóvember 1973, milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og prentað er sem fylgiskjal með lögum þessum og fjallar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og staðfest var með lögum nr. 29 8. september 1931, skuli öðlast gildi.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 20. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

Fylgiskjal.

**Samkomulag milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931 um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.**

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um, að 1., 9., 10. og 22. gr. í Norðurlandasamningnum frá 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð skuli hljóða þannig:

## 1. gr.

Nú óskar ríkisborgari einhvers samningsríkjanna könnunar á hjónavígsluskilyrðum eða lýsingar hjá stjórnvaldi einhvers hinna ríkjanna, og skal þá kanna rétt hans til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, enda eigi annað hjónaefna þar heimili, en ella eftir lögum þess ríkis, þar sem hann á ríkisfang. Ætíð skal þó beita lögum þess ríkis, sem hjónaefnið á ríkisfang í, ef það óskar þess. Nú skal kanna rétt til að ganga í hjúskap eftir lögum þess ríkis, þar sem hjónaefni á ríkisfang, og getur hlutaðeigandi stjórnvald þá krafist þess, að rétturinn sé sannaður með vottorði, sem gefið var út af stjórnvöldum þess ríkis, sem það á ríkisfang í.

Nú er svo fyrir mælt í lögum samningsríkis, sem hjónaefni á heimilisfesti í, að foreldrar þess eða lögráðamaður samþykki ráðahaginn, og skal þá eftir því farið, þótt slíks samþykkis sé ekki krafist í lögum þess ríkis, þar sem könnun hjónavígsluskilyrða fer fram.

Um könnunina og lýsinguna gilda að öðru leyti lög þess ríkis, sem hlutaðeigandi stjórnvald heyrir til.

## 9. gr.

Í sérhverju ríkinu ber að fara eftir þar gildandi lögum um ákvarðanir þær, sem nefndar eru í 7. og 8. gr. Eignaskipti og skaðabætur ákvarðast þó ávallt eftir þeim lögum, sem samkvæmt 3. gr. gilda um fjármál hjónanna.

Skilnaður að borði og sæng, sem fengist hefur í einu ríkjanna, veitir í hinum ríkjunum sama rétt til lögskilnaðar sem skilnaður að borði og sæng, er þar hefur fengist.

Nú er ekki til að dreifa reglum um skilnað að borði og sæng í lögum samningsríkis, en í vissum tilvikum byggt á, að umhugsunarfrestur sé undanfari lögskilnaðar, og geta þá hjón, sem veittur hefur verið skilnaður að borði og sæng í einhverju hinna samningsríkjanna, fengið lögskilnað í þessu ríki án slíks undanfarandi umhugsunarfrests, enda hafi þau, frá því að skilnaður að borði og sæng var veittur, lifað aðskilin svo lengi, að svarar til slíks umhugsunarfrests, og hafi ekki tekið upp sambúð að nýju.

## 10. gr.

Þegar fjármál hjóna, sem fengið hafa skilnað að borði og sæng, ákvarðast eftir lögum sammingsríkis, sem ekki byggir á reglum um skilnað að borði og sæng, skulu fjárverðmæti, sem öðru áskotnast eftir skilnaðinn, verða séreign þess, en ábyrgð á skuldum miðast við aðstæður eins og þær voru við skilnað að borði og sæng. Að öðru leyti skal farið að lögum þessa ríkis, að því er til búskipta tekur við lögskilnað.

Andist annað hjóna, eftir að skilnaður að borði og sæng er veittur, og spurning vaknar um rétt hins eftirlifandi til arfs eftir hið látna samkvæmt reglum um lög-erfðir eða samkvæmt erfðaskrá, og heita skal lögum sammingsríkis, sem ekki byggir á reglum um skilnað að borði og sæng, skal skilnaður að borði og sæng lagður að jöfnu við lögskilnað, ef hinn fyrrnefndi varir enn.

## 22. gr.

Úrskurðir umboðsstjórnar og aðfararhæfir dómsúrskurðir, er gengið hafa í einhverju ríkjanna samkvæmt 5., 7., 8., 11., 13., 14., 15., 19. og 21. gr., skulu gilda í hinum ríkjunum án sérstakrar staðfestingar og án rannsóknar á því, hvort úrskurðurinn sé réttur eða forsendur hans, þær er taka til heimilisfesti eða ríkisfesti í einhverju sammingsríkjanna. Þetta á einnig við um aðfararhæfa dómsúrskurði, sem gengið hafa í einhverju ríkjanna og kveða á um ógildi eða ógildingu hjúskapar milli ríkisborgara í sammingsríki.

Sammingsríkin geta gengið að þessu samkomulagi með því:

- a) að undirrita það án fyrirvara um fullgildingu, eða
- b) að undirrita það með fyrirvara um fullgildingu ásamt eftirfarandi fullgildingu.

Fullgildingarskjölin skulu sett til vörslu í sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið gengur í gildi 1. janúar eða 1. júlí næstan eftir að sammingsríkin hafa öll gengið að samkomulaginu.

Til þess að samningnum verði beitt um Færeyjar og Grænland, getur danska dómsmálaráðuneytið, að höfðu samráði við dómsmálaráðuneyti hinna sammingsríkjanna, ákveðið þau frávik, sem sérstakar færeyskar eða grænlenskar aðstæður kunna að krefjast.

Til staðfestingar þessu hafa undirritaðir, sem hafa fullgilt umboð, undirritað samning þennan.

Gert í Stokkhólmi hinn 20. nóvember 1973 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð.

# STJÓRNARTÍÐINDI A 28 — 1973

---

20. desember 1973.

291

Nr. 96.

## L Ö G

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ný grein, 233. gr. a, orðist svo:

Hver sem með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á hóp manna vegna þjóðernis þeirra, lítarháttar, kynþáttar eða trúarbragða sæti sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

#### 2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

27. desember 1973.

Nr. 97.

## L Ö G

um löndun á loðnu til bræðslu.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Sildar- og fiskimjölsverksmiðjum, er taka við loðnu af fiskiskipum til bræðslu, skal skylt að taka við aflanum í þeirri röð, sem fiskiskip koma í löndunarhöfn, sbr. þó 2. gr.

#### 2. gr.

Skipulagning og tilhögun á löndun á loðnu til bræðslu skal vera í höndum þriggja manna og jafnmargra til vara, eins samkvæmt tilnefningu samtaka fiskseljenda,



eins samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda og eins án tilnefningar, sem jafnframt er formaður nefndarinnar. Skulu þeir skipaðir af ráðherra til þriggja ára í senn. Verði ekki samkomulag meðal samtaka fiskseljenda um tilnefningu í nefndina, skipar ráðherra þann mann án tilnefningar. Nefnd þessi skal afla upplýsinga um móttökugetu síldar- og fiskmjölsverksmiðja og ákveða, hvenær löndun skuli hefjast eða hæltá hjá einstökum verksmiðjum.

Nefndin skal veita fiskiskipum upplýsingar um móttökugetu einstakra verksmiðja um fjarskiptastöð. Skipstjóri hvers skips skal tilkynna nefndinni við brottför af veiðisvæði um aflamagn, veiðisvæði og löndunarhöfn. Vanræki skipstjóri að gefa framangreindar upplýsingar, getur viðkomandi skip glatað þeirri löndunarröð, sem það annars hefði haft, auk þess sem nefndin getur beitt viðurlögum samkvæmt 5. gr. Ef ekki er hægt að ákveða löndunarhöfn við brottför af veiðisvæði, skal nefndinni tilkynnt um löndunarhöfnina, um leið og hún hefur verið ákveðin, en samt sem áður skal nefndinni ávallt tilkynnt um aflamagn og veiðisvæði viðkomandi skips, um leið og haldið er af veiðisvæði. Fiskiskipi er óheimilt að leita löndunar hjá verksmiðju, þar sem nefndin hefur stöðvað löndun.

### 3. gr.

Loðnunefnd skal fara með stjórn loðnuflutningasjóðs, sem stofnaður var á loðnuvertíð 1973. Verðlagsráð sjávarútvegsins ákveður, hve mikið skal greiða í loðnuflutningasjóð, að fengnum tillögum Loðnunefndar.

Ákvörðun um greiðslu til loðnuflutningasjóðs skal tekin um leið og verðlagning loðnu fer fram, hverju sinni.

Loðnunefnd annast innheimtu loðnuflutningasjóðsgjalds og reikningshald sjóðsins.

Greiða skal úr loðnuflutningasjóði styrki til flutninga á loðnu samkvæmt reglum, er Loðnunefnd setur. Nefndin annast greiðslu flutningastyrkja.

Reynist inneign vera fyrir hendi í loðnuflutningasjóði, að lokinni loðnuvertíð hverju sinni, skal hún geymd á sérstökum reikningi til næsta árs.

### 4. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Loðnunefndar og áliti samtaka sjómanna, útvegsmanna og Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Kostnaður af framkvæmd laganna greiðist af fiskkaupendum og fiskseljendum eftir reglum, er ráðuneytið setur. Heimilt skal að ákveða, að greidd skuli ákveðin fjárhæð af hverri hráefnissmálest frá seljendum og jafnhá fjárhæð frá kaupendum til að standa undir kostnaði við framkvæmd laganna. Kaupendur skulu standa skil á greiðslum þessum, og hefur nefndin á hendi innheimtu og reikningshald með gjaldi þessu. Verði í árslok afgangur af gjaldi, sem innheimtist með þessum hætti, skal hann geymast til næsta árs.

### 5. gr.

Gerist stjórnendur verksmiðja brotlegir við 1. eða 2. gr. þessara laga eða reglur settar samkvæmt þeim, skal nefndinni heimilt að stöðva löndun í einstakar verksmiðjur fyrirvaralaust í allt að þrjá sólarhringa, þó að móttökuskilyrði séu fyrir hendi. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að stöðva löndun í viðkomandi verksmiðjur í allt að sjö sólarhringa.

Gerist skipstjóri brotlegur við 1. og 2. gr. þessara laga eða reglur settar samkvæmt þeim, skal nefndinni heimilt að setja löndunarbann á viðkomandi skip í allt að þrjá sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrk fyrir viðkomandi veiðiferð. Ef um ítrekuð brot er að ræða, skal nefndinni heimilt að setja löndunarbann

á viðkomandi skip í allt að sjö sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrk fyrir viðkomandi veiðiferð.

Ef nauðsyn krefur, getur Loðnunefnd látið lögreglu framfylgja ákvörðunum nefndarinnar samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvik Jósefsson.*

## FORSETA BRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 94. löggjafarþings, frá 21. desember 1973 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 21. janúar 1974.

*Gjört í Reykjavík, 19. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um breyting á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97/1961, sbr. lög nr. 60/1964 og lög nr. 5/1967.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

B-liður 1. gr. orðist þannig:

B. Af hálfu fiskkaupenda:

3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.

1 fulltrúi tilnefndur af fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S.

1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.

3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.

- 1 fulltrúi tilnefndur af stjórn Sildarverksmiðja ríkisins.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Sildarverksmiðjusamtökum Austur- og Norðurlands.
- 3 fulltrúar tilnefndir af Félagi sildarsaltenda á Suðvesturlandi.
- 3 fulltrúar tilnefndir af Félagi sildar- og fiskimjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi.

**2. gr.**

Fyrri málsgr. 3. gr. orðist þannig:

**Fiskideild.**

Þegar ákveða skal verð á sjávaraflla, öðrum en þeim, sem tilgreindur er í 4. og 5. gr., skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, 1 frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, 1 frá fiskvinnslustöðvum á vegum S.Í.S. og 1 frá Samlagi skreiðarframleiðenda.

**3. gr.**

4. gr. orðist þannig:

**Sildarsöltunardeild.**

Þegar ákveða skal verð á sild til söltunar, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Félagi sildarsaltenda á Norður- og Austurlandi og 3 frá Félagi sildarsaltenda á Suðvesturlandi.

**4. gr.**

Við bætist ný grein, sem verður 5. gr., svo hljóðandi:

**Bræðsludeild.**

Þegar ákveða skal verð á sild og loðnu til bræðslu, svo og öðrum fiski, sem veiddur er eingöngu eða að verulegu leyti til bræðslu, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum fisksöluaðila samkv. 1. gr. og 6 fulltrúum fiskkaupenda þannig: 3 frá Félagi sildar- og fiskimjölsverksmiðja á Suður- og Vesturlandi, 2 frá Sildarverksmiðjusamtökum Austur- og Norðurlands og 1 frá Sildarverksmiðjum ríkisins.

Ákveða má með reglugerð að skipta verðlagningu samkv. 4. og 5. gr. í verðtagssvæði.

**5. gr.**

2. málsgrein 7. gr., sem verður 8. gr., orðist þannig:

Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda. Verðlagsráð ákveður sjálfst verðlagstímabil.

**6. gr.**

Fella skal breytingar þessar inn í lögín og gefa þau þannig út í heild.

**7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað orðanna „til 1. júlí 1973“ í 11. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972) komi: til ársloka 1973.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

**L Ö G**

**um breyting á lögum nr. 14 15. mars 1965, um launaskatt.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt, að fjárhæð 1% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum öðrum en tekjum sjómanna á íslenskum fiskiskipum, þar með töldum tekjum hlutaráðinna landmanna, sem aflað er í tengslum við úthald skipanna til fiskveiða, og tekjum af landbúnaði, svo sem ákveðið er í lögum þessum.

Skattur þessi rennur til Byggingarsjóðs ríkisins sem stofnfjárframlag.

## 2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Byggingarsjóður ríkisins greiðir 1% af innheimtum launaskatti, samkvæmt lögum þessum, til ríkissjóðs vegna kostnaðar af framkvæmd laganna.

## 3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

Frá 1. janúar 1974 og til loka þess árs skal fjárhæð almenns launaskatts samkvæmt 1. gr. nema 2½% og 1½% renna í ríkissjóð.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

*Gjört í Reykjavík, 21. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Halldór E. Sigurðsson.*

Nr. 102.

27. desember 1973.

## L Ö G

um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 189/14. júlí 1972, skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33/19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, nema þar sem sérstakar heimildir eru veittar til slíkra veiða í lögum þessum.

#### 2. gr.

Íslenskum skipum er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu innan fiskveiðilandhelginnar á þeim veiðisvæðum og veiðitímum, sem nú verða greind, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum með reglugerð. Þegar rætt er um grunnlínupunkta, er miðað við grunnlínupunkta samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, sé annars ekki getið.

Þar sem í lögum þessum er rætt um skip 350 rúmlestir og minni, eru undanskildir skuttogarar með aflvél 1000 bremsuhestöfl eða stærri.

### A. Norðurland.

A. 1. Frá línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), að línu réttvísandi norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, nema á Húnaflóa utan við grunnlínu, sem dregin er frá Horni (grunnlínupunktur 1), að Selskeri (66°07,5' n.br. 21°31,2' v.lg.), og þaðan í Ásbúðarrif (grunnlínupunktur 2).

A. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 9 sjómílur utan við grunnlínu, sem nefndar eru í A. 1., og takmarkast svæði þetta að vestan og austan svo sem í A. 1. greinir.

A. 3. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 9 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A. 4. Heimilt er að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómilna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar.

### B. Austurland.

B. 1. Frá línu réttvisandi norðaustur af Langanesi (grunnlinupunktur 6), að línu réttvisandi austur af Hvalsnesi ( $64^{\circ}24,1'$  n.br.  $14^{\circ}32,5'$  v.lg.), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómilur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972. Einnig er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 4ra sjómilna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks.

B. 2. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómilur réttvisandi norðaustur frá Langanesi (grunnlinupunktur 6) í punkt 12 sjómilur réttvisandi aust-norðaustur frá Bjarnarey ( $65^{\circ}47,1'$  n.br.  $14^{\circ}18,2'$  v.lg.).

B. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómilna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli lína, sem dregnar eru réttvisandi aust-norðaustur af Bjarnarey og réttvisandi aust-norðaustur af Ósfles ( $65^{\circ}37,8'$  n.br.  $13^{\circ}55,3'$  v.lg.).

### C. Suðausturland.

C. 1. Frá línu réttvisandi austur af Hvalsnesi ( $64^{\circ}24,1'$  n.br.  $14^{\circ}32,5'$  v.lg.), að línu réttvisandi suður af Lundadrang (grunnlinupunktur 21), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómilur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

C. 2. Á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvisandi austur af Hvalsnesi ( $64^{\circ}24,1'$  n.br.  $14^{\circ}32,5'$  v.lg.) og réttvisandi suður af Ingólfshöfða (grunnlinupunktur 15), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. maí til 1. mars utan línu, sem dregin er 9 sjómilur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

C. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu 1. maí til 1. mars utan línu, sem dregin er í 3ja sjómilna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu, sem dregin er réttvisandi austur af Hvalsnesi ( $64^{\circ}24,1'$  n.br.  $14^{\circ}32,5'$  v.lg.) og að  $18^{\circ}00'$  v.lg. Togveidar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvisandi suður af Hvalsnesi ( $64^{\circ}24,1'$  n.br.  $14^{\circ}32,5'$  v.lg.), og að línu, sem hugsast dregin réttvisandi vestan af  $15^{\circ}45'$ , innan 6 sjómilna frá landi, á tímabilinu frá 1. maí til 1. október.

C. 4. Á svæði frá  $18^{\circ}00'$  v.lg. að línu réttvisandi suður af Lundadrang (grunnlinupunktur 21), er skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 3ja sjómilna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

C. 5. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómilna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins, á þeim svæðum og tímum, sem C. 3. og C. 4. greinir.

C. 6. Á svæði, sem afmarkast af línu, sem hugsast dregin réttvisandi austur af Hvalsnesi, að línu, sem hugsast dregin réttvisandi suður af Hvalsnesi, er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómilum frá fjöruborði á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.

C. 7. Frá 17° v.l. að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Lundadrang, er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember.

#### D. Suðurland.

D. 1. Frá línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), að línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

D. 2. Á svæði, sem takmarkast að austan af 21° v.lg. og að vestan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Reykjanesaukavita, er öllum skipum heimilt að veiða á tímabilinu frá 1. janúar til 15. maí með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972, sbr. þó 3. gr. reglugerðar nr. 189/1972.

D. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af línu réttvísandi suður af Lundadrang (grunnlínupunktur 21), og að vestan af línu réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (63°48,0' n.br. og 22°41,9' v.lg.).

D. 4. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið, sbr. þó 3. gr. rgl. nr. 189/1972, utan línu, sem dregin er 4 sjómílur utan við grunnlínu milli Lundadrangs (grunnlínupunktur 21), Geirfuglaskers (grunnlínupunktur 22), Einidrangs (63°27,4' n.br. 20°37,0' v.lg.), Selvoggs (63°49,1' n.br. 21°39,2' v.lg.), Hópsness (63°49,3' n.br. 22°24,4' v.lg.) og Eldeyjardrangs (grunnlínupunktur 23). Að austan og vestan takmarkast svæði þetta svo sem í D. 1. greinir.

D. 5. Öll veiði er bönnuð allt árið á svæði, þar sem vatnsleiðsla og rafstrengur liggur milli Vestmannaeyja og meginlands. Svæði þetta takmarkast að austan af línu, sem dregin er þannig, að Bjarnarey að vestan beri í Elliðaey að austan, og að vestan takmarkast það af línu, sem dregin er þannig, að austurkant Ystakletts og Faxaskersvita beri saman. Ennfremur er öll veiði bönnuð á svæði, þar sem sæsimastrengir liggja frá Vestmannaeyjum til útlanda, á 200 metra belti beggja megin við strengina.

D. 6. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. janúar til 15. september upp að suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21°57' v.l. og að vestan af lengdarbaug 22°32' v.l.

D. 7. Á svæði, sem takmarkast að austan af línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Lundadrang, og að vestan af 21° v.lg., er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá grunnlínu á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember.

#### E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

E. 1. Frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (64°44,9' n.br. 23°55,1' v.lg.) er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílur utan við grunnlínu samkv. reglugerð nr. 189/1972.

E. 2. Á svæði, sem afmarkast að sunnan af línu réttvísandi 240° frá Hafnarbergi (63°52,8' n.br. 22°44,0' v.lg.) og að norðan af línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 6 sjómílur utan við grunnlínu samkv. reglugerð nr. 189/1972.

E. 3. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 3ja sjómilna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi  $240^\circ$  frá Hafnarbergi ( $63^\circ 52,8'$  n.br.  $22^\circ 44,0'$  v.lg.).

E. 4. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er í 6 sjómilna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður úr Reykjanesaukavita að línu réttvísandi  $240^\circ$  frá Hafnarbergi ( $63^\circ 52,8'$  n.br.  $22^\circ 44,0'$  v.lg.).

Einnig er skipum þessum heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílu réttvísandi frá Hafnarbergi ( $63^\circ 52,8'$  n.br.  $22^\circ 44,0'$  v.lg.) í punkt 4 sjómílu réttvísandi vestur af Garðskagavita ( $64^\circ 04,9'$  n.br.  $22^\circ 41,5'$  v.lg.) og þaðan í punkt 4 sjómílu réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga ( $64^\circ 44,9'$  n.br.  $23^\circ 55,1'$  v.lg.).

#### F. Breiðafjörður.

F. 1. Frá línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga ( $64^\circ 44,9'$  n.br.  $23^\circ 55,1'$  v.lg.) að línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílu utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

F. 2. Á svæði, sem takmarkast að sunnan af línu réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga (sjá F. 1.) og að norðan af  $65^\circ 05'$  n.br., er auk þess heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 6 sjómílu utan við grunnlínu, skv. reglugerð nr. 189/1972.

F. 3. Skipum, 350 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómilna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suðvestur frá Gáluvíkurtanga ( $63^\circ 44,9'$  n.br.  $23^\circ 55,1'$  v.lg.) og réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita, og utan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómílu réttvísandi vestur af Öndverðarnesvita í punkt 4 sjómílu réttvísandi vestur af Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26).

F. 4. Skipum, 105 brúttó rúmlestir og minni, er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu á tímabilinu frá 1. júní til 31. desember utan línu, sem dregin er í 4ra sjómilna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnesvita að  $24^\circ 00'$  v.lg. Að norðan afmarkast svæði þetta af  $65^\circ 16'$  n.br. Að austan takmarkast svæðið af  $24^\circ 00'$  v.lg.

#### G. Vestfirðir.

G. 1. Frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (grunnlínupunktur 26) að línu réttvísandi norður frá Horni (grunnlínupunktur 1), er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu allt árið utan línu, sem dregin er 12 sjómílu utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

##### 3. gr.

Ráðherra er heimilt að veita frekari togveiðiheimildir en greindar eru í lögum þessum í takmarkaðan tíma og á tilgreindum veiðisvæðum, ef hafís lokar venjulegum fiskimiðum innan fiskveiðilandhelginnar, enda komi til meðmæli Hafrannsóknastofnunarinnar.

##### 4. gr.

Ráðherra er heimilt að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra utan línu, sem dregin er 12 sjómílu utan við grunnlínu skv. rgl. nr. 189/1972.



**Ennfremur er ráðherra heimilt að takmarka togveiðiheimildir þær, sem veittar eru í lögum þessum, á tilteknum svæðum, með auglýsingum um sérstök veiðisvæði fyrir línu eða net, sem gilda skulu í takmarkaðan tíma.**

Þar sem línuveiðar eru stundaðar í ríkjum mæli, er sjávarútvegsráðherra skylt **að ákveða friðun fyrir botnvörpu á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, ef fram koma tilmæli um slíkt frá heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna á viðkomandi stöðum. Setja skal með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd slíkrar takmörkunar á botnvörpuveiðum.**

#### 5. gr.

Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.

#### 6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunar-svæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, þar sem veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar á tilteknum svæðum í íslenskri fiskveiðilandhelgi, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.

#### 7. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilandhelginnar, þar sem megináhersla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, er viðkemur vernd fiskistofnanna. Ráðuneytinu er heimilt, í samráði við Hafrannsóknastofnunina, að ákveða hámarkshlutfall smáfisks af afla veiðiskipa, sem landa má úr hverri veiðiferð.

#### 8. gr.

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi, þar sem því er óheimil veiði, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs, þannig að toghlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp.

#### 9. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja reglur um hvaðeina, sem snertir framkvæmd laga þessara, svo sem um gerð, útbúnað og frágang botnvörpu, flotvörpu eða dragnótar, um lágmarks möskvastærðir þessara veiðarfæra og lágmarksstærðir þeirra fisktegunda, sem landa má, og um búnað veiðarfæra á þilfari skuttogara, sem eru í fiskveiðilandhelgi, þar sem þeim er óheimil veiði. Skulu reglugerðarákvæði um þessi atriði aldrei ganga skemmra en alþjóðasamþykktir um sama efni, sem Ísland hefur eða mun staðfesta fyrir sitt leyti.

#### 10. gr.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, að veita eftirgreindar veiðiheimildir í fiskveiðilandhelginni, auk þess, sem annars staðar er getið í lögum þessum:

1. Til dragnótaveiða. Ráðherra getur ákveðið, að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum á tímabilinu 15. júní til 31. okt. eða skemmri tíma. Sé veitt leyfi til dragnótaveiða fyrir Norðurlandi á tilteknu svæði eða svæðum,

skal leyfisveiting þá miðuð við tímabilið 15. júlí til 30. nóvember. Leyfi til dragnótaveiða samkvæmt slíkri ákvörðun má veita íslenskum fiskiskipum, sem eru 45 rúmlestir brúttó eða minni. Ráðherra setur þau skilyrði fyrir leyfisveitingunni, sem honum þykja nauðsynleg. Hafrannsóknastofnunin skal stöðugt fylgjast með dragnótaveiðum þeim, sem leyfðar verða samkvæmt grein þessari, og gera tillögur um tilhögun veiðanna og það, hversu nálægt landi þær megi stunda á hverjum stað fyrir sig.

Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð til 1. júlí 1976 að því er varðar veiðar á Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr punkti 4 sjómíllur réttvísandi vestur af Garðskagavita í punkt 4 sjómíllur réttvísandi suðvestur af Gáluvíkurtanga.

2. **Til rækjuveiða.** Ráðherra getur veitt undanþágu til þess að stunda rækjuveiðar á tilteknum svæðum. Skal binda leyfin þeim skilyrðum, sem nauðsynleg þykja. Einnig er heimilt að miða leyfisveitingar við ákveðnar stærðir báta.
3. **Til humarveiða.** Leyfi til humarveiða á tilteknum svæðum getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem honum þykja nauðsynleg, og skal meðal annars vera heimilt að gera upp á milli báta með tilliti til stærðar eða annarra atriða.
4. **Til síldveiða.** Leyfi til síldveiða með botnvörpu og flotvörpu skulu bundin því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið öðrum þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg, þar á meðal, að allur afli annar en síld sé upptækur til Landhelgissjóðs Íslands, ef hann fer fram úr ákveðnum hluta af heildarafla.
5. **Til loðnuveiða.** Leyfi til loðnuveiða með botnvörpu og flotvörpu getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg. Skal það varða sviptingu veiðileyfa, ef holfiskur er veiddur í þetta veiðarfæri umfram ákveðið hlutfall af heildarafla, og enn fremur er heimilt að gera annan afla en loðnu upptækan til Landhelgissjóðs Íslands.
6. **Til spærlings- og kolmunnaveiða.** Leyfi til spærlings- og kolmunnaveiða með botnvörpu og flotvörpu getur ráðherra bundið þeim skilyrðum, sem hann telur nauðsynleg.
7. **Til veiðitilrauna.** Ráðherra er heimilt að veita leyfi til veiðitilrauna með botnvörpu eða flotvörpu á fisktegundum, sem ekki hafa verið hagnýttar, enda fari slíkar veiðitilraunir fram undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.
8. **Til rannsóknna.** Ráðherra er heimilt að veita rannsóknaskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu, flotvörpu eða dragnót í rannsóknaskyni í fiskveiðilandhelginni.

Togveiðiheimildir samkvæmt tölulíðum nr. 1—8 skulu jafnan vera tímabundnar, og auk umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar skal ráðherra leita umsagnar Fiskifélags Íslands eða annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til.

#### 11. gr.

Brot gegn 1.—7. grein laga þessara varða sektum svo sem hér segir:

1. Ef um er að ræða skip allt að 106 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 2 000.00—6 000.00 gullkr.
2. Ef um er að ræða skip frá 106—350 brúttó rúmlestir að stærð, skulu sektir nema 4 000.00—20 000.00 gullkr.

3. Ef um er að ræða skip frá 351 brúttó rúmlest og stærri, skulu sektir nema 15 000.00—60 000.00 gullkr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Brot gegn 1.—6. grein laga þessara skulu og varða upptöku á öllum veiðarfærum í skipinu, þar með töldum dragstrengjum, svo og á öllum afla innanborðs. Nú næst ekki í skipstjóra, og er þá einnig heimilt að gera upptækt skipið sjálft eða andvirði þess að hluta. Upptöku má einnig beita, þótt ekki hafi verið höfðað refsímál út af broti og þótt refsímáli verði ekki komið fram. Máli til upptöku má þá beina gegn eigendum skipsins, umboðsmönnum þeirra eða umráðamönnum þess.

Leggja má lögghald á skipið og selja það að undangenginni aðför til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Við upptöku og aðför fellur niður veðréttur eða aðrar kvaðir, sem hvíla kunna á upptækum verðmætum.

#### 12. gr.

Brot gegn 8. gr., reglum settum samkvæmt 9. gr. eða ákvæðum veiðileyfa, sem út eru gefin samkvæmt 10. gr., varða sektum, 1000—15 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Ef um ítrekað brot er að ræða, skv. þessari málsgrein, skal um upptöku afla og veiðarfæra fara svo sem greinir í 11. gr.

Nú er ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum innan fiskveiðimarka né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá ljúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 1000—15 000 gullkrónum, samkvæmt lögum nr. 4 11. apríl 1924.

#### 13. gr.

Hvers sá maður, er leiðbeinir skipi við ólöglegar botnvörpu- eða flotvörpuveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi, eða liðsinnir því við slíkar veiðar, eða hjálpar hinum brotlegu til að komast undan hegningu fyrir þær, skal sæta sektum, 1000—15 000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924. Sömu hegningu skal hver sá sæta, sem er í botnvörpuskipi eða á bát við skipshliðina, þegar það er að ólöglegum veiðum í landhelgi, nema hann geti gert þá grein fyrir dvöl sinni þar, að líklegt þyki, að hann eigi enga hlutdeild í hinum ólöglega veiðiskap þess.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um þá menn, sem eru lögskráðir skipverjar á botnvörpuskipinu.

#### 14. gr.

Skipstjóra, er gerir sig sekan um ítrekað brot á lögum þessum, má, auk sektarhegningar samkvæmt 11. gr., 12. gr. 1. mgr. og 13. gr., láta sæta fangelsi allt að 6 mánuðum. Auk þess má og endranær, þegar miklar sakir eru, láta skipstjóra sæta sömu refsingu fyrir fyrsta brot á greinum þessum.

Einnig er heimilt að svipta skipstjóra skipstjórnarréttindum í tiltekinn tíma fyrir ítrekuð brot á lögum þessum.

#### 15. gr.

Sektarfé eftir lögum þessum, svo og andvirði upptækra verðmæta, rennur í Landhelgisgjóð Íslands. Um sölu upptæks afla og veiðarfæra skal jafnan leita samþykkis stjórnarráðsins. Aldrei má þó selja hinum seka upptæk veiðarfæri, og afla því aðeins, að knýjandi nauðsyn sé fyrir hendi.

#### 16. gr.

Um mál þau, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara að hætti opinberra mála.

## 17. gr.

Frá gildistöku þessara laga falla úr gildi lög nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, ásamt síðari breytingum, sbr. lög nr. 21/1969, lög nr. 50/1971, lög nr. 89/1971 og lög nr. 101/1972. Þó haldi gildi sínu lög nr. 89 15. nóvember 1973.

Einnig falla þá úr gildi lög nr. 40/1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

## 18. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið skal láta endurskoða lög þessi fyrir 31. desember 1975.

## 19. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 10 29. mars 1961, um Seðlabanka Íslands.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. másl. 1. gr. laganna orðist svo:

Þá ákveður Seðlabankinn að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar mörk leyflegs munar stofngengis og kaup- og sölugengis.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974. Jafnframt er úr gildi felld 3. gr. laga nr. 97 20. des. 1972.

*Gjört í Reykjavík, 28. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 8/1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

1.—2. ml. a-liðar 29. gr. laganna orðist svo:

Með fimm jöfnum greiðslum, sem falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, sem nemi allt að 60% þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár, eða sama blutfall og á ári hverju er heimilað að innheimta fyrir fram upp í þinggjöld til rikissjóðs skv. 4. mgr. 46. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 60/1973, um breyting á þeim lögum. Sveitarstjórn setur fyrir 20. janúar ár hvert nánari reglur um þessar greiðslur og auglýsir þær á þann hátt, sem venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

**2. gr.**

38. gr. laganna orðist svo:

Aðstöðugjald má eigi hærra vera en hér greinir:

- a. Allt að 0,33% af rekstri fiskiskipa og flugvéla.
- b. Allt að 0,65% af rekstri verslunarskipa og af fiskiðnaði.
- c. Allt að 1% af hvers konar iðnaðarrekstri öðrum.
- d. Allt að 1,3% af öðrum atvinnurekstri.

**3. gr.**

3. tl. bráðabirgðaákvæðis laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag 1. nóvember 1973.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 24. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Björn Jónsson.*

27. desember 1973.

305

Nr. 105.

## L Ö G

um húsbyggingar á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Félagsmálaráðuneytið skal setja reglugerð um nauðsynleg frávík frá ákvæðum laga, reglugerða og samþykktta, er snerta byggingarmálefni, sbr. 2. gr., enda taki sú reglugerð einungis til verksmiðjuframleiddra timburhúsa, er reist verða á vegum Viðlagasjóðs eða Vestmannaeyjakaupstaðar, sbr. lög nr. 4/1973 og reglugerð nr. 62/1973.

#### 2. gr.

Þau ákvæði, sem um ræðir í 1. gr., eru:

- 1) Lög nr. 19/1905, um byggingarsamþykktir, sbr. lög nr. 84/1943.
- 2) Lög nr. 61/1944, um byggingarmálefni Reykjavíkur. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd á verzlunarstaðnum Akureyri, dags. 6. jan. 1857, og lög nr. 55/1905, um breyting á því. Opið bréf um að stofna byggingarnefnd í kaupstaðnum Ísafirði, dags. 26. jan. 1966, og lög nr. 23/1905, um breyting á því. Lög um að stofna byggingarnefnd í Seyðisfjarðarkaupstað, nr. 14/1897.
- 3) Lög nr. 108/1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, sbr. og lög nr. 26/1948.
- 4) Skipulagslög, nr. 19/1964.
- 5) Lög nr. 55/1969, um brunavarnir og brunamál.
- 6) Orkulög, nr. 58/1967.
- 7) Lög nr. 18/1927, um iðju og iðnað, sbr. og lög nr. 105/1936.

Nú telur félagsmálaráðuneytið, að brýna nauðsyn beri til að veita frávík frá öðrum lögum, þannig að tilgangi þessara laga verði náð, og skal slíkt þá heimilt, en leita skal umsagnar hlutaðeigandi ráðuneytis, áður en slíkt verður gert.

Ákvæði þessarar greinar taka og til reglugerða og samþykktta, er settar eru samkvæmt nefndum lögum.

#### 3. gr.

Ákvæði reglugerðar um frávík frá ákvæðum í tölulíðum 1—4 í 2. gr. eru háð meðmælum Skipulagsstjórnar ríkisins. Frávík frá ákvæðum 5. tölulíðs eru háð meðmælum stjórnar Brunamálstofnunar ríkisins, en frávík frá ákvæðum 6. tölulíðs meðmælum Rafmagnseftirlits ríkisins.

#### 4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, en um meðferð mála samkvæmt þeim fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

**5. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Björn Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, sbr. lög nr. 32 frá 7. apríl 1971, um breyting á þeim lögum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í stað orðanna „allt að 200 milljónum króna“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að 300 milljónum króna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

**L Ö G**

um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Reykhólum við Breiðafjörð til vinnslu á þörungum eða efnum úr þörungum.

**2. gr.**

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda og erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eign ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta.

Íðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.

## 3. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

- 3.1 Að leggja fram allt að 60 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé i nefndu hlutafélagi. Einnig er henni heimilt að taka lán i þessu skyni.
- 3.2 Að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals 140 milljónir kr., eða jafnvirði þeirra i erlendri mynt.
- 3.3 Að leigja félaginu jarðnaði úr landi Reykhóla i Reykhólahreppi, A.-Barðastrandarsýslu, eftir því sem þarfir verksmiðjunnar krefjast.
- 3.4 Að nýta jarðhitasvæðið á Reykhólum i þágu hitaveitu, er ríkisstjórnin lætur reisa og reka og m. a. skal gegna því hlutverki að selja þörungavinnslunni jarðhita til rekstrar síns. Jarðvarmaveitur ríkisins skulu sjá um stofnun og rekstur hitaveitunnar.
- 3.5 Að láta leggja veg að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði i Karlsey undan Reykhólum.
- 3.6 Að láta leggja raflínu að hinu fyrirhugaða verksmiðjusvæði.
- 3.7 Að styrkja byggingu hafnar við Karlsey skv. 7. gr. og 3. lið 19. gr. hafnalaga, nr. 45/1973, enda verði höfnin i eigu sérstaks hafnarsjóðs, sem viðkomandi sveitarfélög stofna til.
- 3.8 Að taka lán allt að 200 millj. kr. til framkvæmda skv. liðum 3.4 til 3.7.
- 3.9 Að veita félaginu þangtökuheimild i landareignum ríkisins við Breiðafjörð gegn hæfilegu gjaldi.
- 3.10 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt i tolli af innfluttu byggingarefni, vélum, flutningatækjum, öflunartækjum, skipum, bátum og varahlutum til verksmiðjunnar.
- 3.11 Að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af umbúðum og efni, sem er endurútfliutt frá verksmiðjunni.

## 4. gr.

Kostnaður Undirbúningsfélags þörungavinnslu hf., sem stofnað var á grundvelli laga nr. 107/1972, skal að fullu greiddast samkvæmt 4. gr. þeirra laga, sem hluti af stofnkostnaði þörungavinnslunnar. Hluthafar i Undirbúningsfélagi þörungavinnslu hf. geta skipt á hlutabréfum sínum i því félagi og jafngildi þeirra i hlutabréfum i hinu nýja hlutafélagi.

## 5. gr.

- 5.1 Eftirgreind frávik frá lögum nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu heimil:
  - a) Íslenska ríkið og þeir aðilar aðrir, sem gerast hluthafar i fyrirtækinu skv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins án tillits til 2. málsliðar 2. mgr. 4. gr. fyrrnefndra laga.
  - b) Tala stofnenda skal óháð ákvæðum 1. málsliðar 2. mgr. 4. gr. sömu laga.
  - c) Tala hluthafa skal óháð 38. gr. laganna.
  - d) Ákvæði 2. málsliðs 2. mgr. 31. gr. laganna skal ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa i félaginu.
- 5.2 Hlutabréf i félaginu skulu stíluð á nafn og undanþegin stimpilgjaldi.

## 6. gr.

- 6.1 Stjórn félagsins skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara, sem kosnir eru á aðalfundi. A. m. k. einn aðalmaður og einn varamaður i stjórn félagsins skal vera búsettur i Austur-Barðastrandarsýslu. Heimilt er, að einn aðalmaður og einn varamaður sé erlendir ríkisborgari og búsettur erlendis.



6.2 Stjórnarmenn þurfa ekki að eiga hlut í félaginu. Stjórnin skiptir með sér verkum.

7. gr.

Hlutafélagið skal gera allar þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið til þess að koma í veg fyrir, að dýralíf og hlunnindi við Breiðafjörð bíði tjón af starfsemi fyrirtækisins. Skulu fara fram vistfræðilegar rannsóknir á kostnað fyrirtækisins samhliða vinnslu til að fylgjast með hugsanlegum áhrifum af starfseminni í nánú samráði við Náttúruverndarráð, svo lengi sem talið er nauðsynlegt.

Iðnaðarráðherra getur sett reglugerð um nánari framkvæmd 1. málsgreinar, og skal sú reglugerð sett að fengnum tillögum Náttúruverndarráðs. Jafnframt skal efla vísindalegt eftirlit og rannsóknir á þörungamiðum og dýralífi á Breiðafirði á vegum opinberra rannsóknastofnana.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

## L Ö G

um breyting á lækna­lögum, nr. 80 23. júní 1969.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. hljóði svo:

